Strandminjar á Reykjanesi: Átaksverkefni í fornleifaskráningu strandminja frá Garðskagavita að Reykjanestá



Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)

Höfundar efnis: Lilja Laufey Davíðsdóttir og Stefán Ólafsson

FS1013-17011
Reykjavík 2025
Fornleifastofnun Íslands

Forsíðumynd er af suðvesturhluta heimatúnsins á Stafnesi, horft er til norðurs úr Skiphólma. Á myndinni sjást m.a. bæjarhólar Gosu, Sandhúsa og Garða. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

©2025

Fornleifastofnun Íslands ses

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: (+354) 5511033

Netfang: fornleif@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Skýrslan sem hér lítur dagsins ljós fjallar um strandminjar á Reykjanesi, frá Reykjanestá að Garðskaga. Verkið er unnið fyrir Minjastofnun Íslands sem fékk sérstaka fjárveitingu frá Alþingi til rannsókna á umfangi og ástandi strandminja á þremur svæðum á Íslandi árið 2016. Skráningarsvæðið sem fjallað er um í skýrslunni er strandlengja 36 lögbýla og þriggja þéttbýlisstaða (Hafna, Sandgerðis og Garðs) í þremur sveitarfélögum, Grindavík, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ.

Úttektarsvæðið er alls um 60 km að lengd og 50 m á breidd. Alls voru skráðar 857 fornleifar á 738 minjastöðum í þessari skráningu. Flestar tengjast þær búsetu eða sjósókn enda er um helmingur skráningarsvæðisins í heimatúnum. Aðeins 1% af þeim fornleifum sem skráðar voru töldust ekki í hættu. Sláandi hlutfall minja, eða um 70%, reyndust í mikilli hættu og 22% í hættu. Þessi mikli fjöldi fornleifa í hættu endurspeglar þá náttúruvá sem ógnar minjum við strendur Reykjanes. Landbrot hefur þegar höggvið stórt skarð inn í ströndina, strandlínan er víða komin langt inn gömlu heimatúnin sem veldur því að gríðarlegur fjöldi minjastaða er í hættu enda fornleifar hvergi eins margar og í gömlum heimatúnum. Umfang minja innan úttekarsvæðis á Reykjanesi reyndist margfalt meira en gert var ráð fyrir í upphafi. Því dugði það fjármagn sem úthlutað hafði verið til skráningarinnar ekki til til að ljúka verkinu. Sökum þessa þá lá vinnan niðri um nokkurra ára skeið en árið 2024 fékkst styrkur úr Fornminjasjóði til að ljúka verkinu.

Efnisorð: Strandminjar, fornleifaskráning, fornminjasjóður, minjar í hættu, náttúruvá, Reykjanes, Reykjanesbær, Suðurnesjabær, Grindavík

Summary

This report highlights the coastal heritage of Reykjanes, covering the region from Reykjanestá to Garðskagi. The project was conducted for the Cultural Heritage Agency of Iceland, which received special funding from Alþingi (the Icelandic Parliament) in 2016 to assess the extent and condition of coastal heritage in three areas of Iceland.The survey area detailed in this report spans the coastline of 36 farms and three urban areas (Hafnir, Sandgerði, and Garður) within three municipalities: Grindavík, Reykjanesbær, and Suðurnesjabær. The study area encompasses approximately 60 km of coastline, with a research zone extending about 50 meters inland.

During the survey, a total of 857 archaeological features were recorded across 738 sites. The majority of these sites were linked to farming or maritime activities, as roughly half of

the surveyed areas fell within homefields. Only 1% of the archaeological features were not considered at risk. A striking 70% of the sites were found to be at severe risk, while 22% were considered at risk. These findings underscore the threats posed by natural hazards to cultural heritage along the Reykjanes coastline. Coastal erosion has already significantly impacted the shoreline, often encroaching into old homefields, leading to the rapid loss of cultural heritage in the area. As the number of sites turned out to be far greater than anticipated, the funding initially allocated for the work proved insufficient, causing the project to come to a halt for several years. However, with renewed support from the Icelandic Archaeological Fund in 2024, the project was completed.

Keywords: Coastal heritage, archaeological survey, Icelandic heritage fund, Reykjanes, natural hazard

Efnisyfirlit

Hefti I:

1 Inngangur 7

2 Aðferðir 11

2.1 Gagnaöflun 12

2.2 Hættumat 13

2.3 Framsetning minjastaða 14

3 Saga fornleifaskráningar og löggjöf 15

4 Niðurstöður 17

Umræða 25

5 Heimildaskrá 27

Viðauki I: Tafla yfir allar skráðar fornleifar 38

Viðauki III: Túnakort í Hafna- og Rosmshvalsneshreppi 92

Hefti II:

GK-032 Kalmanstjörn 117

GK-033 Junkærageröi 165

GK-034 Merkines 171

GK-035 Kirkjuvogur 184

GK-036 Kotvogur 206

GK-038 Litlu Garðhús (Réttarhús) 213

GK-621 Fornleifar á fl. en einni jörð 217

Viðauki IV: Minjakort 222

Hefti III

GK-040 Stafnes 247


GK-040b Básendar 295

GK-041 Glaumbær 314

GK-043 Halakot (Hólakot) 315

GK-044 Hvalsnes 316
GK-045 Gerðakot 329
GK-047 Mosahús 334
GK-048 Nýlenda 335
GK-049 Busthús 336
GK-050 Lönd 338
GK-051 Másbúðir (Nesjar) 345
GK-052 Melaberg 358
GK-053 Fuglavík 359
GK-055 Bæjarsker 367
GK-056 Hólkot 380
GK-058 Norðurkot (Miðkot) 381
GK-060 Sandgerði 383
GK-067 Syðri Flankastaðir 389
GK-068 Nyðri Flánkastaðir 393
GK-070 Klöpp 396
GK-072 Þórustaðir/Þóroddstaðir 402
GK-073 Kirkjuból 407
GK-075 Fitjar 416
GK-076 Kolbeinstaðir 422
GK-077 Hafurbjarnarstaðir 424
GK-080 Útskálar 426
GK-631 Fornleifar á fl. en 1 jörð 429

Viðauki I: Minjakort 432




Skráningarsvæðið er afmarkað með bláum lit á loftmyndinni. Það lá eftir allri strandlengjunni á vestanverðu Reykjanesi, alls um 60 km. ©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.

1 Inngangur

Landbrot við strendur landsins er víða alvarlegt vandamál og ljóst að fjöldi minja fer forgörðum ár hvert og enn meiri fjöldi liggur undir skemmdum af sömu sökum. Minjastofnun Íslands (hér eftir MÍ) fékk sérstaka fjárveitingu frá Alþingi árið 2016 sem nota skyldi til að leggja mat á umfang og ástand strandminja á þremur svæðum á Íslandi með ítarlegri fornleifaskráningu.[1] Fornleifastofnun Íslands (hér eftir FSÍ) tók að sér skráningu á einu svæðanna, frá Reykjanestá að Garðskaga á Reykjanesi.

Markmið skráningarinnar var að meta áhrif landbrots á minjar og mannvirki við vesturströnd Reykjaness og draga fram staði sem væru í hættu á svæðinu. Landsig er einna mest hérlendis á Reykjanesi og á árunum 2015-2020 var það t.d. um 4-8 cm ár hvert innan skráningarsvæðisins.[2] Á þessu stutta tímabili seig landið því um 20-40 cm innan skráningarsvæðisins sem er mikil lækkun. Strandlengjan er fyrir opnu hafi sem veldur því að þar mun gæta aukinna áhrifa landbrots og landsigs á næstu árum og áratugum ef spár um hækkandi sjávarstöðu og áhrif hnattrænnar hlýnunar ganga eftir.



Á kortinu má sjá greinilegt landsig á Reykjanesi, það er einna mest til suðvesturs. Landris er þó við Þorbjörn og tengist það eldsumbrotum á Reykjanesskaga. ©Landmælingar Íslands 2022

1 Ragnar Edvardsson, 2017a; Ragnar Edvardsson, 2017b
2 https://www.lmi.is/is/um-lmi/frettayfirlit/landid-lyftist-sigur-og-faerist

Vettvangsvinna var unnin vor og snemma sumars árið 2017. Skráningarsvæðið var alls tæplega 60 km að lengd og 50 m á breidd. Fyrir fram var ekki ljóst hversu margar minjar kynnu að reynast innan skráningarsvæðis og í útboðsgögnum var ekki gerð tilraun til að meta umfang að öðru leyti en því að fram kom að mögulega kynni úttekt á Reykjanesi að vera 20% umfangsmeiri en á hinum svæðunum tveimur.[3] Gróf áætlun Fornleifastofnunar gerði ráð fyrir að minjarnar gætu leynst á bilinu 100-250 en heildarfjöldi endaði í 857 fornleifum á 738 minjastöðum og var því umfangið margfalt meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Áður en skráningin hófst var ljóst að landbrot á svæðinu ógnaði fornleifum en fáa óraði fyrir því hversu stórt skarð það hafði þegar höggvið í fornminjar og menningarlandslag á þessum slóðum. Strandlínan er víða komin langt inn gömlu heimatúnin sem veldur því að gríðarlegur fjöldi minjastaða er í hættu enda fornleifar hvergi eins margar og í gömlum heimatúnum.

Sökum gríðarlegs umfangs varð ljóst að það fjármagn sem áætlað hafði verið til verkefnisins dugði ekki til og lá því úrvinnsla verkefnisins niðri um nokkurra ára skeið. Árið 2024 fékkst hins vegar styrkur frá Fornminjasjóði til að halda áfram með og ljúka vinnu við úttektina. Eru sjóðnum færðar þakkir fyrir sitt framlag til þessa mikilvæga verkefnis.

Skráningarsvæðið nær til strandlínu 36 lögbýla og innan þess eru að auki þrjú




Grýttar klappir voru víða við ströndina. Hér er horft yfir gamla lendinugu við Kirkjuhöfn en ljóst er að miklar breytingar hafa átt sér stað á svæðinu frá tímum útræðis á þessum slóðum á 17. öld eða fyrr.

3 Innan hinna svæðanna reyndust 67 og 79 fornleifar. Miðað við þennan fjölda hefði mátt ætla að fornleifar á Reykjanesi hefðu orðið 80-100 skv. þessum viðmiðum.

þéttbýli (Hafnir, Sandgerði og Garður) í þremur sveitarfélögum, Grindavík, Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ. Landslag og gróðurfar innan skráningarsvæðis var fjölbreytt, þar voru uppblásin hraun, eyðibyggðir, gróin heimatún og þéttbýli. Áður en gengið var um hverja landareign var rætt við landeigendur til að frá leyfi til að fara um svæðið og afla upplýsinga um hraða landbrots og fornleifar á svæðinu. Ábúendur og landeigendur tóku almennt mjög vel á móti skrásetjurum og fá þeir sérstakar þakkir fyrir góðar móttökur og hjálpsemi.

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur, sá um verkstjórn og ritun skýrslu. Um vettvangsvinnu sáu Lilja Laufey Davíðsdóttir, Rangheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafssson fornleifafræðingar. Úrvinnsla og skýrslugerð fór fram með hjálp Brynju Árnadóttur og Evu Bryndísar Ágústdóttur. Vegna mikils umfangs skráningarinnar er skýrslunni skipt í þrjú hefti. Uppbygging á hefti I er með þeim hætti að á eftir inngangskafla er yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í síðasta kaflanum er farið yfir niðurstöður úttektarinnar. Aftar eru viðaukar og loftmyndir. Í öðru heftinu er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru innan úttektarsvæðis í Hafnahreppi. Í hefti III eru upplýsingar um skráðar fornleifar í Rosmshvalsneshreppi.



Samtöl við landeigendur og heimildamenn geta bætt miklu við fyrirliggjandi þekkingu á skráningarsvæðum. Kortið er í eigu heimildamanna í Fuglavík, nærtækir hlutir voru notaðir til þess að myndatakan heppnaðist sem best og allar upplýsingar skiluðu sér áfram til skrásetjara.

2 Aðferðir

Við skráninguna á Reykjanesi var áhersla lögð á vettvangsathugun og gengið skipulega eftir allri strandlengjunni. Aðferðafræðin við skráningu strandminjanna var nokkuð frábrugðin þeirri aðferðafræði sem vanalega er notuð við skráningu hjá FSÍ enda lagði MÍ til aðferðafræði sem nota skyldi við verkefnið.

Í skráningunni voru allar fornleifar sem voru innan við 50 metra frá mörkum stórstraumsflóðs (sjávarbakka) skráðar, ljósmyndaðar og mældar upp samkvæmt stöðlum MÍ frá 2013. Ástand þeirra var ennfremur metið með tilliti til sjávarrofs. Þar sem minjar fundust innan við 50 m frá sjó var getið um fjarlægð frá sjávarbakka í töflu 1 sem birtist í viðauka við skýrsluna (sjá viðauka I) og í þeim tilfellum var sjávarbakkinn mældur upp sem lína til að auðvelda eftirlit með landbroti á komandi árum. Þar sem sýnilegar minjar, eða aðrar vísbendingar um fornleifar, voru alveg frammi á sjávarbökkum var einnig gengið neðan bakkanna og kannað hvort mannvist, s.s. hleðslur, öskuhaugar væru greinileg í sniðinu. Í þeim tilfellum sem fornleifar reyndust í hólmum og skerjum var af fremsta megni leitast við að skrá þær ef hægt var að ganga út í hólmana á fjöru. Hið sama var gert með skipsflök, þau voru skráð ef strandið var nærri landi og staðsetning þess gróflega þekkt. Samkvæmt fyrirmælum MÍ voru lýsingar á minjunum gerðar á staðlaðan hátt í gegnum notendaviðmót í GPS-tækjunum (eigindatöflur) og eru fremur einfaldar. Upplýsingar um minjaheildir skyldi fylla inn í forrit/app á vettvangi en sökum þess að netsamband var á köflum slæmt virkaði appið/spjaldtölvan ekki sem skildi og auk þess kláruðust rafhlöður fremur hratt vegna kulda og dugðu ekki út daginn. Það reyndist nauðsynlegt að aðlaga aðferðafræðina þeim aðstæðum sem skrásetjarar þurftu að vinna í.

Í skráningunni var skráningaraðilum gert að skilgreina þær minjaheildir sem viðkomandi fornleifar tilheyrðu ef um slíkt var að ræða, t.d. þar sem hópur fornleifa tilheyrði ákveðnu bæjarstæði eða verstöð. Að auki skyldi að gera grein fyrir huglægari þáttum m.a. gildi minjastaðarins og heildarásýnd. Ystu mörk minjaþyrpinga, utan skráningarsvæðis, skyldi skilgreina og mæla ásamt því að gera stutta samantekt um fjölda og ástand fornleifa innan hverrar minjaheildar. Undanskilin frá skilmálum um minjaheildir voru þéttbýli við sjávarsíðuna. Minjaheildir voru skráðar inn í viðeigandi gagnagrunn, sem var fenginn hjá MÍ. Minjastofnun lagði einnig til forrit/app fyrir farsíma/spjaldtölvu sem hægt var að nota á vettvangi í sama tilgangi.

Segja má að úrvinnslu skráningarinnar hafi skipst í þrá verkhluta. Í fyrsta lagi voru allar allar uppmælingar hreinteiknaðar og farið yfir eigindatöflur sem fylgdu uppmælingunum. Í öðru lagi var upplýsingum um minjaheildir skilað á stafrænu formi í þeim gagnagrunni/appi sem MÍ lagði til. Í þriðja lagi var gerð lokaskýrsla sem innheldur hreinritaðar upplýsingar, sem safnað var um hverja fornleif líkt og í hefðbundinni fornleifaskráningu en einnig upplýsingar um minjaheildir þar sem fram koma þær upplýsingar sem ætlast er til að færðar hafi verið inn

í appið eða gagnagrunninn.

2.1 Gagnaöflun

Undirbúningur skráningarinnar var með hefðbundum hætti. Farið var í gegnum allar helstu heimildir, örnefnaskrár, fornbréfasafn, byggðasögurit, túnakort o.s.frv og með þeim hætti varpað ljósi á sögu og menningarlandslag þeirra jarða sem hér koma við sögu. Við undirbúning og heimildaöflun verkefnisins kom í ljós að mikill fjöldi fornleifaskráningarverkefna hafði verið unninn innan og í nágrenni úttektarsvæðisins síðustu þrjá áratugi. Elstu verkefnin voru frá því um 1996 en þau yngstu frá árinu 2017.[4] Sem dæmi um þetta má nefna að aðalskráning fornleifa hafði verið unnin í Grindavík og Reykjanesbæ áður en skráningin hófst. Að auki hafði hluti Suðurnesjabæjar verið skráður í nokkrum aðskildum verkefnum. Stór hluti af eldri skráningaverkefnum var þó unnin áður en núgildandi staðlar tóku gildi og voru því ekki til uppmælingar nema í undantekningartilfellum. Í flestum tilfellum hafði heldur ekki verið lagt mat á ástand minja, rannsóknar- og varðveislugildi þeirra fyrr en í þessu skráningarverkefni. Eins og eðlilegt er voru gögnin sem safnað var í þessum eldri verkefnum misjöfn að gæðum en notast var við þau eftir fremasta megni. Á þeim ríflega tveimur áratugum sem verkefnin spanna hafa orðið gríðarlega miklar tækniframfarir og af þeim sökum voru ýmis aðferðafræðileg vandamál til staðar þegar kom að því að sameina og nýta eldri gögn. Helstu vandamálin við nýtingu gagnanna voru eftirfarandi:

Skekkja: Eldri gögn sem safnað var fyrir árið 2000 eru ónákvæm vegna kerfisbundinnar skekkju í GPS-kerfinu á þeim tíma. Algengt var að skekkja á elstu hnitum væri allt að 20-50 m en nákvæmnin varð meiri (staðsetningin réttari) eftir því sem nær dró í tíma. Af þessum sökum er ómögulegt að staðsetja suma staðina sem skráðir voru á þeim tíma með vissu. Hnitin voru jafnframt tekin í nokkrum hnitakerfum (og notuð misjöfn vörpun) og í sumum tilvikum reyndist erfitt að samræma þau við undirbúning þessarar skráningar. Á vettvangi voru því allir staðir innan skráningarsvæðisins skráðir aftur.

Skortur á upplýsingum: Í elstu skráningarskýrslurnar vantaði stundum mikilvægar upplýsingar s.s. hnit, ljósmyndir, heimildir eða kort. Ekki var heildarhnitaskrá í öllum skýrslunum en slíkar skrár auk heimildaskrár veita mjög mikilvægar upplýsingar um á hvaða grunni skráning byggir. Það skiptir máli í fornleifaskráningu að geta staðsett sig í umhverfinu, bæði í nærumhverfi sínu sem og í víðara samhengi. Þetta á bæði við á vettvangi sem og í allri úrvinnslu. Þetta reyndist stundum erfitt í tilfellum eldri skráningar og því tengist sú staðreynd að loftmyndir voru almennt ekki tiltæk gögn fyrr en eftir 2001 og endanleg kortagögn í eldri skráningu voru að stórum hluta handgerð (hnitum ekki varpað inn á loftmyndir). Þrátt fyrir það geta vönduð handgerð kortagögn staðið fyrir sínu og ómetanlegt er að hafa kort og ljósmyndir í skýrslum.

4 Síðan þá hafa nokkur skráningarverkefni til viðbótar farið fram innan skráningarsvæðisins og var þeim gögnum bætt við eftir þörfum.

Skráningaraðferðir: Aðferðir við fornleifaskráningu hafa breyst mikið á síðastliðnum áratugum. Í upphafi var aðeins tekið eitt kennihnit fyrir hvern minjastað. Minjaþyrpingar voru skráðar saman undir einu númeri og á fjölmörgum stöðum var einungis tekið eitt hnit, t.d. í miðju svæðis, þrátt fyrir að þar væru fleiri fornleifar (t.d. tóftir, hleðslur eða garðlög). Með nýjum stöðlum í fornleifaskráningu er nú tekið hnit á hverri fornleif og henni gefið sérstakt númer. Í upphafi var eingöngu notast við einföld GPS tæki, en nú eru minjar mældar upp og landfræðileg gögn notuð í úrvinnslu. Við skráninguna á Reykjanesi gegndu fitjuskrár lykilhlutverki og fór úrvinnsla að mestu fram í landfræðilegu upplýsingakerfi.

Númerakerfi: Í sumum tilfellum reyndist erfitt að ákvarða hvaða staðir höfðu verið heimsóttir oftar en einu sinni af ólíkum skráningaraðilum eða hvort um mismunandi staði væri að ræða. Ástæðan var m.a. að notuð voru mismunandi númerakerfi og skráningaraðferðir, auk þess sem áðurnefnd skekkja á staðsetningarhnitum skipti líka máli. Í þessu verkefni var fylgt þeirri meginreglu að þar sem minjar höfðu verið skráðar oft, var fyrst og fremst horft til yngstu skráningarinnar, þ.e. í þeim tilvikum þegar hægt var að staðfesta að um sama stað væri að ræða.

Endurskoðun og gæði gagna: Nokkrum erfiðleikum var bundið að endurskoða og uppfæra minjalýsingar úr eldri skráningarverkefnum. Ástæðan var fyrst og fremst skortur á yfirsýn þar sem strandminjaskráningin miðað við afmarkað belti (50 m breitt) sem var einungis lítill hluti hverrar jarðar. Afmörkun eldri skráningarverkefna var önnur og stærstur hluti minja í þeim var oft utan skráningarsvæðis strandminja. Ennfremur kom í ljós að gæði eldri gagna voru afar misjöfn, t.d. kom það fyrir að sami túngarður væri skráður undir nokkrum mismunandi númerum innan sömu skráningar, bæir staðsettir á vitlausum stað og ekki reynt að ráða í tengsl brotakenndra minja líkt og garðlaga og leiða. Af þeim sökum má búast við að texti í fornleifaskrá strandminja sé stundum einfaldur og brotakenndur og mögulegt að villur geti leynst í tilvísunum þar sem skrásetjarar höfðu ekki þá yfirsýn sem er nauðsynleg er til að skapa heildarsýn yfir minjar á hverri jörðu. Að beiðni MÍ var ennfremur notast við eigingatöflur í GPS-tæki þegar kom lýsingu minjastaða. Þetta olli því að textinn er stikkorðakenndur og réði fjöldi stafabila einna mestu þar um. Full þörf er á ítarlegri endurskoðun á vettvangi á elstu hnitagögnum utan skráningarsvæðisins af þessum sökum. Samanlagt er niðurstaðan sú að eldri skráningargögn þyrftu umfangsmeiri uppfærslu og yfirlegu og af þeim sökum sé enn vinna eftir óunnin í fornleifaskránni sem hér fylgir.

2.2 Hættumat

Skráningin á Reykjanesi nær til minja við ströndina og almennt voru því minjastaðir í hættu. Við mat á þeirri hættu sem steðjaði að hverrri fornleif var miðað við þá meginreglu að telja alla minjastaði við strandlínuna þar sem sjóvarnargarður voru í hættu. Þar sem engin sjóvarnargarður var við ströndina, töldust minjar í mikilli hættu. Í þeim tilfellum þar sem

fullvíst þótti að minjar væru með öllu horfnar var það metið sem gjöreyðing, það sem ekkert var þar eftir vegna landbrots. Þeir staðir töldust ekki í neinni hættu enda ekki til lengur.

Þrír þéttbýlisstaðir eru innan skráningarsvæðis (Hafnir, Sandgerði og Garður) en einnig mörg heimatún þar sem þétt var búið á fyrri öldum og landsvæði sem nú eru nýtt í margvíslegum tilgangi. Í mörgum tilfellum steðjar önnur hætta en landbrot að minjastöðunum, t.d. uppblástur eða framkvæmdir. Landbrot var hins vegar í flestum tilfellum talið bráðari ógn við minjastaðina og réði það því ákvörðun um hættumat.

2.3 Framsetning minjastaða

Í skýrslunni er framsetning minjastaðanna stöðluð. Í henni fá allar fornleifar hlaupandi verkefnanúmer samkvæmt númerakerfi Minjastofnunar Íslands. Verkefnanúmerið er 1850, fyrsta fornleifin sem var skráð fékk því númerið 1850-1. Í þessu númerakerfi tengist númer fornleifar ekki ákveðnu svæði eða lögbýli og númerin því ekki endilega í landfræðilegri röð eða tengslum, enda voru gjarnan tveir fornleifafræðingar við skráningu að hverju sinni, hvor með sitt sett af hlaupandi númerum. Auk verkefnanúmera Minjastofnunar sem er fremst í færslu um hverja fornleif, var hverri fornleif gefið númer í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Þar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins röð númera í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-040:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingarnúmer aftan við (dæmi: GK-040:001_01). Með þessum hætti raðast allar minjar innan sömu jarðar saman sem og fornleifar sem tilheyra einum og sama minjastaðnum. Þannig er auðveldara að halda yfirsýn yfir fornleifarnar og minjaheildir án þess að hafa minjakort, loftmyndir eða aðgang minjavefsjá við hendina. Fornleifaskráin hefur að geyma grunn upplýsinga um hvern stað en frekari upplýsingar um minjastaðina, s.s. hnit og fjarlægð frá strandlínu birtast í töflum í viðauka I og II.

3 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum,

á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.



Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessa skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum.

4 Niðurstöður

Strandminjaskráningin á Reykjanesi var gerð innan þriggja sveitarfélaga á vestanverðu Reykjanesi. Skráningin náði til 36 lögbýla og reyndust fornleifar innan úttektarsvæðis á 33 af þeim. Skráningin náði aðeins til lítils hluta af Grindavík (Staðarhreppur) og á því svæði reyndust ekki fornleifar. Fornleifarnar sem skráðar voru dreifast nokkuð jafnt yfir úttektarsvæðið, flestar eru þær þó innan eða nærri heimatúna lögbýla í Hafna- og Rosmshvalsneshreppi en að auki voru skráðar fornleifar sem teljast vera á fleiri en einni jörðu innan sömu hreppa.

Úttektarsvæðið við strandlengju Reykjaness er víða flatlent og fremur gróðursnautt. Það er fyrir opnu úthafi og þar er vindasamt og oft á tíðum töluverð úrkoma. Jarðvegur svæðisins er fremur þurr og víða sendinn. Uppblástur hefur sett mark sitt á gróðurfar á þessu svæði allt frá 13. öld[5] og gróðurþekja er víða þunn. Um helmingur skráningarsvæðisins er innan heimatúna við strandlengjuna en landslag og landshættir innan þess eru þó fjölbreytilegir. Í gegnum aldirnar þróaðist þéttasta byggðin í hreppunum meðfram ströndinni og samanstanda heimatúnin víða af s.k. hverfum, þ.e. einu eða fleiri stórbýli og fjölda smærri býla og þurrabúða sem víða raðast í eins konar kraga umhverfis höfðuðbýlin, innan heimatúns. Ekki er ljóst hvenær hjáleigu- og þurrabúðabyggð tekur að þéttast að ráði innan úttektarsvæðisins en færð hafa verið rök fyrir því að svipuð byggð annars staðar á Reykjanesskaga kunni að eiga rætur sínar allt aftur á 12.-13. öld.[6] Stafnestorfan er gott dæmi um byggðarmynstur á



Gamall bátur undir túngarði Stafnesshverfis ber sögu og útræði svæðisins vitni.

5 Jón Þ. Þór, 1998
6 Jón Þ. Þór, 64

svæðinu, en innan hennar eru þekkt a.m.k. 24 býli. Sum þeirra voru orðin að lögbýlum árið 1847 og einhver sennilega löngu fyrr. Svipaða sögu má segja um Hvalsnes, þar sem heimildir eru um a.m.k. tíu býli og á Bæjarskeri eru þau að lágmarki 15 talsins. Staðsetning margra þessara býla er nú óþekkt og líklega eru mörg þeirra horfin í sjó. Þessi mikli fjöldi býla tengist sjósókn en á öllum ofangreindum jörðum var mikið útræði í gegnum aldirnar og þar voru sumar af helstu verstöðvum landsins. Meðfram ströndinni hefur því líklega snemma myndast þéttbýli (a.m.k. á íslenskan mælikvarða) og íbúar reitt sig á sjósókn samhliða skepnuhaldi.

Alls voru skráðar 857 fornleifar á 738 minjastöðum skráninguni. Hlutverk þeirra var nokkuð fjölbreytt en af heildarfjölda voru einungis 49 fornleifar (5%) með óþekkt hlutverk, sem verður að teljast óvenjulega lágt hlutfall. Þegar skoðaðar eru þær fornleifar sem eru með þekkt hlutverk má sjá að algengastar eru útihús (105 talsins), 49 túngarðar, 33 brunnar, 31 bæjarhóll, 26 híbýli og 23 bæjarstæði. Samgöngur á sjó og landi eru líka áberandi, alls var skráð 61 lending, 57 samgöngubætur, 46 leiðir og fjórir vitar. Það vekur ennfremur athygli að sex kirkjur og einn kumlateigur eru innan skráningarsvæðis. Ennfremur eru minjar tengdar verslun áberandi en stór hluti þeirra er á Básendum. Þó voru skráðir staðir sem tengjast konungsversluninni á 17. öld og aðrir sem tengjast Hansakaupmönnum. Verslunarminjarnar eru fjölbreyttar, allt frá því að vera byggingar, festarstólpar, skipalægi, áletranir og bryggjur.

Á svæðinu var um aldir mikil áhersla á sjósókn og hana má t.d. merkja þegar örnefnaskrár svæðisins eru skoðaðar. Algengt er að tóftir beri ekki nöfn og fremur fá örnefni virðast sem tengjast landbúnaði eru innan jarðanna. Hins vegar eru flest sker og hólmar með nöfn. Það er þó ljóst að töluvert þekkingarrof er á örnefnum í Hafnahreppi, ekki síst í landi

Hlutverk	Fjöldi
baðstofa	1
beðaslétta	3
beitarhús	1
bólverk	2
brunnur	33
brú	3
bryggja	5
bræðsluhús	1
bæjarhóll	31
bæjarstæði	23
draugur	3
dys	3
ferja	2
festarstólpi	5
fiskreitur	3
fjárborg	1
fjárhús	6
fjós	1

Hlutverk	Fjöldi
gerði	3
gripir	1
herslubyrgi	3
herslugarður	3
hesthús	2
heygarður	1
híbýli	26
hjallur	7
hlaða	1
huldufólks-bústaður	2
hundaskýli	1
kennimark	9
kirkja	6
kirkjugarður	4
kumlateigur	1
lambhús	1
landamerki	27

Hlutverk	Fjöldi
leið	46
lending	61
matjurtagarður	53
naust	13
nátthagi	1
óþekkt	49
rétt	22
samgöngubót	57
sel	3
sjóbúð	8
skemma	9
skip	29
skipalægi	2
skotbyrgi	9
skrímsli	1
spil	1
stekkur	7
tjaldstæði	1

Hlutverk	Fjöldi
traðir	5
tröll	2
túngarður	49
uppsátur	11
útihús	105
varnargarður	14
vatnsból	3
verbúð	11
verkhús	14
verslunarhús	4
verslunarstaður	3
viti	4
vörslugarður	12
þró	17
þvottastaður	2
öskuhaugur	6

Kirkju- og Sandhafnar enda fer svæðið að líkindum í eyði á strax á 16.-17. öld. Þegar taflan á bls. 18 er skoðuð sést að skepnuhús eru óvenjulágt hlutfall af skráðum minjum. Útihús (án nákvæmara hlutverks) eru algengust eða 105 talsins en aðeins eru sex fjárhús, tvö hesthús og eitt beitarhús innan skráningarvæðisins. Aðrar minjar sem líklega tengjast landbúnaði eru t.d. réttir og gerði en samtals voru skráð 25 slík mannvirki. Búast má við að hlutfall landbúnaðarminja væri töluvert hærra ef skráningarsvæðið hefði náð lengra inni í landið.

Alls eru 48 friðlýstar fornleifar innan skráningarsvæðisins og tilheyra þær allar verslunarstaðnum á Básendum. Við þessa skráningu bættust m.a. við bólverk, festarstólpar og lendingar á Básendum sem ekki var getið í fyrri skráningum. Ljóst er að minjar á Básendum liggja undir skemmdum vegna mikils ágangs sjávar. Þegar eldri skráning (frá árinu 2000[7]) er borin saman við niðurstöður þeirrar strandminjaskráningar sem hér lítur dagsins ljós sést að minjar hafa þegar horfið á tímabilinu og aðrar látið mikið á sjá.

Eðli strandminjaskráningar á Reykjanesi var frábrugðin sambærilegri skráningu víða annars staðar að einu leyti. Þar sem hið gríðarlega mikla landbrot á svæðinu hefur víðast þegar löngu brotið hina gömlu strandlínu, étið sig inn landið og langt inn í heimatún jarða, hverfist skráningin ekki í kringum stakar minjar í úthögum eða á sjávarbökkum heldur um minjar í heimatúnum. Minjadreifing er hvergi eins þétt og í gömlu heimatúnum og endurspeglaðist það




Verslunarstaðurinn Básendar, horft er yfir svæðið til norðvesturs. Þær minjar sem eru þarna enn liggja undir miklum skemmdum ár hvert.

7 Ragnheiður Traustadóttir, 2000.

í hinum gríðarlega fjölda minja sem var undir í skráningunni. Vegna hins mikla minjafjölda varð einn verkþáttur skráningarinnar, þ.e. lýsing á minjaheildum óframkvæmanlegur. Í upphafi vettvangsvinnunnar var lögð mikil áhersla á minjaheildir en fljótlega var horfið frá þeirri aðferðafræði. Þar sem um helmingur skráningarsvæðisins var innan heimatúna var sjórinn oft kominn að eða jafnvel búinn að gleypa í sig gamla bæjarhóla, býli og verbúðir. Því reyndist ómögulegt að ætla að flokka minjar innan stórra og gríðarlega þéttra minjasvæða upp í heildir. Í raun hefði slík flokkun án víðara samhengis (svæðisins utan 50 m markanna) verið marklaus. Hefði verið gerð tilraun til að taka með stærri minjaheildir (sem náðu út fyrir mörk úttektarsvæðis) hefði minjafjöldinn hlaupið á þúsundum fornleifa til viðbótar og slíkt hefði verið langt fyrir utan ramma þessa verkefnis.

Eftir vettvangsrannsókn og samtöl við landeigendur er ljóst að landbrot er gríðarmikið á vestanverðu Reykjanesi og við það bætist að landsig hérlendis er hvergi meira en einmitt á þessum slóðum.[8] Frá miðri 20. öld hafa tugir metra lands horfið í landbrot vegna þessa, m.a. norðan við Sandgerði. Skrásetjarar sáu víða stórar jarðvegstorfur sem brotnað höfðu frá landi og víða var greinileg mannvist í rofbökkum. Bylgjuhreyfing, eða öldur, sjávar er afkastamest sjávaraflanna við rof. Áhrifanna gætir einkum á grunnsævi með ströndum fram. Einna mestu spjöllin verða þegar djúpar lægðir ganga yfir í stórstraumi en þá hækkar sjávarborð um 1cm fyrir hvert millibar sem þrýstingur lækkar. Mikið tjón getur þá orðið á skömmum tíma eins og




Frá árinu 2017 hafa um 5m horfið af vesturhluta bæjarhóls jarðarinnar Fitja, norðan við Sandgerði. Landbrotið sést hér með grænum línum, sú sem er nær sjó var mæld upp árið 2017 en sú sem er hægra megin og nær landi var mæld árið 2024. Ennfrmur má gera ráð fyrir að land hafi lækkað á bilinu 28-56 cm frá árinu 2017.

8 Þóra Árnadóttir ofl., 667

gerðist í janúar 1799, í Básendaflóðinu sem er eitt mesta flóð sem um getur hérlendis. Þá gekk ofsaveður af suðvestri yfir landið á stórstraumi og eyddi m.a. verslunarstaðnum Básendum og olli tjóni víðsvegar á Suður- og Vesturlandi.[9]

Á síðustu áratugum hafa sjóvarnargarðar verið reistir á nokkrum svæðum meðfram ströndinni, og hafa þéttbýlin og hluti af heimatúnum jarða í byggð verið forgangsraðað í þeim efnum.[10] Enn eru þó stór svæði án sjóvarnargarða og má þar nefna jarðir þar sem ekki er búið og svæði fjærst bæjarhúsum í byggð og eru umrædd svæði því í hvað mestri hættu vegna ágangs sjávar.




Á þessum myndum sést lítill hluti af heimatúni Fitja. Myndin til vinstri er tekin árið 1954 og sú til hægri árið 2023. Á eldri myndinni sést að sandfjaran náði lengra út og klappir í fjörunni eru nú berar. Á þessum 70 árum hafa um 30-50m horfið af vesturhluta heimatúnsins, landbrotið er því á bilinu 0,5-1,2 m á ári hverju og frá upphafi síðustu aldar má gera ráð fyrir að sumsstaðar hafi yfir 100 m af föstu landi horfið í landbrot. ©FSÍ og Loftmyndir ehf


Á flestum jarðanna sem skráðar voru nær heimatúnið að sjó. Á sumum þeirra voru gamlir tún- og sjóvarnargarðar sem vörðu ströndina en þeir eru víða horfnir í landbrot. Greinilegt er að landbrot hefur verið mikil ógn á svæðinu um langt skeið. Á flestum túnakortanna sem gerð voru á svæðinu 1918-1919 er getið um tjón af völdum sjávar sem og minjar sem eru horfnar vegna landbrots. Staðsetning horfinna minja er ennfremur sýnd í einhverjum tilvikum. Á túnakorti Merkiness stendur t.d.: „Hér var sjógarðurinn“ og inn á túnakort Landa hefur verið

9 Þorleifur Einarsson, 174-175; Lýður Björnsson, 5, 9.

10 Ábúandi á Stafnesi hefur myndað nokkra minjastaði á jörðinni reglulega síðustu áratugi og gaf skrásetjara afrit af nokkrum þeirra. Þar sést áþreifanlega hin gríðarlega eyðilegging sjávarrofs á minjar.




Á myndinni sést hluti af túnakorti Merkiness, upprétt á loftmynd. Á túnakortinu stendur "Hér var sjógarðurinn" og eldri lega er sýnd með punktum. Túngarðurinn árið 1918 er sýndur með heilli svarti línu og er nú horfinn í landbrot á þessu svæði.



Gömlu-Lönd eru sýnd á túnakorti Nesja frá 1919 sem er upprétt á loftmynd. Þar segir "sjór brýtur og flæðir á bakkanum " og skemmdirnar eru teiknaðar upp með hlykkjóttri línu. Norðan bæjarins stendur enn fremur "Brunnur horfinn. Garðlag í fjöru".

ritað: „Máshaugur var hér. Landfastur fyrir 40 árum. Nú sjólón.“ Líklega hefur hluti af flestum heimatúnum á skráningarsvæðinu orðið fyrir einhverjum skaða vegna ágangs sjávar og hluti allra túnanna og minja innan þeirra er þegar horfinn í sjó.


Um 70% fornleifanna innan skráningarsvæðis töldust í mikilli hættu. Það einstæður fjöldi minja og endurspeglar þá miklu náttúruvá sem ógnar svæðinu. Talsverður fjöldi minja er án efa þegar horfinn í sjó og af þeim minjum sem enn sjást er hluti skemmdur eða liggur undir skemmdum. Dæmi um merka minjastaði sem eru óðum að hverfa í landbrot eru t.d. Sandhöfn, Kirkjuhöfn, Másbúðir auk nokkurra býla við Stafnes, Nesjar og Lönd. Á öllum þessum stöðum eru þetta að öllum líkindum elstu minjarnar við sjávarsíðuna sem eru að hverfa,




Á myndinni er vörslugarður syðst á myndinni auk annarra minja s.s. rétta og gerða. Garðurinn afmarkaði mun stærra svæði umhverfis bæina Krikjuhöfn, Litlu- og Stóru-Sandhöfn. Hér er sjór kominn nærri bæjahólunum og frá árinu 1996 hafa minjar horfið. Hér erum við að glata búsetulandslagi frá 16. og 17. öld, bæði vegna landbrots og uppblásturs.

mannvirki voru færð fjær ströndinni eftir því sem landbrot gróf sig inn í landið og heimatúnin. Uppblástur ógnar einnig nokkrum stöðum, ekki síst á suðurhluta skráningarsvæðisins sem er komið í eyði að mestu. Um 8% þekktra fornleifa eru þegar gjöreyddar vegna ágangs sjávar. Ljóst er að fjöldi þessara horfnu staða er í raun miklu hærri en þessar tölur gefa til kynna, en aðeins voru skráðir staðir sem heimildir geta um. Vísbendingar um slíka staði fundust vísbendingar t.d. á kortum, í örnefnum og frá heimildamönnum en líklegt má teljast að hátt hlutfall staða hafi horfið í landbrot án þess að tilvist þeirra hafi nokkurn tíma verið skjalfest í heimildum.

Samtals voru um 22% staðanna í hættu. Ástæða þess að umræddir staðir töldust ekki í mikilli hættu var, nánast í öllum tilvikum, tilkoma sjóvarnargarða. Landbrot og eða gerð sjóvarnargarða hefur þó raskað hluta þessara staða. Einungis 1% minjastaðanna taldist ekki vera í neinni hættu en þeir stóðu allir töluvert hærra í landinu, t.d. uppi á klettum eða voru



Hættumat þeirra fornleifa sem skráðar voru í þessu verkefni.




Hættuorsök þeirra fornleifa sem skráðar voru í þessu verkefni.

skammt utan skráningarsvæðisins.[11]

Þegar skoðað er hættumat fyrir allar skráðar fornleifar kemur í ljós að flestar þeirra eru í hættu vegna landbrots, en sú var raunin í 77% tilvika. Aðrar hættuorsakir eru jarðrækt, uppblástur og byggð. Þar sem fleiri en ein ógn steðjaði að minjastað var landbrot var þó oftast talið vega þyngra en önnur hætta.

Samanlagt var um 35% minjastaðanna á svæðinu horfnir af yfirborði, í langflestum tilvikum vegna landbrots. Aðrar ástæður eru í flestum tilvikum jarðrækt og ýmis konar framkvæmdir. Ekki var hægt að meta ástand um 5% fornleifanna, oftast vegna þess að ekki var hægt að komast að þeim, t.d. þar sem minjar voru í hólmum eða þar sem um skipsflök í sjó var að ræða.

Umræða



Ástand þeirra fornleifa sem skráðar voru í þessu verkefni.

11 Í upphafi skráningarinnar var reynt eftir fremsta megni að skrá minjaheildir og af þeim sökum staði utan skráningarsvæðis.

Hinn gríðarlegi fjöldi minja sem skráður var innan 50 m beltis á 60 km svæði á Reykjanesi hlýtur að teljast einsdæmi hér á landi. Samtals voru skráðar 857 fornleifar innan marka 36 jarða. Á svæðinu má enn sjá bæjarhóla á hólmum, ummerki um verbúðir á skerjum og áletranir á klöppum og steinum. Í gegnum minjarnar má lesa sláandi sögu íbúa svæðisins til að glíma við fjölmörg vandamál tengd landbroti og ágangi sjávar. Þegar sjórinn rauf götur við ströndina voru þær m.a. brúaðar með hleðslum og steinum, sundvörður voru færðar lengra inn í land til að auka öryggi á sjó, garðar sem áður þjónuðu sem túngarðar fengu nýtt hlutverk sem sjóvarnargarðar og bæjarstæði voru flutt inn í landið til að halda jörðum í byggð. Þrátt fyrir það fór óhjákvæmilega svo að margir bæir og býli lögðust í eyði vegna landbrots, ekki síst vegna túnleysis.

Ef ekkert verður að gert, mun stór hluti þessara minja við strendur Reykjaness hverfa á komandi árum og áratugum og með þeim upplýsingar um sögu svæðisins, bæði saga daglegs lífs, búskapar og útræðis en einnig brot af annars konar sögu þjóðar, s.s. sögu verslunar og kirkju.

Ljóst að gríðarlegur fjöldi minja hefur þegar horfið vegna landbrots á vestanverðu Reykjanesi. Greinilegt er að sjóvarnargarðar hjálpa sumstaðar en ekki verður lagt mat á það hér hvort það sé raunhæft að þeir séu gerðir alls staðar á svæðinu. Það er ljóst að tíminn vinnur ekki með minjunum, tjónið er gríðarlegt á ári hverju. Því er það afar mikilvægt að gerðar verði áætlanir um eftirlit með eyðingu minjanna, ítarlegri skráningu á víðara svæði og tillögur um hvernig hægt sé að safna og varðveita upplýsingar um minjastaði sem líklegt er að hverfi í sjó á næstu árum eða áratugum. Slíkar rannsóknir gætu falið í sér greiningu á rofi og sniðum, borkjarnasýnatöku, drónamyndatöku, könnunarskurði eða uppgreftri.

5 Heimildaskrá

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. 2010. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði II – Fornleifar frá Gufuskálum að Keflavík.* FS445-08012. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson. 2005. *Fornleifakönnun að Útskálum, Garði.* FS282-05101. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Agnes Stefánsdóttir. 2008. *Umhverfi Reykjanesvirkjunar: Fornleifaskráning.* [Án útgáfustaðar]: Fornleifavernd ríkisins.

Agnes Stefánsdóttir. 1999. *Staður í Grindavík.* [Án útgáfustaðar]: Þjóðminjasafn Íslands.

AM 263 fol: *Máldagabók*, 1598. Arnamagnæanske samling, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Andrés Þorleifsson. 2008. „Akkeri 127 ára draugaskips á land í Sandgerði.“ *Morgunblaðið,* 26.06.2008.

Annálar: *Annálar 1400-1800. Annales islandici posteriorum sæculorum.* I-VIII. bindi. 1922-1987. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

AS Staður: Agnes Stefánsdóttir. 1999. *Staður í Grindavík: Fornleifaskráning.* [Án útgáfustaðar]: Þjóðminjasafn Íslands.

ÁFÍ 1984: Gísli Brynjólfsson. 1984. „Byggðir Suðurnesja.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1984*, bls. 9-50.

ÁFÍ 1984: Jón Jónsson. 1984. „Um heiðar og hraun.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1984*, bls. 51-112.

ÁFÍ 1977: Kristján Eldjárn. 1977. „Skagagarður – fornmannaverk.“ *Árbók Ferðafélags Íslands 1977,* bls. 107-119.

Ágústa Edwald, Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir Eva Kristín Dal og Jóhann Gunnarsson. 2008. *Fornleifaskráning í Sveitarfélaginu Garði I – Fornleifar frá Rafnkelsstöðum að Útskálum (auk hjáleigna).* FS404-08011. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

ÁM Chorographica: Árni Magnússon. 1954 „Chorographica Islandica.“ Í *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. 2 flokkur.* 2. hefti. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, bls. 1-120.

Árbók 1903: Brynjúlfur Jónsson. 1903. „Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 31-52.

Árbók 1908: Brynjúlfur Jónsson. 1908. „Nýfundinn rúnasteinn á Hvalsnesi.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 18, bls. 48-52.

Árbók 1929: 1929. „Bréfaviðskifti Jóns Sigurðssonar forseta og Sigurðar Guðmundssonar málara 1861-1874.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 42, bls. 34-98.

Árbók 1937-39: Ólafur Lárusson. 1937-39. „Kirkjuból.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 46, bls. 19-56.

Árbók 1943-48a: Kristján Eldjárn. 1943-48. „Kumlateigur á Hafurbjarnarstöðum.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 49, bls. 108-122.

Árbók 1943-48b: Jón Steffensen. 1943-48. „Mannabein úr kumlateignum á Hafurbjarnarstöðum.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 49, bls. 123-128.

Árbók 1971a: Einar Bjarnason. 1971. „Rúnasteinar og mannfræði.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 68, bls. 46-73.

Árbók 1971b: Þór Magnússon. 1971. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1970.“ *Árbók Hins*

íslenzka fornleifafélags 68, bls. 137-150.

Árbók 1972: Þór Magnússon. 1972. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1971.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 69, bls. 161-177.

Árbók 1973: Þór Magnússon. 1973. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1972.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 70, bls. 145-161.

Árbók 2002-2003: Garðar Guðmundsson, Mjöll Snæsdóttir, Ian Simpson, Margrét Hallsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson og Kolbeinn Árnason. 2004. „Fornir akrar á Íslandi“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 97, bls. 79-106.

Árbók Suðurnesja 1984-1985: Ólafur Ásgeirsson. 1986. „og hér til gef ég þér jörðina er Hvalsnes heitir.....“ Um jarðeigendur á Suðurnesjum á miðöldum.“ *Árbók Suðurnesja 1984-1985*, bls. 23-54.

Árbók Suðurnesja 1995: Guðfinna M. Hreiðardóttir. 1995. „Dagbók Brynjólfs Magnússonar prests að Stað í Grindavík 1910-1915.“ *Árbók Suðurnesja* 8, bls. 5-58.

Ásgeir Ásgeirsson. 1998 *Við opið haf: Sjávarbyggð á Miðnesi 1886-1907.* Sandgerði: Sandgerðisbær.

Bjarni F. Einarsson. 2002. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum 220 kV háspennulínu: Reykjanes – Svartsengi.* [Án útgáfustaðar]: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2003. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að Grindavík og náma tengd honum.* Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2004. *Fornleifaskráning vegna vegagerðar við Hafnir í Reykjanesbæ.* [Án útgáfustaðar]: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2015. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á hluta Reykjaness í Reykjanesbæ.* [Án útgáfustaðar]: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2020. *Fornleifaskráning í landi Kalmanstjarnar í Reykjanesbæ vegna deiliskipulags.* [Án útgáfustaðar]: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. 2008. *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar.* Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

Bisk: *Biskupa sögur.* I.-II. bindi. 1858. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Blanda II: Hannes Þorsteinsson. 1921-1923. „Um rekamörk og örnefni á Reykjanesi. Eptir Þorkel Jónsson í Njarðvík 1704.“ *Blanda: fróðleikur gamall og nýr II*, bls. 48-50.

Blanda III: Vigfús Guðmundsson. 1924-1927. „Básendar við Faxaflóa.“ *Blanda: fróðleikur gamall og nýr III*, bls. 46-68.

Bréf frá Bjarna F. Einarssyni. 1997. *Greinargerð um forskráningu fornleifa í landi Stafsnes.* Reykjavík.

Bréf frá Margréti Hallmundsdóttur. *Minnisblað vegna fornleifakönnunar við Reykjanesvirkjun.* Náttúrustofnun Vestfjarða, 8.7.2011.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn.* I.-XV. bindi. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Fasteignamat Gullbringusýslu 1916-1918: *Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Gullbringusýslu.* 1916. Reykjavík: Stjórnarráð Íslands. Sótt á: jardavefur.skjalasafn.is

FEB: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. 1943. Haraldur Sigurðsson og Helgi Hálfdánarson. Reykjavík, [án útgefanda].

FF I: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823.* I bindi. 1983. Sveinbjörn Rafnsson (ritstjóri). Reykjavík: Örn og Örlygur.

Friðlýsingaskrá: Ágúst Ó. Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornminjar*. Reykjavík: Fornleifanefnd.

Friðþór Eydal. 2007. *Frá heimsstyrjöld til herverndar: Keflavíkurstöðin 1942-1951.* Reykjavík: Bláskeggur.

GB Mannfólk: Gísli Brynjólfsson. 1975. *Mannfólk mikilla sæva: Staðhverfingabók.* Reykjavík: Örn og Örlygur.

GE Frá Valahnúk: Guðsteinn Einarsson. 1960. „Frá Valahnúk til Seljabótar.“ Í *Frá Suðurnesjum: Frásagnir frá liðinni tíð.* Reykjavík: Félag Suðurnesjamanna í Reykjavík, bls. 9-55.

Gísli Viggósson, Jónas Elíasson og Sigurður Sigurðarson. 2016. *Ákvörðun á flóðhæð í Básendaflóði - áfangaskýrsla.* Reykjavík: Vegagerðin.

Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson. 1996. *Fornleifakönnun á framkvæmdasvæði fyrir magnesíumverksmiðju 2.-3. nóvember.* 1996/2008. Reykjavík: Fornleifadeild Þjóðminjasafns Íslands,.

Gunnar M. Magnússon. 1963. *Undir Garðskagavita.* Reykjavík: Ægisútgáfan.

Gylfi Helgason og Lilja Laufey Davíðsdóttir. 2021. *Deiliskráning fornleifa við Reykjanesvirkjun.* FS860-21431. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Hafnir á Reykjanesi: Jón Þ. Þór. 2003. *Hafnir á Reykjanesi: Saga byggðar og mannlífs í ellefu hundruð ár.* Reykjanesbær: Reykjanesbær.

Heiðrún Þórðardóttir. 2016. *Vogur í Höfnum og Víkingaheimar: Frá fornleifarannsóknum í sýningarmiðlun*. Meistararitgerð, Háskóli Íslands.

Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson. 1998. *Fornleifakönnun á Reykjanesi.* FS060-98201. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

IA: *Islandske Annaler indtil 1578.* 1888. Christiania: Norsk historisk kildeskriftfond.

ÍF: *Íslensk fornrit.* I-XVII. bindi. 1935-2002. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Íslenskar hafnir: Kristján Sveinsson. 2009. *Íslenskar hafnir og hafnagerð.* Kópavogi: Siglingastofnun.

Jarðabréf: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*: *Útdrættir*. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JÁM III: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla.* III. bindi. 1923-24. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi.* 1847. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Jón Böðvarsson. 1988. *Suður með sjó: leiðsögn um Suðurnes.* Keflavík: Rótarýklúbbur Keflavíkur.

Jón Þ. Þór. 1998. *Gerðahreppur 90 ára*. útg. Reykjavík: Gerðahreppur.

“Kalmanstjörn og Junkaragerði eru einnig í eyði,” segir í svörum í Þjóðháttasafni, http://www.sarpur.is/adfang.aspx?AdfangID=544878
Jarðarítök: Sandhöfn átti rekavon norðan til á Reykjanesi á ýmsum stöðum, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III, 26. Kirkjuvogur taldi sig eiga rekavon innan jarðarinnar. Einnig herma sagnir að Kirkjuhöfn ætti hvalreka innan jarðarinnar, skv. örnefnaskrá (Ö-Kalmanstjörn, 2). Landsjóður á hesthús á jörðinni skv. túnakorti frá 1918. Skv. örnefnaskrá Hafna var Junkaragerði 1/3 af landi jarðarinnar. Jarðarábúendur keyptu Junkaragerði og er öll torfan því undir í eigu sömu aðila (Ö-Hafnir VHÍ, 21).
Kirkjuhöfn:
1.7.1515: Sáttabréf Gríms Pálssonar og Þorleifs sonar hans annars vegar og Vigfúsar Erlendssonar lögmans og Hólmfríðar systur hans hins vegar. Útg. A: “En uigfus ellendzson skylldi eignast peninga sem fyrer sunnan land liggia og suo heita Eingey og laugarnes. galmatiorn. kirkiuhofn.” DI VIII, 558-559.
23. og 24.05.1521: Um útgreiðslu skulda eftir Vigfús Erlendsson heitinn. “Jtem Þorkellsgerdi og vindas.

galmatiorn oc kirkiuhofn. hefer biskupin tekit uid þessum fiorum j sinn Reikningsskap." DI VIII, 794. Sjá einnig bréf 21.5.1523, DI X, 60.
16.9.1547: Dómur sexm manna um gildi gafabréfs Margrétar Vigfúsdóttur 1486. "[...] at hustrv margaret uigfusdottir gaf þoruardi dottursyne sinum [...] kirkiuhofn og merkines er liggur j hofnum j kirkiuogs kirkiusokn." DI XI, 570-571. 27.1.1553: Tylftardómur dæmir Þorleifi Grímssyni og systkinum hans til eignar "sem svo heitande iarder kallast Galmatiorn. Kirkivhofn. Eingey og Lavgarnes hveriar adur nefndar jarder ligia i Svnnlendingafiordvngi." DI XII, 505. 19.5.1570: Skiptabréf eftir Pál Vigfússon lögmann. "J fyrstu skifftum vier Gudrijde Vigfusdottur [...]. Jtem j Høfnum. Galmatiørn. xxxc. Kyrkiuhøfn. xxc." DI XV, 407-408.
Litla-Sandhöfn:
1547-1548: Fógetareikningar. "Jtem met Letlehaffn j legekö. [...]." DI XII, 117. Sjá einnig Fógetareikninga 1548, DI XII, 127, 130; 158-1549, DI XII, 143; 1549-1550, DI XI, 157; 1550, DI XI, 177, 181, 185; 1552, DI XII, 404, 415, 424; 1553, DI XII, 570.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Kalmanstjörn ásamt samnefndri þurrabúð, Reykjanesi, Traðarhúsum og Sólheimum. ATH. Hefur ekki verið yfirfarið en er útprentað í möppu.
1918: "Túnið að mestu slétt - af sandir, og jarðar sendnir." Tún (Kalmanstjörn), 3.11 hekt., garðar 1530 m2. Tún (Traðarhús), 0.15 hekt., garðar 920 m2. Tún (Reykjanes), 0.9 hekt., garðar 530 m2. Reykjanestún hefur verið slétt og grætt nýlega skv. kortinu. Öll torfan samtals 4.16 hekt., og garðar 2980 m2.
1703: "Eldiviðartak ekkert nema af þángi, og því þó tekið sje með stórerfiði mjög hætt fyrir sandfjúki. Fjörugrasa og sölvatekja sem jörðunni nægir. Rekavon í betra lagi, Skelfiskafjara nokkur. Murukjarni og söl er brúkað til að styrkja penínga fóður [...]. Áður hefur þar góð verstaða verið, og gengu þá til vers mög inntökuskip [...]. Nú er ómögulegt að hafa þar verstöðu, þvíað sandur fordjarfar vergögn öll og verður búðum ekki uppi haldið fyrir þakleysi. Túnið fordjarfast af sandi árlega meir og meir. Engjar eru öngvar. Hagar í lakasta máta sumar og vetur, so hjer so sem í allri sveitinni. Selstöðu hefur jörðin átt sem nú er að mestu eyðilögð fyrir sandi, og verður því valla eður ekki brúkað, og er augljóst að snart muni hún að öngvu liða verða. Fyrir stórviðrum er mjög hætt af skaðlegu sandfjúki. Torfrista og stúnga er engin nema í sendinni jörðu og það næstum ónýt. Vatn er ekkert nema flæðivötn," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 27.
1840: "Tún eru þar stórskemmdum undirorpin af sandfoki og sjávarbroti á Gerðið; þó hafa menn þar oftast haft 4 kýr, því melaslægjur eru þar, en tún mikið þverbrestasamt." SS(Lýsing á Höfnum), 150.
Örnefni: Nauthólar er að finna innan jarðarinnar (Ö-Kalmanstjörn, 5), sem og Merarholt (Ö-Hafnir VHÍ, 15).


1850-55: GK-032:001_1 *Kalmanstjörn* bæjarhóll bústaður
„Var til forna oftast tvíbýli á Kalmanstjörn [...]. 1795 er þríbýli á Kalmanstjörn," segir sr. Jón Thorarensen í Frá Suðurnesjum. „Síðasta íbúðarhusið á Kalmanstjörn stendur enn á gamla bæjarstæðinu. [... Á Kalmanstjörn] var á síðara helmingi 19 aldar [...] reisulegur torfbær og allstórt timburhús, með stofu laglegri í öðrum enda þess," segir í Höfnum á Reykjanesi. Á túnakorti frá 1918 er sýndur torfbær með



Uppmælingar af minjum á bæjarhól 1850-55.


1850-55: Bæjarhóll Kalmanstjarnar, horft til austurs.

4 burstum til vesturs og við norðurenda hans timburhús. Austanvið eru kálgarðar áfastir bænum og fast við þá hlaðin safnþró.
Bærinn er í norðausturhluta heimatúnsins. Jarðvegur túnsins er sendinn og mikið jarðrask innan þess.
Bæjarhóllinn er um 45 m í þvermál en mjókkar til suðurs. Víða eru sléttir flákar sem og ójöfnur og ljóst að mikið jarðrask hefur átt sér stað. Á hólnum stóð timburhús sem var rifið en til eru ljósmyndir af því. Enn mótar fyrir vestasta húsinu á hólnum (001_2) sem tilheyrði eldri bæjarhúsum. Á austurenda hólsins er algróin þúst, 0,5-0,6 m á hæð. Hóllinn er hæstur til vesturs, timburhúsið var líklega á suðurhluta hans.



Fornleifar innan heimatúns Kalmanstjarnar, nærri bænum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 259; Túnakort 1918; Frá Suðurnesjum, 90; Hafnir á Reykjanesi, 36

1850- 903: GK-032:001_2 þúst bústaður
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: [...] 20x12 m (NNV-SSA). Óræður rústahóll, mjög vel gróinn. Ekki er gott að segja til um breidd veggja eða innri skipan rústarinnar."
Norðvestarlega á bæjarhól 001_1 er þúst sem tilheyrði eldri bæjarhúsum á Kalmanstjörn að öllum líkindum. Þústin er um 14 m í þvermál en víða má sjá beina kanta í jöðrum hennar sem gefa einhvers konar hólfaskiptingu til kynna. Hún er um 0,3-1 m á hæð og algróin. Víða glittir þó í grjót í gegnum grasið.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 29:3

1850- 59: GK-032:002 heimild hálfkirkja
KALMANSTJÖRN Í HÖFNUM (G) HÁLFKIRKJA
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 61}
Ekki er vitað hvar kirkjan stóð né hafa sagnir varðveist um mannabeinafundi við bæinn. Mikið þekkingarrof er í sögu jarðarninnar en líklega var kirkjan nærri bænum líkt og meirihluti slíkra mannvirkja hérlendis.
Heimildir: AM 263 fol. bl. 61

1850-54: GK-032:003 niðurgröftur brunnur
Á túnakorti frá 1918 er sýndur brunnur á hlaðinu 5-10 m suðvestan við íbúðarhús úr timbri sbr. 001. „Á Kalmanstjörn var 1 brunnur. Hann var á hlaðinu, hann er ennþá til, undir 1½ m. þykku jarðlagi,." segir í svörum í Þjóðháttasafni.
Brunnurinn sést enn, gaddavír er umhverfis hann og ryðguð járnplata yfir opinu. Járnið er brotið til norðurs og brunnurinn virðist djúpur. Brunnurinn er líklega ferhyrndur en ekki var hægt að segja neitt til um ástand eða lýsa honum nánar. Hann er um 4,3x3,6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Erfitt er að sjá hvort að hlaðinn kantur er umhverfis opið vegna járnsins.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918; ÞÞ 10599

1850-63: GK-032:004 heimild kálgarður
Á túnakorti frá 1918 er sýndur stór kálgarður vestan við hlaðið sbr. 001. Hann hefur verið grjóthlaðinn en innan í honum er fjórðungur afgirtur með vír. Í austurhorninu er sýndur lítill kassi sem annaðhvort er girðing eða útihús.
Kálgarðurinn var í suðurhluta bæjarhólsins, einungis bæjarhlaðið var á milli hans og bæjar 001. Á þessu svæði er aflíðandi brekka til suðvesturs, niður það sem enn er eftir af bæjarhólnum. Nokkuð jarðrask er á þessu svæði og ekkert sést af kálgarðinum á yfirborði.


Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918

1850-69: GK-032:005 heimild útihús
Á túnakorti frá 1918 er sýnd tóft við túngarðinn, um 160 m suðaustan við bæinn sbr. 001, við endann á tröðum sem liggja til austurs frá bænum. Á þessu svæði virðist hafa verið einhvers konar vinnslusvæði norðan við lendingu, m.a. má sjá spil á túnakortinu sm notað var við að draga skip á land. Þetta útihús var norðvestast innan þessa svæðis, við suðurenda traðanna.
Öll ummerki útihússins eru horfin. Mikil uppsöfnun jarðvegs við túngarðinn er hér og líklega búið að slétta að auki.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-68: GK-032:006 heimild útihús
Á túnakorti frá 1918 er sýnd tóft sambyggð við norðvesturhlið túngarðs. Túngarðurinn er horfinn á þessu svæði og ekki er ljóst hver tegnslin voru og af þeim sökum er útihúsið skráð undir séstöku númeri,
Öll ummerki útihússins eru horfin af yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-67: GK-032:008 heimild þró
Á túnakorti frá 1918 er sýnd hlaðin safnþró í túninu um 100 m vestur af 002.
Öll ummerki þessa mannvirkis eru horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918

1850-81: GK-032:009_1 *Traðarhús* bæjarhóll býli
„Vestan túns eru Traðarhús. Þar var lengi búið," segir í örnefnalýsingu Kalmanstjarnar. „Milli túnanna í Junkaragerði og Kalmanstjarnar stóð bær, sem hét Traðhús. Það var rifið 1929," segir í örnefnalýsingu Hafna. Á túnakorti Kalmanstjarnar frá 1918 eru Traðarhús sýnd vestan við Kalmanstjarnatún og eru um 60 m á milli túngarða. Traðarhús samanstanda af einu torfhúsi (án standþils) og litlu timburhúsi innan við 10 m norðvestan við. Allmiklir kálgarðar eru sambyggðir við þessi hús að norðan og austan en lítið tún er sunnan við. Í vesturhorni þess er sýnd hlaðin safnþró.
Bæjarhóll Traðarhúsa sést enn, óljóst undir tóft 009_2. Bæjarhóllinn er 40x29 m stór, er 1-1,5 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er einna breiðastur í miðjunni og mjókkar til beggja enda.
Hóllinn sést vel sunnan og vestan við bæinn, þar er hann algróinn. Hóllinn lækkar og verður óljós til austurs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 6; Ö-Hafnir VHÍ, 22;



Fornleifar nærri bæjarhól Traðarhúsa.


1850-81: Bæjarhóll Traðarhúsa, horft til norðausturs.

Túnakort 1918

1850-77: GK-032:009_2 tóft bústaður
Milli heimatúna Kalmanstjarnar til austurs og Júnkarageröis til vesturs. Bæjarhóllinn sést enn vel.
Bæjartóftin er 9,2x8,7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er á miðjum bæjarhól 009_1, skiptist í tvö hólf og húsið virðist hafa tekið litlum breytingum frá því að túnakortið var gert 1918. Bæði hólfin eru opin til norðvesturs og veggir hlaðnir úr grjóti, það má sjá 3-10 umför af grjóti í þeim. Austurgafl syðra hólfsins stendur enn vel uppi. Suðaustan við tóftina eru ummerki um efnistöku, mögulega torfið sem var á þekjunni en hún er horfin. Veggir eru 0,3-2 m á hæð, hæstir til suðausturs.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


1850-77: Tóftin, horft til suðausturs.

1850-78: GK-032:009_3 tóft kálgarður
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: „100 m S við Junkarageröi (íbúðarhúsið). Í túni Traðarhúsa. [...] 12x9 m (NA-SV). Veggir úr grjóti; 0.9-1.5 m á breidd og 0.4-1.2 m á hæð. 2 hólf (A-B). Hólf A: 9x5 (NV-SA). NV-hlið er ekki til staðar. Hefur líklega verið úr timbri. Hólf B: 6.5x5 m (NV-SA). Dyr eru á NV-hlið. Garðlög sjást vel að innan. Mikið drasl er inn í rústinni.“ Í skýrslunni er ennfremur minnst á gerði undir öðru númeri en um sama stað er að ræða: „ [...] 41.5x20 m NV-SA Veggir úr grjóti; 0.4-1.3 m á breidd og 0.2-0.5 m á hæð. Gerðið skiptist upp í 2 hólf (A-B). Hólf A: 24.5x20 m (NV-SA). Hlið er á NA-hlið. Rúst 28.10 er áföst SV-hlið. Á þeirri hlið er einnig garðstúfur sem gengur út úr miðjum garðinum; 5 m á lengd (NA-SV). Hólf B: 17x8 m (NV-SA). SA-hlið hólfsins er illa farin og nánast horfin.“ Á túnakorti frá 1918 sést kálgarður norðan við bæ 009_1. Á túnakortinu skiptist kálgarðurinn í fjögur hólf, vísbendingar sjást um þrjú nú. Kálgarðurinn er 45x19 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru grjóthlaðnir, 0,3-0,5 m á hæð og það glittir í 1 umfar af hleðslu í þeim. Suðaustast er ílangt hólf, gengið er inn í það að utan til norðurs. Þetta hólf er 14x6 m að innanmáli. Norðvestar er stórt hólf, 23x17,5 m að stærð en því var skipt enn frekar niður, það má sjá óljósa garða þarna inni. Op er til norðurs, inn í kálgarðinn.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


1850-78: Kálgarðurinn, horft til suðausturs.


1850-79: Útihúsið horft til vesturs.

Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 28:10 og 13

1850-79: GK-032:009_4 tóft útihús


Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: „90 m S við Junkarageröi (húsið). Í túni. [...] 5x5 m (NA-SV). Veggir úr grjóti; 1 m á breidd og 0.2-0.5 m á hæð. Rústin er alveg gróin, garðlög sjást á N-horni rústarinnar.“ Tóftin er sýnd á túnakorti frá 1918 og var fast vestan við bæ 009_2 og kálgarð 009_3. Hún er 7,2x6,2 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og ekkert op sést inn í hana.
Tóftin er grafin inn í hól/hrygg til vesturs. Ekkert op sést á yfirborði og veggirnir eru algrónir. Mögulega var þetta hluti af bæjarhúsum.


1850-80: Túngarðurinn, horft er til suðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 28:9


1850-80: GK-032:009_5 kantur túngarður
Túngarðurinn sést að mestu sem hlaðinn kantur sem liggur til norðurs frá túngarði Kalmanstjarnar. Hann fer vestan við bæjarhólinn og sveigir til austurs og fjarar út. Hann afmarkaði að öllum líkindum lítið tún fyrir vestan bæinn en ekki er ljóst hvernig afmörkunin var til annarra átta. Það sést glitta í 1 umfar af grjóthleðslu í kantinum en innan túnsins er mikil uppsöfnun. Túngarðurinn er s ýndur afmarka lítið svæði sunnan við bæ 009_2.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-905: GK-032:009_6 heimild þró
Á túnakorti frá 1918 sést þró, suðvestan við bæjarhól 009_1, innan túns sem túngarður 009_5 afmarkar. Þróin er horfin af yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



Fornleifar í kringum Reykjanesvita eldri.

1850-2: GK-032:010_1 *Reykjanesviti (eldri)* tóft samgöngubót
Sumar og haust 1879 var reistur viti á Valahnúk og var hann tekinn í notkun 1. desember sama ár. „ [...] hann stóð illa, vegna þess hve átök sjávarins voru mikil og hins, að þarna eru oft jarðhræringar. Því var nýr viti reistur 1907 á Vatnsfelli,“ segir Steingrímur Jónsson. Neðstu steinaraðir vitans sjást enn á bjargbrúninni og hefur mikið brotnað af hnúknum síðan hann var reistur því hluti af hleðslunum skagar útfyrir brúnina.
„Reykjanesvitinn, fyrsti viti Íslands, var fyrst byggður á Valahnúk árið 1878. [...] Valahnúkur reyndist ekki traust undirstaða og bilaði hún í jarðskjálftum 1887,“ segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1984.
Agnes Stefánsdóttir skráði tóft á Valahnúk árið 2008: “Stærsta tóftin [010_2) á Valahnúk er 16 m löng og 9 m breið með dyr á vesturgafli. Við austurgafl hennar er nokkurn veginn ferköntuð (6x6 m) tóft úr tilhöggnu grjóti. Annaðhvort er hér um leifar gamla vitans að ræða eða grjót úr honum hefur verið nýtt í þessa byggingu.”
Sindri Ellertsson Csillag skráði Reykjanesvita árið 2005: „[...] Brotin úr gamla vitanum liggja nú við rætur Valahnúks. [...]
B. Grunnur gamla vitans á Valahnúk. “Á Valahnúk. SA við Gerði [C]. [...] 7x6 m (NV-SA). Úr tilhöggnu gróti; 0.2-0.4 m á breidd og 0.1-0.2 m á hæð. Dálítið mosavaxinn og gróinn. VSV-hliðin er mjög ógreinileg og gengur inn í hallann á Valahnúk.”



1850-1-3: Uppmælingar af minjum.


1850-2: Grunnur vitans, horft til norðausturs.

Í fylgiskjali með breytingartillögum fjárlaganefndar 1877 var lögð fram lýsing á fyrirkomulagi fyrirhugaðrar vitagerðar á Reykjanesi: „Eptir undirlagi sjóliðsstjórnarinnar hafði varða verið hlaðin á þeim stað, er ætlazt var til að á skyldi byggja. Varðan var óhreyfð, en þótti sett á ótryggum stað, því að 9 fetum þaðan á burt eru djúpar gjár, er benda til, að það, sem er í nágrenninu, muni hrunja niður í þær, þá er minnst vonum varir; þess vegna var annað merki sett 41,5 feti lengra til suðausturs; er það þannig gjört, að viðarstaur var rekinn í jörð niður og grjóti hlaðið að utan. … A. Turninn. Jarðvegurinn undir er harður, blandaður smágrýti. Turninn skla hlaðinn af hrungrjóti sem fæst þar undir klettinum, og Portlands Cementi smurt 3 þumlunga djúpt inn alstaðar þar á milli, sem steinar mætast, og síðan roðið yfir með Cementi bæði utan og innan. / Steinlímið, sem haft verður til að binda grjótið, verður samsett af íslensku kalki, Portlands Cementi og sandi, sem fæst hjer um bil 1/2 mílu vegar þaðan á burtu … Turninn skal hlaðinn í átthyrning; [í kjallaranum átti þvermálið að innan að vera 6 fet og múrþyktin 4 fet og 7 þuml, niðurgarinn 2 fet 1 1/2 þuml] … Á þeim stað, er setja skal turninn, verður að grafa fyrir undirstöðunum og setja hleðslur stallmyndaðar og að sjer dregnar. Kjallaragólfið skal hellulagt … Á kjallaranum er vindauga á múrnum 9 þuml. hátt, 18 þuml. breitt, og málmgrind í að utan.» 12. júlí 1878 var mæld út lóð fyrir vitann og vitavarðarbústað og var að því loknu hafist handa við smíðina sem lokið var er úttekt var gerð 20. nóvember sama ár. Fyrsti vitavörður var Arnbjörn Ólafsson. Hleðslurnar sem enn sjást eru úr grjóti og sandlími/sementi. Þykkt veggjana hefur verið um 1m. Við rætur Valahnúks (rétt vestan við 017) er stór hrúga af grjóti úr vitanum


1850-3: Tóftin, horft til suðausturs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Steingrímur Jónsson: Frá Reykjanesi til Reykjavíkur. Fyrstu vitarnir við Faxaflóa, Landnám Ingólfs 1 (1983); Ö-Kalmanstjörn, 1-2; ÁFÍ 1984, 40; Agnes Stefánsdóttir, 7, 21; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 52:7-52:10

1850-3: GK-032:010_2 tóft óþekkt
Agnes Stefánsdóttir skráði tóftir á Valahnúk árið 2008: „Sunnan við tóftirnar tvær er lítil hringlaga tóft, grjót ekki sýnilegt í hleðslum. [...] Hún er einnig mun nær klettabrúninni en hinar tvær. Engar þeirra eru þó það nálægt að farið sé að brotna af þeim. [...].“
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-4: GK-032:012 gata leið
1879 var byggður viti á Valahjnúk og vitvarðarbústaður undir Bæjarfelli og var fyrirfram sýnt að byggja yrði veg á milli “vegna þess, hve langt er milli turns og bæjar, og líka vegna þess, að kletturinn er



1850-4: Gatan, horft til norðausturs.

svo brattur, að eigi verður hestum fært, að bera byggingarefnið upp að turnstæðinu. Veginn skal leggja beina stefnu frá bænum til turnsins, en þegar komið er að klettnum, verður að leggja veginn í krákustíg upp að turndyrunum. Fyrsta hluta vegarins (frá bænum upp undir klettinn) skal hagað þannig; markað skal fyrir stefnu hans og breidd, grundvöllurinn ruddur og hlaðinn garður með fram veginum til beggja hliða af lausu grjóti, sem þar má fá nóg af. Vegurinn 6 fet á breidd, grjótgarðurinn 4 feta hár. Vegurinn upp brekkuna er 3 feta breiður; þegar turninn er fullgjörður skulu grindur settar að utan." 1878 höfðu mælingamenn gert uppdrátt af svæðinu og sýnir hann veginn í krókum upp á hnúkinn. Í lok október 1879 kom Grímur Thomsen út á Reykjanes til að skoða framkvæmdirnar og segir í grein í Þjóðólfi: "Þetta er langur vegur á vetrardag í hverju veðri og færð, og á hverjum tíma dags og nætur sem er. Enda mun þörf á að búa hjer betur um, þó ekki væri nema með kaðal- eða vírþræði frá vitanum ofan að bænum." 1998: Vegur sem svarar þessari lýsingu liggur frá Valahnúki að bæjarstæðinu 011 og hverfur þar undir nýjan veg, á móts við þar sem afleggjari liggur upp að nýja vitnum á Bæjarfelli. Agnes Stefánsdóttir skráði leið að Valahnúk árið 2008: "Leifarnar af gamla vitanum eru enn í hrúgu við rætur Valahnúks. Upp að og undir hrúgunni liggur leiðin frá vitavarðarbústaðnum undir Vatnsfelli að Valahnúk. Sú leið er líklega sú sama og lýst var í greinargerð með frumvarpi að fjárlögum 1878 og 1879 (Mynd 4). Vegurinn hefur verið ruddur gegnum hraunið og grjótið notað til að mynda garða sitt hvorum megin."

Vegur þessi er mjög hlykkjóttur, ólíkt 018, sem er austar. Steinum hefur verið rutt til hliðar til að mynda um 1.5m breiðan stíg. Lágur steinhlaðinn veggur er sitthvoru megin við stíginn, 0.05-0.3 m hár. Vegur þessi verður mjög ógreinilegur þegar komið er á Valahnjúk, þar hefur nýr stígur úr smásteinum verið lagður að nokkru leiti yfir hann.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Steingrímur Jónsson, Landnám Ingólfs 1 (1983); Agnes Stefánsdóttir, 7, 21

1850-56: GK-032:013 garðlag túngarður

Á túnakorti frá 1918 er sýndur túngarður um allt tún Kalmansstjarnar og hefur hann verið úr grjóti, nema hugsanlega norðurhornið sem er sýnt með mjórri línu og gæti hafa verið girt með vír. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir um túngarðinn: „Liggur utan um grasi grónar grundir á milli afleggjara sem liggur í S frá Hafnavegi V-megin og þjóðvegar A-megin. [...] Úr grjóti; 0.5-1.5 m á hæð. Ekki er hægt að sjá breidd garðsins þar sem einungis ytri hlið hans sést. Sú hlið er lítið gróin og garðlög sjást vel. NV-hlið garðsins hefur verið rofinn á einhverjum tímapunkti þegar túnið hefur verið stækkað. Hrunið er úr garðinum á S-hlið."



1850-56: Túngarðurinn, horft til ASA.

Hluti af túngarði Kalmanstjarnar. Sjórinn brýtur þarna á honum og áfok er innan túnsins. (við sjóinn)

Túngarðurinn sést enn afmarka heimatúnið. Hann var ekki mældur skipulega upp, einungis sá hluti sem er innan skráningarsvæðis. Hann sést enn sem hlaðinn kantur að utan en innan heimatúnsins er jarðvegur víða upp að honum. Kanturinn er að mestu norðan og suðastan við túnið. Við sjávarsíðuna sést túngarðurinn hins vegar enn og er grjóthlaðinn. Kanturinn er um 1 m á hæð og í honum að utan má greina 2-4 umför að grjóti. Vírgirðing er enn ofan á honum. Hann

er rúmlega 100 m langur þar og hluti af vesturhliðinni sést einnig, alls 20 m. Hann er rúmlega 3 m á breidd, 1 m á hæð og um 2-3 umför. Víða er þó rofið úr honum vegna ágangs sjávar. Hið sama gildir hér jarðvegur er mun hærri innan túnsins og nánast um kant að ræða þar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 29:6

1850-70: GK-032:014 *Lendingarvík*
mannvirki lending
Á túnakorti frá 1918 er merkt «vör» fast við túngarðinn í suðvesturhlið túnsins, um 40 m suðastur af 005. «Heima við bæinn er vík sú, sem heitir Lendingarvík.» segir í örnefnalýsingu Kalmanstjarnar. «Þá er komið að Kalmanstjarnarvör (lendingu). Hún afmarkast af grasi vöxnum klapparhólma, nokkuð háum, en sprungnum. Hann er nefndur í daglegu tali Hólminn [...]. Þess skal geta, að nú eru sundtrén horfin á Kalmanstjörn og vörin full af stórgrýti, enda jörðin svotil í eyði,» segir í örnefnalýsingu Hafna. Mikið rask vegna ágangs sjávar er við ströndina en með góðum vilja má sjá nokkurs konar «hleðslu» sem liggur austur-vestur, nánast ofan í sjónum. Klöpp er norðan hennar.


1850-70: Horft til SSV yfir Lendingarvík.

Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: „SV við Kalmanstjörn og S við Junkaragerði. Við sjó. [...] Vörin er greinileg en mjög vaxin þara. Um 5 m á breidd.“
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Kalmanstjörn, 6; Ö-Hafnir VHÍ, 7, 24; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 29:7

1850-28: GK-032:015 þjóðsaga býli
Í örnefnaskrá Kalmanstjarnar segir: “Sagt er, að bær hafi verið á Lendingarmelum.”
Melur, sandur, berg, grjót og smávegis grasþekja er nú á Lendingarmelum og engin mannvirki sjáanleg. Ekki er vitað með vissu hvar þetta býli var staðsett.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 5

1850-5: GK-032:018 gata leið
Upphlaðinn vegur liggur þráðbeinn yfir hraunið frá bæjarstæði 011 og að rótum Valahnúks, um 2 m austan við tóft 017.
Agnes Stefánsdóttir skráði veg að Valahnúk: „Austan við þennan veg [012] er annar upphlaðinn vegur. Hann liggur þráðbeinn gegnum hraunið milli Vatnsfells og Valahnúks. Þessi vegur er afar vel varðveittur og hefur líklega verið gerður til að auðvelda enn frekar för vitavarðar milli bústaðar og vita. Augljóslega hefur verið reynt að hlaða veginn allan í sömu hæð. Þetta hefur eflaust verið gert til að greiða för vitavarðar til dæmis í miklum snjó og auðvelda alla vagnaflutninga.“


1850-5: Áberandi hleðslur sjást í veginum, horft er til suðvesturs.

Bjarni F. Einarsson og Sindri Ellertsson Csillag skráðu einnig leiðina árin 2008 og 2015: “Gata. Liggur í SV-NA (Að Valahnúk). Leiðin er hlaðin úr grjóti og er víðast hvar 2 m breið. Leiðin er aðeins gróin á kafla, næst NA-megin og er þar skemmd af nútíma vegarslóða en annars er hún lítið gróin og mjög greinileg og falleg.”
Vegur þessi er hlaðinn upp af hraunhellum. Þær stærstu eru í jaðrinum og snúa sléttri hlið útávið, en

minni hellur eru inn á milli. Víðast aðeins ein steinsröð en mest þrjár. Þessi vegur er sennilega yngri en 012 og hefur gegnt sama hlutverki, að auðvelda vitaverði að komast í vitann á Valahnúki á vetrardegi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-1: Tóft á Valahnúki, horft til norðvesturs.

Heimildir: Agnes Stefánsdóttir, 7, 21; Bjarni F. Einarsson 2015, 52:5

1850-1: GK-032:019 tóft óþekkt
Efst á Valahnúki, um 5 m norður af vitarústinni 010, er allstór aflöng tóft. Agnes Stefánsdóttir skráði tóft á Valahnúk árið 2008: "Stærsta tóftin á Valahnúk er 16 m löng og 9 m breið með dyr á vesturgafli."
Er í hlíðinni, 3 m frá brún Valahnúks til norðurs. Smávegis rof. Í austurhluta tóftarinnar eru torfveggir en í vesturhlutanum sjást aðeins reglulegir steinar sem marka fyrir veggjunum. Um 7m frá vesturenda, þar sem torfveggirnir enda virðist hafa verið þverveggur. Greinilegar dyr eru á vesturenda.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Agnes Stefánsdóttir, 7, 21

1850-53: GK-032:021 gerði óþekkt
Árið 2020 skráði Bjarni F. Einarsson ógreinilegt gerði í landi Kalmanstjarnar, nærri fiskeldismannvirkjum. Í dálítilli lægð á milli hóla í sandorpnu hrauni.
Í skýrslu Bjarna segir: «Um 11 x 15 m stórt. Veggir úr hraungrýti, 0,1 - 0,3 m háir og um 1 m á breidd. Norðurhlutinn hverfur í sand og veggir sjást þar ekki. Gerðið er mjög ógreinilegt og er um 10 m suður af vörðu nr. 32:1. Dálítill mosagróður og lyng eru í gerðinu, sem er nokkuð fyllt af sandi.»
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs




1850-6: Réttin, horft til suðvesturs.

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2020, 18

1850-6: GK-032:022 hleðsla rétt
Í skýrslu Fornleifaverndar frá árinu 2008 er fornleifar 699 getið í töflu á bls. 21. Hennar er ekki getið í skýrslunni að öðru leyti. Réttin er númer 1780-2182 í Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.
Hleðslan er grjóthlaðin, 17,5x9 m og snýr NNA-SSV. Suður- og austurhliðar eru hlaðnar úr grjóti. Réttin afmarkast af klettum til vesturs og virðist hafa verið opin til norðurs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Agnes Stefánsdóttir (2008), 21

1850-47: GK-032:023_1 *Stóra-Sandhöfn* bæjarhóll bústaður
1703: "Er kóngs eign. Landskuld á þeim seinustu árum, sem jörðin var bygð, segja gamlir menn verið hafa ll fiska. Kúgildi voru þar þá engin. Þar kunni og þá ekki fóðrast fullt kúgildi. Nú er allt jarðarinnar land af sandi öldúngis eyðilagt og graslaust vorðið, svo óbyggjandi er. Reka hefur jörðin átt norðan til á Reykjanesi í ýmsum stöðum, sem nú (síðan jörðin eyðilagðist) sjer í lagi burt leigjast.» JÁM III, 26.
Í lýsingu á rekamörkum frá 1704 er talað um Stærri og Minni Sandhöfn og eru þær báðar sunnar en



Fornleifar nærri bæjarhól Stóru-Sandhafnar.


1850-47: Bæjarhóllinn, horft til suðurs.


Kirkjuhöfn og Stjóraklettur sagður vera milli Kirkjuhafnar og norðari Sandhafnar - Um rekamörk, 49.
Metin á 8,5 hdr 1760 og gæti hafa verið í byggð þá en er seld Thorkelii barnaskóla 1785 sem eyðijörð. JJ, 85
1840: Heyrt hefi eg, að þær 3 jarðir Stóra- og Litla-Sandhöfn og Kirkjuhöfn hafi allar verið 60 hndr. Að dýrleika og Kirkjuhöfn þeirra fyrst lagzt í eyði, ...” SS (Lýsing á Höfnum), 150 nm.
1860: “Snertukorn suður frá Kalmanstjörn gengur vík ein breið inn í landið. Hún nær suður allt að Hafnarbergi. Í þessari sér rústir af 3 fornbæjum niður við sjóinn. Heitir sá nyrsti þeirra Stóra-Sandhöfn [...] Hinir 3 fyrrnefndu bæir hafa allir staðið á hólum, og er þar ei alveg upp blásið enn, sem rústirnar eru.” segir Magnús Grímsson. “Sandhöfn, stóra og litla, heita tvær graxivaxnar hæðir, sem eru hvor hjá annari suðvestur frá höfninni. Í þeim hæðum voru bæir, sem nú eru eyddir af sandfoki. Stóra Sandhöfn er austar, og lagðist hún fyr í eyði. Er svo langt síðan, að Á. M. jarðab. getur hennar ekki. En Kirkjuhöfn og Litlu-Sandhöfn telur hún sem eyðijarðir,” segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu bæjarhólinn árið 1996: “Mikill og grasivaxinn bæjarhóll, um 30 - 40 m langur og 4 - 5 m hár. Uppi á hólnum sést víða í hleðslur upp úr grasinu. Sunnan undir hólnum er um 10-15 m grjóthlaðið gerði. Hugsanlega er hóllinn leifar eyðibýlisins Stóru-Sandhafnar.”
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “Ca. 80 m A við nyrsta hluta Hafnabergs. [...] 65x55 m (NNV-SSA). Grasi gróinn, 4 m á hæð. Mótar fyrir mörgum rústum á V- og SV- hliðum hólsins.” Bæjarhóllinn er 70x55 m að stærð og 4-6 m á hæð. Áfok hefur án efa ýkt stærð og hæð hólsins en þó má enn sjá tóftabrot víða á hólnum.


1850-904: Tóft á bæjarhólnum, horft til norðvesturs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940: 259; JJ, 85; Um rekamörk, Blanda II, 49; Árbók 1903, 43; Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 8; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 36:1

1850-904: GK-032:023_2 tóft híbýli
Uppi á bæjarhól 023_1 eru tóftir, hleðslur og þústir. Segja má að suðurhluti hólsins sé þakin mannvist á yfirborði en erfitt er að greina nákvæmt lag tóftanna. Áfok hefur líkelga ýkt stærð hólsins og fyllt tóftirnar sem þarna voru.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-107: GK-032:024 *Kirkjuhöfn* bæjarhóll bústaður




1850-107: Uppmæling af bæjarhól Kirkjuhafnar og nálægum minjum.

1703: Kyrkiu höfn. Eyðijörð, hefur óbygð verið um 40 ár. Jarðardýrleiki þykjast gamlir menn heyrt hafa að verið hafi xxxc, en nútíundast þetta eyðiland með rekanum fyrir x c, so sem væri það þriðjúngur úr Gálmatjörn," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
1840: "Spölkorn sunnar [en Kalmanstjörn] er eyðijörðin Kirkjuhöfn. Hún mun hafa lagzt í eyði fyrir vel svo 100 árum vegna sandfoks; þar var kirkja áður en í Kirkjuvogi," segir í Lýsingu á Höfnum.
1860: "Snertukorn suður frá Kalmanstjörn gengur vík ein breið inn í landið. Hún nær suður allt að Hafnarbergi. Í þessari sér rústir af 3 fornbæjum niður við sjóinn. Heitir sá nyrsti þeirra Stóra-Sandhöfn, þá Kirkjuhöfn [...]," segir Magnús Grímsson. "Þar innar [en Sandhöfn], næstum því samtúna, var svo Krikjuhöfn, eitt eyðibýlið enn, talinn forn kirkjustaður og hafi verið flutt þaðan að Vogi ... Og svo þaðan fyrir sjávargang að Kirkjuvogi. Klettur er milli Kirkjuhafnar og Sandhafnar, sem heitir Stjóraklettur. Í Kirkjuhafnarlandi er Flyðruhella.» segir í örnefnalýsingu Kalmanstjarnar. „Suðvestast á strandarklöppunum er geysistór, grasi gróinn hóll, Kirkjuhafnarhóll. Þar var stórbýlið Kirkjuhöfn. Í munnmælum segir, að þar hafi verið miklar byggingar og ekki færri en 50 hurðir á hjörum." segir í örnefnalýsingu Hafna.
„Þó er grashóll þar, sem bærinn Kirkjuhöfn stóð, og er gróið yfir bæjarrústina, svo hún sést ógjörla. Sunnan undir hólnum er sérstök grjótrúst, sem ætla má að sé kirkjutóftin [025]. Suður þaðan er dálítil sandvik með malarkambi. Bak við kambinn hefir verið mýrardæl, sem nú er leirflag. Í henni sést brunnurinn. Utanvert við vík þessa er höfnin, sem bærinn Kirkjuhöfn er kenndur við. Það er lón fyrir innan skerjaröð. Þar er þrautalending í öllum suðlægum áttum," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.


1850-107: Bæjarhóll Kirkjuhafnar, horft til norðausturs.

1860: "Hinir 3 fyrrnefndu bæir hafa allir staðið á hólum, og er þar ei alveg upp blásið enn, sem rústirnar eru." MG 1940, 259.
1860: "Merkilegasta rústin er í Kirkjuhöfn. Þar hefir verið mikill bær og hús mörg. Kirkja hefir þar verið skammt frá bænum, og er rúst hennar auðþekkjanleg, en mjög hrunin og ei svo glögg, að mæld verði. Sama er að segja um kirkjugarðinn" MG 1940, 259.
1840: Heyrt hefi eg, að þær 3 jarðir Stóra- og Litla-Sandhöfn og Kirkjuhöfn hafi allar verið 60 hndr. Að dýrleika og Kirkjuhöfn þeirra fyrst lagzt í eyði, ..." SS (Lýsing á Höfnum). Grasi gróinn hóll sem stendur 15-20 m frá sjónum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 26; SS(Lýsing á Höfnum), 150-151; Magnús Grímsson 1940: 259; Ö-Kalmanstjörn, 6; Ö-Hafnir VHÍ, 7; Árbók 1903, 43


1850-109: GK-032:025_1 tóft kirkja
KIRKJUHÖFN Í HÖFNUM (G) (KIRKJUVOGSÞING)
1839: "Kirkjuhöfn … mun hafa lagzt í eyði fyrir vel svo 100 árum vegna sandfoks; þar var kirkja áður en í Kirkjuvogi." SSGK, 150-151. (á aukablaði eftir sama höf stendur: "Heyrt hefi ég, að þær 3 jarðir




Uppmæling af kirkjutóft 1850-109.


1850-109: Kirkjutóft, horft til norðurs.

Stóra- og Litla-Sandhöfn og kirkjuhöfn hafi allar verið 60 hndr. að dýrleika og Kirkjuhöfn þeirra fyrst lagzt í eyði, að kirkja hafi þar staðið, eftir að jörðin lagðist í eyði, en ofnaumt mun tilnefnt tímatalið á annað hundrað ár síðan, því nefnd Ingigerður sál. vissi aðeins til, að uppblásin mannabein í hennar minni hefðu verið flutt til Kirkjuvogskirkju og lögð í kirkjugarð og eru þó síðan full 100 ár." – nmgr á bls. 150 í SSGK).
1839: "Þar var í fyrndinni kirkja eður bænahús, því núlifandi menn muna, að í ungdæmi sínu hafi elztu menn sagt frá, að uppblásin mannabein þar hefðu verið flutt að Kirkjuvogi." – SSGK, 17
1840: "[Í Kirkjuhöfn] ... var kirkja áður en í Kirkjuvogi." SS(Lýsing á Höfnum), 150-151. "Heyrt hefi eg ... Að kirkja hafi [í Kirkjuhöfn] staðið, eftir að jörðin lagðist í eyði, en ofnaumt mun tilnefnt tímatalið á annað hundrað ár síðan, því nefnd Ingigerður sál. [Tómasdóttir, d. 1804] vissi aðeins til, að uppblásin mannabein í hennar minni hefðu verið flutt til Kirkjuvogskirkju og lögð í kirkjugarð, og eru þó síðan full 100 ár." SS (Lýsing á Höfnum), 150 nm. "Þar innar [en Sandhöfn], næstum því samtúna, var svo Kirkjuhöfn, eitt eyðibýlið enn, talinn forn kirkjustaður og hafi verið flutt þaðan að Vogi ... Og svo þaðan fyrir sjávargang að Kirkjuvogi." segir í örnefnalýsingu Kalmanstjarnar. "Þegar við erum í dálitlu skarði með Kirkjuhafnarhól á hægri hönd, er hóll á vinstri hönd og markar fyrir garðrústum á köntum hans, en sjálfur er hóllinn nærri flaur að ofan. Þetta er talinn vera kirkjugarðuinn í Kirkjuhöfn. Hvenær kirkjan hefir verið lögð niður, er ekki áreiðanlega vitað, en líklegt er talið um miðja 14. öld. Sagt er, að bein hafi verið flutt frá Kirkjuhöfn til Kirkjuvogskirkju, þegar kirkjan var flutt frá Vogi, sem hefur verið einhvern tímann upp úr 15. öld. Þeim, sem kynnast vilja nánar um þetta, er bent á bók Magnúsar Þórarinssonar, Frá Suðurnesjum, bls. 74." segir í örnefnalýsingu Hafna.
"Þó er grashóll þar, sem bærinn Kirkjuhöfn stóð, og er gróið yfir bæjarrústina, svo hún sést ógjörla. Sunnan undir hólnum er sérstök grjótrúst, sem ætla má að sé kirkjutóftin," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Smávegis gróðurþekja er þarna, annars uppblásið hraun. Það glittir víða í sandrof. Hleðslan er umfangslítil, 1 umfar af grjóti sést einungis.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: SSGK, 150-151, 172; SS(Lýsing á Höfnum), 150-151; Ö-Kalmanstjörn, 6; Ö-Hafnir VHÍ, 15-16; Árbók 1903, 43


1850-110: Kirkjugarðurinn, horft til suðvesturs.

1850-110: GK-032:0252 garðlag kirkjugarður
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "30 m S við Kirkjuhafnarhól. [...] 15x15 m (VNV-hlið snýr að sjó, N-hlið snýr að Kirkjuhöfn). Veggir úr grjóti. Gerðið er fullt af sandi, þannig að garðlögin sjást aðeins að utan. Þess vegna er erfitt að sjá breidd veggjanna. Það er líka erfitt að sjá hæðina þar sem gerðið er á lágum hól, ca. 1.2-1.5 m á hæð og vegna sandsins inn í því. Jarðvegurinn í kringum gerðið/hólinn er fokinn í burtu."



Uppmælingar af minjum á bæjarhól 1850-44


1850-44: Bæjarhóll Litla-Sandhafnar, horft til suðurs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 34:6

1850-44: GK-032:026_1 *Litla-Sandhöfn* bæjarhóll bústaður
1703: "Sandhöfn. Eyðijörð, hefur óbyggð legið hjer um í 50 ár," segir í Jarðabók Árna Magnússonar. Í lýsingu á rekamörkum frá 1704 er talað um Stærri og Minni Sandhöfn og eru þær báðar sunnar en Kirkjuhöfn og Stjóraklettur sagður vera milli Kirkjuhafnar og norðari Sandhafnar. Um rekamörk, 49.
1840: "Sunnar en Kirkjuhöfn] er Sandhöfn, eyðijörð, aflögð vegna sandfoks, því ekkert sést eftir utan lítið af hól, hvar bærinn skyldi hafa staðið," segir í Lýsingu á Höfnum. Í neðanmálsgrein segir ennfremur: „Heyrt hefi eg, að þær 3 jarðir Stóra- og Litla-Sandhöfn og Kirkjuhöfn hafi allar verið 60 hndr. Að dýrleika og Kirkjuhöfn þeirra fyrst lagzt í eyði, ... Það er nokkurn veginn víst, að Litla-Sandhöfn lagðist seinast í eyði; sagt er mér, að ekkja hafi átt, hún verið 8 hndr., gefin af henni Viðeyjarklaustri og hún með því móti síðar orðið kóngseign." SS (Lýsing á Höfnum), 150 nm.
1860: "Snertukorn suður frá Kalmanstjörn gengur vík ein breið inn í landið. Hún nær suður allt að Hafnarbergi. Í þessari sér rústir af 3 fornbæjum niður við sjóinn. Heitir sá nyrsti þeirra Stóra-Sandhöfn, þá Kirkjuhöfn og syðst Litla-Sandhöfn. Hinir 3 fyrrnefndu bæir hafa allir staðið á hólum, og er þar ei alveg upp blásið enn, sem rústirnar eru." segir Magnús Grímsson.
"Norðan við Eyrina er Eyrarvík og norðan við þetta vik er klettur sem heitir Kópa. Þar austur af er annar tangi. Þar stóð bærinn Sandhöfn. Þessi jörð fór í eyði fyrir sandfoki, jafnvel að þær hafi verið tvær, Litla- og Stóra-Sandhöfn," segir í örnefnalýsingu Kalmanstjarnar. „[Frá Kirkjuhöfn] beygir ströndin í vestur og tekur við frá Kirkjuhöfn malar- og sandkampur, þar til kemur að tveimur hólum, Sandhöfn. Samnefnd vík er niður undan hólum þessum, og var mikið útræði frá frá Sandhöfn á öldum áður. Í sunnan- og suðvestanbrimum var þarna talin þrautalending í Höfnum og er enn í dag. Vestan víkurinnar skagar talsverður tangi til norðurs. Heitir hann Sandhafnartangi. Á syðri hólnum eru mjög greinilegar rústir og hafa verið þar mörg bæjarhús.» segir í örnefnalýsingu Hafna, og síðar í sömu lýsingu er bætt við: «Þegar við rennum augum til suðvesturs, frá Kirkjuhafnarhól, þá sjáum við tvo grasi vaxna, nokkuð stóra hóla upp frá Sandhöfn. Þetta eru Sandhafnarhólar. Á syðri hólnum eru margar rústir og líklegt eftir fjölda þeirra, að þar hafi verið að minnsta kosti tvíbýli. Gamlar réttir [069] og gerði [090] hafa verið suður frá bænum og standa partar af görðum þessum ótrúlega vel enn í dag.»


1850-900: Tóftin, horft til suðausturs.

Bæjarhóll Litlu-Sandhafnar er 38x31 m að stærð, snýr NNV-SSA og 3-5 m á hæð. Hann er algróinn mosa og grasi. Áfok hefur ýkt umfang hólsins en án efa er hér mikil mannvist undir sverði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: JÁM III, 26; SS(Lýsing á Höfnum), 150-151; Magnús Grímsson 1940: 259; Ö-Kalmanstjörn, 6; Um rekamörk, Blanda II, 49; Ö-Hafnir VHÍ, 7, 16; Árbók 1903, 43; Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 8

1850-900: GK-032:026_2 tóft óþekkt
Uppi á bæjarhól Litlu-Sandhafnar er ógreinileg tóft. Hún er 11 x 9 m að stærð og snýr VNV-ASA. Lögum tóftarinnar er eflaust breytt vegna mikils áfoks. Veggir eru 0,2 m á hæð og grasivaxir. Eitt hólf sést norðarlega í tóftinni, það er opið til norðausturs. Víða glittir í grjót uppi á hólnum til suðvesturs en ekki er ljóst hvort það tilheyrir tóftinni eða bæjarhólnum. Eins er ekki vitað hvort þessi tóft tilheyrir bæjarhúsum eða yngra mannvirki.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-118: GK-032:028 heimild verslunarstaður
1840: "Á milli [Kirkjuhafnar] og Kalmanstjarnar eru girðingar nokkrar líkast til sem eftirstöðvar af húsgrundvelli, hver í orði er, að þýzkir, þá höndluðu hér við land, er í tali, að hafi átt, en höfnin þá verið Kirkjuhöfn. Þar er gott sund í öllum sunnanáttum, en lending verri." 1860: "Fram við sjóinn eru þar og rústir allstórar, sem á að hafa verið eftir kaupstað og þess konar. Er það skammt frá því sem vörin á að hafa verið." Þessar minjar eru horfnar og ekki vitað hvaða stað er átt við nákvæmlega.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: SS(Lýsing á Höfnum), 150-151. Magnús Grímsson 1940: 259.


1850-38: Líklegt bæjarstæði, horft til norðurs.

1850-38: GK-032:029 *Eyri* bæjarstæði býli
1840: "Sunnar [en Litla-Sandhöfn] er Eyrin innan Hafnabergs. Þar var bær og útræði seinast fyrir rúmum 50 árum; er þeta í vík nokkurri sunnan [við] Kalmanstjörn," segir í Lýsingu á Höfnum.
1860: "En yzt í víkinni, þar sem Hafnarbjarg byrjar, hefir staðið bær sem hét Eyri; hann var lengst þerra byggður og er þar helzt grasi vaxið nokkuð í rústunum," segir Magnús Grímsson. "Norðan við Hafnaberg gengur tangi fram í sjóinn,, sem heitir Eyri eða Hafnareyri. Vísar hún til norðurs. Þar var bær og útræði fyrir 1800. Fram af Eyrinni er Eyrarsker, og aðeins sunnar er Svartiklettur. Þar sem Eyrarsker er nú, er sagt, að lambhúsin frá Eyri hafi verið," segir í örnefnalýsingu Kalmanstjarnar. "Vestan [Eyrarviks] myndast nes eða ölnbogi til norðvesturs. Það heitir Eyri (í Eyri; í gömlum sögum Hafnaeyri). Þar sést glöggt tvíbýlastæði, enda talið, að hafi farið í eyði um 1832 (?)," segir í örnefnalýsingu Hafna.
"Seinna [eftir að Litla- og Stóra- Sandhöfn lögðust í eyði] var gjör bær á Hafnareyri. Það er skamt út frá Litlu-Sandhöfn. En hann hélzt skamma stund við. Er sá maður nefndur Ormur Þórarinsson, sem þar bjó síðast. Allir þessir bæir hafa verið fyrir innan Hafnaberg," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
"Nokkru sunnar [en Sandhöfn] er nes eitt, er gengur til útnorðurs í sjó fram, fyrir norðan Hafnaberg. Á nesi þessu var býli það, er Eyri hét, og var þar byggð til ársins 1776, fylgdi því töluverð grasnyt og útræði afbragðs gott," segir í Rauðskinnu I.
"Skammt utar [en Sandhafnarhólar], nær sjó, eru rústir tvíbýlis sem nefnist Hafnaeyri og talið hafa farið í eyði um 1830. Nokkuð heillegur hlaðinn garður er yst á Eyri um 15 m á kant. Þessi hleðsla varði kálgarð fyrir sandfoki," segir á ferlir.is
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu Eyri árið 1996: "Samkvæmt merkingu á landakortum ættu rústir Eyrarbæjar að vera um 50 m suður af mannvirki [130]. Við gátum ekki séð merki um rústir á þeim stað. Annaðhvort hefur bærinn sokkið í sand, orðið uppblæstri að bráð eða hann hefur ekki verið rétt staðsettur á kortinu. Hugsanlegt er t.d. að mannvirki [130] hafi t.d. verið reist ofan á bæjarrústirnar." Eyri var um 600 m vestan við Sandhöfn.

Bæjarhóllinn er horfinn af yfirborði. Allt þetta svæði þar sem bærinn var mögulega er gróið en víða kemur sandur og grjót upp úr sverði. Mosi vex víða. Sjór gengur hér yfir. Gróinn hóll er hér skammt sunnar og ekki er ólíklegt að bærinn gæti hafa verið þar. Þar sést hins vegar ekki nein mannvist, klöpp er þar áberandi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: SS(Lýsing á Höfnum), 151; Magnús Grímsson 1940:260; Ö-Kalmanstjörn, 5-6; Ö-Hafnir VHÍ, 7-8; Árbók 1903, 43; Rauðskinna I, 53; www.ferlir.is/?id=3826

1850-86: GK-032:030_1 *Hólshús* bæjarhóll



Uppmælingar af minjum á bæjarhól 1850-86.


1850-86: Bæjarhóll Hólshúsa, horft til norðvesturs.

býli
1703: "Hóls hús. Önnur hjáleiga." JÁM III, 28. Ekki getið 1847. "Litlu sunnar [en Junkaragerði], uppi í miðju túni, á vinstri hönd, stendur húsið Kalmanstjörn. Hæðin suður og upp af túninu heitir Hólkot," segir í örnefnaskrá Hafna. Þessi mannvirki eru utan og á milli heimatúna Kalmanstjarnar og Junkaragerðis.
Hóll með greinilegri útlínur en hóll 030_2. Ekki sést samt nein skýr tóft á honum. Þessi hóll er hærri og hliðarnar greinilegri. Uppi á hólnum er beinn bakki en ekki er hægt að sjá mannvirki Hóllinn er 0,5-1,1 m á hæð og hliðarnar brattar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


1850-85: Útihúsið, horft til suðausturs.


1850-87: Kálgarðurinn, horft til suðausturs.

Heimildir: JÁM III, 28; Ö-Hafnir VHÍ, 22

1850-85: GK-032:030_2 þúst útihús

Hóll, eða þúst, um 20x10 m að stærð. Hann snýr nánast ausur-vestur og er 0,3-1,1 m á hæð. Óljós hleðsla er til vesturs á honum. Önnur mannvirki sjást ekki á yfirborði. Hóllinn er ójafn að ofan og algróinn. Norðurhluti hólsins er einna greinilegastur og austurhliðin er ennfremur mjög brött.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

1850-87: GK-032:030_3 hleðsla kálgarður
Vestan við bæjarhól Hólkots er L-laga grjóthleðsla sem afmarkaði vestur- og suðvesturhorn kálgarðsins. Hleðlsan fjarar út við vegslóða sem er þarna fast sunnar. Það glittir í eitt umfar af gjóti í hleðslunni sem er 0,1-0,2 m á hæð. Hún fjarar út til suðausturs. Vegslóði að Junkarageröi liggur fast vestan og sunnan við hleðsluna og raskaði kágarðinum líklega að hluta. Fast til norðurs er sumarbústaður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

1850-71: GK-032:031 heimild verbúð
1703: "Áður hefur þar góð verstaða verið, og gengu þá til vers mörg inntökuskip, eftir hvör að ábúandi tók undirgift. Nú er ómögulegt að hafa þar verstöðu, þvíað sandur fordjarfar vergögn öll og verður búðum ekki uppi haldið fyrir þakleysi."
Ekki er vitað hvar þessar verbúðir voru staðsettar og frekari heimildir þarf til þess að staðsetja þær. Líklega voru þær nærri sjó og hafðar hér með af þeim sökum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 27


1850-26: Horft er til VSV yfir Lendingamel en ekki sést í minjar.

1850-26: GK-032:033 *Lendingamelur* heimild lending
1840: "Fyrir sunnan [Hafnaberg] eru sandar og hraungrýti; kallast það lendingarmelir, og er þar lent, þá verður brims vegna í norðan og austanátt, þá menn sökum storma ekki geta dregið inn fyrir bergið." SS(Lýsing á Höfnum). "Lendingarmelar hafa nafn sitt af því, að stundum var lent þar, þegar ekki varð dregið fyrir Hafnarberg." segir í örnefnalýsingu Kalmanstjarnar. "Allt svæðið hér á milli [Boðaklappar og Skjótastaða] er nefnt einu nafni Melar. Þessi strönd er nálega einn kílómetri. Svo sem 400 m frá Boðaklöpp er nokkuð breytt vik með háum grjótkampi. Það heitir Melalending; þó ekki sé árennileg landtaka, hafa tvö opin skip lent þarna í tíð núlifandi manna og farnaðist vel og gátu borgið skipum sínum." segir í örnefnalýsingu Hafna.
Klettaberg við sjóinn en verður svo stórgrýtt og lengra inn í landið er sandur og reki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SS(Lýsing á Höfnum), 151; Ö-Kalmanstjörn, 5; Ö-Hafnir VHÍ, 8

1850-27: GK-032:034 *Lendingarmelavarða* heimild landamerki
1704: "Frá Stjóraklett og til vörðu þeirrar, sem stendur á Lendingarmelum, [er] allt kongsreki, sem tilheyrir Sandhöfnum báðum og nú liggur og legið hefur í langan tíma til Viðeyjarklausturs … Frá Lendingarmelavörðu og til Valahnúka er skiptireki." Í örnefnalýsingu segir: "Á melunum sunnarlega er varða, sem heitir Lendingarmelavarða og var rekamark áður fyrr." Á melnum er grjót, sandur og grastægjur. Klettaborg en engin varða sést þar nú.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Um rekamörk, Blanda II, 49;


1850-7: Draugahellir, horft til norðausturs

1850-7: GK-032:036 *Draugahellir* hellir draugur
„Í Valahnúk að sunnan er hellir, sem heitir Draugahellir. Þar rak eitt sinn timburfleka, er var eins og úr skipslest. Menn, sem unnu við að rífa flekann, ætluðu að búa í helli þessum, en það gekk illa sökum reimleika. Ætlaði einn að þrauka það af, en varð að gefast upp." segir í örnefnalýsingu.
Í Rauðskinnu III er sagt frá reimleikum í Valahnjúkshelli frá 1804: «En brátt urðu menn þess varir, að uppi í Valahnjúkshamrinum að sunnanverðu, beint upp af þeim stað, þar sem þeir voru að saga, var stór hellir; skoðuðu þeir hann, og leizt þeim hann mjög girnilegur til hvíldar, því að þar var þurr, bjartur og hlýr bústaður fyrir hretviðrum haustsins. [...] Kertið fannst ekki í fátinu og myrkrinu, en úti var aftakaveður af landsuðri með úrfelli, en inni voru reimleikar þeir, sem sóttu að andfærum manna og dýra [...]. En ekki var mönnum þessum fyrr siginn blundur á brá, en sömu ósköpin byrjuðu aftur, hundarnir vitlausir með ýlfri og emji, en mennirnir með kyrkingshljóði og korri miklu, þar til félagar þeirra voru búnir að fá þá til fullrar meðvitundar.»
Sindri Ellertsson Csillag skráði Draugahelli árið 2008: "Liggur í austanverðum Valahnúk. Upp af Valahnúkamöl."
Á sunnanverðum Valahnjúk. Engin ummerki eru um hellinn en mikið af litlum dældum og holum inn í klettana.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 2; Rauðskinna III, 12-13; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 52:28

1850-128: GK-032:039 *Draugar* örnefni draugur
1704: "... Á Kalmanstjörn allan reka ... Alt að Leguvörðu, sem er nærri Draugagjá, er liggur milli Kalmanstjarnar og Kirkjuhafnar." Um rekamörk. "Ef nú er haldið áfram norður með sjó norður frá Kirkjuhöfn, er þar nefnt Draugar. Þetta er berg með skvompum í; þar í er Draugagjá, og nærri henni er Leguvarða." segir í örnefnalýsingu Kalmanstjarnar. "Ströndin að Stekkjarviki er kölluð Draugar (suður í Draugnum) ..." segir í örnefnalýsingu Hafna.
Svartar klappir niðri við sjóinn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Um rekamörk, Blanda II, 49; Ö-Kalmanstjörn, 6; Ö-Hafnir VHÍ, 7


1850-127: Leguvarða, horft til vesturs

1850-127: GK-032:040 *Leguvarða* varða
1704: "... Á Kalmanstjörn allan reka ... Alt að Leguvörðu, sem er nærri Draugagjá, er liggur milli Kalmanstjarnar og Kirkjuhafnar." Um rekamörk. "Draugar ... er berg með skvompum í; þar í er Draugagjá, og nærri henni er Leguvarða." segir í örnefnalýsingu Kalmanstjarnar. "Skammt upp frá víkinni, uppi á hákampinum, er stór og vel hlaðin varða, sem nefnd er Leguvarða." segir í örnefnalýsingu Hafna. Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu vörðu árið 1996: "Varða um 1 x 1,5 m að breidd. Hún er ferstrend og dregst að sér og um 2 m há. Hún er ekki gömul og gæti hugsanlega verið merkjavarða. Steinarnir í vörðunni eru nokkuð misstórir. Þeir minnstu eru um 0,15 - 0,2 m í en flestir eru um 0,3- 0,4 m í þvermál."
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Ca. 700 m SV við fiskeldi (sem er S við Kalmanstjörn og Junkargerði). [...] 1.5x1 m (NNV-SSA). Úr grjóti; 1.8 m á hæð. Nánast ekkert gróin. Stendur á berri hraunhellu."
Stendur á lágri klöpp, hærri en nánasta umhverfi. Sandur, steinar og smá gras eru við vörðuna.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Um rekamörk, Blanda II, 49; Ö-Kalmanstjörn, 6; Ö-Hafnir VHÍ, 7; Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 12; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 32:2



1850-120: Stekkjarhóll, horft til suðurs.



1850-120-122: Uppmælingar af minjum á Stekkjarhól.

1850-120: GK-032:041_1 *Stekkjarhóll* bæjarhóll bústaður
"Milli Kirkjuhafnar og Drauga er vík með malarkambi. Þar er hóll, sem heitir Stekkir. Norður frá Draug skammt frá sjó er Stekkjarhóll, og þar niður fyrir er Stekkjarberg, sem er standur við sjóinn," segir í örnefnalýsingu. "Ströndin að Stekkjarviki er kölluð Draugar [...] en Stekkjarvik er stórgrýtisvik, er skert þar inn í klappirnar. Upp af Stekkjarviki er stór, kúpumyndaður, grasi vaxinn hóll, Stekkjarhóll (Stekkur). Þar sést móta fyrir görðum og rústum," segir í örnefnalýsingu Hafna.
"Kirkjuhöfn [024] er góðum kipp fyrir sunnan Kalmanstjörn. En þar mitt á milli, eða því nær, er hóll sá er Stekkjarhóll heitir, því þar hefir í seinni tíð verið stekkur frá Kalmanstjörn. Þar er rústabunga mikil, og hefir óefað verið bær," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
"Ketill sagði að það eina sem minnti á fráfærur væri Stekkjarhóll frá Eyri. [...] Það var ekki nokkur tóft sjáanleg á þessum Stekkjarhól þegar að var gáð," segir í svörum Ketils Ólafssonar í Þjóðháttasafni.
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu hugsanlegan bæjarhól árið 1996: "Um 5 - 6 m hár grasi gróinn hóll sem er um 15 m í þvermál. Á yfirborði eru engar hleðslur sýnilegar. Í hjólförum sem liggja upp hólinn sér hins vegar í grjót sem virðist hafa spólast upp og gæti það bent til að þar séu grjóthleðslur undir. Þar sem hóllinn stendur einn og sér er mjög líklegt að þetta sé rústahóll. Hugsanlega eru þetta einhverjar leifar af eyðibýlinu Kirkjuhöfn [024]? Í fjörunni norður af hól nr 29 er vík. Þar gæti hafa verið lendingarstaður eða vör [059]."
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "600 m SSV við fiskeldi. V-megin við gamla Hafnaveg, við fjöru. [...] 35x25 m (NNA-SSV). Grasi gróinn hóll, ca. 3 m á hæð. Grjót sést á ASA-hlið þar sem grassvörðurinn hefur verið skemmdur."
Grasigróinn hóll alveg við sjóinn, byrjað er að brotna úr hólnum. Sívalingslaga. Rof er í austanverðum hólnum, þar sést í grjót.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 6; Ö-Hafnir VHÍ, 7; Árbók 1903, 43; ÞÞ 15015-a; Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 11; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 33:1




1850-121: Stekkurinn, horft til austurs.

1850-121: GK-032:041_2 tóft stekkur
"Milli Kirkjuhafnar og Drauga er vík með malarkambi. Þar er hóll, sem heitir Stekkir. Norður frá Draug skammt frá sjó er Stekkjarhóll, og þar niður fyrir er Stekkjarberg, sem er standur við sjóinn," segir í örnefnalýsingu. "Ströndin að Stekkjarviki er kölluð Draugar [...] en Stekkjarvik er stórgrýtisvik, er skert þar inn í klappirnar. Upp af Stekkjarviki er stór, kúpumyndaður, grasi vaxinn hóll, Stekkjarhóll (Stekkur). Þar sést móta fyrir görðum og rústum," segir í örnefnalýsingu Hafna.
"Kirkjuhöfn [024] er góðum kipp fyrir sunnan

Kalmanstjörn. En þar mitt á milli, eða því nær, er hóll sá er Stekkjarhóll heitir, því þar hefir í seinni tíð verið stekkur frá Kalmanstjörn. Þar er rústabunga mikil, og hefir óefað verið bær," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
"Ketill sagði að það eina sem minnti á fráfærur væri Stekkjarhóll frá Eyri. [...] Það var ekki nokkur tóft sjáanleg á þessum Stekkjarhól þegar að var gáð," segir í svörum Ketils Ólafssonar í Þjóðháttasafni.
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu hugsanlegan bæjarhól árið 1996: "Um 5 - 6 m hár grasi gróinn hóll sem er um 15 m í þvermál. Á yfirborði eru engar hleðslur sýnilegar. Í hjólförum sem liggja upp hólinn sér hins vegar í grjót sem virðist hafa spólast upp og gæti það bent til að þar séu grjóthleðslur undir. Þar sem hóllinn stendur einn og sér er mjög líklegt að þetta sé rústahóll. Hugsanlega eru þetta einhverjar leifar af eyðibýlinu Kirkjuhöfn [024]? Í fjörunni norður af hól nr 29 er vík. Þar gæti hafa verið lendingarstaður eða vör [059]."
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "600 m SSV við fiskeldi. V-megin við gamla Hafnaveg, við fjöru. [...] 35x25 m (NNA-SSV). Grasi gróinn hóll, ca. 3 m á hæð. Grjót sést á ASA-hlið þar sem grassvörðurinn hefur verið skemmdur."
Líklega var stekkurinn uppi á flatanum á Stekkjarhól, á suðurhluta hans. Þó sést ekki tóft.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 6; Ö-Hafnir VHÍ, 7; Árbók 1903, 43; ÞÞ 15015-a; Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 11; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 33:1

1850-94: GK-032:047 varða landamerki
"Þá er þar norðar vík, sem heitir Skiptivík. Hún er á merkjum móti Merkinesi. En merkin eru frá vörðu við miðja Skiptivík upp í Markhól, sem stendur á sandinum fyrir ofan Kalmanstjörn ..." segir í örnefnalýsingu. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "250 m V við Hafnaveg. NV við mörk afleggjara að Kalmanstjörn frá Hafnavegi. [...] 1.3x1.2 m (NV-SA). Úr lábörðu grjóti; 1.2 m á hæð. Upp á ca. 3 m húm [sic] hól. Ekkert er hurnið [sic] úr vörðunni. Mjó rekaviðsspýta stendur upp úr miðri vörðunni. Flotholt eða e-ð álíka er efst á spýtunni. Ekkert gróin. Hóllinn sem varðan stendur á gæti



1850-94: Uppmæling af vörðunni.



1850-94: Varðan, horft til norðausturs.

mögulega verið vel gróinn rústahóll." Í aths. segir: "er líklega haldið við. Virkar ekki gömul".
Sendið hraun. Hóllinn er grasivaxinn, skiptist í "tvö" byggingarstig eða hóla. Varða er á efri hólnum. Hún er illa hlaðin. 0,4-1 m á hæð.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 7; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 55:1
1850-126: GK-032:049 *Hvarfklöpp* þjóðsaga huldufólksbústaður
„Syðst í [Stekkjarviki] er há klöpp, sem heitir Hvarfklöpp. Þar á að hafa búið álf- eða huldukona - samanber í sögunni Marína eftir sr. Jón Thorarensen." segir í örnefnalýsingu Hafna.
Klettur syðst í Stekkjavík, nánast úti í sjó.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 7

1850-10: GK-032:050 *Kerling* þjóðsaga tröll
"Fyrir [Kerlingarbás] miðjum rís hátt eldvarp (gígur), sm brotinn er af sjógangi upp til miðs. ... Eldvarp þetta heitir Kerling. Geysistór bungumynduð klöpp er sunnan við básinn, en suður frá henni eru bergstallar að Kirkjuvogsbás. Fram undan bergstöllum þessum gnæfir Karlinn, móbergsdrangur, allgildur neðst, 51 m á hæð. Mannsmynd gat maður hugsað sér efst, með andlistmsynd og skringilegan hatt , en fyrir 6 árum [1978], eftir ofsahafrót, var hann búinn að missa hattinn, og trúlega mun hann verða berhöfðaður eftirleiðis. Í þjóðsögum segir, að karl og kerling, sem bjuggu í Eldey, hafi farið til lands að leiða kú til nauts. Tókst þá svo illa til, að þau dagaði uppi og urðu að steini. Klöppin á að vera kýrin, en klettnaggur, sem þarna er, hafi verið strákur þeirra." segir í örnefnalýsingu Hafna.
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 9


1850-129: Varðan, horft til norðvesturs.

1850-129: GK-032:054 varða samgöngubót
"Þegar komið er að sundinu í "hroða", skal ekki fara grynnra en Bæli um stóra vörðu, sem stendur ofan við kampinn, suður og upp af Hólmanum." segir í örnefnalýsingu Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "SV við fiskeldi. V-megin við gamla Hafnaveg. Upp á ca. 2 m háum hól. [...] 1.2x0.7 m (NNV-SSA). Úr grjóti; 0.9 m á hæð. Sæmilega gróinn botn. Mikið af grjóti í kringum vörðuna. Upp á ca. 2 m háum hól."
Varðan er uppi á litlum hól, hrun er til suðvesturs. Hún er 50 m frá girðingunni við laxeldið sem þarna er.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 23; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 32:1




Uppmælingar af tóft 1850-62


1850-62: Útihúsið, horft til vesturs.

1850-62: GK-032:057 tóft útihús
Á túnakorti frá 1918 er sýnt stórt útihús - etv úr timbri um 20 m vestan við timburhúsið sbr. 001. Kálgarður er áfastur við útihúsið að vestan en við suðvesturgafl þess er hlaðin safnþró. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Í túni Kalmanstjarnar. SV-við traðir [...] 23x17 m (NA-SV). Úr grjóti, steypu og timbri; breidd veggja 0.5-1.7 m. Garðlög sjást á köflum. Rústin er mjög vel gróin."
Fast vestan við útihúsið var byggt yngra útihús á 20. öld, steyptur grunnur þess sést enn. Vegur raskaði norðurhluta tóftarinnar að auki, sá veggur sést enn að hluta. Þar er hann 0,2 m á hæð og algróinn. Vesturveggur tóftarinnar sést einna best, hann er 1-1,2 m á hæð. Til suðausturs í tóftinni eru steypuklumpar. Óljóst má sjá tvo kofa innan tóftarinnar, líklega yngri en það hús sem sýnt er á túnakorti. Báðir eru að

hruni komnir.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 29:1

1850-105: GK-032:058 garðlag túngarður
"Liggur þaðan [frá Stekkjarhól 041] óslitinn garður, líklega túngarður, alla leið út að Kirkjuhöfn [024]. Þvert frá þeim garði liggja þrír þvergarðar til sjávarkambs, með þeim millibilum að svara mundi kýrfóðurvelli eða meira. Liggur beint við að ætla, að sitt býli hafi fyrrum verið á hverri þessari spildu og bærinn staðið við sjóinn. En hann hefir brotið landið, og er þar nú kamburinn, sem bærinn hafa staðið. Alt land er hér sandrokið hraun," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903. "Vestan hans [Stekkhóls (041)], í fjörunni er klapparhóll, Hvarfklöpp [049].[...] Ofan vegarins er annar klapparhóll og uppi á og utan í hinum hlaðið byrgi [108]. Frá honum til suðurs og síðan ti vesturs liggur vörslugarður ofan við bæina og þau mannvirki er hafa tilheyrt þeim. Garðurinn er sennilega um 2 km langur," segir á ferlir.is. Annars staðar á síðunni segir: " Skammt norðvestan [við gerði 116] er vörslugarður



Uppmæling á túngarði 1850-105.


1850-105: Túngarðurinn, horft til austurs.

er liggur til suðvesturs upp að meginvörslugarðinum ofan Hafnabæjanna." Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Liggur í boga frá Hafnabergi í vestri og endar í austri rétt SA við Stekkjarhól og við rúst [150]. Umlykur flest allar rústir á svæðinu. [...] 500-800 m (liggur ca. A-V, NA-SV). Úr grjóti; 0.8 -1 m á breidd og 0.2-0.4 m á hæð. Víða illa farinn, hlið er á garðinum á vestari hluta hans. Hliðið er S við hól sem rúst 44:1 stendur á. Brýni fannst nærri hliðinu."
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu garð árið 1996: "Garðhleðsla, hugsanlega túngarður. Garðurinn liggur frá Hafnabergi til austurs og markar sennilega tún eða landamerki Eyrarbæjar og Sandhafnar til suðurs. Vestasti hluti garðsins er sokkinn í sand og að miklu leyti hruninn. Grjótdreif úr hleðslunni er á um 3 m breiðu svæði. Um 50 m frá ströndinni er um 2,5 m breitt rof í garðinn fyrir vegarslóða. Þaðan liggur hleðslan áfram til austurs. Sandur hefur lagst upp að henni beggja vegna þannig að hún er að mestu í kafi. Víða er nokkur grjótdreif og hrun úr hleðslunni, einkum að norðanverðu. Í rofabarði við vegarslóðann virtist veggjaþykktin geta hafa verið um 1 m að breidd, en þar sem sandurinn hefur safnast upp að hleðslunni hefur einfaldri og um 0,3 m breiðri steinhleðslu verið bætt ofan á vegginn. Hæð hleðslunnar ofan sands er allt að 0,5 m. [...] Garðurinn beygir og klofnar í tvær áttir skammt suður af mannvirki [023]. Annar hluti hans heldur áfram til suðausturs en hinn beygir niður að sjónum til austurs."
Svæðið er uppblásið. Melur og sandur, smávegis gras. Liggur frá Hafnarbergi til austurs allt að Stekkjarhól.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 43; www.ferlir.is/?id=3826; www.ferlir.is/?id=4070; Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 5, 9; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 35:1

1850-114: GK-032:059 *Kirkjuhöfn* heimild lending
"Þó er grashóll þar, sem bærinn Kirkjuhöfn [024] stóð, og er gróið yfir bæjarrústina, svo hún sést ógjörla. [...] Utanvert við vík þessa er höfnin, sem bærinn Kirkjuhöfn er kenndur við. Það er lón fyrir innan skerjaröð. Þar er þrautalending í öllum suðlægum áttum," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903. „Um það bil í miðri byggðinni er Kirkjuhöfn, en þar var verzlunarhöfn á tímum Hansamanna [...]," segir í Íslenzkum sögustöðum.
Stórgrýtt fjara, vatnsvorfnir steinar. Engin ummerki um lendingu sjást lengur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 43; KK I, 25


1850-8: Varðan, horft er til norðurs.

1850-8: GK-032:061 varða óþekkt
Varðan er uppi á hraunbún, nokkuð sunnan við Valahnjúk. Hún er hlaðin á hraunklöpp og smá lyng er við hana. Varðan er sunnan við "mölina" og stikuð gögnuleið er við hana. Líklega ekki forn.
Hættumat: engin hætta

1850-93: GK-032:063 *Skiptivík* heimild bústaður
"Ketill sagði okkur frá tveimur örnefnum sem við fórum framhjá á leiðinni út að Stekkjarhól. Það voru fyrst Skiptivík, þar eru landamerki, hann sagði að það væri sagt að þar hafi búið gömul kona ein síns liðs," segir í svörum Ketils Ólafssonar í Þjóðháttasafni. Ekki er vitað hvar þetta býli var staðsett, mögulega í Skiptivíkurhól. Frekari heimildir þarf til að staðsetja það með vissu.
Hættumat: hætta, vegna landbots
Heimildir: ÞÞ 15015-a

1850-108: GK-032:064 heimild huldufólksbústaður
"Segir ekki af ferð hennar, fyrr en hún kemr suður að svo nefndum Kirkjuhafnarhólum. [...] Þegar hún stóð upp, sá hún allt í einu hólinn standa opinn. Sá húsfreyja þar inn í stóra og mikla hvelfingu. Þar logaði eldur glatt í hlóðum og hékk pottur yfir hóbandi. Fyrir framan eldinn stóð há og tíguleg kona. [...] En nú var álfkonan horfin, og á hólnum sáust engin verksumerki; hann var eins og jafnan hafði verið fyrr," segir í Rauðskinnu II.
Álfkonan er talin hafa verið í Stóru-Sandhöfn. Bæjarhóllinnn er grasi gróinn en allt umhverfið er uppblásið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna II, 22-23


1850-19: Skemma sést ekki, horft til norðurs.

1850-19: GK-032:065 heimild skemma
"Kista er hyldjúp skvompa milli kletta innan við Kistubergið. Þar var skipað upp vörum til vitans [066], og þar var eitt sinn birgðahús fyrir vitann," segir í örnefnaskrá Kalmanstjarnar. Í örnefnaskrá Hafnar segir: "Þetta heitir Kista. Þegar núverandi viti var byggður, var öllu efni skipað upp þarna í gjánni og varð að halda bátnum þarna báðum megin frá. Skammt upp frá sjónum var geymsluhús, sem notað var til geymslu á vörum til vitans fram undir 1930, því enginn vagnvegur var til Reykjaness, en vagnbraut [086] var rudd frá húsi þessu til vitans. Oft var erfitt og tafsamt að koma vörum þarna upp, því sjór varð að vera vatnsdauður, ef það átti að takast. Ekki er vitað til, að slys yrði við þetta."
Sandur, vatnssvorfid stórgrýti, flatlent.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 3; Ö-Hafnir VHÍ, 9

1850-18: GK-032:066 *Kista* heimild lending
"Kista er hyldjúp skvompa milli kletta innan við Kistubergið. Þar var skipað upp vörum til vitans, og þar var eitt sinn birgðahús [065] fyrir vitann," segir í örnefnaskrá.


1850-18: Horft er til suðurs yfir Kistu, lendingin sést ekki.


1850-13: Horft til suðvesturs yfir vörðuna.

Í fjöru framan við Reykjanesvirkjun, lendingin sést ekki.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 3
1850-36: GK-032:071 heimild lambhús
"Fram af eyrinni er Eyrarsker, og aðeins sunnar er Svartiklettur. Þar sem Eyrarsker er nú, er sagt, að lambhúsin frá Eyri [029] hafi verið," segir í örnefnaskrá. Eyrarsker er nú um 150- 170 m norðvestur frá landi og fer á kaf á flóði. Ekki er hægt að komast þangað þurrum fótum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 4

1850-13: GK-032:072 varða óþekkt
Stika er í vörðunni en ekki er víst að hún sé gömul. Uppblásin hraunhæð er á þessu svæði. Stórgrýtt fjara til vesturs, 3 m frá bakka hraunsins.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-66: GK-032:073 heimild kálgarður
Á túnakorti frá 1918 er afgirt svæði teiknað um 120 m norðvestan bæjar 001. Ekki er loku fyrir það skotið að um kálgarð sé að ræða.


1850-25: Varnargarðurinn, horft til suðurs.

Öll ummerki þessa mannvirkis eru horfin.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918

1850-60: GK-032:074 heimild traðir
Á túnakorti frá 1918 eru traðir merktar sem liggja að bæ 001 úr norðri. Þær lágu á milli bæjarins til austurs og útihúss 005 að vestan og áfram til suðvesturs út heimatúnið að útihúsi og lendingu sem þar var.
Innan gamla heimatúnsins. Jarðvegur sendinn og búið að slétta mikið. Ekki mótar fyrir tröðunum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-25: GK-032:075 hleðsla varnargarður
Sendið og grýtt hraun. Hleðslan er í lágri dæld, í skjóli frá hafinu. Hún er 9x1 m að lengd og hlaðin úr grjóti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Agnes Stefánsdóttir (2008), 4, 22

1850-61: GK-032:085 heimild útihús
Fast vestan við útihúsið var byggt yngra útihús á 20. öld, steyptur grunnur þess sést enn. Við þá framkvæmd var þró sem sést á túnakorti frá 1918 líklega grafin burtu.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918

1850-50: GK-032:091 heimild lending
"Sandhöfn hefir frá aldaöðli verið talin þrautalending í Höfnum, en sá annmarki er á því, að ekki er leggjandi á það eftir að meir en hálffallið er út - eða næstum hálffallið er að. Þessu veldur flöt klöpp, sem gengur þvert yfir sundið," segir í örnefnaskrá Hafna. Hvar nákvæmlega var lent við Sandhöfn er ekki vitað, líklega þó nærri bænum. Mögulega erum sömu lendingu og 255 að ræða.
Engin ummerki lendingar sjást við Sandhöfn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots.
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 24

1850-15: GK-032:093 varða óþekkt
Vaðan er uppi á klettabelti. Það má greina fimm umför úr hellugrjóti. Sandur og möl eru umhverfis hana. Varðan er um 6 m frá klettabrún niður í fjöru.



1850-15 og 17: Horft til austurs yfir vörðurnar.



1850-16: Horft til norðvesturs yfir vörðuna.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots.

1850-16: GK-032:094 varða óþekkt
Varðan er uppi á klettabelti, um 15 m austan við brúnina. Hún er hlaðin úr hellugrjóti, 4 umför sjást. Varðan er hrunin til norðurs að litlum hluta.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots.

1850-17: GK-032:095 varða óþekkt
Varðan er uppi á klettabelti, 3 m frá brúninni. Uppblásið hraun er umhverfis, sandur, möl og hraungrýti eru ríkjandi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots.

1850-29: GK-032:096 varða samgöngubót
Varðan er uppi á litlum hól, umhverfis er melur og svæðið er mun gróðursælla en hraunið næst ströndinni.



1850-29: Vörðubrot, horft til suðvesturs.



1850-30: Varðan, horft til suðvesturs.

Brotin viðarspýta í henni.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1850-30: GK-032:097 varða samgöngubót
Nokkru sunnan við göngustíg niður að Hafnarbergi. Brattir kletttar eru til vestus. Varðan er um 10 m frá brún Hafnarbergs.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1850-31: GK-032:098_1 hleðsla óþekkt
Hleðslan er á grasigrónum og litlum hól, ofan við



1850-32: Horft til norðurs yfir vörðuna.



1850-31 og 32: Hleðslan og varðan í fjarska, horft til norðurs.



1850-33 og 34: Vörðuð leið, horft til norðurs.

Hafnarberg. Hún er 0,3-0,5 m á hæð úr grjóti. Vegslóði liggur að þessum hól.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1850-32: GK-032:098_2 varða samgöngubót
Varðan er 10-15 m frá brún Hafnarbergs. Gras og steinar eru við hana. Varðan sést enn vel, hún er um 1,6 m að hæð.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1850-33: GK-032:098_3 gata leið
Liggur meðfram Hafnarberginu til norðurs.

Gróðurþekja er ekki samfeld við hana. Leiðin sést enn vel og er vörðuð.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1850-34: GK-032:098_4 varða samgöngubót
Varðan er ofan við brún Hafnarbergs. Melur með smávegis grasi og mikid af steinum er á þessu svæði. Hún sést vel og er um 1,6 m á hæð. Það má greina sex umför af vandlega hlöðnu grjóti í henni.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1850-100: GK-032:098_5 varða samgöngubót



1850-100: Horft til norðurs yfir vörðuna.



1850-101: Varðan, horft til vesturs.

Melur með smá grasi og steinum er ofan við Hafnarberg. Varðan sést vel og er um 1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1850-101: GK-032:098_6 varða samgöngubót
Varðan er um 1,2 m á hæð og grjóthlðain. Það sést glitta í sand á milli steina.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1850-102: GK-032:098_7 varða samgöngubót



1850-102: Horft til VNV yfir vörðuna.



1850-103: Varðan, horft til vesturs.

Varðan er ofan við Hafnarberg. Hún er um 1,4 m á hæð og sést vel.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1850-103: GK-032:098_9 *Sig* varða leið
“Upp af nálega miðju bergi eru tvær vörður. Þar heitir Sig. Skammt sunnar gengur nokkuð stór hellir inn í bergið með skökkum munna. Hann er nefndur Dimma,” segir í örnefnaskrá Hafna.
10-15 m frá brúninni. gras og steinar. Varðan er 0,4 m á hæð en sést þó vel. Hún er ofan við Hafnarberg á klettabrún sem þar er. Grjót og hamrar eru til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 8

1850-104: GK-032:098_8 varða samgöngubót
Melur, sandur, gras og steinar eru þarna ofan við Hafnarberg. Varðan er 1,8 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1850-64: GK-032:099 öskuhaugur
Niðurgröftur er suðvesturhorni bæjarhóls Kalmanstjarnar, þar sést mikið af brenndum fiski- og


1850-64: Öskuhaugurinn, horft til suðvesturs.


1850-9: Valahnjúksmöl, horft til norðurs. Ekkert sést til minjanna.

dýrabeinum, skeljar og naglar. Hann er um 0,2 m á dýpt og án efa var hér öskuhaugur.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

1850-9: GK-032:100 *Valahnjúksmöl* heimild um tjaldstæði
“Árið 1804 rak á land á svonefndri Valahjúksmöl á Reykjanesi geysistóran timburflota. [...] Engin byggð var þá á Reykjanesi og urðu sögunarmennirnir því að liggja í tjöldum eða grjótbyrgjum, er þeir hrófuðu upp og skýldu sér í yfir nóttina,” segir í Rauðskinnu III.
“Hlaðið er undir pall austan við Valahnúk. Þar höfðust menn frá Kirkjuvogi/Kotvogi við í tjöldum er þeir unnu m.a. reka á Valahnúkamölum,” segir á ferlir.is.
Mjög stórgrýtt fjara, svokölluð Valahnjúksmöl. Grasbali til austurs, en ekkert sést til minjanna.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna III, 10-12; www.ferlir.is/?id=3264

1850-72: GK-032:102 heimild samgöngubót
“Á Kalmanstjörn er sundtré í garði [013] einum við sjóinn, miðað á sundinu út og inn í vörðubrot [106] upp á hátúnshólnum og þá farið rétt við Klettanefið á hólmanum, sem er sunnan við sundið, en að norðan falla boðar, sem kallaðir eru Klakkar,” segir sr. Sigurður B. Sívertssen í Rauðskinnu IX-X.
Hér er verið að skrá sundtréð en staðsetning þess er sýnd á túnakorti frá 1918. Það er horfið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna IX-X, 117, 188; túnakort 1918

1850-74: GK-032:103 tóft útihús
Tóft sem er að brotna í sjó vestast í heimatúni Kalmanstjarnar en hún sést lítið sem ekkert á yfirborði.


Sjórinn er að brjóta af vestur-langhlið þessa mannvirkis að öllum líkindum. Tóftin gæti hafa verið sambygggð túngarði 013 en öll tengsl þar á milli eru horfin eða undir sverði. Rofið er 0,5-1,2 m á hæð og þar má sjá 2-4 umför af hleðslu sem brotnar niður í fjöruna. Það má greina dyaop í rofinu og einnig dyrastein sem skagar þar fram. Sjórinn er því líklega að brjóta á útveggjum sé þessi túlkun rétt. Það má sjá 4 umför í dyrakampi. Um 5 m norðan frá dyraopinu sjást mannvistarlög í sniði, m.a. dökk jarðlög og skeljasandur sem annars er ekki að finna á þessu svæði. Tóftin fjarar út til annarra átta í sniðinu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-74: Rofin tóft, horft til norðurs.

1850-65: GK-032:104 heimild samgöngubót
"Klakkar norðan við Kalmanstjarnarsund. Bein leið þar inn, sundtré [102] ofan við naust [105], annað [106] langt upp á túni, suður og ofan við Kalmanstjarnarhúsið," segir Guðmundur Salómonsson í Rauðskinnu IX-X.
Ekki er vitað hvar þetta sundtré var staðsett og að öllum líkindum er það horfið vegna jarðræktar. Það var þó austarlega í heimatúni miðað við þessa lýsingu en staðsetning þess sést ekki á túnakorti frá 1918.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Rauðskinna IX-X, 117, 188

1850-73: GK-032:105 heimild naust
"Klakkar norðan við Kalmanstjarnarsund. Bein leið þar inn, sundtré [102] ofan við naust, annað [106] langt upp á túni, suður og ofan við Kalmanstjarnarhúsið," segir Guðmundur Salómonsson í Rauðskinnu IX-X. Hér er verið að skrá naustið en ekki er vitað með vissu hvar það var staðsett. Möulega er um sama stað og 1850-74 að ræða.
Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja naustið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna IX-X, 117

185-76: GK-032:109 garðlag varnargarður




1850-76: Varnargarðurinn, horft til NNV.


1850-76: Varnargarðurinn, horft til NNV.

Líklega yngri túngarður eða sjóvarnargarður. Hann er fast austan við sjóvarnargarð sem er sunnan við heimatún Kalmanstjarnar og líklega raskaði gerð hans, þessum eldri garði. Hleðslur eru grónar en virðast þó illa farnar. Garðurinn er 23 m að lengd og um 1,2 m á hæð. Hann er 2-3 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna landbrots



1850-130: Varnargarðurinn, horft til norðvesturs.



1850-130: Uppmæling af varnargarðinum.

1850-130: GK-032:110 garðlag varnargarður
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "20-30 m NV við rúst [A]. [...] 13 m á lengd (NNA-SSV). Úr grjóti; 0.3-0.5 m á breidd og 0.2- 0.6 m á hæð. Liggur í boga, endar NNA-megin á stórum flötum steini (0.8x0.7m). Garðurinn er mikið sokkinn í sand."
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 34:10

1850-111: GK-032:119 tóft útihús



1850-111: Tóftin, horft til norðurs.



1850-112: Tóftin, horft til suðurs.



1850-11: Horft til vesturs yfir vörðuna.

Illa farin tóft er norðvestan við bæjarhól Kirkjuhafnar. Tóftin er 7-8 m frá strandlengju má sjá grjótdreif sem er um 0,1-0,2 m á hæð. Svæðið er mjög uppblásið og liggur undir ágangi sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-112: GK-032:120 þúst útihús
Hringlaga þúst er norðvestan við bæjarhól Kirkjuhafnar, um 7-8 m frá strandlengju. Þústin er gróin en svæðið er uppblásið og undir ágangi sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-11: GK-032:124 varða óþekkt
Agnes Stefánsdóttir skráði árið 2008 vörðu NV af Valahnúk.

Þarna er nú gróðurlaus melur og stöku grasstrá. Þar eru 9 umför í vörðunni og hún er 10 m frá klettabeltinu niður í fjöru.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Agnes Stefánsdóttir, 4, 22

1850-41: GK-032:125 varða samgöngubót
Agnes Stefánsdóttir skráði árið 2008 vörðu NV af Valahnúk og vörðu 123. Varðan er sýnd korti á bls. 4 í skýrslu Fornleifaverndar en henni er ekki lýst nánar. Í töflu á bls. 22 kemur hins vegar fram að varðan sé á leið og vel greinileg. Hún sé um 1 m á hæð og ekki í neinni hættu.
Þessi varða fannst ekki við skráningu árið 2017 og ekki er ljóst af hverju hún er horfin. Hún var uppi á klettabelti að öllum líkindum og ekkert jarðrask er hér. Eins er mögulegt að villa sé í hniti frá árinu 2008.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Agnes Stefánsdóttir, 4, 22

1850-35: GK-032:130 tóft rétt
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu mannvirki, hugsanlega fjárrétt, árið 1996: "Grjóthlaðin ferhyrnd rétt um 13 x 15 m að innanmáli. Hún stendur fremst fram á sjávarbakka. Veggjahæðin er allt að 80 cm og veggjaþykkt er um 80 cm. Ofan á vegginn hefur verið settur gaddavír. Innan í réttinni er yfirborðið mjög mishæðótt og hefur hún að hluta fyllst af sandi. Inngangur er við SA hornið. Við austurgaflinn, sem snýr út að sjó er yfirborðið allt að 1,5 m hærra en í suðvesturhelmingi réttarinnar. Að utanverðu er um tveggja metra fall frá gaflinum niður í grýtta fjörnuna. Í NV-horni réttarinnar er lítið byrgi og er SA hlið þess opin. Austurhlið byrgisins er flutningabretti úr tré. Byrgið er jafnhátt og réttarveggirnir og á því er flatt torfþak. Af hleðslunum að dæma virðist þetta ekki vera mjög gamalt mannvirki. Þær eru í allgóðu ásigkomulagi og virðist hafa verið haldið við. Byrjað að hrynja smávegis úr hleðslunni í suðurveggnum."
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Á tanga við nyrsta hluta Hafnabergs. [...] 17x14 m (ANA-VSV). Veggir úr grjóti; 0.8-1 m á breidd og 0.6-1.2 m á hæð. Vel gróið, garðlög sjást vel nema á ANA-hlið (utan og innan, vegna gróðurs). Gólf er vel gróið. Í VNV-horni gerðisins er yfirbyggt skot 2.5x1.2 m (ANA-VSV) 1 m á hæð, hálfhrunið. ASA-hluti er verst farinn. Dyr eru á SSA-hlið gerðisins, VNV-ast. Gaddavírsgirðing er ofan á öllum hliðum gerðisins, nema ANA. Landbrot er mikið hjá gerðinu og hefur brotnað alveg að mörkum ANA-hliðar gerðisins og því mikil hætta á því hún hrynji."


1850-35: Réttin, horft til norðurs.



1850-35: Uppmæling af réttinni.

Réttin er á grónum tanga, við norðurenda Hafnarbergs. Hún er á sjávarkambinum og mun hverfa á næstu árum.
Réttin er grjóthlaðin, 20x15 m stór og snýr nánast austur-vestur. Sjór gengur yfir austurhlutann og þar eru skemmdir í veggjum. Hvalbein eru notuð í vegghleðslur í austurveggnum, þar sjást a.m.k. tvö stór bein. Op er í suðvesturhorni, inn í réttina.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 4; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 37:2

1850-37: GK-032:131 heimild varnargarður
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu garðbrot árið 1996: "Þetta eru leifar af garði eða garðbroti sem að mestu er sokkinn í sand. Steinaröð stendur upp úr sandinum á stöku stað og sýnir hvar garðurinn hefur legið. Hann er um 50 m að lengd og liggur í suðvestur úr víkinni austan við mannvirki 1. Breiddin er um 60 - 80 cm." Þessi garður fannst ekki árið 2017. Hann er líklega þarna enn en komin undir sand og áfok hulið hann.


1850-12: Hlaðni vegurinn, horft til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 4

1850-12: GK-032:132 vegur leið
Hlaðinn vegur, um 3-3,5 m á breidd og 60 m að lengd. Vegurinn liggur norður-suður og sveigir til austurs í norðurenda uns hann fjarar út. Til suðurs hverfur hann í stórgrýttri fjöru. Sandur og grjót er 15 m austan við malarbakkann. Það má sja 2-4 umför vestan megin í veginum en hann er nánast horfin austan við vegna áfoks, þar glittir í eitt umfar.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs


1850-106: Garðlagið, horft til vesturs.

1850-106: GK-032:134 garðlag óþekkt
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu minjar árið 1996: A. Garður. "Þetta er garður sem liggur í einfaldri röð. Hlaðinn úr misstórum steinum frá 0,4 - 0,5 m í þvermál niður í 0,05 - 0,1 m í þvermál. Garðurinn liggur í norðvestur-suðaustur. Austast beygir hann til norðurs? Hann er horfinn á köflum og ekki er alls staðar hægt að sjá hann en til vesturs nær hann alveg niður að sjó. Garðurinn endar við hraunás þar sem mannvirki [B-D] eru til staðar."
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: A. Garður. "Liggur í VNV-úr garði [132] í 200-300 m að Hafnabergi. [...] 200-300 m á lengd (VNV-ASA). Úr grjóti; ca. 0.7 m á breidd og 0.2-0.5 m á hæð. Mikið sokkinn í sand, ekkert gróinn. Afleggjari úr stóra garði ([132])."


1850-42: Horft til ANA yfir leiðina.


Melur sandur og smávegis lyng.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 5-6; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 44:1-44:4

1850-42: GK-032:140 vegur leið
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu leið, árið 1996: "Traðir sem liggja meðfram ströndinni yst frá Eyrarbæ [029] að Sandhöfn [023/026]. Þetta er um 1,5 m breiður slóði sem

varðaður er einfaldri steinaröð beggja vegna. Steinarnir eru að jafnaði um 0,1 - 0,2 m stórir. Sums staðar hafa rekaviðardrumbar verið lagðir í stað steina til að afmarka vegarslóðann. Þetta virðist ekki vera ýkja gömul hleðsla. Hugsanlega er þetta nýleg gönguleið sem gerð hefur verið að hömrunum við Hafnaberg.” Slóðinn sést enn og sveigir til suðurs við Eyri. Hann var ekki rakinn alla leið og fer þar utan við svæðið. Slóðinn er horfinn á köflum undir rekavið.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 7



1850-40-43: Fornleifar staðsettar á milli Eyrar og Sandhafnar.




1850-40: Útihúsið, horft til norðurs.

1850-40: GK-032:142 þúst útihús Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu hugsanlegan lendingarstað árið 1996: “Hér hefur líklega verið lendingarstaður, uppsátur eða vör. Hér er sendin skor þar sem gott hefur verið að draga upp báta. Fyrir ofan lendinguna er grasi vaxinn hóll þar sem hugsanlega eru einhverjar rústir án þess að hægt sé að segja það með vissu. Á hólnum austanverðum er eins og 90° horn sem bendir til þess að þar sé um hleðslur að ræða.” Þústin er rúmum 140 m vestan við bæjarhól Sandhafnar, uppi á klapparhól við sjávarkambinn.

Þetta er klapparhóll í grunninn, suðausturhluti hans er gróinn og líklega er þar mannvist. Sjór gengur hér yfir, það er 2-3 m brattur bakki til norðurs niður í grýtta fjöru. Fjaran fer undir sjó á flóði. Hóllinn er einnig brattur til norðvesturs, þar brotnar úr honum. Hóllinn lækkar til suðurs, lítill jarðvegur er á honum og hvergi sér til mannvistar, það er grasið sem gefur það einna helst til kynna. Þústin er 13x8 m að stærð, 0,5 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður




1850-46: Uppmæling af útihúsinu.



1850-46: Útihúsið, horft til norðvesturs

Bergsteinsson, 8

1850-46: GK-032:143 þúst útihús
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu hugsanlegan rústahól árið 1996: “Grasi vaxinn hóll norð norðaustur af hól [026]. Hóllinn er alveg niður við fjöruna og virðist sjórinn vera búinn að brjóta stórann hluta af honum. Þetta eru sennilega leifar af rústahól þó nú sjáist ekki móta fyrir rústum á yfirborði hans.” Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir um rúst sem var skráð árið 2003: «Ca. 50 m A við Stóru-Sandhöfn. N við vegslóða sem liggur að bæjarhólunum. [...] 5x3 m (A-V). Veggir hafa líklega verið úr grjóti; ekki hægt að sjá breidd þeirra vegna þess að rústin er alveg hrunin og gróin. 0.7 m á hæð. Nokkuð af grjóti sést á N-hlið.» Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir um hróf sem árið 2008: A. «ASA við Stóru Sandhöfn. Alveg úti við fjöru. Áfast hrófi [B]. [...] 3.5x4 m (N-S). Garðlög sjást ekki. Vel gróið mosa og sinu. Í mikilli hættu vegna ágangs sjávar.» B. «ASA við Stóru Sandhöfn. Alveg úti við fjöru. Áfast hrófi [A]. [...] 3x4 m (N-S). Garðlög sjást ekki. Vel gróið mosa og sinu. Í mikilli hættu vegna ágangs sjávar.» Þetta er sama mannvirki þrátt fyrir að vera skráð undir þremur númerum.
Stór hluti þessa mannvirkis er eflaust horfinn í sjó. Hóllinnn, eða þústin, er 15x6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er hæst til suðurs, þar er hún 0,5-1 m á hæð og lækkar skart til norðausturs. Þar er rof í hólnum og neðarlega í því má greina vikurlag. Í því eru fremur stórir steinar, 2-3 cm að stærð. Þetta vikurlag er líklega aðflutt. Til norðurs sést veggur en sjórinn brýtur af honum. Rofið er sendið en á tveimur stöðum sjást hleðslur í sniði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-113: Uppmæling af útihúsinu.


Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 8; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 36:7, 36:8-36:9


1850-113: Útihúsið, horft til suðurs.

185-113: GK-032:146 hleðsla útihús
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu garða og reiti árið 1996: “Niður við ströndina eru leifar af grjóthleðslum fremst á klettunum norðan við hólinn. Þær eru að minnsta kosti 5 m langar og allt að tveggja metra breiðar. Þetta er hluti af lengri hleðslu sem liggur í sjó fram. Fleiri garðar eða reitir eru í framhaldi af henni þarna fremst á bakkanum. Einn er um 8 m langur og annar garður um 4 m breiður. Þetta eru allt hleðslur sem standa fremst á bakkanum.”
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “10-15 m VNV við Kirkjuhafanarhól [sic] [145]. [...] 12x6.5 m (NA-SV). Veggir úr grjóti; breidd sést ekki og hæð er ca. 0.7 m. Garðlög sjást á NV- og SV-hliðum. Efst á miðjum hól er hólf 3.5x3 m (NASV). Hólfið er alveg sokkið í hólinn og aðeins efstu steinar sjást, ca. 0.4 m á breidd (einföld röð af steinum).”
Alveg við stórstraumsfjöru línuna, er þegar byrjað að brotna niður vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 9; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 34:8

1850-906: GK-032:147 heimild útihús
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu tóft og garð árið 1996: "Grjóthlaðið mannvirki fremst á sjávarbrún. Veggirnir eru allt að 1,2 m að hæð. Hleðslurnar eru nokkuð hrundar og engin hvilft er í mannvirkið að ofan. Það er um 8 m að lengd og 3 m að breidd. Grjóthleðslan heldur áfram um 20 metra inn í landið og er á kafi í sandi og grasi. Sunnan við 22 eru garðbrot sem liggja í allar áttir. Ekki verður því lýst nánar að sinni en æskilegt væri að mæla þetta svæði betur upp."
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir:
A. Garður: "Ca. 30 m N við Krikjuhafnarhól [sic] [145], við fjöruna. Á ca. 3 m háum [sic] hól. [...] 24 m á lengd (VNV-ASA). Úr grjóti; það er ekki hægt að sjá breidd, garðurinn er gróinn inn í hólinn [sic]. Garðlög sjást VNV-ast á NNA-hlið og á VNV-hlið [sic]. Garðurinn liggur upp ca. 3 m háan hól [sic]. Þar sést mjög lítið í garðinn [sic]."
Þessi mannvirki virðast horfin og fundust ekki árið 2017.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 9-10; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 34:9-34:10



1850-116 og 117: Uppmælingar af kálgarðinum og tóft 1850-117.

1850-116: GK-032:148_1 garðlag kálgarður
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu minjasvæði, hugsanlega fiskreiti 148_1, 148_3 og rétt 148_2 árið 1996: "Þetta er grjóthleðsla [reitur A] sem hefur þrjár hliðar sýnilegar. Lengd og breidd þessa reits var ekki mæld en hleðslan er tvöföld, allt að 0,6 m breið, að mestu leyti hlaðin úr allt að 0,6 m stórum steinum og púkkað upp á milli með smágrýti." [...] Mannvirkið er um 16 m langur reitur, sennilega fiskreitur, sem er í framhaldi af reit [A]. Hann er um 4 m norðan vegarslóða og liggur niður að sjó. Umhverfis reitinn er hlaðinn garður úr lábörðu grjóti. Hleðslan er um 0,5 - 0,6 m breið og er allt að 0,5 - 0,6 m há. Flestir steinarnir eru um 0,2 - 0,3 m í þvermál. Garðurinn hefur þrjár hliðar, vestur-, suður- og austurhlið. Fjaran afmarkar hann að norðanverðu. Reiturinn sem garðurinn afmarkar er um 40 m langur og um 40 m breiður. Á suðurhliðinni er um 50x60x20 cm stór steinn sem stendur upp á endann. Austan við hann er um 1 m breitt rof eða op í garðhleðsluna. Líklega hefur þetta verið inngangur inn í reitinn. Suðurhliðin nær ekki alveg að næsta reit og endar hleðslan um 15 m áður en komið er að mannvirki [132].
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir. „Garður, 38 m á lengd liggur í sveig um ASA- og SSV-hliðar gerðisins [148_02]. Úr grjóti; 0.5 m á breidd og 0.1-0.6 m á hæð. [...] Veggir úr grjóti; 0.3-0.8 m á breidd og 0.2-0.7 m á hæð. Aðeins gróinn, mikið sokkinn í sand. Um ca. miðjann garðinn gengur út úr honum styttri garður, 33 m á lengd og liggur (NV-SA)." Sólveig G. Beck og Helgi Þorláksson


1850-116: Kálgarðurinn, horft til norðvesturs.

skráðu sama svæði árið 2014. Rústasvæði A [148_01 og 02] [...] er sunnan við Stekkjarhól, fast vestan við gamla þjóðveginn um 20 m suðaustan við efri mörk fjörkambsins [sic], um 100 m norðaustan við Kirkjuhafnarhól og um 230 m SSV við rústasvæði B [151]. [...] Rústasvæði A er um 130x40 m að flatarmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Þar eru tvö gerði I og II og mjög sigið garðlag III. [...] Gerði II [148_02] er mun greinilegra en gerði I [148_03] og gæti vel verið yngra [...]. Gerði II er einfalt og ferkantað, um 10x12 m að utanmáli og liggur ANA-VSV. Gerðið er fullt af sandi og eru því ytri hliðar veggja þess mun greinilegri en þær innri. Veggirnir eru grjóthlaðnir en þó frekar gróflega, 0,4-1,5 m á hæð (1-8 umför) og 0,5-0,8 m á breidd, eða tvær samsíða raðir af grjóti. Gerðið er gróið melgresi og lungi að innan og hallar botn þess til NNV. Hugsanlega gæti hafa verið inngangur inn í gerðið á norðurvegg við NNA-horn þess, en vegna sigs hleðsla er það óljóst. Bæði gerðin eru hlaðin úr blöndu af köntuðu og sjávarbörðu grjóti. Garðlag III [148_01] myndar tvö stór, samsíða hólf [...] sem bæði eru opin til norðvesturs, líklega vegna sjávarrofs. Endar garðalagsins hverfa allir í sand og grjót eða hreinlega deyja út í norðvestri. Hólfin eru 30 og 40 m á lengd, um 30 m á breidd og liggja í norðaustur-suðvestur. Syðra hólfið umlykur gerði II sem stendur í suðausturenda þess, gróflega fyrir miðju. Garðlagið er grjóthlaðið en mjög sigið og illa farið vegna rofs, sumstaðar sést ekki meira en ein óljós röð af grjóti í sandinum. Greinilegast er garðlagið ANA við gerði II [...] en þar er það sam aðeins um 0,5 m á breidd og varla 0,3 m á hæð (1-2 umför).” Þau grófu einnig könnunarskurð “fast upp við grjótvegg miðjuhólfs í gerði A.I að utanverðu, um það bil fyrir miðju hólfi ofan og auðaustan við gerðið [...],” og töldu líklegast að um leifar kálgarða væri að ræða: “Stærð, lögun og gerð hleðslna utan um gerði A.I A.II og B.I gefa til kynna að líklegast sé hér um að ræða kálgarða frá Junkagerði og/eða Kalmanstjörn, sem væru þá líklega frá seinni hluta 19. aldar og fram á þá 20.”
A: Sandur, sléttara innan garðsins, smávegis gras á stangli. Hefur þegar brotnað að hluta í sjóinn. Sandur og steinar, 8 m nv við vegslóðann. Smávegis gras. Engin norðausturhlið, aðeins sjáalegar suður og austurhliðar, sjávarbakki er vesturhlið. Op í austur. V-breidd veggja 1 m.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 10-11; FS549-14111, 14-19;
Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 34:2-34:4


1850-117: GK-032:148_2 tóft rétt
Réttinni var lýst svona árið 1996. “Grjóthlaðin ferköntuð rétt innan í reit nr. 23. Steinarnir í hleðslunni eru minni en í mannvirki [A/148]. Hleðslan er einföld steinaröð allt að 0,8 m há. Réttin er full að innan af sandi. Enginn inngangur í hana er sýnilegur. Þvermál hennar er 15 x 11 m að utanmáli.” Í skýrslu Söndru er minjunum lýst svona: „Gerði. “70 m NA við Kirkjuhafnarhól [145]. [...] 13x10 m (NNA-


1850-117: Réttin, horft til suðausturs.


1850-119: Horft til ANA yfir fiskreitina.

SSV). Veggir úr grjóti; 0.5 m á breidd og 0.1-0.6 m á hæð. Garðlög sjást vel. Gólf gerðisins er mjög vel gróið. Gerðið er að nokkru leiti búið að fyllast upp af sandi. Jarðvegurinn í kringum gerðið hefur hins vegar blásið í burtu.“
Gróið að hluta en mikið af sandi innan um gróðurinn. Hallar upp á við til suðurs. Mjög gróið innan reits.


Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots




1850-119: Uppmæling af reitunum.

1850-119: GK-032:148_3 garðlag fiskreitur
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu minjasvæði, hugsanlega fiskreiti og rétt, árið 1996: „ [...] þrír samsíða reitir sem girtir eru af með grjóthleðslum og skipt er niður með einföldum steinaröðum. Þessir reitir eru nánast fullir af sandi og grónir. Innan reitanna eru sums staðar dreifðar grjóthrúgur en ógerlegt er að sjá hvort þær séu leifar frekari mannvirkja. Hugsanlega eru þetta steinar sem brimið hefur kastað upp á land. D [suðvestasta hólfið]. Ferhyrndur reitur, hlaðinn úr hraungrýti með hvössum brúnum. Hann er um 13 m breiður og 15 m langur, 0,6 m hár og víða hruninn. Hann nær ekki niður að fjöru."E [mið hólfið]. Ferhyrndur reitur svipaður að stærð og reitur [D] og samhliða honum. Vesturhlið reits [E] er er einföld steinaröð sem jafnframt er austurhlið [D]. F [norðaustasta hólfið]. Reitur sem er um 13 m að lengd og 12 m að breidd, austan við reit [E]. Grjóthleðslan umhverfis er fremur sporöskjulaga en ferhyrningslaga." Sandra lýsir minjunum árið 2003: " [...] 40x10 m (NNA-SSV). Veggir úr grjóti; 0.2-0.8 m á breidd og 0.1-0.5 m á hæð. 3 hólf (A-C). Lítið gróið, gólf gerðisins stendur ca. 1.5 m hærra en SSV-hluti. Hólf A: 14x11.5 m (VNV-ASA). Hólf B: 12x10 m (VNV-ASA). Hólf C: 14x10 m (VNV-ASA)". Sólveig G. Beck og Helgi Þorláksson skráðu sama svæði árið 2014: „Rústasvæði A er sunnan við Stekkjarhól, fast vestan við gamla þjóðveginn um 20 m suðaustan við efri mörk fjörkambsins [sic], um 100 m norðaustan við Kirkjuhafnarhól og um 230 m SSV við rústasvæði B [151]. Gerði I er þrískipt, um 40 m á lengd, 10-14 m á breidd og liggur norðaustur-suðvestur [...]. Hólf gerðisins eru um 12-14 m á lengd og 10-14 m á breidd og tengjast þau öll enda í enda og mynda þannig eina langa röð. Botn hólfanna er lítt gróinn sandfláki sem hallar 10-20° til vesturs og stendur nyrsta hólf gerðisins aðeins ofar en hið syðsta líkt og gerðið halli til suðvesturs. Enginn greinilegur inngangur er inn í gerðið eða milli hólfa vegna sigs veggja og sands sem hylur suðvesturhluta gerðisins. Ekki er útilokað að sjórinn hafi dreift eitthvað úr hleðslum á því svæði neðst í brekkunni, næst sjónum. Veggir gerðisins eru grjóthlaðnir, 0,2-0,5 m á hæð (1-2 umför) og 0,4-0,6 m á breidd, eða 1-3 grjóthlaðið hlið við hlið."
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-123: GK-032:151_1 heimild
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu hugsanlega fiskreiti árið 1996: "Samliggjandi garðar eða fiskreitir. Þeir eru a.m.k. sex talsins en voru nú skráðir á eitt númer. Reiturinn (32.1) sem er næst veginum er um 15 x 12 m að innanmáli. Hleðslan er úr hraungrýti og lögð ofan á mjög óslétt landslag. Sandhæðir eru í norður og norðausturhluta reitsins. Þær eru 2 - 3 metrum hærri en yfirborð í suðurhluta reitsins. Hleðslan er um 0,6 m breið og allt að 1 m há þar sem hún er hæst. Víða er hún hrunin. Reitirnir eru



1850-123: Uppmælingar af fiskireitum.



1850-123: Fiskireiturinn, horft til norðurs.

beint upp af eða suður af víkinni sem virðist hafa verið góð til lendingar [059] og nefnd var hér að framan. Svo virðist sem reitasvæðið afmarkist að sunnanverðu og norðanverðu af stökum garðhleðslum sem liggja frá veginum alveg niður að sjó."

Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "100 m NNA við Stekkjarhól [041] [...] 42x28 m (N-S). Veggir úr grjóti; 0.4-1 m á breidd og 0.1-1.1 m á hæð. 4 hólf (A-D). Nokkuð gróið, garðlög sjást vel. Ekki mikið hrunið nema NNA-asti hluti þess. Hólf A: 16x12 m (A-V). Mikið skemmdur og sokkinn í sand. Hólf B: 17x16 m (A-V). NNA-hluti hólfsins er 1 -1.5 m hærri en hinir hlutar þess. Hólf C: 20x12 m (N-S). Hólf D: 12x10 m (A-V). Gólf gerðiðsins er vel gróið." Sólveig G. Beck og Helgi Þorláksson skráðu sama svæði árið 2014: "Rústasvæði B er noraðn Stekkjarhóls, um 15 m neðan og vestan við gamla þjóðveginn og um 25 m austan og ofan við efri mörk fjöru, um 800 m SSV við Kalmanstjörn og um 450 m NNA við Kirkjuhafnarhól. [...]

Rústasvæði B er um 50x50 m að flatarmæli. Á svæðinu er eitt gerði B.I og tveir grjóthlaðnir garðar B.II.1 og B.II.2 sitt hvoru megin við gerðið að NNA og SSV [...]. Gerði I er þrískipt og L-laga, 15-32 m á lengd, 12-25 m á breidd og liggur NNA-SSV. Hólf gerðisins eru 12-20 m á lend, 12-14 m á breidd og liggja öll NNA-SSV. Tvö jafn breið hólf liggja saman enda við enda og mynda eina lengju. Þriðja hólfið, sem er örlítið breiðara og styttra, liggur samsíða og fast upp við nyrðra hólf lengjunnar að ofan- og austanverðu. Veggir gerðisins eru grjóthlaðnir, 0,2-1,5 m háir (2-3 umför) og 0,5-1 m á breidd (2-3 samsíða raðir). Grjótið í veggjunum er mikið til kantað grjót en engir inngangar eru greinanlegir inn í hólfin, líklega vegna hruns og rofs. Hleðslur eru grófar. Botn hólfanna virðist nokkuð rofinn og er mikið grjót og lítt gróinn sandur inni í hólfunum. Botn þeirra hallar 5-30°til SSV og er hæðarmunur allt að 3 m milli norður- og suðurenda. Garðlög II.1 [...] og II.2 eru frekar rýr og gróflega hlaðin. Þau eru um 45 m (II.1) og 30 m (II.2) á lengd, 0,2-0,4 m á hæð (1-3 umför) og varla 0,3-0,5 m á breidd (1-2 samsíða raðir af grjóti). Garðlögin liggja VNV-ASA og standa þau ofan á lítt gróinni klöpp. Garðlag II.1 er um 10 m NNA við gerði I, í svipaðri hæð og norðurveggur gerðisins, á meðan garðlag II.2 er aðeins um 5 m SSV við gerðið og stendur á klöppinni 0,5-1 m hærra en suðurveggur gerðisins. Engin hugsanleg tengsl eru greinanleg milli þeirra, hvorki að austan verðu né vestan." Þau töldu minjarnar líklega leifar kálgarða: "Stærð, lögun og gerð hleðslna utan um gerði A.I A.II og B.I gefa til kynna að líklegast sé hér um að ræða kálgarða frá Junkarageröi og/eða Kalmanstjörn, sem væru þá líklega frá seinni hluta 19. aldar og fram á þá 20."



1850-124: Rofnar hleðslur, horft til austurs.




1850-124: Horft til norðvesturs yfir fiskireitinn.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 11; FS549-14111, 14, 16; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 33:2

1850-124: GK-032:151_2
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu hugsanlega fiskreiti árið 1996: "Svo virðist sem reitasvæðið afmarkist að sunnanverðu og norðanverðu af stökum garðhleðslum sem liggja frá veginum alveg niður að sjó." Þetta eru tvær hleðslur, norðan og sunnan við fiskreitina, þær sjást enn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-82: GK-032:152 tóft útihús
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "100 m SSV við Junkaragerði (íbúðarhúsið). Í túni. [...] 8.5x6.5 m (ANA-VSV). Veggir úr grjóti;1 m á breidd og 0.2-1.7 m á hæð. Garðlög sjást vel að innan,




1850-82: Uppmæling af útihúsi SSV við Junkaragerði.


1850-82: Horft er til norðausturs yfir útihúsið.

sæmilega að utan. VSV-hlið er ekki til staðar, þar hefur líkleagst [sic] verið þil. ANA við miðja rústina er gólfið niðurgrafið, um 0.4 m á dýpt. Rústin er vel gróin."
Tóftin er á milli heimatúna Traðarhúsa og Junkaragerðis. Hún er tvískipt, í suðurlangvegg sjást m.a. 2 byggingarstig. Steypa er þar og engu líkara en veggurinn hafi verið lengdur. Það sjást um 6-9 umför af grjóti í veggjum, víða er steypa á milli.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F.



1850-91: Beitarhúsið, horft til norðurs.



1850-91: Uppmæling af beitarhúsi NNV af Junkaragerði.

Einarsson 2008, 28:11

1850-91: GK-032:157 tóft beitarhús
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “Ca. 250 m NNV við Junkaragerði (íbúðarhúsið)” árið 2003: “33x20 m (N-S). Veggir úr grjóti; 0.6-1.5 m á breidd og 0.2-1.5 m á hæð. 3 hólf (A-C). Hólf A: 20x7 m (A-V). Þessi hluti gerðisins er verst farin og stendur lægra en hinir. Hólf B: 26x20 m (N-S). NA-hluti hólfsins er hæsti hluti gerðisins. Hólf C: 13x8.5 m (N-S). Í NA-horni hólfsins er lítil rúst, 3x3 m (N-S) að hluta til niðurgrafin (um ca. 1 m), úr skipajárni, grjóti (og torfi?). Dyr eru á S-hlið rústarinnar. Gerðið stendur 1-1.5 m hærra N- og NA-megin.” Litlu er við þessa lýsingu að bæta. Hólf A er eflasut nokkuð yngra, veggir eru 0,2 m á hæð og rétt botninn sem sést að hluta. Þúst D er án efa ung, plaströr er í veggjum. Sandur safnast upp að veggjunum og ýkir umfang þeira.
Sandur og hraun undir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 13:1




1850-83: Uppmæling af akrinum.


1850-83: Horft til vesturs yfir akurinn.

1850-83: GK-032:159 hleðsla beðasléttur
Upphækkuð beð sjást suðvestan við Traðarhús, skammt utan við túngarð Júnkaragerðis. Beðin eru líklega úr mold en það glittir í stöku steina hér og þar. Beðin eru grasivaxin og sjór tekin að brjóta norðausturhorn þeirra.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-58: GK-032:160 heimild traðir
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “Grasi grónar grundir liggja á milli afleggjara sem




1850-84: Uppmæling af útihúsinu.


1850-84: Horft til suðausturs yfir tóftina.

liggur í S frá Hafnavegi V-megin og þjóðvegar A-megin. [...] 2.3 m á breidd, 0.3-1.1 m á dýpt. Vel grónar [...] 3-3.5 m á breidd (NA-SV). Nokkuð gróinn en víða er svörður rofinn. Hefur líklegast legið frá bænum niður að vör sem er SV við bæinn."
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 29:2 og 29:5

1850-84: GK-032:161 tóft útihús
Tóft er suðvestan við Kalmanstjörn, suðaustarlega í túninu. Hún er uppi á holti, niðurgrafin og úrflött. Veggirnir eru hærri að innan en utan vegna áfoks. Tóftin er í aflíðandi halla til suðurs. Hún er ekki sýnd á túnakorti frá 1918.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


1850-88: Útihúsið, horft til norðvesturs.




1850-88: Uppmæling af tóftinni.

1850-88: GK-032:162 tóft útihús
Tóft, rétt austan við steypt fiskihús. Hún er að öllum líkindum samtíða þeim. Það er búið að fylla hana með grjóti í miðjunni, þar var hólf. Mögulega voru þau tvö talsins, sést illa vegna grjótsins. Veggirnir eru grónir og tóftin líklega frá fyrrihluta 20. aldar. Það sjást 2-3 umför af grjóti í þeim, inn á milli steypu. Ógreinilegt hólf er við suðvestur-horn en það er mun umfangsminna.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 29:4

1850-89: GK-032:163 hús
Steypt hús sem sjórinn er búinn að brjóta mikið af. Steypuklumpar liggja um allt í fjörunni neðan hússins


1850-89: Steypta fiskiverkunarhúsið, horft til SSV.



1850-89: Uppmælingar af verkhúsinu og útihúsinu.

og þeirra minja sem enn sjást. Þetta eru fiskverkunarhús sem voru byggð um 1930, jafnvel fyrr. Þau voru byggð af fyrrum ábúendum á Kalmanstjörn og mögulega Júnkarageröi. Húsin eru að brotna í sjó, sjórinn er að ryðja þeim um koll og hlutar úr veggjum dreifast um fjöruna. Á þeim veggjum sem enn sjást eru víða göt og op sem tekið er að brotna niður. Veggir eru 0,3-3 m á hæð.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-90: GK-032:164 tóft útihús
Tóftin er komin að hluta í sjó. Suðurveggurinn er enn greinilegur á yfirborði, annars sést hún ekki. Sá



1850-90: Rofið hefur eytt hluta af útihúsinu, horft er til suðausturs.




1850-92: Þústin, horft til austurs.

veggur er algróinn en aðrir hlutar virðast hafa verið umfangsminni. Vesturhluti tóftarinnar er horfinn, það sjást hleðslur á tveimur stöðum í rofi sem tilheyrðu honum. Þetta var líklega langveggur. Í rofinu sjást 2-3 umför en engin jarðlög. Veggir eru 0,2-0,5 m á hæð og 2 m á breidd.
Á sjávarbakka, brotið af henni og tóftin illa farin.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-92: GK-032:165 þúst samgöngubót
Þúst er skammt sunnan við Skiptivík, á hól þar. Hóllinn er ekki á landamerkjum og líklega um siglingamerki eða sundvörðu að ræða. Hóllinn er gróinn en það sést glitta í hleðslur til austurs í honum. Ekkert er hægt að segja um mannvirkið að öðru leiti. Hóllinn er 2 m á kant, 0,5-1 m á hæð, gróinn og áberandi.
Hóllinn er í sendnu hrauni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-57: GK-032:166 heimild



1850-75: Uppmæling af vörslugarðinum.


Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “Utan í túni Kalmanstjarnar, SV-megin. [...] 9x5.5 m (NV-SA). Úr steypu, tré og grjóti. Veggir eru 1-1.4 m á hæð og 0.4-0.5 m á breidd. Rústin skiptist upp í þrjú hólf á lágum steyptum görðum sem liggja þversum á hana. Rústin er líklegast grafin inn í tún Kalmanstjarnar N- og NA-megin eða að efni hefur verið ýtt að henni, t.d. við sléttun túnsins.”
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 29:8

1850-75: GK-032:170 garðlag vörslugarður
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu garð árið 1996: Garður: “Grjótgarður, sums staðar sokkinn á kaf í sand. Hann liggur meðfram fjörunni, til suðvesturs frá Kalmansvör. Við

endann á afleggjara frá gamla vegarslóðanum beygir garðurinn til norðausturs og er þar sennilega um 150 m að lengd. Hann hverfur á kafla undir vegarslóða og liggur í nokkrum boga austan við veginn. Suðaustur hornið er bogadregið og þaðan stefnir garðurinn til norðausturs niður að afleggjara heim að fiskeldishúsi. Þar hverfur garðurinn undir veg en heldur áfram norðan vegarins til norðausturs eins langt og augað eygir. Honum var ekki fylgt frekar eftir. Aðeins efsti hluti garðsins stendur upp úr sandinum og er þar allt að 0,4 m að hæð. Hann er um 0,6 m breiður og víðast hlaðinn úr 0,2 - 0,3 m stórum steinum." Liggur frá fiskeldi S-megin í SSV. Í sandorpnu hrauni.
Bjarni F. Einarsson lýsti garðinum einnig: "170 m á lengd (NNA-SSV). Úr grjóti; 0.3-0.4 m á breidd (það sem sést) og 0.1-0.4 m á hæð. Garðlög sjást ágætlega. Nánast ekkert gróinn, sokkinn í sand (ekki einföld röð af grjóti eins og á 31.1) Garðurinn er mikið sokkinn í sand og því ekki gott að segja til um breidd hans (líklega um 1-2 m). Garðurinn hefur legið með ströndinni á kafla og beygir svo inn í landið og svo aftur inn á lóðina og að húsum. Þessi garður er líklega sami garður og nr. 239 og 242, hinum megin við mannvirkin. Nr. 37 í skrá frá 1996." segir í skráningu frá 2020.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 31:2; Bjarni F. Einarsson, 2020, 9; Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson1996, 11



1850-14: Horft til suðurs yfir grjóthleðsluna.




1850-14: Uppmæling af hleðslunni.

1850-14: GK-032:183 hleðsla óþekkt
Um metra frá klettahömrum. 10 metrum vestan við Reykjaveg er illgreinileg hleðsla. Möl, sandur og hraungrýti er allt umhverfis. Í raun er um tvær samsíða hleðslur að ræða en einnig gæti þetta hafa verið tóft. Líklega má sjá tvær langhliðar, þær eru um 4,8 m að lengd og 0,5- 1 m á breidd. Það má sjá 1-2 umför af grjóti, hraungrýti sem hentar illa til hleðslu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots




1850-115: Kirkjugarðurinn, horft til norðurs.



1850-115: Uppmæling af kirkjugarðinum.

1850-115: GK-032:184 garðlag kirkjugarður
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “60 m SSV við Kirkjuhafnarhól [145]. [...] 29x23 m (NNV-SSA). Veggir úr grjóti. [G]erðið er fullt af sandi, þannig að garðlögin sjást aðeins að utan. Þess vegna er erfitt að sjá breidd veggjanna. Það er líka erfitt að sjá hæðina þar sem gerðið er á lágum hól, ca. 1.2-1.5 m á hæð og vegna sandsins inn í því. Jarðvegurinn í kringum gerðið/hólinn er fokinn í burtu. Hóllinn er ca. 1 m á hæð.”
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 34:7

1850-902: GK-032:186 heimild uppsátur
Í Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: „Ca. 50 m A við Stóru-Sandhöfn. N við vegslóða sem liggur að bæjarhólunum. 5x3 m (A-V). Veggir hafa líklega verið úr grjóti; ekki hægt að sjá breidd þeirra vegna þess að rústin er alveg hrunin og gróin. 0.7 m á hæð. Nokkuð af grjóti sést á N-hlið.“ Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “ASA við Stóru Sandvík. Alveg úti við fjöru. N við Hróf [191 (B)] [...] 4x8 m (SSA-NNV). Garðlög sjást ekki. Mjög vel gróin. Grjót hefur kastast upp í rústina frá sjónum.” Þessi tóft var horfin árið 2017.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2004, 257; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 36:3



1850-45: Uppmæling af réttini.


1850-45: Horft til norðvesturs yfir réttina.


1850-45: GK-032:188 tóft rétt
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “20-30 m NNV við Stóru-Sandhöfn. [...] 8x7 m (VNV-ASA). Veggir hafa líklegast verið úr grjóti, það er þó ekki sýnilegt, engin garðlög sjást. Veggir 1.5-2 m á breidd og 0.3-0.7 m á hæð. Mótar aðeins óljóst fyrir útlínum.”
Rétt er á norðvestarlega á bæjarhól Litlu-Sandhafnar, í jaðri hólsins. Hún er í aflíðandi halla til norðvesturs, niður bæjarhólinn. Hún er mun greinilegri en aðrar minjar á hólnum og gæti því verið yngri.


1850-122: Garðbrotið, horft til austurs.

Réttin er ferhyrnd, 10x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er til norðvesturs, nyrst í réttinni. Það má sjá 1-2 umför af grjóthleðslu í veggjum en gróið er yfir hluta þeirra. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð og 1,2 m á breidd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 36:5; BFE 2004, 258

1850-122: GK-032:191 garðlag

Garðbrot sést norðan í Stekkjarhól, alveg við ströndina. Sjórinn efur rofið hólinn svo sést í stórt grjót. Hún er 0,6 m á hæð og 3,5 m að lengd. Rofið snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots




1850-95: Uppmæling af túngarðinum.

1850-95: GK-032:209 garðlag túngarður
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Byrjar Ca. 50 m S við vörðu [208] Liggur á hryggjum. [...] 137 (NV-SA). Úr grjóti; 0.4-0.8 m á breidd og 0.2 -0.5 á hæð. Garðlög sjást vel. Garðurinn virðist vera sokkinn í sand. Hann nær NV-megin frá fjörunni. SA-megin beygir hann í NNA og liggur þangað í 50 m. Í framhaldi af því liggja misstórir garðstúfar, 5 -20 m í 200 m og hætta þegar komið er aftur að fjörunni og garðstúfarnir mynda því boga. Gamli Hafnavegur rífur garðinn við vörðu [GK-621:008 (CZ)]." Garðurinn virðist liggja í sveig umhverfis Skiptivíkurhól en sést einungis innan skráningarsvæðisins, sunnan hans. Garðurinn er sigin og illgreinilegur. Stór hluti er utan svæðis.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 55:2

1850-24: GK-032:223 tóft býli
Tóft er rúmum 190 m vestan við sel 007 og um 120 m vestan við vörðu GK-621:017_16. Tóftin var skráð undir númerinu 58:1 í aðalskráningu Reykjanesbæjar árið 2008. Tóftin var skráð í Strandminjaverkefni Minjastofnunar Íslands árið 2017. Heimildamenn sögðu þetta vera kofa frá 20. öld. Þarna bjó einsetumaður frá Grindavík á sumrin um miðja síðustu öld. Sindri Ellertsson Csillag skráði rúst árið 2008: "200-300 m A við sjó 50 m NNV við vörðu [GK-621:008 (CD)]. [...] 12x4 m (N-S). Úr torfi, grjóti og rekaviði; breidd veggja 0.5-1 m og 0.2-1.8 m á hæð. Skiptist í þrjú hólf A, B og C. Garðlög sjást á öllum hliðum að innan og utan nema í hólfi B að innanverðu. Rústin er vel mosavaxin og vel gróin. Hólf A: 5.5x2.5 m að innanmáli (N-S). Þetta hólf hefur verið með timburþaki úr rekavið og er ásinn ennþá uppistandandi en þakið sjálft er hrunið inn í rústina. Gólfið er alveg gróið en þar er ýmislegt drasl s.s. flotholt, net, plast o.fl. Dyr eru á V-hlið með fordyrum. Hólf B: 2.5x2.5 m að innanmáli (N-S). Þetta hólf er N við hólf A. Þak hefur væntanlega verið yfir þessu hólfi en það hefur hrunið ofan í rústina og því sést innri gerð þess ekki vel. Hólf C: 5x2.5 m að innanmáli (A-V). Gólf vel gróið. 4 m V af rústinni er niðurgrafið eldstæði og grjóthleðsla V við það. Þar má enn sjá leifar af viðarkolum."
Tóftin er fast austan við grýtta fjöru en umhverfis hann er gróðurlítið og sandi orpið hraun
Tóftin er þrískipt, 11,5 x 5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Miðhólfið (A) er umfangsmest



1850-24: Hólf A, horft til austurs.



1850-24: Uppmæling af býlinu.

og líklegast var þar búið. Yfir hólfinu sést ennþá þaksperra úr rekavið og leifar af bárujárni eru inni í hólfinu, einkum í norðurhluta þess. Veggir eru grjóthlaðnir og eru þeir 0,5-2,2 m á hæð að utan. Greina má 5-10 umför af stæðilegu grjóti í innri brúnum. Veglegastir eru veggirnir á austur- og vesturhliðum. Hin hóflin (B og C) eru umfangsminni, veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð og sjást 2-3 umför. Hólf B er syðst. Það er 2,5 x 2,5 m að innanmáli og ekki er hlaðinn veggur á austurhlið. Hólf C er nyrst. Það er 2 x 2 m að innanmáli og ekki er hlaðinn veggur á vesturhlið hólfsins. Skammt austan við miðhólfið í tóftinni er einföld, bogadregin hleðsla. Hún er 0,3 m á hæð og rétt svo sjáanleg. Hún snýr norður-suður og er aðeins 3 m á lengd.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 58:1

1850-39: GK-032:255 heimild lending
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu hugsanlegan lendingarstað árið 1996: "Hér hefur líklega verið lendingarstaður, uppsátur eða vör. Hér er sendin skor þar sem gott hefur verið að draga upp báta." Fjaran er á milli kálgarðs 130 til vesturs og þústar 142 að austan.
Engin ummerki lendingarinnar sjást í fjörunni.




1850-43: Uppmæling af hleðslunni.


1850-43: Horft til suðausturs yfir hleðsluna.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 8


1850-43: GK-032:256 hleðsla óþekkt


1850-48: Uppblásinn rétt, horft til suðvesturs.

Tæpum 70 m vestan við Litlu-Sandhöfn er óljós hleðsla.
Hleðslan er 10,2 x 8,1 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er hlaðin í 90° horn og líklega eru vestur- og norðurhlið horfnar eða á kafi í sandi. Mikið áfok er upp við hleðsluna og hylur það veggi að hluta. Vegur 140 liggur fast austan við hleðsluna en raskar henni ekki. Hún er 0,2 m á hæð, 1 m á breidd og það eru þrír steinar sem liggja flatir í henni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-48: GK-032:261 tóft rétt
Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson skráðu hugsanlega fjárrétt, árið 1996: "Sunnan undir hólnum er um 10-15 m grjóthlaðið gerði." Gerðið er hlaðið sunnan við bæjarhól Stóru-

Sandhafnar og sést enn vel.
Réttin er 35x31 m að stærð og snýr NNA-SSV. Norðurveggur er í jaðri bæjarhóls Stóru-Sandhafnar. Veggirnir eru nokkuð óljósir og aflagaðir vegna áfoks. Réttin var þó að öllum líkindum ferhyrnd. Það má sjá 1-2 umför í veggjum sem eru 0,2-0,3 m á hæð og grjóthlaðnir. Þeir eru 2-3 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Guðmundur Ólafsson & Sigurður Bergsteinsson, 8




1850-48 og 49: Fornleifar nærri bæjarhól Kirkjuhafnar.

1850-49: GK-032:262 tóft rétt
Hlaðið gerði er sunnan við Stóru Sandhöfn, fast við gerði 261. Það er mögulega sambyggt en tengslin á milli þeirra ekki ljós og af þeim sökum eru þau skráð undir sitthvoru númerinu.
Gerðið er 17x11 m að stærð og snýr nánast NNV-SSA. Veggir eru grjóthlaðnir og fremur umfangsmiklir sé horft til annarra tófta í næsta nágrenni. Tóftin er engu að síður mjög blásin og áfok haft mikið að segja um ástand hennar. Það má sjá eitt hólf sem er 7x4 m að innanmáli. Op er til norðausturs, við bæjahól Stóru-Sandhafnar. Mögulega var annað hólf til suðurs, þar eru veggirnir mun breiðari á kafla. Eins má með góðum vilja sjá vísbendingar um annað hólf norðvestar, við bæjarhólinn. Veggirnir eru 2-3 m á breidd og 0,2 m á hæð. 1 umfar af grjóti sést í þeim.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs



1850-52: Uppmæling af útihúsinu.

1850-52: GK-032:263 tóft útihús
Tóft er rúmum 170 m suðvestan við bæjarhól Kirkjuhafnar, mitt á milli hans og bæjarhóls Stóru-


1850-52: Uppblásið útihús, horft til suðausturs.


1850-51: Uppblásinn túngarður, horft til austurs.


Sandhafnar. Hún er í mikilli hættu og stutt fram á sjávarkambinn.
Tóftin er 11,5 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin, einföld og op er á miðri

norðausturlanghlið. Þar skagar hún ennfremur fram úr sendnum hrygg, líklega tilkomnum vegna áfoks. Það má greina 2-3 umför af grjóthleðslu í veggjum sem eru 0,2-0,4 m á hæð. Það eru tvö hólf í tóftinni, nyrðra hólfið er afar óskýrt.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-51: GK-032:264 garðlag túngarður



Túnakort Junkaragerðis frá 1918.




Yfirlitsmynd af minjum við Júnkaragerði.

Hlaðinn garður er rétt vestan við bæjarhól Stóru-Sandhafnar. Hann sést á litlum kafla og hverfur í sand til beggja enda. Líklega er um hluta af túngarði sem afmarkaði heimaland Kirkjuhafnar og Sandhafnar að ræða. Eins gæti verið um þvergarð að ræða en þeir sjást víða innan þess svæðis sem túngarðurinn/vörslugarðurinn afmarkaði. Þessi túngarður er 20 m að lengd og liggur austur-vestur. Hann er 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Það sést glitta í eitt umfar af grjóti en áfok hefur eflaust breytt ásýnd túngarðsins.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

GK-033 Junkærageröi

1703: "lungkiæra gerde, gömul hjáleiga [frá Kalmanstjörn, GK-032]. Jarðardýrleiki talinn í heimajarðardýrleiki," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 29.
1847: Jarðardýrleiki óviss, sögð undirsett Kalmanstjörn, skv. Jarðatali Johnsens, 85.
1918: Tvíbýli á jörðinni.
"Kalmanstjörn og Junkarageröi eru einnig í eyði," segir í svörum í Þjóðháttasafni, http://www.sarpur.is/adfang.aspx?AdfangID=544878.
Jarðarítök: Skv. örnefnaskrá Hafna var Junkarageröi 1/3 af landi jarðarinnar. Jarðarábúendur keyptu Junkarageröi og er öll torfan því undir í eigu sömu aðila (Ö-Hafnir VHÍ, 21).
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Junkarageröi ásamt samnefndri þurrabúð. ATH. Hefur ekki verið yfirfarið en er útprentað í möppu.
1918: "Túnið á mestu slétt - af náttúrunni alls (óskift) 1.8 t. [hekt.]" Kálgarðar 1730 m2 (1000 m2 innan túns og 730 m2 utan túns).
1840: "Tún eru þar stórskemmdum undirorpin af sandfoki og sjávarbroti á Gerðið; þó hafa menn þar oftast haft 4 kýr, því melaslægjur eru þar, en tún mikið þverbrestasamt." SS(Lýsing á Höfnum), 150.


1850-137: Junkarageröi, horft til vesturs.



Uppmælingar af minjum við Junkeragerði.

1850-137: GK-033:001_1 *Junkaragerði* tóft bústaður
"Junkaragerði er norðan við túnið [á Kalmanstjörn]." segir í örnefnalýsingu. Á túnakorti frá 1918 er sýnt timburhús fast austan við röð af litlum torfhúsum, 4 að tölu, sem liggja N-S. Timburhúsið mun vera austurbærinn en torfhúsin, amk þau 3 nyrðri, vesturbærinn. Kálgarðar eru allt um kring nema að suðaustan, en troðningar liggja frá bænum til suðurs og austurs.
"Þau Kristín [Stefánsdóttir] og Ingvar [Ingvarsson] bjuggu fyrst í Junkaragerði og húsuðu bæinn þar með viðum úr skipinu Jamestown [...]," segir í Höfnum á Reykjanesi.
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "40-50 m NV við Junkaragerði (íbúðarhúsið). [...] 12x10 m (NNV-SSA). Veggir úr grjóti; 1-1.5 m á breidd og 0.7-1.8mh. 3 hólf (A-C). Hólf A: 6.5x6 m (ANA-VSV). Búið er að fylla í hólfið og því sést breidd veggjanna ekki þar. Búið er að fylla í garðlög NNV-megin. Hólf B: 5x4 m (ANA-VSV). VSV-hlið er ekki til staðar. Getur verið að hún hafi verið úr timbri og sé nú horfin. Hólf C: 6x4 m (ANA-VSV). Dyr eru á ANA-hlið." 30 m vestan við núverandi tún, stafar hætta frá sjávarrofi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 7; Túnakort 1918; Hafnir á Reykjanesi, 171; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 28:6

1850-138: GK-033:001_2 garðlag kálgarður
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "40-50 m NV við Junkaragerði (íbúðarhúsið). [...] 40x34 m (NNV-SSA). Veggir úr grjóti; 0.5-0.8 m á breidd og 0.3-0.7 m á hæð. Gerðið er vel gróið, garðlög sjást þó á köflum. Skipist upp í 5 hólf (AE). Hólf A:21x14 m (ANA-VSV). Það vantar helming á NNV-hlið, ANA við miðju. Hólf B: 16x11m (NNV-SSA). ''Dyr'' á ANA-hlið, NNV við miðju. Garðlög sjást vel á SSA-hlið hólfsins. Hólf C: 34x16 m (ANA-VSV). Rúst 28.6 er inn í hólfi C. Hólf D: 17x10 m (ANA-VSV). Vantar SSA-hlið. Hólf E: 3x2 m (NNV-SSA). Forþró / safnþró; niðurgrafin, ca. 0.5 m."
Kálgarðurinn er 30 m vestan við núverandi tún, stafar hætta frá sjávarrofi. Kálgarðar sem fylgja bænum, sést sumstaðar í hleðslugrjótt 1-3 umför, mjög illa farinn vestast þar sem sjór hefur raskað honum.


1850-138: Kálgarðurinn, horft til suðvesturs.


1850-139: Horft til suðvesturs yfir mannvirkið.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-139: GK-033:001_3 mannvirki bústaður
Steyptur grunnur austurbæjarins en timburhúsið sést á túnakorti frá 1918. Grunnurinn er illgreinilegur, 0,2-0,5m á hæð. Um 30 m vestan við núverandi tún, stafar hætta frá sjávarrofi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-145: GK-033:002 heimild útihús
Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús 5-10 m norðaustan við timburhúsið sbr. 001
Innan heimatúnsins. Það er horfið, líklega var það rifið og sléttað yfir.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918

1805-144: GK-033:003 heimild útihús
Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús um 30 m austur af bænum
Malarplan og timburhús, þar sem núverandi íbúðarhús stendur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918


1850-131: Horft til VNV yfir túngarðinn.

1850-131: GK-033:004 garðlag túngarður
Á túnakorti frá 1918 er sýndur túngarður um allt túnið. Að vestan er hann sýndur þykkari enda fellur þar sjór að skv. Athugasemd sem skrifuð er á kortið. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Ca. (N-S). Úr grjóti: 2-4.5 m á breidd og 0.4-1.7 m á hæð. Garðlög sjást að utan, en ekki að innan nema á V-hlið (varnargarður) og við hlið á S-hlið. Garðurinn hverfur smám saman á A-hlið nálægt tröðunum. Rúst 28:3 er áföst A-hlið."
Umhverfis tún Junkaragerðis. Vesturhliðin er víða horfin vegna landbrots og ljóst að mikið landbrot er til staðar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 28:2

1850-147: GK-033:005 *Dys* örnefni
"Þar voru tveir hólar, sem nefndir voru Dys." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar þeir voru en líklega innan skráningarsvæðis.
Heimildir: Ö-Kalmanstjörn, 7

1850-146: GK-033:006 heimild verslunarstaður
"Fyrr á öldum, er sagt, að "þýzkir" hafi haft mikinn útveg á opnum skipum í Höfnum. Meðal annarra staða höfðu þeir búðir, þar sem nú heitir Junkaragerði, en svo voru þeir nefndir. Þessir menn voru ribbaldar miklir og „óeirðamenn um kvennafar", þeir voru illa séðir af landsmönnum og vildu því fyrir alla muni koma. þeim af höndum sér. Á hástokkum bátanna voru nefjur úr tré, þar sem árin lék í, og eina dimma nótt söguðu landsmenn nefjurnar sundur meir en til hálfs. Þegar þeir fóru á sjóinn fyrir dag, grunaði þá ekki neitt, en er þeir skerptu róðurinn, hrukku ræðin hvert af öðru, en þeir gátu borgið sér til lands með því að róa við kné sér. Hugsuðu landsmenn nú annað ráð, sem að duga mundi. Á árum voru svonefndir skautar, það er: á þrjá vegu áranna voru negldar þunnar fjalir, sem léku í ræðinu og hlífðu árunum við nuddi - sliti. Nú tóku þeir það ráð að losa skautana af og saga árarnar nær sundur og létu svo skautana aftur á, svo ekki sáust ummerki. Litlu síðar reru þeir og fengu mikinn barning. Munu þá árarnar hafa brotnað, enda komu þeir aldrei síðan að landi." segir í örnefnaskrá Hafna.
Ekki er vitað hvar búðirnar voru staðsettar en líklega nærri sjó,
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 21-22

1850-140: GK-033:007 gata traðir
Á túnakorti frá 1918 er leið sem liggur frá bæ 001 í suðausturátt. Ekki er merkt hvar leiðin endar. Í



1850-141: Leiðin meðfram kálgarðinum, horft til suðurs.

skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “ASA við íbúðarhúsið í Junkaragerði. [...] 80 m (VNV-ASA). Ca. 3 m ábreidd og 0.2-0.3 á dýpt. Vel grónar. 10-15 m sem eru næst íbúðarhúsinu á Junkaragerði liggja í ANA-VSV.» Líklega er um sama stað að ræða nema traðirnar hafa færst lítillega til norðurs eða að villa er í túnakorti.
Grasi gróið svæði, dæld. Hlaðinn kantur hugsanlega hluti af tröðum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 28:4

1850-141: GK-033:008 gata leið
Á túnakorti frá 1918 er leið teiknuð sem liggur frá heimabæ 001 í suðurátt, meðfram minjastað (009). Ekki er sýnt hvar leiðin endar.
Meðfram kálgörðum, upp hæðina til suðurs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-143: GK-033:009 heimild kálgarður
Á túnakorti frá 1918 er afgirt svæði teiknað liðlega 80 m sunnan bæjar 001. Svæðið er reist upp við túngarð (004). Ekki er ólíklegt að um kálgarð sé að ræða.
Gras og smá mosi, en mikið af steinum frá sjónum sem kastast hefur yfir svæðið.
Kálgarðurinn er horfinn af yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-133: Gryfjan við túngarðin, horft til vesturs.




1850-134: Útihúsið, horft til norðvesturs.

Heimildir: Túnakort 1918

1850-133: GK-033:013 gryfja óþekkt
Smávegis grasslitrur, annars sandur og möl.
Dæld við inngang í túngarð, 1x1 og 0,3 m á dýpt.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-134: GK-033:014 tóft útihús
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “Á A-hlið túngarðs [013] Junkaragerðis. [...] 8x6 m (VNV-ASA). Veggir úr grjóti; 1.2-2 m á breidd og 0.5-1.5 m á hæð. Dyr á ASA-hlið, NNA við miðju (þær sjást mjög illa þar sem ASA-hlið er nánast horfin). VNV-hlið er alveg horfin. Rústin er mjög vel gróin, garðlög sjást á SSV-hlið, VNV við mjðju [sic].”
Um 50 m norðaustan við núverandi bæ. Í túngarði, mikið af holum í túni, hefur ekki verið sléttað. Er ekki sýnt á túnakorti frá 1918.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 28:3




1850-142: Uppmæling af þrónni.



1850-142: Þróin, horft til vesturs.

1850-142: GK-033:016 hleðsla þró
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "40 m SV við Junkaragerði (íbúðarhúsið). [...] 4x2.5 m (NNA-SSV). Veggir úr grjóti; niðurgrafin, ca 1 m á dýpt (erfitt að sjá dýptina vegna mikils drasls í þrónni). Ekki hægt að sjá breidd veggja vegna þess að þeir eru það grónir saman við grasið. NNA-ast á ANA-hlið er þróin skemmd. Garðlög virðast sjást ágætlega á öllum hliðum."
Í túninu vestan núverandi íbúðarhúss.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 28:5



1850-132 og 133: Uppmælingar af útihúsinu g gryfjunni við túngarðinn.



1850-132: Horft til norðausturs yfir útihúsið.

1850-132: GK-033:018 tóft útihús
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Áföst S-hlið túngarðs [013] Junkaragerðis. A-megin við innganginn. [...] 9x4.5 m (NNA-SSV). Veggir úr grjóti; 0.5-1 m á breidd og 0.7-1.7 m á hæð. Garðlög sjást vel að innan, en ekki að utan. SSV-hlið er ekki til staðar. Gæti hafa verið úr timbri. Rústin er vel gróin. VNVhlið er áföst S-hlið túngarðs Junkaragerðis."
Smávegis grasslitrur, annars sandur og möl.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 28:8


1850-135: GK-033:019 tóft útihús
Útihúsið er í brekku við norðurhluta túngarðs. Tóftin er fremur löng og mjó. Hún er ferköntuð og gæti verið grunnur undan timburhúsinu Sólheimum. Ekki er sýnt útihús á túnakorti frá 1918 á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



1850-135: Útihúsa tóftin, horft til norðvesturs.



1850-136: Kálgarðurinn, horft til norðvesturs.



Túnakort Merkiness frá 1918 ásamt skráðum minjum.

1850-136: GK-033:022 garðlag kálgarður
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “Áfast N-hlið túngarðs [004] Junkaragerðis. [...] 10x18 m (A-V). Líklegast úr grjóti, en gerðið er mjög vel gróið og ekkert sést glitta í grjót. 0.2-0.6 m á hæð og 0.4-1 m á breidd. Hlið hefur verið á gerðinu S-megin.”
Grasi vaxið, í norðurhluta túnsins.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 28:12

GK-034 Merkines


1695: 20 hdr, eign Kirkjuvogskirkju. Skráð undir Grindavíkurhreppi, skv. The Old Icelandic Land Registers, 121.
1703: Jarðardýrleiki óviss, kirkjueign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 28.
1847: Jarðardýrleiki óviss, kirkjueign, skv. Jarðatali Johnsens, 85.
1.7.1515: Sáttabréf Gríms Pálssonar og Þorleifs sonar hans annars vegar og Vigfúsar Erlendssonar lögmans og Hólmfríðar systur hans hins vegar. Útg. A: “[...] vigfus ellendzson laugman og [hans syster hvstrv holfridr laugdv fyr greindvm grime palssyne og þorleife syni hans jordina kirkivuog. kotuog og merkines. sandgerdi og straum.” DI VIII, 558-559 (Jörðin er ekki nefnd í öðrum útgáfum bréfsins.)
16.9.1547: Dómur sexm manna um gildi gafabréfs Margrétar Vigfúsdóttur 1486. “[...] at hustrv margaret uigfusdottir gaf þoruardi dottursyne sinum [...] kirkiuhofn og merkines er liggur j hofnum j kirkiuogs kirkiusokn.” DI XI, 570-571. 1918: Tvíbýli á jörðinni. Jafnframt eru þurrabúðir Eyjólfs og Gísla Vigfússonar nefndar í lykli túnakortsins.
Þríbýli á jörðinni skv. örnefnaskrá Hafna (Ö-Hafnir VHÍ, 19). Einnig var býlið Bjarg innan jarðarinnar (flutt í Kirkjuvogshverfi upp úr 1920) (Ö-Hafnir VHÍ, 20). «[Í Merkinesi] voru á 8. áratug 20. aldar þrjú hús, Merkines I og II og Merkisteinn,» segir í Höfnum á Reykjanesi, 32.
Jarðarítök: Jörðin brúkar torfristu og stúngu í Kirkjuvogslandi skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 29.
“Í Merkinesi var hins vegar búið allt til ársins 1993 [...],” segir í Höfnum á Reykjanesi, 200.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Merkines, vestur- og austurbæ. ATH. Hefur ekki verið yfirfarið en er útprentað í möppu.
1918: “Túnin að nokkru slétt, meira smáþýft og holótt. Tún (Merkisnes A), 2 hekt., garðar 1780 m2. Tún (Merkines V), 1.7 hekt., garðar 1470 m2. Tún (Þurrabúð Eyjólfstúns), 0.0 hekt., garðar 150 m2.



Yfirlitsmynd af minjum við Merkisnes.

Tún (þurrabúð Gísla Vigfússonar), 0.0 hekt., garðar 100 m2. Öll torfan samtals 3.7 hekt., og garðar 3500 m2. 1703: “Við til húsabót leggur landsdrottin af reka, þegar hann heppnast, ella kaupa ábúendur sjálfir [...]. Eldiviðartak ekkert nema af þángi [...]. Fjörugrasatekja næg fyrir heimamenn. Sölvatekja nokkur. Hrokkelsaveiði nokkur. Urukjarni til góðrar aðstoðar fyrir kvikfjenað í heyskorti og so er fjörubeit einungist vetrar útigángur [...] lendíng er slæm og brimsöm [...]. Engjar öngvar. Hagar nær öngvir sumar og vetur. Selstaða mjög haglítil og vatnslaus, so þíða verður snjó fyrir peníng, um sumur þegar hann bregst, er ekki vært í selinu. Vatnsból er heima slæmt og bregst í þerrum og er þá ekki til vatns nema fjöruvötn, valla nýtandi fyrir seltu,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 29.
1840: “ [...] Tún allsæmilega gott, því þar fýkur enn ekki á sandur, en sjór gengur þar nærri, þó ekki geri mikinn skaða enn [...]” SS(Lýsing á Höfnum), 149.
Örnefni: Merarholt, Norður og Syðri Nauthólar eru að finna innan jarðarinnar (Ö-Merkines, 2, 3), sem og Sauðhóll (Ö-Hafnir VHÍ, 19).

1850-154: GK-034:006 *Siglukofi* tóft útihús
Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús nyrst í túninu, vestan við traðir sem liggja til norðurs frá bænum, og á móts við vör 014. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “N við bæjarstæðið, alveg við fjöru



1850-154: Uppmæling af útihúsinu.



1850-154: Siglukofi, horft til austurs.

og varnargarðinn. [...] 8x5.5 m (VNV-ASA). Veggir
úr grjóti; 1-1.6 m á breidd og 0.5-2.2 m á hæð. VNV-hlið er horfin og hefur líklega verið úr timbri. Garðlög sjást vel að innan, þó aðeins sé búið að fylla í sum staðar í þau með steypu. Garðlögin sjást verr að utan bæði vegna góðurs og vegna þess að það er búið að setja ca. 0.2 m þykkt lag af steypu á NNA-hlið rústarinnar. Steypulagið er brotið VNV-megin við miðju og þar sést í garðlög. Rústin er illa farin vegna ágangs sjávar (sem er NNA-megin við rústina) og þess vegna hefur hún verið styrkt á þeirri hlið.”
Hnit: E 318672 N 384951, sk. 5. “ Í túni Merkines I, sem stendur lægra, er lægð í túnið, þegar komið er heim að bænum um fornar traðir [066], og nefnist sú spilda Sigla. Þar við sjóinn á horninu: Siglukofi.» segir í örnefnalýsingu.
Kofinn er við vesturhluta túngarðsins.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:4; Ö- Hafnir VHI, 19


1850-158: Verðbúðin, horft til norðurs.

1850-158: GK-034:007 tóft verbúð
Á túnakorti frá 1918 er sýnt þrískipt útihús í norðurkanti túnsins, um 40 m vestur af 006. Fast vestan við útihúsið er lítill kofi og vestan við hann lítill kálgarður sem tilheyrði vesturbænum. Vestan við hann, áfastar túngarðinum, eru tvær sambyggðar tóftir sem opnast inn á túnið, til suðurs. Á kortinu er sýndur slóði [046] frá

vesturbænum að þessari þyrpingu, en fast norðan við hana er merkt vör (015) og gætu sum þessara húsa verið sjóhús. Í Merkinesi er mjög heilleg verbúð [044] með viðhlöðnu eldhúsi hvorttveggja þaklaus, önnur skammt frá breytt frá fyrri mynd, einnig þaklaus," segir í svörum í Þjóðháttasafni. "Gengið var að sjóbúð vestast í túninu. Bjarni sagði mannhæðaháa garða [078] hafa verið þarna áður fyrr, en sjórinn hefði brotið þá niður að mestu. Þó má enn sjá móta fyrir hluta þeirra. Sjóbúðin stendur enn heilleg og er ágætt minnismerki hins liðna," segir á ferlir.is. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Nyrst í Merkinesstúni, alveg við fjöruna. [...] 10.5 x 9.5 (A-V). Veggir úr grjóti. 1.2-1.8 m á hæð. Breidd er 0.6-1.5 m. Rústin skiptist í 3 hólf (A-C), og er vel gróin. Hólf A: 9 x 5.5 m (A-V). Allar hliðar eru úr grjóti. Dyr á N-hlið, V við miðju. Garðlög eru sýnileg á öllum hliðum, innan og utan, síst þó A-hlið sem nokkuð er hrunið úr. Þetta hólf er sagt vera eldhús sjóbúðarinnar (Þóroddur Vilhjálmsson). Hlóðir við A-hlið? (B.F.E.). Steypt hefur verið lítillega í garðlögin á N- og S-hliðum hólfsins. V-hlið er nokkuð illa farin að utan og sveigist í boga til V. S-hlið er sameiginleg með hólfum B og C. Hólf B: 6.5 x 5 (A-V). Veggir úr grjóti, nema V-hlið sem hefur líklega verið með burst. Garðlög eru sýnileg á öllum hliðum utan og innan, síst þó á A-hlið, sem er milliveggur og er sameiginlegur hólfi C. Leifar af torfþaki eru efst á veggjum. Mikið drasl er í gólfi og það er vel gróið, þannig að ekki er hægt að sjá hvort það hafi verið niðurgrafið. Hólf C: 6.5 x 5.5 (N-S). Allir veggir úr grjóti. Dyr á austast á N-hlið. Garðlög sjást vel að innan (síst þó á V-hlið sem er sameiginleg hólfi B) og sæmilega að utan. A-hluti S-hliðar er ca. 1 m mjórri en vestari hluti hennar. Gólfið er niðurgrafið."




1850-158: Uppmæling af verbúðinni og nálægum minjum.

Í túninu, nokkuð slétt en samt eitthvað af holum, við sjóinn. Samfast túngarði. Rusl er inni í tóftinni en ekki mikið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918, ÞÞ 10599; www.ferlir.is/?id=3906; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:5


1850-161: Útihúsið er horfið, horft til norðurs.

1850-161: GK-034:008 heimild útihús
Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús í norðvesturhluta túnsins, um 100 m vestan við vesturbæinn
Ekkert sést til útihússins en í hól á túninu sést glitta í steina.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-162: GK-034:009 *Byrgishóll* tóft herslubyrgi
Á túnakorti 1918 eru sýndar tvær skeifu- eða hringlaga tóftir [032] með op til norðurs, áfastar túngarði að suðvestanverðu. Þar hefur verið girt í kringum «klappir og órækt» en kálgarður sem tilheyrði vesturbænum er í suðausturhluta þess hólfs og tóftirnar tvær í norðvesturhlutanum. «Fjarst í túninu til suðvesturs er geysimikill klappahóll og uppi á honum grjótbyrgi, sem notað var til að herða í fisk - og stendur furðanlega enn í dag. Sú trú var á hjá eldra fólki hér, þegar undirritaður fluttist hingað, að huldufólk byggi í Byrgishól, og börnum var stranglega bannað að vera með sleðaferðir eða annan galsa.» segir í örnefnalýsingu Hafna.



1850-162: Uppmæling af Byrgishól.


1850-162: Byrgishóll, horft til suðurs.

“Byrgið er nefnt Byrgi og hóllinn Byrgishóll. Þegar farin er leið milli Hásteina og lands að Kirkjuvogi, er miðið Bælið hjá Kalmanstjörn um Byrgið. Hásteinar eru blindsker (eiga þeir að vera hér ?). Vegna þessa er þessu byrgi haldið við, svo það hrynji ekki, en sé fært um að gegna hlutverki sínu,” segir í örnefnaskrá Merkiness. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “ A. Byrgi. SSV-ast í túni Merkiness, uppi á Byrgishól, áföst tún-/varnargarði. [...] 4.5x3 m (NA-SV). Veggir úr grjóti (einföld röð); 0.4-0.6 m á breidd og 0.6-1.5 m á hæð. Dyr á NAhlið. Garðlög sjást vel, bæði að innan og utan. Rústin er ekki vel gróin, það sést út á milli garðlaga og engin mold er á milli þeirra. Aðeins smá mosi er á rústinni. Byrginu hefur verið haldið við eftir að hætt var að nota það vegna þess að það var einnig notað sem merki um miðið Bæli. [...] B. Byrgishóll. SV-ast í Merkinesstúninu. 20-30 m frá varnargarði. [...] Hóll 50x25 m (NNV-SSA). Grasi gróinn klapparhóll (skv. örnefnaskrá Merkiness). Ca. 4 m á hæð. Túngarðurinn (22:14) liggur þvert á hólinn.”

“Einhverju sinni sem oftar felldi sjávarrót túngarð við hól þennan. Voru menn í landlegu að bygja garðinn upp. Hákon Kristjánsson bóndinn á Bjargi, en Guðmundur Sigvaldason bóndinn á Merkinesi I. Hákon þurfti einhverra erinda í Keflavík. Áður en hann fór, bað hann Guðmund að sjá til þess, að stór, jarðfastur steinn, sem var neðarlega í hólnum sjávarmegin, yrði ekki hreyfður - og kvað ríkt á um það. Lofaði Guðmundur því. En þegar Hákon kom aftur, var búið að rífa klettinn upp og koma honum fyrir í undirstöðu garðsins. Þessa sögu sagði Hákon mér sjálfur með mikilli alvöru og bætti við: “Eftir þetta fór að hríðganga af Guðmundi og um 1935 voru bæði hjónin dáin og Ásta og Þórður börn þeira. Marteinn myndskeri sonur þeirra dó við harmkvæli 45 ára og Sigurður í Þórukoti skömmu síðar.” segir í örnefnalýsingu.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Hafnir VHÍ, 20; Ö-Merkines, 1; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:12-22:13


1850-148: Horft til vesturs meðfram túngarðinum.

1850-98: GK-034:011 heimild túngarður

Á túnakorti frá 1918 er sýnt hvernig túnið hefur verið minnkað að vestanverðu. Þar er um 20 m breið og 160 m löng spilda sem «var tún til 1915» og utan um hana að vestan er merkt «Hér var sjógarðurinn». En nýr garður (sbr. 012) hefur verið hlaðinn að austan. Þessi garður er horfinn vegna ágangs sjávar.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1918

1850-148: GK-034:012 garðlag túngarður

Á túnakorti frá 1918 er sýndur grjóthlaðinn túngarður um allt túnið. Hlutar hans hafa væntanlega verið hlaðnir eftir 1915 sbr. 011. Í

skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “Liggur í kring um Merkinestúnið. [...] ca. NA-SV. Veggir úr grjóti; 0.6-0.3 m á breidd og 0.5-1.4 m á hæð. Hlið/dyr er á SA-hlið túngarðsins, minna gerði ([B]) er áfast garðinum á NA-hliðinni. Þær hliðar garðsins sem snúa inn að túninu eru mjög vel grónar og garðlög sjást nánast ekkert. Þær sem snúa út eru aftur á móti lítið grónar og því sjást garðlögin mjög vel. NA-hlið er nánast horfin, fyrir utan smá garðstúf sem kemur í framhaldi af A-horni garðsins. NV-hlið gerðisins er einnig nánast horfin, en það er líklega vegna ágangs sjávar. Þessi garður er líklega túngarður Merkiness eystri, en túngarður Merkiness vestri sést ekki fyrir utan 60 m stubb sem er nyrst í túninu, út við fjöru á milli rústa [090] og [091].”
Á sjávarbakka, túngarðurinn sést enn þarna. Grjót er þó farið að kastast mikið þarna yfir.
Túngarður Merkiness sést ennþá umhverfis allt túnið að mestu. vesturhluti kominn í tún. Áfok að innan. 0.3-1.1 m á hæð, 2-6 umför af grjóti.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:14-22:15

1850-155: GK-034:014 *Merkinesvör* heimild lending
Á túnakorti frá 1918 er sýnd «vör» norðan við túngarð. Hún er sú eystri af tveimur og hefur væntanlega tilheyrt austurbænum en niður að henni eru sýndar traðir. «Þá litlu sunnar [en Mönguhola] er Merkinesvör (lending). Þetta er sand- og malarvík norðan frá bænum Merkines.» segir í örnefnalýsingu Hafna.


1850-155: Horft er til norðvesturs yfir Merkinesvör, ekki sést í lendinguna.


1850-160: Horft til norðurs yfir Lendingarvík.

1703: “Heimræði árið um kring, og gánga skip heimamanna, en lending er slæm og brimsöm. Engin gánga hjer aðkomandi skip.” JÁM III, 29.
Í grýttri fjöru, mikð þang og miðlungsstórir steinar. Vörin er horfin.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Hafnir VHÍ, 6

1850-160: GK-034:015 *Lendingarvík* heimild lending
1703: “Heimræði árið um kring, og gánga skip heimamanna, en lending er slæm og brimsöm. Engin gánga hjer aðkomandi skip.” JÁM III, 29. Á túnakorti frá 1918 er sýnd «vör» norðan við túngarðinn og er hún sú vestari af tveimur (sbr. 014). Hún er norðan við húsaþyrpinguna 007 og þangað liggur slóði frá vesturbænum - sem væntanlega hefur notað vörina. “Þar sem gengur lengst fram milli Skiptivíkur og lendingarinnar heitir Heimdallur [...]. Þar sem Lengst gengur fram, er stór klettur. Innan við þetta er vík, sem heitir Lendingarvík,” segir í lýsingu örnefna.
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “Í grýttri fjöru Merkiness. N-megin við rúst [091]. [...] Vörin er nokkuð greinileg í dag, talsvert er af grjóti er í henni. Hún er mjög vaxin þara.”
Vörin er illgreinileg og sést lítið sem ekkert.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:7; Ö-Merkines, 1-2; JÁM III, 29.

1850-200: GK-034:022 heimild samgöngubót
“Niður á sjávarkampinum er varða með stöng. Hún skal bera í vörðu, sem við sjáum aðeins í norðaustur frá Skipagarði, skammt frá veginum,” segir í örnefnalýsingu Hafna. Varðan er horfin, tré, eða stöngin, er einungis eftir. Því hallar til suðurs og smásteinar eru þar umhverfis. Tréð er í stórgrýttri fjöru.


1850-153: Traðirnar, horft til suðvesturs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 15

1580-153: GK-034:026 *Traðir* gata traðir
“Í túni Merkines I, sem stendur lægra, er lægð í túnið, þegar komið er heim að bænum um fornar traðir.” segir í örnefnalýsingu Hafna. “En milli Hjallavallar og Traðanna er lautarspilda, sem heitir Seigla. Austan við Traðirnar er nefnt Brattur. Traðirnar liggja norður úr túninu, djúpar og fornar, en þó vel stæðilegar,” segir í örnefnaskrá Merkiness. Á túnakorti frá 1918 eru traðir teiknaðar sem liggja frá bæ 001 í norðurátt. Ekki er merkt hvar þær enda. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: “NA við bæinn Merkines. Liggur frá túngarði A megin og í SV að bænum. [...] 210 m (A-V; NNA-SSV; ANA-VSV). ‘’Fyrstu’’ 15 m liggja í A frá bænum, en svo beygja traðirnar í NNA í 70 m. Þá beygja þær aftur í ANA í 40 m og enn beygja þær, núna í A í 85 m . Þá er komið að túngarðinum og traðirnar ná ekki lengra. Traðirnar eru ca. 2.5 m á breidd og 0.1-0.2 m á dýpt. Í raun er hægt að skipta tröðunum upp í 4 hluta frá V-A, í hluta A-D. NNA-megin við miðju og í b-hluta í öllum c-hluta er grjótgarður báðum megin við traðirnar. Hann er bara V-megin í d-hluta. Garðurinn er 0.7-1 m á breidd og 0.5-1.3 m á hæð.”
Sjást enn í túninu en ekki raktar alla leið.
Grasi vaxið tún og sjávarbakkinn til vesturs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 19; Ö-Merkines, 1, Túnakort 1918, Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:1


1850-916: GK-034:027 tóft kálgarður
Kálgarður er sýndur nyrst í heimatúninu á túnakorti frá 1918. Hann sést enn og er sambyggður túngarðinum, innan túnsins.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-165: GK-034:029 *Sauðhóll* heimild fjárhús
“Nyrzt í túnhorninu er dálítill hóll og stóð á honum fjárhús fyrir sauði. Hann heitir Sauðhóll.” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar Sauðhóll var, mögulega eru um útihús 005 eða 006 að ræða. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja fjárhúsið sem líklega var innan þess svæðis sem land brýtur af.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 19

1850-907: GK-034:032 heimild herslubyrgi
Á túnakorti 1918 eru sýndar tvær skeifu- eða hringlaga tóftir með op til norðurs, áfastar túngarði að suðvestanverðu. Þar hefur verið girt í kringum “klappir og órækt” en kálgarður sem tilheyrði vesturbænum er í suðausturhluta þess hólfs og tóftirnar tvær í norðvesturhlutanum. Hér er verið að skrá vestara byrgið en það sést ekki lengur, líklega vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-201: GK-034:033 heimild samgöngubót
„Þykk varða er upp frá sjónum skammt norðan Hleinar, með lágu tré. Hún skal bera í tvívörðurnar Bræður, sem standa á klapparhól rétt ofan vegarins og bera við loft.» segir í örnefnalýsingu um Merkinessund.
Sendin strönd.
Varðan er horfin, rétt neðsta umfarið sést mögulega. Þar er nú timbur, pallettur auk rekaviðar sem stendur þar upp úr.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 23

1850-152: GK-034:038 hleðsla brunnur
"Í Merkinesi, ævaforn brunnur, sem var yfirbyggður og gengið niður hlaðin þrep. Var í notkun fram undir 1960," segir í svörum í Þjóðháttasafni. "Þá var gengið að stórfallegum brunni, er getið er í örnefnalýsingum, ofar í túninu [en sjóbúð 077]. Gengið er ofan í brunninn á þrepum. Hann er u.þ.b.



1850-152: Uppmæling af brunninum.


1850-152: Brunnurinn, horft til norðvesturs.

tveggja mannhæða hár og fallega hlaðinn. Bjarni [Marteinsson, ábúandi] taldi brunninn ævagamlan og hans væri getið í gömlum heimildum. Mundi hann eftir því að byggt var þak yfir brunninn og á því voru á því dyr og skjár. Kristján Eldjárn hafi eitt sinn komið að Merkinesi, m.a. til að kíkja á brunninn. Er hann líkur Írskrabrunni á Snæfellsnesi" segir á ferlir.is.
Í norðvestur jaðri túnsins, neðan við ílanga hæð. Nokkuð slétt tún. Var yfirbyggður en þakið er nú hrunið
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: ÞÞ 10599; www.ferlir.is/?id=3906

1850-910: GK-034:042 *Hlein* heimild
"Lítið eitt suðvestan þess [Markaskers] er Hlein, u.þ.b. 600 metra langur klapparani, sem gengur í sjó fram til vesturs. Á honum strandaði enski togarinn Abydos frá Hull 20. mars árið 1907, og mun það mesta sjóslys, sem sögur fara af í Hafnahreppi. Frá því segir í Björgunar- og sjóslysasögu Íslands: ["...] Skipið hafði strandað alllangt frá landi, og mikið brimrót var við ströndina. Þó reyndu menn í Höfnum að setja út bát og ætluðu sér að róa að skipinu. [...] Varð að hætta við þessar björgunartilraunir. [...] Þegar leið að kvöldi breyttist vindáttin og gerði þá ofsaveður af suðvestri, sem ægilegt brim fylgdi. Brotnaði þá togarinn í spón á skammri stundu. [...] Smám saman þögnuðu ópin, og um svipað leyti fór mikið brak úr skipinu að reka á fjörur. Morguninn eftir fundust 11 lík innan um brakið, sum hver mikið sködduð. Við eftirgrennslan kom í ljós að lík allra skipverjanna hafði rekið, ["]" segir í Höfnum á Reykjanesi. Hlein sést enn og er líkt og segir ílangur klapparrani. Ekki er vitað nákvæmlega hvar á klöppunum strandið var.
"Skömmu eftir síðustu aldamót, 1908, vildi til það hörmulega slys, að togari strandaði í svartabyl að kvöldlagi rétt norðan nefndrar hleinar, en veður var í uppgangi á suðvestan. Um björgun var ekki að ræða, hvorki frá sjó né landi, og fórust þar allir menn. Þegar sá, er þetta ritar, kom fyrst í Hafnir, 1924, sást enn ofan á ketil skipsins um stórstraumsfjöru, og fram á þennan dag ber við, að kolamolar finnast í fjörunni. Sunnan við Hlein er lítið sandvik, Hleinarvik," segir í örnefnaskrá Hafna.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Hafnir á Reykjanesi, 31-32; Ö-Hafnir VHÍ, 6

1850-167: GK-034:043 heimild uppsátur
"Naust voru ekki notuð aðeins uppsátur. Enn sjást á fjöru mikill ruðningur í urð í Merkinesi, þar sem menn lönduðu fiski," segir í svörum í Þjóðháttasafni. Ekki er vitað hvaða stað er átt við og þessi lýsing getur átt við flesta staðina við ströndina sem voru skráðir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: ÞÞ 10599

1850-159: GK-034:044 tóft verbúð
Í Merkinesi er mjög heilleg verbúð með viðhlöðnu eldhúsi hvorttveggja þaklaus, önnur [045] skammt frá breytt frá fyrri mynd, einnig þaklaus," segir í svörum í Þjóðháttasafni. Tóftin er sýnt á túnakorti frá 1918 ásamt kálgarði að öllum líkindum.

Í



1850-159: Verbúðin, horft til vesturs.




1850-157: Leið sem liggur frá bæ, horft til austurs.

túninu, nokkuð slétt en samt eitthvað af holum, við sjóinn. Samfast túngarði. Veggir eru 0,2-0,5 m á hæð og steinsteyptir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: ÞÞ 10599; Túnakort 1918

1850-157: GK-034:046 gata leið
Á túnakorti frá 1918 er leið merkt sem liggur frá bæ 002 í NVN átt til minjastaðar (007) og endar þar. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Ca. 20 m S við varnargarð. N við bæinn. [...] Slóðinn liggur ca. N-S. Hann er ca. 0.4 m á breidd og ca. 0.3 m á dýpt. Annar endi hans liggur mitt á milli bæjarins og varnargarðs í 42 m í NV beygir í A í 45 m. svo beygir hann í N í átt að sjóbúð (22.4) í 29 m. hinn endi slóðans er við SV-horn sjóbúðarinnar."
Í túninu, nokkuð slétt en samt eitthvað af




1850-149: Kálgarðurinn, horft til vesturs.



1850-149: Uppmæling af kálgarðinum.

holum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:8

1850-149: GK-034:049 garðlag kálgarður
Á túnakorti frá 1919 eru tveir kálgarðar, áfastir hvor öðrum, teiknaðir um 160 m suðaustan bæjar 001. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: „Gerði: Tengist ytri hlið SV-hluta túngarðs Merkiness ([A]). [...] 75x20 m (NV-SA). Veggir úr grjóti; 0.3-0.5 m á breidd og 0.2-0.8 m á hæð. Garðlög eru sýnilega á öllum hliðum, utan og innan. Rúst er ekki mikið gróin, einna helst á S-hlið og því sjást garðlögin verst þar. Hlið er á gerðinu á N-hlið, austast. V-hlið gerðisins nær ekki alveg upp að túngarðinum ([A]) (gæti verið hlið)."
Utan heimatúns. Byggt sunnan við túngarðinn, vestasti hluti er innan við 50 m frá sjávarbakka. Kálgarður sést enn, sá vestari er skemmdur, veggir grjóthlaðnir, hrundir á köflum. Lítið áfok við þá. 1-5 umför. Hæstir til suðurs. Óljóst hringlaga hólf er í vestari kálgarði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:15




1850-96: Uppmæling af hlaðna kálgarðinum.

1850-96: GK-034:050 hleðsla kálgarður
Í jaðri heimatúns, á svæði sem annars var órækt. Kálgarðurinn afmarkaðist af túngarði 012 til norðurs og austurs. Enn má þó sjá móta fyrir grjóthlöðnum veggjum til suðurs. 0,2 á hæð og 1 m á breidd. Í mikilli hættu vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-150: GK-034:051 *Gerði* heimild kálgarður
Á túnakorti frá 1918 er kálgarður teiknaður um 100 m vestan bæjar 001. Garðurinn er reistur upp við túngarð (012), innan heimatúsins. Kálgarðurinn er horfin, líklega vegna sléttunar sem og ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-202: GK-034:053 *Sundvarða* heimild landamerki
"Hlein. Innan við eða austar er einstakt sker, kollótt, með sprungu í miðju. Það heitir Merkisker og er á merkjum móti Kirkjuvogstorfunni. Þaðan eru merkin í vörðu á bakkanum, Sundvörðu," segir í örnefnaskrá. "Fyrsta hæð, sem við förum yfir [á suðurleið] eftir að húsum [í þorpinu] sleppir, heitir Lúðvíkshæð. Skammt suðvestar er hár klofinn hóll og á sitthvorum barmi sprungunnar eru vörður. Þetta heita Bræður. Garðlag [128] liggur á hægri hönd til sjávar í stefnu á þykka vörðu með dálitlu tré í. Þetta er Sundvarða fyrir Merkinessund, og skal hún bera í Bræður á aðalsundi," segir í örnefnalýsing Hafna. Í örnefnaskrá Kirkjuvogs segir: «kolli. Þaðan er svo línan í vörðu á bakkanum, sem heitir Sundvarða.» "Landamerki á milli Kirkjuvogstorfunnar og Merkiness skulu vera þannig; lína skal tekin úr skeri því er markasker nefnist og verið hefur fjörumark á milli Kirkjuvogs og Merkiness í vörðu þá er á bakkanum stendur og kölluð er Sundvarða um Bræður, Torfhól og Arnarbæli, frá Arnarbæli í mitt Lágafell," segir í Landamerkjabréfi Nr. 69 frá 1923. Engin varða sést á sjávarbakkanum og líklega er þessi varða horfin. Nákvæm staðsetning ekki þekkt en hún var þó nærri þeim stað þar sem hnit var tekið sé tekið mið af heimildum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Merkines, 2; Ö-Hafnir VHÍ, 14; Ö-Kirkjuvogur, 1 Landamerkjabréf Nr. 69

1850-164: GK-034:061 *Gerði* garðlag kálgarður



1850-164: Uppmæling af kálgarðinum.




1850-164: Horft til norðausturs yfir kálgarðinn.

“En syðst í túninu eru gömul gerði, einu nafni nefnd
Gerði. Hér fóru eitt sinn gerði í sjógangi, mun hafa verið 1888 eða nálægt því,” segir í örnefnaskrá. Gróið tún og nokkuð slétt. Mjög stutt frá suðurvegg túngarðsins. Kálgarðurinn sést enn. Hafa ber í huga að lýsing í örnefnaskrá getur allt eins við kálgarð 050.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Merkines, 1

1850-97: GK-034:063 heimild þvottastaður
Að sögn Þórodds Vilhjálmssonar, heimildamanns, var þvottastaður í landi Merkiness. Hann er í sjó, þar er volg lind sem aðgengileg er á stórstraumsfjöru og þá var þvegið í henni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-99: GK-034:064 *Mönguhola* þjóðsaga
“Hleinarvik. Dálítið sunnar er vik inn í klappirnar. Það heitir Mönguhola. Munnmæli segja, að einsetukona hafi verið í Merkinesi (samanber síðar Möngusel), sem hélt kindum sínum þar til fjörubeitar,” segir í örnefnaskrá Hafna. Ekki er ljóst hvort að fjárhús eða smalakofi var tengt þessari beit en staðurinn nýtur vafans. Hafi verið mannvirki á þessum slóðum er það gjöreytt vegna ágangs sjávar.
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 6



1850-151: Uppmæling af útihúsinu.



1850-170: Skemman, horft til norðausturs.

1850-151: GK-034:067 tóft útihús
Hóll í fjöruborðinu, í honum má sjá tóft sem er 10,5x6 m og snýr austur-vestur. Óljósar hleðslur gefa tóftina einna helst til kynna, mögulega er þetta hólf sambyggt túngarði 011 en ólíklegt. Veggirnir er 0,3 m á hæð og álíka á breidd.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-168, 169 og 170: Uppmælingar af minjum norðan við Merkines.

1850-170: GK-034:080 hús skemma
Steypt fiskverkunarhús, líklega gerð á fyrri hluta 20. aldar. Þetta voru beitu- og verkunarhús að sögn heimildamanna. Mikið af sjávarsteinum skolast upp á land og brýtur niður allar hleðslur og veggi. Þeir sem enn sjást eru 0,2-2 m á hæð og 0,4 m á breidd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-163: GK-034:081 frásögn óþekkt
"Bjarni [Marteinsson, ábúandi] rifjaði upp sögu af því að álagasteinn hafði verið fjarlægður af hól þeim, sem hlaðið byrgi [009] stendur á norðvestan við bæjarhúsin. Fljótlega eftir það hafi orðið hvert mannslátið eftir annað í fjölskyldunni. Var það talið hafa tengst tilfærslu steinsins. Afi hans hafði sagt að mikilvægt væri að viðhalda byrginu, en það væri nú farið að láta verulega á sjá," segir á ferlir.is.
Stór, ílangur hóll í suðavesturhluta túns. Ekki er vitað hvar steinninn er niðurkominn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: www.ferlir.is/?id=3906

1850-166: GK-034:082 garðlag vörslugarður
"Austar [en tóft 079] er aðalvörin til seinni tíma. [...] Við vörina var steyptur varnargarður og hlaðin bryggja, en sjórinn er nú búinn að brjóta hvortveggja niður. Þó má sjá móta fyrir hvorutveggju ef vel er að gáð," segir á ferlir.is. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Í grýttri fjöru Merkiness. N-megin við rúst [006]. [...] Í dag sjást engin ummerki um vörina, en á 20. öld hefur verið reist bryggja á svæðinu. Hún er mjög illa farin." "Austar [en tóft 007] er aðalvörin til seinni tíma. Ofan við hana er forn tóft og vestan hennar eru beitninga- og verkunarhúsin (steypt að hluta). Bjarni [Marteinsson, ábúandi] sagðist einungis muna eftir tóftinni óyfirbyggðri eins og hún er nú," segir á ferlir.is.
Garðlagið sést í sjónum, við lendinguna.


1850-166: Vörslugarðurinn, horft til norðurs.


1850-169: Garðlagið, horft til austurs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: www.ferlir.is/?id=3906; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:6; www.ferlir.is/?id=3906

1850-169: GK-034:083 garðlag uppsátur
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "NA við Merkinesstún. Við og í kring um steypta rúst sem er við fjöruna. [...] 25x35 m (NV-SA). Úr hraungrýti og lágbörðu grjóti; 0.5-1.5 m á breidd og 0.3-0.7 m á hæð. Garðurinn er lítið gróinn en vel mosavaxinn, sokkinn að hluta. Garðlög sjást vel. [...] Einn steinn í garðinum er með gati sem gæti hugsanlega verið manngert." "Göngunni lauk við bátagarðinn. Bjarni sagði bátana hafa verið tekna upp úr vörinni og borna inn fyrir garðinn þar sem þeir voru jafnan hafðir í skjóli um veturinn," segir á ferlir.is.
Garðlag utan um bátakofa. 4-5 umför, grjót að utan en torf að innan. Hann er 30x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.



1850-168: Fjárhúsið, horft til norðvesturs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir:www.ferlir.is/?id=3906; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:31

1850-168: GK-034:084 tóft fjárhús
"Austar [en bátagarðar 083] eru tóftir af fjárhúsi, sem enn stóð er Bjarni var að alast þarna upp, en norðan við garðinn eru matjurtargarðar," segir á Ferlir.is. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "NA við Merkinesstún. Við fjöruna 5 m NA við steypta rúst. [...] 8x5 m (NV-SA). Veggir úr grjóti; 1-1.5 m á breidd og 0.6-1.5 m á hæð. Gólf og veggir eru mjög vel gróin. Garðlög sjást að mestu leiti að innan, ekki að utan, nema efst á SV-hlið. SA-hlið er horfin, hefur líklega verið úr timbri. NA-hlið er hálf grafin inn í jörðina, því landið hækkar um rúman 1 m til NA þar sem rústin er. NV-hlið er um 1 m frá fjörunni."
Alveg við sjóinn á grasi vöxnum bala. Grjót úr vesturhlið fjárhússins er þegar farið að hrynja niður í fjöru vegna sjógangs. Tóftin er um 7x7 m að stærð og opin til suðausturs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: www.ferlir.is/?id=3906; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:24

1850-171: GK-034:085 tóft fjárhús
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "VNV við nyrsta afleggjara að Merkinesi" árið 2003: "9x5 m (VNV-ASA.) Veggir úr grjóti; 1-1.4 m á breidd og 0.2-2.2 m á hæð. Garðlög sjást að innan á NNA- og ASA-hliðum og ASA-meginvið miðju á SSV-hlið VNV-megin við miðju. VNV-hlið er hrunin,


1850-171: Fjárhúsið horft til austurs.




1850-171: Uppmæling af fjárhúsinu.

en hefur greinilega einnig verið úr grjóti. Dyr hafa verið á þeirri hlið, NNA-megin við miðju. Gólfið er niðurgrafið. Mikið af drasli er í gólfinu; timbur, grjót, girðing. Leifar af torfþaki hanga ofan af NNA-hlið í niður á gólf. Rústin er vel gróin."
Sandrofabarð í kring og mikið af grjóti og rekaviði sjónum. Það má sjá 3-8 umför í veggjum að innan en að utan eru þeir mjög grónir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 21:1

1850-172: GK-034:086 tóft fjárhús
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "N við Merkines. V við nyrsta afleggjara að Merkinesi." árið 2003: "23 x 9 m NNA-SSV. Skiptist í 5 hólf (A-E). Veggir úr grjóti. Breidd veggja er frá 0.5-1.3 m og hæð veggja er 0.3-2 m. Rúst er nokkuð vel gróin. Notað sem fjárhús inn á 20. öldina. Gólfin eru niðurgrafin í öllum hólfum nema hólfi D. Það voru settar grindur fyrir ofan gólfið til þess að féð gæti staðið á þeim meðan að skíturinn safnaðist fyrir neðan. Hólf A: 6.5 x 5.5. m (VNV-ASA). Veggir úr



1850-172: Fjárhúsið, horft til norðausturs.



1850-172: Uppmæling af fjárhúsinu.

grjóti, nema VNV-hlið sem er horfin og hefur líklega
verið með burst. Það sjást þó hleðslur á þeirri hlið, en ekki garðlög vegna gróðurs. Þessar hleðslur eru vegna þess að að gólfið er niðurgrafið (0.3-0.4 m) og þær ná frá gólfi og upp að yfirborði jarðvegs. Garðlög sjást vel að innan, en fremur illa að utan. Hólf B: 5.5 x 5 m (VNV-ASA). Veggir úr grjóti, nema VNV-hlið sem er horfin og hefur líklega verið með burst. Það sjást þó hleðslur á þeirri hlið en ekki garðlög vegna gróðurs. Þessar hleðslur eru vegna þess að gólfið er mikið niðurgrafið (0.6 m) og þær ná frá gólfi og upp að yfirborði jarðvegs. Garðlög sjást vel að innan og utan nema utan á ASA-hlið. Hólf C: 9.5 x 4 m (NNA-SSV). Veggir úr grjóti, nema VNV- og SSV- hliðar sem eru horfnar. Það sjást þó hleðslur á þeim hliðum en ekki garðlög, vegna gróðurs. Þessar hleðslur eru vegna þess að gólfið er mikið niðurgrafið (0.6-0.7 m) og þær ná frá gólfi og upp að yfirborði jarðvegs. Garðlög sjást vel á öllum hliðum að innan og utan nema utan á ASA-hlið. Hólf D: 9.5 x 5.5 m (NNA-SSV). Veggir úr grjóti nema NNA sem er horfin og NNA við miðju á VNV-hlið sést ekki neitt grjót (líklega gróið yfir það, SSV við miðju á þessari hlið sést grjót). Þetta hólf er ekki niðurgrafið og er mjög vel gróið. Hólf E: 9 x 5 m (VNV-ASA). Veggir úr grjóti, nema VNV-hlið sem er horfin og hefur líklega verið með burst. Það sjást þó hleðslur á þeirri hlið en ekki garðlög vegna gróðurs. Þessar hleðslur eru vegna þess að gólfið er niðurgrafið (0.3 m) og þær ná frá gólfi og upp að yfirborði jarðvegs. Garðlög sjást vel að innan og utan nema utan á ASA-hlið."
Sandrofabarð í kring og mikið af grjóti og rekaviði sjónum. Bárujárn er inni í tóftinni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 21:2

1850-156: GK-034:089 tóft verbúð
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "N við bæjarhólinn / stæðið (?). Ca. 10 m frá



1850-156: Uppmæling af verbúðinni.


1850-156: Verbúðin horft til ANA.


varnargarði. 3 m SSV við rúst [006]. [...] 4.5x2.5 m
(VNV-ASA). Veggir úr grjóti; niðurgrafnir, ca 0.2-0.4 m á dýpt. Veggir eru 0.3 m á breidd. Fyllt hefur verið í garðlög með steypu og því sjást garðlög ekki, nema þar sem brotnað hefur úr steypunni. Mikið af drasli er í botninum."
Innan heimatúnsins sem er nokkuð slétt á þessu svæði en samt eitthvað af holum, við sjóinn. Fyrir austan tóftina eru traðir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:3

1850-908: GK-034:098 gryfja naust
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "5 m ASA við rúst [084. [...] 6x2-3 m á breidd þar sem mest er. Alveg gróin."
Þetta er niðurgröftur sem sést illa. Mikið af sjávarsteinum sem hefur skolast upp á land og brotið niður hleðslur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 22:32

GK-035 Kirkjuvogur

1686: 120 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 121.
1695: 72 hdr., bændaeign, sögð vera í Grindarvíkurhreppi, skv. The Old Icelandic Land Registers, 121.
1703: "Jarðardýrleiki sagðir lxx [70] [...]. En tíundast þó sem lxxii [72], Segja menn að kirkjunni sje eignaður þriðjúngur í heimalandi og meina í þann þriðjúng eigi að reiknað Merkines [GK-034]," bændaeign og kirkjustaður, annecteruð með Hvalsness sóknum, með hjáleigunum Hols húsi (GK-039), Gardhúsi (GK-037), Kotvogs hjáleigu (GK-036), Haugsendakoti og Arna gerde, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 29-33. Þar segir jafnframt að Kirkjuvogur sé 70 hdr., þar af 10 hdr. kirkjueign, en að þar við skuli "leggjast Merkines 20 c, og hefir það í fyrstunni verið bygt af heimalandi, en síðan gjörð úr önnur jörð, 2/3 af þeim þriðjungi, sem kirkjan átti í heimalandi, so þá er Kirkjuvogur með Merkinesi 90 c og á kirkjan hjer af þriðjung," segir í neðanmálsgrein Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 30.
1840: Kotvogur talin 17 hdr. í Kirkjuvogi, en auk hans eru þá 3 hjábýli innan túngarða (væntanlega Hólshús, Garðhús og Réttarhús) og 1 utangarðs, byggt fyrir 10 árum liðnum - SS(Lýsing á Höfnum), 148.
1847: 72 hdr., bændaeign, með hjáleignum Kotvigi, Sóru Garðshúsi, Litla Garðshúsi og Hólshúsi sem og eyðijörðinni Danskhúsi, skv. Jarðatali Johnsens, 85-86.
Um. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 9
[Um 1270]: "Þessi erv landa merki millvm hvals nes ok starnes. [...] Enn lyngrifa mork skilvr gata sv er liggur firi svnnann torfmyrar ok vp i hafa leiti til vordv þeirrar er stendur aa leitinv þar sem hæst er ok svo sydur sem hæst er leitid til motz vid kirkiv vog og niardvík. ok divpa vog. enn reka mork

millvm divpa vogs ok starnes ok hvallsnes skilr grof sv er verdvr firir innann klettana til hægri handar er ridit er fra kirkiv vogi." DI II, 81. 1334: "Veginn prestr sa er Þorbiorn het a Nesium i Kirkiuvogi in festo Jeronimi firir alltari skryddr til messo. Þorleifr Þordarson vo hann." Konungsannáll, IA 154. "Veginn Þorbiorn prestr i kirkiu. i Kirkiv vagi fyrir alltare skryddr til messu." Skálholtsannáll, IA 207 [sbr. Gottskálksannáll, IA 349 + Skb. og Lgm, 220, 271]
[1367]: " Mariukirkia j woge a þridiung j heimalande. halftt fuglasker." DI III, 221
1397: "a þridiung j heimalandi. halft Geirfuglasker." DI IV, 103
[1477]: "Mariu kirkia j kirkiuvoge a þridiung j heimalande. halft geirfuglasker. " DI VI, 127 1.7.1515: Sáttabréf Gríms Pálssonar og Þorleifs sonar hans annars vegar og Vigfúsar Erlendssonar lögmans og Hólmfríðar systur hans hins vegar. Útg. A: "[...] vigfus ellendzson laugman og [hans syster hvstrv holfridr laugdv fyr greindvm grime palssyne og þorleife syni hans jordina kirkivuog. kotuog og merkines. sandgerdi og straum." DI VIII, 558-559
21.7.1515: Kirkju-Njarðvík er í Kirkjuvogskirkjusókn. DI VIII, 564. sbr. 584.
24.5.1516: Njarðvík er í Kirkjuvogskirkjusókn. DI VIII, 584
21.5.1523: Gálmatjörn og Kirkjuhöfn í Höfnum eru í Kirkjuvogskirkjusókn. DI X, 61.
[5.-6.1532]: Ögmundur biskup leyfir Páli Fúsason (Vigfússon) lausn á jörðum "hvoriar svo heita. Þorkelsgerde. Vindas og Kirkiuvogur." DI IX, 622-623. 16.9.1547: Kirkjuhöfn og Merkines eru í Kirkjuvogskirkjusókn. DI XI, 571.
[1553]: Máldagi Kirkjuvogskirkju. "Kirkian j Voge j Hofnvm a þridiung j heimalandi. Jtem halft Geirfuglasker." DI XII, 664
2.9.1560: Skiptabréf á eignum Þorleifs Grímssonar og Gríms, sonar hans. "hier nærst skiptum uier Einari Grimssyni og hans systur Þorunni j heiman fylgiu Grims heitins Þorleifssonar. [...] Kiriuuog fyrir .lxc." DI XIII, 520. 5.7.1569: Skipti eftir Þorleif Grímsson. "J fyrstu skijfftest mier Orme



Túnakort Kirkjuvogshverfis og skráðar minjar.

Stullasyne med riettu hlutfalle i motz vid adra Erfingia Þorleifs heitins. [...] Halfur Kyrkiuvogur fyrir xxxvc." DI XV, 289-290. Sjá einnig bréf 2.9.1569, DI XV, 306-307.
1575: Máld DI XV, 639-640
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 64, 66}
Njarðvíkurkirkja lagðist af um langan tíma og var þaðan sótt að Kirkjuvogi (PP, 102)
1811: Hvalnesprestakalli skipt upp og varð Kirkjuvogur annexía frá Útskálum, staðfest með konungsbréfi 26.4.1815; (PP, 104)
16.11.1907: Kirkjuvogssókn lögð til Staðar; (PP, 12) [lög]
1918: Á túnakorti er Kirkjuvogur merktur með Staðarhóli, Vesturbýli, tveimur Austurbýlum og Miðbæ sem og fimm þurrabúðum, nefndar eru eftir ábúanda, sem hafa aðeins kálgarða á jörðinni. Hjáleigur, tómthús, nýbýli og þurrabúðir á jörðinni eru: Bakki, Bóndhóll, Bjarghús (jafnað út um 1930), Brautarhóll, Djúpivogur hin lægri (eitt hús), Garðar (tómthús), Garðbær (þurrabúð), Garðir, Grund, Haugsendar, Hraunprýði, Hóll (áður Staðarhóll), Hvammur, Höfn, Kalmanstunga (á rústum Vífarskots), Kirkjuból, Klöpp (þurrabúð), Miðbær, Norðurhús (rifið 1929 og endurbyggt í Keflavík), Nýlenda (þurrabúð), Ragnheiðarstaðir, Seljavogur efri (þrjú hús), Sólbakki, Sólberg, Sólheimar, Sólvellir, Staður, Teigur (á rústum Árnagerðis), Tunga (í eyði um 1940), Torfdalur (í eyði um 1900), Vallarhús (í eyði um 1900), Vesturhús, Vorhús, Villabær (í eyði um 1930). Auk ónefnds húss (Túnakort 1918; Ö-Kirkjuvogur 1-2; Ö-Hafnir VHÍ, 4, 16-19). Þessu til viðbótar fluttist býlið Bjarg frá Merkineslandi til jarðarinnar um 1920 (Ö-Hafnir VHÍ, 20). Gamli-Kirkjuvogur er skráður undir Stafnesi á GK-040:089.
Býlið Hvammur þjónaði sem póst- og símstöð (Ö-Hafnir VHÍ, 18).
Jarðarítök: Merkines brúkar torfristu og stúngu á jörðinni skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 29. Jörðin taldi sig eiga rekavon innan Kalmanstjarnar skv. Örnefnaskrá (Ö-Kalmanstjörn, 2). Grasbýlismenn Kirkjuvogshverfis áttu æðarvarpsítak innan Kirkjuvogslands. Að auki átti Kotvogur túnblett innan jarðarinnar (Ö-Hafnir VHÍ, 4, 19).
"Ferðamaður, sem leggur leið sína suður í Hafnir í upphafi 21. aldarinnar, mun veita því athygi, að byggðin er nú öll á Kirkjuvogstorfunni. Fyrir sunnan og vestan kikrjuna, sem kalla má miðpunkt byggðarinnar, standa nokkur hús við götuna Kirkjuvog, en austan og norðan kirkju eru allmörg nýleg hús og standa við skipulagðar götur. Þetta hverfi, ef svo má kalla, myndar nú kjarna byggðarinnar. Það var að mestu reist á 8. áratug 20. aldar samkvæmt skipulagsuppdrætti [...]," segir í Höfnum á Reykjanesi, 200.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Kirkjuvog, tvenna austurbæi, miðbæ og vesturbæ, ásamt Staðarhól, Görðum, Klöpp, Vorhúsum, Ragnheiðarstöðum, Nýlendu, Hvamm, Norðurhúsum, Garðbæ, Tungu, Búðarbakka. ATH. Hefur ekki verið yfirfarið en er útprentað í möppu.
1918: "[A]ð mestu slétt og sléttuð."Tún (Staðarhóll), 1.74 hekt., garðar 1060 m2. Tún (Vesturbýli), 1.53 hekt., garðar 1090 m2. Tún (Austurbýli 1), 1.56 hekt., garðar (5 kg.) 780 m2. Tún (Austurbýli 2), 1.54 hekt., garðar (5 kg.) 860 m2. Tún (Miðbær), 2.1 hekt., garðar (3 kg.) 720 m2. Tún (Garðar), 0.4 hekt., garðar (5 kg.) 400 m2. Tún (Vorhús), 0.06 hekt., garðar (1 kg.) 370 m2. Tún (Ragnheiðarstaðir), 0.4 hekt., garðar 150 m2. Tún (Nýlenda), 0.04 hekt., garðar (1 kg.) 400 m2. Tún (Hvammur), 0.26 hekt., garðar 560 m2. Tún (Klöpp), 0.03 hekt., garðar (2 kg.) 500 m2. Tún (Garðbær) 0.3 hekt., garðar (3 kg.) 580 m2. Býli án túna: Garðar (Friðrik Gunnlaugsson), 320 m2. Garðar (Guðbjörn Björnsson) 330 m2. Garðar (Jón Ólafsson), 290 m2. Garðar (Lárus Vigfússon), 420 m2. Garðar (Þorsteinn Árnason), 600 m2.
Öll torfan samtals 9.6 hekt., og garðar 10290 m2.
1703: "Við til húsabóta taka ábúendur af rekunum þegar heppnast, ella kaupa sjálfir [...]. Tún jarðarinnar liggja undir skaða af sandfjúki af öllum áttum. Engjar öngvar. Úthagar um sumur nærri jörðunni í lakasta máta. Selstaða ei allfjarri. Mjög haglítil. En vatnsból í selinu mjög erfitt, so að á hestum þarf til að flytja um hásumar. Útigángur um vetur næsta því enginn nema af fjörunni. Vatnsból í lakasta lagi. En það það brestur, er ekkert vatn utan fjöruvötn, valla nýtandi fyrir seltu, og fyrir þessa orsök missir kvikfjenaður bæði nytjat og holda. Torfrista og stúnga ekki nema í sendinni jörðu, mjög lök og lítt nýtandi. Eldiviðartak ekkert nema af fjöru þángi. Fjörugrös nægileg fyrir ábúendur Selveiði góð ef iðkuð væri. Sölvafjara að nokkuru gagni. Hrokkelsafjara nokkuð lítil. Murukjarni og söl eru um vortíma mikill styrkur til að halda kvikfjenaði við lífið, og er oft í nauðsyn með stóru erfiði til sóktur, því ella liggur við opinber fellir bæði naut og sauða. Heimræði er árið um kríng og lendíng góð," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 32.
1840: "Hvað Kirkjuvogstún muni hafa af sér gengið, má meðal annars af því ráða, að Ingigerður [Tómasdóttir, dó 1804], móðir sál. Hákonar [Vilhjálmssonar, d. 1821], sagði Gróu minni [Hafliðadóttur konu Brands, d. 1856], að kerling gömul, móðir Sesselju í Garðhúsum, er eg man til, hefði sagt eftir

annari kerlingu, að full sáta heys hefði í hennar tíð verið slegin á Kirkjuskeri, sem nú fer á kaf í hverjum stórstraumi, og þá hefði varla verið klyfjafært muilli Þvottakletta og búðarbakkans, sem nú er að 30 faðma rúm í millum, en sandur skemmir þó enn meira, því að í þau 50 ár, er eg veit til, hefir blásið af norðurtúninu til vissu kýrfóðurvallarstærð auk skemmda, garðafærslur sýna." SS(Lýsing á Höfnum), 150 nm. "Í Vilkinsmáldaga er sagt, að undir jörðina Vog, sem var norðan Ósa, lægi 50 kúa flæðiengi, og getur því ekki annað verið en það sé lægðin, þar sem fjörður er nú. Bendir ótvírætt til, að fastland hafi verið þvert yfir frá Eyjartanga í Einbúa, því á þessu svæði er talsverð eyja skammt frá landi við Eyjartanga og mikill skerjaklasi þar á milli. Sjór hefir brotið landið og sterkar líkur á, að hér sé einnig um mikið landsig að ræða." Ö-Hafnir, 2-3 - Ekkert er um Vog eða flæðiengi í Vilkinsmáldögum.
"Niður undan Árnagerði var maðkasandur. Þar var grafið eftir fjörumaðki," segir í örnefnaskrá (Ö-Kirkjuvogur, 2).
Örnefni: Akrar, Faxagerði og Hestaskjól er að finna innan jarðarinnar (Ö-Kirkjuvogur, 2, 5).



1850-310: Horft til austurs þar sem útihúsið var.



1850-311: Hleðsla af útihúsinu, horft til suðvesturs.

1850-310: GK-035:015 heimild útihús
Á túnakorti frá 1918 er merkt «(2 hús hér við sjó)» á móts við norðausturhorn túngarðsins.
Mikið af stóru grjóti og smærra. Allt horfið, líklega vegna ágangs sjávar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-311: GK-035:016 hleðsla útihús
Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús, sambyggt við túngarðinn að innanverðu, 26 m austur af austasta húsinu á Búðarbakka 017.
Sléttlendi við sjóinn, grasi gróið. Hús er til vesturs en bryggjan til norðausturs.
Enn má sá óljósa hleðslu á lágum hól. Hún er 0,2-0,6 m á hæð og grjóthlaðin. Hún er L-laga og 3,1x2,7 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Túnakort 1918

1850-309: GK-035:017 *Búðarbakki* heimild býli
Á túnakorti frá 1918 er sýnd þyrping af húsum á um 40 m bili við túngarðinn og merkt sem «Búðarbakki». Um er að ræða 6 aðskilin hús og eitt þrískipt sem gæti verið timburhús. Framan við þessa þyrpingu er vörin 018. A.m.k. eitt af þessum húsum er íbúðarhús því fram kemur í skýringum að Þorsteini Árnasyni þurrabúðarmanni á



1850-309: Horft er til austurs yfir svæði þar sem Búðarbakki eitt sinn stóð.


Búðarbakka tilheyri kálgarðar alls 600 m2 að stærð.
“Verður næsta hús Höfn, þá Bakki, Sólberg, Sólbakki, en Kirkjuból heitir húsið á götuhorninu og uppi á hólnum sjávarmegin (nú) Hóll (áður Staðarhóll). Öll þau hús, sem nú hafa verið nefnd, eru byggð á landhluta, sem hét Búðabakki. Öll þessi hús eru á hægri hönd.” segir í örnefnaskrá Hafna.
“”Þá kemur næsta býli, sem var nálægt Magnúsi Ketilssyni [156]...” “Það sést nú ekkert af þessum býlum lengur, þau eru öll horfin...” “Nei, það var Búðarbakki. Það var sömuleiðis þurrabúð. [...] Næst fyrir sunnan Búðarbakka, sem stóð í laut hér í inntúninu, var svo hóll fyrir framan eða sunnan. Þar var Staðarhóll [019],”” segir í viðtali Jökuls Jakobssonar við sr. Jón Thorarensen 28. apríl 1973, endurrituðu á ferlir.is.
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir um bæjarhól Búðarbakka: “A við frystihúsið í Höfnum. [...] 20x30 (A-V). Hóll er 4-5 m á hæð og mjög vel gróinn, ekki sést móta fyrir útlínum veggja á yfirborði hans. Hins vegar má sjá á N-hlið garðlög mjög vel. Þau eru án efa hluti mannvirkis frá frá 20. öld enda mikið af steypu og járnarusli sem enn má sjá í þeim.”
Malarvegur við sjóvarnargarðinn. Allt horfið af yfirborði. Á loftmynd frá 1954 má sjá að nokkur hús voru á þessu svæði auk mannvirkja tengd fiskþurrkun.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Hafnir VHÍ, 17; www.ferlir.is/?id=10362; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008: 176:2

1850-911: GK-035:018 heimild lending
Á túnakorti frá 1918 er sýnd «vör» framan við húsaþyrpinguna á Búðarbakka 017. Á korti af Ósabotnum frá 1918 er sýnd «Kirkjuvogsvör» og á það heiti við um báðar varirnar 018 og 020.
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir um vörina í landi Búðarbakka: “N við bæinn [...]. Vörin er mjög vaxin þara.”
Vörin var líklega þar sem nú er steyptur garður út í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008: 176:1; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 177:1



1850-303: Uppmælingar af minjum við Staðarhól.

1850-303: GK-035:019_1 *Staðarhóll*
bæjarstæði bústaður
Á túnakorti frá 1918 er sýnd húsþyrping í viki sem kemur í túngarðinn NNA af bænum, á móts við lendinguna 020. Þyrpingin er merkt sem Staðarhóll, sem var eitt af 5 býlum í heimajörðinni. Um er að ræða 7 byggingar og tvær hlaðnar safnþrær, önnur vestan við en hin suðaustanvið. Eitt af húsnum er sambyggt túngarði að austan og hefur greinilega verið torfhús - hin gætu öll verið timburhús.
“Næst fyrir sunnan Búðarbakka [017], sem stóð í laut hér í inntúninu, var svo hóll fyrir framan eða sunnan. Þar var Staðarhóll. Þar bjó Magnús Pálsson, hreppsstjóri sveitarinnar,” segir í viðtali Jökuls Jakobssonar við sr. Jón Thorarensen 28. apríl 1973, endurrituðu á ferlir.is.
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: „A. Gerði. Við enda Hafnargötu. Ca. 45 m A við Hafnargötu. [...] 15-20 m (NNV-SSA). Veggir úr stóru hraungrýti; 0.1-0.8 m á hæð. NNA-hluti mikið gróinn og sokkinn, garðlög sjást því ekki þar. SSA-hlið nánast ekkert gróin og því sjást garðlög þar. B. Hugsanlegur bæjarhóll. NV við íbúðarhús. SA við



1850-303-306: Staðarhóll á túnakorti frá 1918.

Hafnargötu (veginn). [...] 19x18 m (NV-SA). Óræðinn rústahóll, ekki bollamyndaður en þó má greina á honum hryggi. Hóllinn er lítið mosavaxinn, nema á hryggjunum og allur vel gróinn. Í túnina má sjá fleiri hóla sem allir gætu innihaldið fornleifar. C. Rúst. 40 m NA við Hvamm (Hafnargötu 27). Alveg við Hafnargötu. [...] 5.5x4 m (NV-SA). Veggir úr grjóti; niðurgrafin, ca 1.3 m á dýpt. Ekki hægt að sjá breidd veggja vegna þess að þeir eru það grónir saman við grasið. Garðlög sjást nokkuð vel, en þó hefur verið fyllt hefur verið í þau með steypu og veggirnir eru vel mosavaxnir. Botninn er vel gróinn. D. Rúst. 100 m A við Hafnargötu (S enda hennar). 30 m N við rúst [027 (A)] [...] 5x4.5 m (NA-SV). Veggir úr grjóti; niðurgrafin, ca 1.3 m á dýpt við kanta, ekki hægt að sjá dýpt í miðju vegna vatns, er þó greinilega dýpri þar. Ekki hægt að sjá breidd veggja vegna þess að þeir eru það grónir saman við grasið. Fyllt hefur verið í garðlög með steypu og því sjást garðlög ekki, nema efst. Veggirnir eru mosavaxnir, botn er vel gróinn. Mikið af grjóti í botninum (ekki hrunið úr veggjum þróarinnar, að sjá má).“



1850-303: Staðarhóll, horft til suðvesturs.

Vesturhluti Staðarhóls er horfinn undir stór frystihús og ekki er vitað til þess að fornleifaransóknir hafi farið fram áður en það var gert.
Stór hóll norðaustan við frystihúsið, sést í hleðslur nyrst í honum. Hóllinn er grasivaxinn. Í norðurhluta hólsins sést glitta í grjóthleðslu, 0,5-1 m á hæð. 1-2 umför af grjóti.
Hættumat: mikil hætta, vegna byggðar
Heimildir: Túnakort 1918; www.ferlir.is/?id=10362; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 15:1-15:3, 16:1

1850-304: GK-035:019_2 hleðsla útihús



1850-304: Steyptur grunnur af útihúsi, horft til suðvesturs.



1850-305: Grjóthlaðinn grunnur, horft til suðvesturs.

Steypt mannvirki, 0,3-0,4 m á hæð. Sést norðaustarlega í hólnum en engin hús eru merkt þar á túnakorti.
Hættumat: mikil hætta, vegna byggðar

1850-305: GK-035:019_3 hleðsla
Grjóthlaðinn grunnur af byggingu, mögulega einverri þeirra sem sjást á túnakorti. Hann er 0,2-0,3 m á hæð.
Hættumat: mikil hætta, vegna byggðar



1850-306: Óþekkta gryfjan, horft til austurs.



1850-302: Kirkjuvogsvör í fjarska, horft til norðausturs.

1850-306: GK-035:019_4 gryfja óþekkt
Niðurgröftur um 0,3-0,5 m á dýpt. Hann er algróin.
Hættumat: mikil hætta, vegna byggðar

1850-302: GK-035:020 *Kirkjuvogsvör* heimild lendingg
1703: "Heimræði er árið um kring og lending góð. Gánga hjer skip heimabænda eftir hentugleikum og stundum um vertíð aðkomandi skip fyrir undirgift." JÁM III, 32. Á túnakorti frá 1918 er sýnd «vör» norðan við Staðarhól 019 en þar er breitt vik í túngarðinn og er þetta sennilega aðallending Kirkjuvogs. Á korti af Ósabotnum frá 1918 er sýnd «Kirkjuvogsvör» og á það heiti við um báðar varirnar 018 og 020.
"Kirkjuvogsvör. Þaðan hafa gengið opin skip til fiskveiða frá aldaöðli, en er nú með öllu lögð niður, eftir að aðstaða batnaði við hafnargerðina," segir í örnefnaskrá Hafna.
"Þess vegna fara menn oftast frá Nesinu suður í Hafnir á flutningi eða ferju yfir Ósana; er flutt yfir þá, bæði fyrir framan af svo nefndri Preststorfu [GK-040:087], og er þá komið í Kirkjuvogsvör, og fyrir innan af Skotbakka [GK-040:107], fyrir innan Kirkjuvogseyri," segir í sýslu og sóknalýsingum. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "N við bæinn [...]. Vörin er mjög vaxin þara." Í skýrslunni segir ennfremur um sama stað: "N við frystihús í Höfnum, NA við Kotvog. [...] Vörin er mjög vaxin þara."
Vör við gamla bryggju, beint vestan við Virkishól. Mikið af klöppum og þara eru á þessu svæði. Úrgangur rennur í sjóinn við frystihúsið.



1850-203: Horft er til norðausturs eftir túngarðinum.


Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Ósabotnar 1918; JÁM III, 32; Ö-Hafnir VHÍ, 6; SSGK, 84; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 175:1

1850-203: GK-035:021 garðlag túngarður
Þetta er að öllum líkindum vörslu- eða túngarður umhverfis tún sem er sunnan við Hafnir og byggðina þar. Er í svokölluðum Haugsendum. Hluti af mun stærra garðlagakerfi en einungis þeir hlutar sem voru innan skráningarsvæðis voru mældir upp.
Greinilegur til norðvesturs, áður er sveigt er til austurs að sumarbústað. Þar sjást 2 umför og hann vel hlaðinn.
Veggir eru grjóthlaðnir og eru um 0,2 m á hæð og 1 m á breidd. Það má sjá tvö umför af grjóti í þeim. Garðurinn lá líklega að bæ sem kallaðist Í Görðum eða Villabær.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-176: GK-035:022 garðlag kálgarður
Á túnakorti frá 1918 er sýnd þyrping kálgarða í norðvesturhlið túnsins að innanverðu. Hún er merkt



1850-176: Kálgarðurinn, horft til suðvesturs.




Uppmæling minja norðvestur við Kirkjuvog.

sem «Réttir og kg» og gæti verið gömul rétt þar sem dilkunum hefur verið breytt í kálgarða. Um 40 m norður af Görðum 023. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "SV við Réttarveg og SA við nútíma varnargarð. Liggur alveg upp við bæði Réttarveg og varnargarðinn [...] 70x30 m (NA-SV). Skiptist upp í 8 hólf. Hólfin eru aðskilin með lágum grjótgörðum sem eru um 0.4 m á breidd og 0.2-.04 m á hæð. Mikið grjót er inn í görðunum sem er vel gróið (uppkast frá sjónum). Auk þess er einnig grjót sem hrunið hefur úr nýlega varnargarðinum."
Á túnakortinu eru kálgarðarnir/réttin svæði sem er 92x25 og snýr NNA-SSV. Þeir eru hlaðnir við fjöruna og á túnakorti má sjá um 14 hólf. Einhver þeirra gætu verið réttir en líklega voru þau bæði notað sem rétt og kálgarðar. Enn má sjá hluta af hleðslum þarna en ljóst að þetta mannvirki er mjög skemmt vegna sléttunar sem og ágangs sjávar. Mikið er hrunið úr veggjum til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 9:3



1850-195: Bæjarhóll Garða, horft til auðausturs.



1850-195: Uppmæling af bæjarhól Garða.

1850-195: GK-035:023 *Garðar* bæjarhóll býli
Um 40 m sunnan við rétt 022 er tómthúsið Garðar sýnt á túnakorti frá 1918. Þar eru 5 samtengd hús sem snúa norðvestur - suðaustur og er hlaðin safnþró 171 við norðvesturendann. Kálgarður austanvið. Bæjahóllinn sést enn og er grasivaxinn. Hann er um 20 x 13 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er um 0,5-1 m á hæð og nokkuð ójafn. Greinilegt að hér er enn mannvist undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Túnakort 1918

1850-174: GK-035:025 heimild útihús
Á túnakorti frá 1918 er sýnt tvískipt útihús rúmlega 20 m vestur af Görðum 023. Það tilheyrði þeim bæ að öllum líkindum.
Gróið svæði en ljóst að hér er enn mannvist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Túnakort 1918

1850:194: GK-035:043 garðlag túngarður
Á túnakorti frá 1918 er sýndur túngarður utan um stærsta hluta túns í Kirkjuvogi. Einkum er hann samfelldur og mikill að norðan og austan. Að sunnan eru sýndar útgræðslur og m.a. eldri garður norðan við Garðbæ 039, og skiptast þar á grjótgarðar og vírgirðingar.
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "S við Réttarveg, V við malarveg sem liggur S í framhaldi af Hafnargötu. Túnið liggur milli malarvegar og varnargarðs. N við Réttarhússtúns. [...] 145x100 m (ath N-S; NNV-SSA). Túngarðurinn sveigist um miðjuna og liggur því í tvær áttir. Túngarðurinn er um 0.5 m á breidd og ca 0.3-0.5 m á hæð. Garðurinn er mikið skemmdur, N-hlið hans er nánast horfin undir Réttarveg og V-hliðin er alveg horfin undir nútíma varnargarð. Því eru aðeins A og S- hliðarnar sýnilegar. Innan þessa túngarðs eru rústir 9:3 (kálgarður / fiskþurrkunarreitir) og 9:2 (forþró). Auk þess liggur túngarður þvert á miðjan garðinn og skiptir svæðinu í tvennt, Kirkjuvog (N) / Kotvog og Kotvog (S/SA). Auk hans er stuttur garður í SA-horni svæðisins sem túngarðurinn afmarkar."
Túngarðurinn afmarkaði tún býlisins Garða til allra átta nema vesturs, þar voru kálgarðar 022 sem réðu. Hann er víða horfin vegna sléttunar og ágangs sjávar. Hann sést t.d. ekki innan skráningarsvæðisins. Alveg við nútíma sjóvarnargarð, hluti garðlagsins hefur eyðilagst við byggingu.
Hættumat: mikil hætta, vegna byggðar
Heimildir: Túnakort 1918; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 9:1

1850-225: GK-035:052 *Hunangshella* þjóðsaga
"Þetta heitir Hunangshella og er hraunklöpp. Sagan segir, að finngálkn (afkvæmi tófu og kattar) hafi lagzt á fénað manna og gert mikið tjón. Var reynt að vinna það. Gekk það illa, þar til maður nokkur smurði hellu þessa með hunangi, en í það var dýrið mjög sólgið. Skaut hann svo dýrið með silfurhnöppum, þegar það kom til að gæða sér á hunanginu," segir í örnefnaskrá. "Við landsuðurhorn Ósannna hjá alfararvegi (Keflavíkurveginum) er flöt hraunklöpp eigi alllítil, sem kölluð er Hunangshella. Sagan segir, að dýr það, sem heitir finngálkn (þ.e. afkvæmi tófu og kattar), hafi lagzt á fénað manna og gjört tjón mikið," segir MG. "Reyndu menn til á ýmsa vega að drepa það, en gátu ei sökum styggðar þess og fráleika. Þá hitt maður einn upp á því að bera hunang á hellu þessa og lagðist þar hjá í leyni. Dýrið rann á lyktina og sleikti hunangið, því finngálkn eiga að vera mjög sólgin í það. Þá skaut maðurinn dýrið, en hellan er síðan kölluð Hunangshella." Sama saga er í Ö-Hafnir VHÍ, 3-4.
"Þegar gengið er eftir gömlu götunni, alfaraveginum sunnan Ósabotna til Hafna, er slétt jökulsorfin grágrýtishella á hægri hönd, nú orðin nokkuð gróin. Á hellunni, sem nefnd er Hunangshella, er varða," segir á ferlir.is.
Ragnheiður Traustadóttir skráði Hunangshellu árið 2000. Lega hellunnar var þar skráð: 21:37:56.08; 63:56:19.57.
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: «Þar sem sjór gengur lengst til A í Ósabotnum er grágrýtisklöpp ca. 14x22 m (NA-SV).»
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-225: Horft til norðausturs yfir Hunangshellu.


1850-316: Horft til suðvesturs yfir voginn er kallast Brunnvogur.

Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 258-59; Ö-Kirkjuvogur, 5; www.ferlir.is/?id=2954; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 56; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 6:1, 7:1


1850-316: GK-035:055 *Brunnvogur* örnefni brunnur
"[sunnan við Litla-Selhelluvog] tekur við klettabelti, sem heitir Brunnvogsklettar og sunnan þeirra Brunnvogur." segir í örnefnalýsingu.
Grasi vaxinn vogur, mikið af þara í grasinu. Enginn brunnur sést á yfirbrði á þessu svæði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 3

1850-229: GK-035:056 *Þjófhellistangi* örnefni
"Nú tekur við talsverð vík, sem afmarkast af Steinboga að austan, en Þjófhellistanga að vestan. Þetta er hinn svonefndi Ósbotn." segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst af hverju þetta nafn er komið en það bendir til þess að þjófar hafi átt skúta hér.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 3

1850-223: GK-035:058 *Stekkjartangi* þúst stekkur



1850-223: Stekkurinn, horft til VSV.



1850-223: Uppmæling af stekknum.

"[í Leirdalsvík] Þá er Stekkjarvik, Leirdalstangi að austan, en Stekkjartangi að vestan." segir í örnefnalýsingu. "Hellir er þar í smáhæð nær sjó. Þetta hvort tveggja er umflotið um flóð. Þá er þar innar smávik, sem nefnt er Stekkir. Það er graslendi og gamlar stekkjartættur. Lítið eitt innan við Stekki er smásjávarlón," segir í örnefnaskrá.
Gróið hraun, allt að fjörunni. Hér og þar kemur grjót uppúr sveðri. Þúst er á þeim stað sem Stekkjartangi og -vik eru. Hún er nánast ferhyrnd og algróin. Það mótar óljóst fyrir innri veggjum. Fuglaþúfa fyrir miðju.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 4; Ö-Kirkjuvogur, 3

1850-912: GK-035:059_1 gryfja stekkur
"Dálitið vestar [en Hellishæð] skerst inn krókmyndað vik, sem heitir Torfdalsvik. Vestan viksins gengur grasi gróið nes til norðurs. Þar var til forna lítið býli og hét það Torfdalur. Það fer í eyði upp úr síðustu aldamótum." segir í örnefnalýsingu. Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Grasi grónar grundir. Liggur við sjó N-megin og Hafnargötu (í Höfnum) S-megin. [...] Eyðibýlið nær frá sjó og í S að Hafnavegi og frá Árnagerði/ Teigi S-megin. Ástand rústanna er ágætt og þær eru lítið raskaðar, nema garður sem liggur út í fjöru og hefur rofnað nokkuð. Hér hefur verið mannvist fram á 20. öld. [..] 5x3 m (A-V). Mjög vel gróin og engin garðlög sjást. Niðurgrafið. Líklegast niðurgröftur. B) 2.5x1.5 m (N-S). Mjög vel gróin og engin garðlög sjást. Niðurgrafið. Líklegast niðurgröftur." Hér er skráður stekkur, þ.e. í þessum niðurgreftri.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 4; Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson 2008, 4:1-6


1850-913: GK-035:059_2 gryfja lending
Í skýrslunni Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "15 m SA við gerði [B]. Vörin er A-megin á nafnlausum tanga sem er A-megin við Eyjatanga. 300 m N við Hafnaveg. Vörin er N-megin við enda slóða sem liggur frá Hafnavegi út í tanga. Slóðinn er 500 m A við Kirkjuvogshverfi í Höfnum. [...] 7.5x3 m (NA-SV). Mikið af grjóti er í vörinni, ekkert gróin."



1850-221: Grjóthlaðin rétt, horft til norðurs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-221: GK-035:059_3 garðlag rétt
Í Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: „3. Gerði. [...] 18x12.5 m (NA-SV). Veggir úr grjóti; 0.5-0.9 m á breidd og 0.4-0.6 m á hæð. Garðlög sjást vel alls staðar. Dyr eru á SV hlið. Garðlög sjást alls staðar, en gerðið er þó nokkuð vel gróið. Gerðið er á lítilli hæð og N-hluti þess stendur ca. 1.5-2 m ofar en hinir hlutar gerðisins. Í þeim hluta er lítil rúst (4:2. a.) 5.5x3.5 m (NV-SA). Veggir rústarinnar eru horfnir og það sést aðeins óljóst hvað rústin hefur staðið. Einnig er inn í gerðinu hleðslur (alveg grónar) meðfram NV-hlið gerðisins, alveg upp við garðinn." Líklega umhverfis tún bæjarins, þ.e. næst bænum. Réttin er uppi á hól, í halla til suðurs og SSA. Það er opin til vesturs, veggirnir hlaðnir og það má greina 5-8 umför af grjóthleðslu í þeim. Inni í réttinni er sambyggt hólf að norðan, mögulega stekkur. Það er 8x1,5 m og snýr norður-suður. Op er til vesturs nyrst í því. Það sér óljóst móta fyrir beinum bakka til vesturs sem gæti verið annað hólf. Skrásetjari varð ekki rústarinnar var enda óljóst miðað við lýsingu fá 2002 hvort hún hafi verið greinileg eða ekki.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



Uppmælingar af minjum við Torfdal 1850-923.

1850-220: GK-035:059_4 tóft kálgarður




1850-220: Kálgarðurinn, horft til norðurs.

Kálgarður er norðan við réttina, sjór gengur yfir hann til norðurs. Allt umhverfis hann er gróið gamalt tún. Það sjást 2 hólf í kálgarðinum og það þriðja er nánast horfið vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-219: GK-035:059_5 garðlag túngarður
Í Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Á tanganum sem er næsti tangi A við Eyjartanga (sem er A við Kirkjuvogshverfi í Höfnum). Yst á tanganum, V-horn hans. Garðurinn er út í fjöru. [...] 24 m á lengd (A-V). Garðurinn er úr grjóti, 0.6-1 m á breidd og 0.1-0.3 m á hæð. V megin við miðju er hlið á garðinum." Garðlag

liggur til vesturs frá réttinni, sveigir og liggur að hluta til í sandi og fer undir sjó. Þar liggur það utan við klapparhól, fer sunnan hans, og upp á hann aftur til norðurs. Sjór gengur hér yfir og brýtur minjarnar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-219 og 218: Uppmælingar af kálgarðinum og túngarðinum.

1850-923: GK-035:059_6 *Torfdalur* tóft bæjarstæði
Í Fornleifaskrá Reykjanesbæjar segir: "Áfast NA-hlið gerðis [B]. Stekkurinn er efst á tæplega 2 m háum hól. Ca. 320 m N af Hafnavegi. Út á tanga sem er næsti tangi A við Eyjartanga. Tanginn er A-megin við Kirkjuvogshverfi í Höfnum. [...] 9x3 m (NA-SV). Skiptist upp í tvö hólf (A-B). Veggir úr grjóti; ca. 1 m á breidd og 0.1-0.3 m á hæð. Stekkurinn er


1850-923: Bæjarstæðið Torfdalur, horft til suðausturs.


1850-219: Horft til suðurs yfir túngarðinn.

mjög vel gróinn og garðlög sjást ekki. Hólf A er 3x2 m (NV-SA). það vantar NV-hlið. Hólf B er 7.5x3 m (NA-SV). Dyr eru á NV-hlið hólfsins." Ekki er vitað hvar býlið sjálft var staðsett og engin bæjarrúst er þekkt en líklega var hún þar em niðurgröftur sem skráður var 2002 við fornleifaskráningu í Reykjanesbæ og mögulega undir stekk eða þeim tóftum sem sjást við gerði 059_3.
.**Hættumat:** mikil hætta, vegna landbrots


1850-300: Leifar af varnargarðinum, horft til norðurs.


1850-312: Horft til norðausturs yfir Þvottakletta.

1850-300: GK-035:060 garðlag varnargarður
“Glöggt má sjá elju manna og tilraunir að hefta landbrot sjávarins, því víða má sjá grjóthleðslur fyrir vikum, en allt hefur komið fyrir ekki.” segir í örnefnalýsingu.
Markar mun á landi og fjöru, stórir steinar. Túngarðinn sem stóð hér er að mestu horfinn. Eins má gefa sér að gerð yngsta sjóvarnargarðsins hafi eyðilagt það eldri að mestu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 4

1850-312: GK-035:061 *Þvottaklettar* örnefni þvottastaður
“Vestan hafnargarðsins [í Höfnum] er talsvert sandvik nafnlaust, en afmarkast af löngum klapparana að vestan, sem heitir Þvottaklettar, og er þá komið að Kirkjuvogsvör.” segir í örnefnalýsingu Hafna. Í örnefnaskrá Kirkjuvogs segir: “Austan við vörina eru Þvottaklettar. Það eru háir klettar, en vötnin runnu sitt hvorum megin í vörinni.”
Svartir klettar niðri í fjöru og ganga þeir til norðurs út í sjóinn í nokkurs konar tanga. Þar myndast pollar á milli kletta.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hafnir VHÍ, 5; Ö-Kirkjuvogur

1850-919: GK-035:071 gripir
“Enn má geta þess, til merkis um það hve landið hefir brotnað, að í Ósunum var ey mikil, milli Kotvogs og Kirkjuvogs forna, og var hún slægjuland. Nú í seinni tíð hefir hún bæði blásið upp og sjór brotið hana, því flóð falla mjög svo yfir klappir þær, sem undir jarðveginum láu. Þar fann Vilhjálmur sál. Hákonarson, á yngri árum sínum, skeifu, er kom fram undan 3 al. háum bakka. Hún var miklu stærri en skeifur eru nú á dögum. En þá var forngripasafnið enn ekki stofnað. Var ekkert hirt um skeifuna og er hún glötuð fyrir löngu,” segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Eyjan er nú sker og skrásetjarar komumst ekki þangað yfir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 42

1850-917: GK-035:074 heimild rétt
“3 réttir sá ég í Höfnum. 2 í Kirkjuvogi, þær eru horfnar [...],” segir í svörum í Þjóðháttasafni. Hér er verið að skrá báðar réttirnar í Kirkjuvogi en ekki er vitað hvar þær voru staðsettar. Báðar eru þær horfnar vegna landbrots.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: ÞÞ 10599

1850-909: GK-035:077 garðlag túngarður
Á túnakorti frá 1918 sést túngarður afmarka tún Garða til allra átta. Bærinn er sunnan við Kirkjuvog og svo virðist sem túnin hafi legið saman en engu að síður afmörkuð með aðskildum görðum að hluta. Eins er líklegt að tún Garða sé yngra og byggt við eldra tún Kirkjuvogs.
Túngarðurinn er horfinn að vestan við sjóinn en sést enn utan skráningarsvæðisins.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-307: GK-035:081 heimild leið
Á túnakorti frá 1918 er leið teiknuð sem liggur frá milli bæjar 001 og Staðarhóls (019). Leiðin snýr norður-suður.
Öll ummerki leiðarinnar eru horfin í ræktaða bletti og undir mannvirki.
Hættumat: mikil hætta, vegna byggðar
Heimildir: Túnakort 1918

1850-308: GK-035:083 gata leið
Á túnakorti frá 1918 er leið sem tvístrast frá götu (GK-621:002) og liggur í norðurátt til minjastaðar (017).
Liggur frá Staðarhól að Búðarbakka, að vörinni. Flatt svæði og 4 íbúðarhús standa þar nú í röð skammt austar við áætla staðsetningu leiðarinnar.
Hættumat: mikil hætta, vegna byggðar
Heimildir: Túnakort 1918

1850-173: GK-035:091 garðlag kálgarður
Á vesturhluta túnakorts frá 1918 er ferhyrntur



1850-173: Kálgarðurinn, horft til norðurs.



Yfirlitsmynd af kálgarði 1850-173.

kassi með «kots.» párað inní. Nákvæm staðsetning er ekki merkt.
Við sjóinn. Vestustu húsin í höfnum. Mikið flatt svæði. Hrundir lágir garðar sem mynda gerði. Kálgarðurinn hefur verið stækkaður í seinni tíð, er mun stærri nú en áður var.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

1850-920: GK-035:096 heimild skip
"Háuklettar suður frá bæ, og þar undir eru Hásteinar. Þetta eru þrír steinar með millibili, og sést aðeins á þá í mestu fjöru. Milli þeirra og lands í dauðum sjó fórst skip fyrir um 82 árum," segir í örnefnaskrá. Ekki er alveg vitað en líkelga á þessum slóðum. "1873. Þá varð skipsskaði í Höfnum, er sex menn drukknuðu af sexæringi í útróðri frá Kirkjuvogi. Tók sig upp boði nálægt svo nefndum Hásteinum, sem féll ofan í skipið, sópaði út mönnunum og tvíhvolfdi skipinu. Náðust tveir með lífi, en þetta skeði mjög nærri landi," segir Magnús Þórarinsson í Frá Suðurnesjum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kirkjuvogur, 2; Frá Suðurnesjum, 2093

1850-301: GK-035:097 *Danskhúsvöllur* heimild skemma
"Neðan við veginn, sem liggur milli húsanna þvert gegnum túnin, taka við sléttir vellir suður af Kotvogi. Þessi völlur heitir Danskhúsvöllur. Þar voru salthús, sem danskir áttu, og þar var gömul rúst, sem nefnd var Danskhús. Svo kom sjórinn einn góðan veðurdag og tók allt saman," segir í örnefnaskrá.
Sléttur völlur sunnan Kotvogs, líklega notaður til beitar nú. Ekki er vitað hvar þessu hús voru staðsett enda horfin vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kirkjuvogur, 2

1850-314: GK-035:099 *Hjallhóll* heimild huldufólksbústaður
"Þar austur af [Dönskuhúsum, 097] er stór hóll, sem heitir Virkishóll [098]. Það er huldufólkshóll, sbr. sögur í Rauðskinnu. Þar hefur heyrzt söngur. Þar austur af er Hjallhóll [099], sem er við sjó, og fellur upp undir hann í stórum flóðum. Þessi hóll er kirkjustaður huldufólksins. Þaðan heyrðist söngur. Norðan við hann er Hjallavöllur [...]. Hjallhóll er um 200 metra norðaustur af Virkishól," segir í örnefnalýsingu.
"Horfði Hafliði undrandi á líkfylgd þessa, unz hún kom að Hjallhólnum. Þá opnaðist sá hóll einnig fyrir sjónum Hafliða, og hvarf öll líkfylgdin þangað inn. [...] Hjallhóllinn er á að gizka 200 stikur í norðaustur frá Virkishólnum," segir í Rauðskinnu I. Líklega komin undir frystihús og hjallurinn hluti af Staðarhól. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja Hjallhól.
Hættumat: mikil hætta, vegna byggðar



1850-313: Skipalág horft til norðausturs.

Heimildir: Ö-Kirkjuvogur, 2; Rauðskinna I, 12.

1850-313: GK-035:100 *Skipalág* heimild naust
"Lautin hér upp af, niður undan Kirkjuvogi, er nefnd Skipalág. Þar voru vertíðarskipin sett upp," segir í örnefnaskrá. Líklega á milli bryggjunnar og Þvottakletta 061.
Lending í grárri sandfjöru.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kirkjuvogur, 2

1850-48
1850-49
0
75
150
225
300 m


Minjakort 6
1850-75
1850-53
1850-129
1850-127
1850-128
1850-123
1850-124
1850-122
1850-120
1850-121
1850-114
1850-119
1850-126
1850-117
1850-906
1850-116
1850-130
1850-113
1850-111
1850-112
1850-107
1850-108
1850-115
1850-109
1850-110
1850-52
0
100
200
300
400 m


Minjakort 7



1850-91
1850-136
1850-135
1850-134
1850-138
1850-137
1850-140
1850-139
1850-144
1850-141
1850-142
1850-86
1850-143
1850-133
1850-85
1850-82
1850-78
1850-66
1850-83
1850-77
1850-58
1850-90
1850-62
1850-68
1850-89
1850-54
1850-65
1850-56
1850-60
1850-64
1850-84
1850-74
1850-69
1850-63
1850-72
1850-57
1850-70
1850-76
1850-75
1850-53
1850-129
0
100
200
300
400 m

Minjakort 7a:




Heimatún: Kalmanstjörn, Junkaragerði og Traðarhús


1850-151
1850-163
1850-162
1850-907
1850-96
1850-164
1850-149
1850-94
1850-95
1850-92
Minjakort 8
0
100
200
300
400 m


1850-203
1850-201
1850-910
1850-99
1850-200
1850-171
1850-172
1850-166
1850-168
1850-160
1850-97
1850-916
1850-908
1850-170
1850-157
1850-148
1850-153
1850-161
1850-156
1850-152
1850-98
1850-150
1850-151
1850-163
1850-907
1850-162
1850-164
1850-96
1850-149
Minjakort 9
0
100
200
300
400 m


Minjakort 9a:
Heimatún: Merkines
1850-200
1850-171
1850-172
1850-166
1850-168
1850-908
1850-160
1850-97
1850-170
1850-916
1850-159
1850-155
1850-169
1850-158
1850-157
1850-154
1850-148
1850-156
1850-153
1850-152
1850-161
1850-98
1850-150
1850-151
1850-163
1850-907
1850-162
1850-96
1850-164
1850-149
0
25
50
75
100 m


1850-178
1850-179
1850-177
1850-176
1850-175
1850-909
1850-174
1850-196
1850-173
1850-209
1850-210
1850-208
1850-206
1850-207
1850-212
1850-213
1850-192
1850-193
1850-922
1850-211
1850-205
1850-204
1850-203
Minjakort 10
0
100
200
300
400 m


1850-177
1850-176
1850-175
1850-195
1850-909
1850-174
1850-196
1850-173
1850-209
1850-210
1850-208
1850-206
1850-213
1850-212
1850-207
1850-192
1850-193
1850-922
1850-211
1850-205
Minjakort 10a:
Heimatún: Réttarhús og Garðar
0
25
50
75
100 m


Minjakort 11
1850-315
1850-313
1850-312
1850-911
1850-311
1850-310
1850-302
1850-308
1850-194
1850-198
1850-304
1850-199
1850-191
1850-305
1850-189
1850-182
1850-307
1850-186
1850-181
1850-183
1850-188
1850-180
1850-178
1850-179
1850-177
1850-176
1850-175
1850-909
1850-174
1850-196
1850-173
1850-209
1850-210
1850-208
1850-206
1850-207
1850-212
1850-213
1850-192
1850-193
1850-922
1850-211
1850-215
1850-214
1850-216
1850-217
0
100
200
300
400 m

Minjakort 11a:

Heimatún: Kirkjuvogur og Kotvogur





Minjakort 12
1850-219
1850-220
1850-912
1850-923
1850-221
1850-215
1850-913
1850-218
1850-214
1850-217
1850-216
1850-222
1850-925
1850-924
1850-223
0
100
200
300
400 m


Minjakort 12a:
Heimatún: Teigur
1850-315
1850-219
1850-220
1850-912
1850-923
1850-221
1850-913
1850-215
1850-218
1850-214
1850-216
1850-217
1850-222
1850-925
0
75
150
225
300 m


Minjakort 13
1850-325
1850-320
1850-318
1850-319
1850-329
1850-321
1850-322
1850-317
1850-316
1850-227
1850-228
1850-226
1850-225
1850-229
1850-224
0
100
200
300
400 m

Minjakort 14



Strandminjar á Reykjanesi: Átaksverkefni í fornleifaskráningu strandminja frá Garðskagavita að Reykjanestá: Fornleifaskrá II






Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri)
Höfundar efnis: Lilja Laufey Davíðsdóttir og Stefán Ólafsson

FS1013-17013
Reykjavík 2025
Fornleifastofnun Íslands

Á forsíðu er samsett mynd af Gosuvör 1850-374, útihúsi 1850-423, Másbúðahólma 1850-522 og ónefndum bæjarhól 1850-463. Ljósmyndirnar tóku Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir.

©2025

Fornleifastofnun Íslands ses

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: (+354) 5511033

Netfang: fornleif@fornleif.is

www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Hefti I:

1 Inngangur 7

2 Aðferðir 11

2.1 Gagnaöflun 12

2.2 Hættumat 13

2.3 Framsetning minjastaða 14

3 Saga fornleifaskráningar og löggjöf 15

4 Niðurstöður 17

Umræða 25

5 Heimildaskrá 27

Viðauki I: Tafla yfir allar skráðar fornleifar 38

Viðauki III: Túnakort í Hafna- og Rosmshvalsneshreppi 92

Hefti II:

GK-032 Kalmanstjörn 117

GK-033 Junkærageröi 165

GK-034 Merkines 171

GK-035 Kirkjuvogur 184

GK-036 Kotvogur 206

GK-038 Litlu Garðhús (Réttarhús) 213

GK-621 Fornleifar á fl. en einni jörð 217

Viðauki IV: Minjakort 222

Hefti III

GK-040 Stafnes 247

GK-040b Básendar 295

GK-041 Glaumbær 314


GK-043 Halakot (Hólakot) 315
GK-044 Hvalsnes 316
GK-045 Gerðakot 329
GK-047 Mosahús 334
GK-048 Nýlenda 335
GK-049 Busthús 336
GK-050 Lönd 338
GK-051 Másbúðir (Nesjar) 345
GK-052 Melaberg 358
GK-053 Fuglavík 359
GK-055 Bæjarsker 367
GK-056 Hólkot 380
GK-058 Norðurkot (Miðkot) 381
GK-060 Sandgerði 383
GK-067 Syðri Flankastaðir 389
GK-068 Nyðri Flánkastaðir 393
GK-070 Klöpp 396
GK-072 Þórustaðir/Þóroddstaðir 402
GK-073 Kirkjuból 407
GK-075 Fitjar 416
GK-076 Kolbeinstaðir 422
GK-077 Hafurbjarnarstaðir 424
GK-080 Útskálar 426
GK-631 Fornleifar á fl. en 1 jörð 429

Viðauki I: Minjakort 432



Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessa skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

Yfirlitskort af norðurhluta skráningarsvæðisins er hér til hægri.


0
1
2
3
4 km



Túnakort Stafneshverfis frá árinu 1919. Skráðar minjar eru sýndar ofan á kortinu.

GK-040 Stafnes

1686 og 1695: 143 hdr., 40 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 121.
1703: Jarðardýrleiki óviss, “annars eru þeir nokkrir, er þykjast heyrt hafa jörðin að fornu verið hafi lxxx [80] álnir,” konungseign, með hjáleigunum Sandhúsi, Holmhúsi, Margrétarhúsi, Refshalakoti, Vallahúsi, Hólakoti (GK-043), Glaumbæ (GK-041), Lodviksstofu (Loddastofa), nýbýlinu Básendum [GK-040], svo og eyðihjáleigurnar Hólakot (annað), Lambhús, Steinskot, Solveigarskemma, Halldórshús, Eyjólfshús, Litlahólmahús, Grímuhús, Hunahús, Litlu Vallarhús, Refakot og Brinkahús. Því til viðbótar er eyðijörðin Gamli Kirkjuvogur nefnd í jarðabókinni en óvíst var hvort hún teldist í landi Stafness eða Kirkjuvogs (GK-035), samkvæmt JÁM III 37-43.
1847: 30 hdr., bændaeign, með hjáleigunum Glaumbæ, Nýlendu (GK-042) og Halakoti samkvæmt JJ, 86.
Jörðin hét áður Starnes, segir í örnefnaskrá (Ö-Stafnes MÞ, 5).
Um 1270: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þadann eigv vtskaler einer sydvr til miosyndis. Þadann aa sydvr hvalsnes ij hlvti j vidreka enn starnes þridvng.” DI II, 77.
Um 1270: “Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekvr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn ixa hlvt hvals aa hvalsnes ok starnes.” DI II, 78-79.
Um 1270: “landamerkia bref aa milli huals nes og starnes.” DI II, 81.
1395: “Þessar jarder aa klauvstrid j alvfvsse. [...] Starnes. iiij. c.” DI III, 597. 23.4.1497: Svarinn eiður um reka Viðeyjarklausturs “j badstofvnne a Starnese”. DI VII, 338.
24.10.1528: Testamentisbréf Rafns Brandssonar lögmanns. “Helgu Sigurdardottur mannzhlut a Starnese.” DI IX, 472. [1541]. Minnisgreinar Gizurar biskups. “lx [fiskar] er pietur hefur suallad a starnesi.” DI X, 691.
1547-1548: Fógetareikningar. “[...] iij ar gamell quige tug Haldan ij sin formanskop paa Suernese. [...] Jtem met Sternes. [eyða]” DI XII, 111, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548, DI XII, 128-129; 1548-1549, DI XII, 138, 142-143, 145; 1549-1550, DI XII, 155-157, 159; 1550, DI XII, 177, 179, 181-182; 1552, DI XII, 403, 413-14, 420; 1553, DI XII, 563-564; 595.
24.6.1552: Skilagrein á því sem síra Jón Bárðarson tók við til bús í Viðey og lét út. “Jtem Thetur Germundson for tho reser paa Sternes j tone miel. [...] Jtem henthe viiij mend ett gameltt skiff fraa Strernes [...].” DI XII, 386-387.
Glaumbær hjáleiga 1703 en 1803 og 1847 voru einnig Nýlenda og Halakot.
Eyðibýlin Sveinshöfði, Harðhaus eru nefnd í örnefnaskrá MÞ, 2, 3. Lindakot er nefnt í [...] (Magnús Grímsson. 1994:254). Eyðihjáleigurnar Urðarkot, Gosa og Vallahús er nefndar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903, 39.
1919: Á túnakorti frá 1919 er hjáleigurnar Grund, Bali og Litlibær merktar.
“Mælt er, að til forna hafi verið 24 hjáleigur og tómthús á Stafnestorfunni,” segir í Rauðskinnu II, 5.
Stafnes var í eyði um aldamótin 1800, segir í örnefnaskrá. Þar kemur jafnframt fram að útgerð á jörðinni hafi lagst niður um 1945 (Ö-Stafnes MÞ, 7-8, 10).
Jarðarítök: Jörðin brúkar skóg til kolagerðar í almenningi. Jörðin nýtir að auki grasnytja á eyðihjáleigunum Lambhúsi, Steinskoti, Solveigarskemmu, Eyjólfshúsi, Grímuhusi Hunahúsi, Litlu Vallarhúsi og Brinkahúsi, samkvæmt JÁM III, 36-42. Í örnefnaskrá er þess getið að Glaumbær og Nýlenda áttu reka- og þangatekju innan jarðarinnar. Því til viðbótar átti Glaumbær þangafjöru í landinu (Ö-Stafnes MÞ, 1; Ö-Stafnes Aths., 1).
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Stafnes ásamt Grund, Bala, Litlabæ og Hólakot.
Hjáleigur:
1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Holmehus j legekö. [...].” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 143; 1549-150, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177.
1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Beernerhuss j legekö. [...].” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-150, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177; 1552, DI XII, 403.
1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Gislehus j legekö. [...].” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-150, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177; 1552, DI XII, 403.
1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Halfdanerhhus j legekö. [...].” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 143; 1549-150, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177.

1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Ladestoffuo j legekö. [...].” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-150, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177; 1552, DI XII, 403.
1919: Sléttað tún (Stafnes), 6.5 hekt., garðar 1500 m2. Sléttað tún (Grund), 0.05 hekt., garðar 170 m2 (210+700). Sléttað tún (Litlabær), 0.05 hekt., garðar 620 m2. Slétt tún (Bali), 2.6 hekt., garðar 810 m2. Öll torfan samtals 9.2 hekt., og garðar 3100 (210+700) m2.
1703: “Tún eru sendin og blásin og spillast æ meir og meir af sandi og sjáfarágángi. Engjar eru öngvar. Útigangur nær enginn nema í sjáfarfjöru [...]. Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu valla nýtandi. Eldiviðartak ekkert nema af þángi. Fjörugrasa og sölvatekja til heimamanna nautnar og ekki fremur. Selveiði mætti vera ef iðkuð væri. Rekavon góð. Hrognkelsafjara þarflega nokkurn part. Ætikjarnar og söl koma að sönnu margoft um vortíma kvikfjenaði til næringar í húngurstíð [...]. Vatnsból í lakasta máta nema fjöruvötn ein, sen næsta því eru ónýtandi um stórstraum. Missir peníngur hjer fyrir stórlega nytjar um vetrartíma, og verður fyrir nauðsynja sakir að smelta snjó til bjargar mönnum og fjenaði. Jörðin mætir sandfjúki af lands og sjáfar ágángi, so þar er fyrir hvorutveggja þessu fallið í auðn jarðarinnar, það er Snoppa var kölluð, og fyrir sjötíu árum var að stóru gagni bæði til slægna og skipa uppsátra, en nú er af sandi aldeillis yfirfallið, og með hvörri stórfæði næsta því yfirflotið af sjó,” segir í JÁM III, 36-37.
1735: “Túnið er 526 faðmar ummáls (!). Þar af er 1/3 þakinn svörtum foksandi, svo að þar nær ekkert gras að vaxa án afhreinsunar. [...] Hagarnir á Stafnesi eru líka eyðilagðir af sandfoki og húsaþökin veðurbarin og eldiviðarþangið gerspillt af sandi,” segir í skýrslu landfógeta skv. Rauðskinnu IX-X, 17.
“Í ofviðri og stórflóði 30. desember 1769 hefir jörðin Stafnes “tekið einn merkilegan stóran skaða, sem mannlegur kraftur fær ómögulega endurbætt”. Hjáleigurnar tvær eru svo sem í rústum, skipanaust bóndans og mestallir fiskigarðarnir á jörðinni sömuleiðis,” segir í Rauðskinnu IX-X, 25. Ekki er hægt að tengja þessa lýsingu við ákveðnar fornleifar.
“Stafnes eftir flóðið 1799. “Þessarar jarðar tún, vörzlu og fiskigarðar á sjósíðuna, sem af sjávar og storms yfirgangi eru allir hreint um koll kastaðir inn á túnið, eru að lengd 160 faðmar og voru áður í forsvaranlegu standi. [...] Allur helmingur, svo vel af heima jarðarinnar sem hjáleiganna túni er þakið grjóti, vikri og foksandi, so ekki er að sjá(a)nlegt, að þar af fáist á næsta sumri nokkur heyskapur. Skipauppsátur á sömu jörðu, sem var áður í góðu standi, er allt af sjónum um rótað, og grjótið úr þeim upp kasta á bæði heimajarðarinnar og hjáleiganna tún. Beitilandið utan túns og torfstunga til húsa og heyja er engin, utan á jarðarinnar út túni, sem nú er af”. - Undir skrifa [sjö menn],” segir í Rauðskinnu IX-X, 36.


1850-234: Horft til norðausturs eftir götunni.

1850-234: GK-040:007 gata leið
“Vikið var út af vagngötunni [631:045] til suðurs vestan Illaklifs og gamalli götu niður lága brekku. Þar sést hlaðinn garður á hægri hönd. Sunnar sést í háan grashól. Á honum er tótt. [...] Gatan liggur í átt að Stafnesseli [048], þó lítillega til hægri, og yfir holtið. Á holtinu liggur hún einnig til suðurs, að gerði og tótt norðvestan Djúpavogs, þeim sem minnst var á áðan og eru undir Illaklifi. [...] Götunni var fylgt upp brekkuna uns komið var að manngerðum stórum grónum hól á klöpp,” segir á ferlir.is.


1850-370: Horft er til suðausturs yfir hluta lægðanna.

Hér er verið að skrá veg sem liggur til ASA frá leið GK-631:045, að tóftunum við Djúpavog. Leiðin er um 300 m löng og stór hluti hennar utan skráningarsvæðis.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: www.ferlir.is/?id=17671

1850-370: GK-040:008 gryfja skemma
“Vestan við Stafnes eru nokkrar lægðir, er við fyrstu sýnt gætu verið gamlar grafir. Þær eru það í vissum skilningi því þarna geymdu bændur karftöflur sínar, grófu þær í sandinn til varnar frosti,” segir á ferlir.is. Sunnan við heimatúnið má enn greina 12 gryfjur. Þær eru flestar 2,2x1 m að stærð, 0,3 m á dýpt og snúa NNV-SSA.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: www.ferlir.is/?id=4284

1850-409: GK-040:009 heimild landamerki
“Landamerkjabréf: svokallaðrar Hvalnestorfu, sem eru jarðirnar Hvalsnes, Nýlenda, Moshús, Nýibær, Gerðakot og Smiðshús. Árið 1921 [...] voru gerð landamerki fyrir ofangreindar jarðir í sameiningu, og eru þau sem hjer segir: [...] Að sunnan eru merkin úr miðju Mjósundi, er liggur sunnan við “Illasker” uppá Klapparnef neðan við kampinn, að þar settu merki á klöppina [...] - Einkennismark ofanritaðra steina er L.M., sem þýðir landamerki,” segir í Landamerkjabréfi Nr. 26. „Jón sagði að þarna skammt frá [Stafnesstekk], við enda girðingar mót kampinum, væri áletrunin LM. Sjórinn hefði hins vegar kast grótið yfir áletrunina svo nú væri u.þ.b. einn meter af grjóti niður á hana,” segir á ferlir.is.
Áletrunin er horfin undir þykka möl, hnit var tekið á merkjum, þar sem nú er talið að áletrunin sé.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: www.ferlir.is/?id=9178; Landamerkjabréf Nr. 26

1850-331: GK-040:013 áletrun kennimark
„Áletranir eru á klöppum austan við Þórshöfn. M.a. er þar áletrunin HP á sléttri jarðfastri klöpp undir klapparholti. Sumir vilja halda því fram að sammstöfunin eigi við Hallgrím Pétursson, prest í Hvalsnesi er einnig þjónaði Höfnum um tíma (eftir 1644). Skammstöfunin er á miðri jarðfastri klöpp utan í jökulsorfnu klapparholti. Umhverfis áletrunina eru síðan aðrar skammstafanir og jafnvel ártöl. Ofan við hlöppina [sic] eru áletrnir og útflúr. Til hliðar eru nýrri áletranir, m.a. frá 20. öld,” segir á ferlir.is.



1850-331: Hluti af áletrunum við Þórshöfn.

Ragnheiður Traustadóttir skráði áletranirnar árið 2000: “Skammt austan við Þórshöfn [016], uppi í landi, eru klettar og steinar með fangamörkum. Ártöl sem hafa verið höggvin í stein, 1844 til 1891, benda til að fangamörkin séu frá seinna helmingi nítjándu aldar þegar höfnin var aftur tekin í notkun eftir langt hlé. Engar vísbendingar fundust um aðrar mannvistarleifar, en brýnt er að forvörður meti hvort og þá til hverra aðgerða þurfi að grípa til þess að bjarga þessum áletrunum áður en veður og vindar má þær út.”
Í skýrslunni Letursteinar á Íslandi segir: „Við Þórshöfn eru jarðfastar klappir með fjölda áletrana frá ýmsum tímum. Flestar eru á fleti ofan á sama stóra steininum en þar má sjá margvísleg fangamörk og ártöl frá 19. öldinni. Elsta ártalið „1728“ er þó á annarri leturklöpp sem er staðsett spölkorn frá. Líklega tengjast þessar áletranir verslunarstaðnum og höfninni í Þórshöfn og gætu þarna verið fangamörk kaupmanna og sæfara. Þessir letursteinar hafa tvímælalaust mikið minjagildi. Sjórinn er ekki langt undan en flæðir þó ekki yfir minjarnar eins og sums staðar. Þær veðrast þó með tímanum og væri æskilegt að rýnt væri nákvæmlega í hverja og eina og letrið skráð.“
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: www.ferlir.is/?id=17671; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 23; Ragnheiður Traustadóttir, 2022

1850-339: GK-040:014 *Draugóll* hleðsla legstaður
„Nokkru sunnar, upp á hrauninu er hóll hár, sem kallaður er Draughóll. Þar átti að hafa verið dys til forna, og rótuðu sjómenn henni alveg um. Fundu þeir lítið fémætt,” segir Magnús Grímsson. „Sunnan við Brennitorfu er Draughóll og Draughólskampur með sjó fram til suðurs,“ segir í örnefnaskrá Stafness. „Á milli Gálga [GK-040:015] og Básenda í beina línu er hóll sem heitir Draughóll,“ segir í



1850-339: Horft er til vesturs yfir hleðsluna.



1850-339: Uppmæling af hleðslunni.

svörum í Þjóðháttasafni.
Ragnheiður Traustadóttir skráði Draughól árið 2000: „Auðvelt var að þekkja þetta kennileiti, en ekki var hægt sjá neitt manngert við hóllinn eða í námunda hans."
Draughóll er á uppblásinni hæð. Hleðsla er umhverfis hólinn, það má sjá 1-2 umför í henni. Hún er nokkuð gróin að hluta en hóllinn er frekar blásinn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 256-57; Ö-Stafnes MÞ, 11; ÞÞ 10777; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 48

1850-334: GK-040:016 *Þórshöfn* heimild lending
„Allskammt suður frá Bátsenda er Þórshöfn. Það er vogur, ekki mikill, sem snýr suður-útaustur," segir Magnús Grímsson.
„Allmikið sunnar er Þórshöfn, sem fyrr getur, og er þar mjór og langur bás inn í hraunið. Þangað fóru kaupskip hér fyrr. Sunnar var grasi vaxinn tangi, nefndur Þórshafnarbali. Nú er hann horfinn," segir í örnefnaskrá AG.



1850-334: Þórshöfn, horft til vesturs.

Í örnefnalýsingu MÞ segir: „Sunnan við Stólsvík er þröngt og djúpt vik inn í klettana, kallað af Stafnesmönnum Norðurvik Þórshafnar. Þar sunnan við er klettarani, mjög stórgrýttur fremst, en grasi gróinn ofan; heitir það Þórshafnarbali. Hann er vesturhlið á löngum bás, er liggur til norðausturs inn í landið. Básinn heitir Þórshöfn [...]. Leiðin inn á Þórshöfn er tvær vörður saman; stóð önnur í norðvesturhorni Þórshafnar, en hin uppi á heiðinni; heitir sú Mjóavarða."
„Sunnar með sjónum [en Básendar] liggur Þórshöfn; það er mjó vík, sem þýskir höfðu lagt inn skipum sínum, þá þeir höfðu hér verslun. Er höfnin 4 faðma djúp (með sand og steinbotni), um stórstraumsfjöru, en 60 f. breið, óhult með öllu, þegar inn er komið. – Hana fóru að reyna fiskiskútur fyrir 2 árum [1837], þegar liggja vildu af sér veður, og voru mið sett á landi, til leiðarvísis handa þeim í inn- og útsiglingu; hefur það vel gefist, og geta þar 20 snekkjur legið í senn," segir í sýslu og sóknalýsingum.
„Þórshöfn heitir vík ein, löngum spöl fyrir innan Bátsenda. Þar er þrautalending og óbrigðul höfn í öllum norðlægum áttum. Þó eru þar engin mannvirki að sjá, enginn vottur þess, að þar hafi bygð verið, enda er engin sögn um það," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
„Þórshöfn var eina höfnin sem notuð var lengi á þessum slóðum eftir að Básendahöfn lagðist af eftir Básendaflóðið 1799. Hún var notuð alla 19. öldina. Þegar að Guðmundur eldri kom þarna um 1914 var Sandgerðishöfn að taka við af Þórshöfn. Í Þórshöfn hefur mikið verið klappað í berg og ýmis


konar áletrunum, sennilega hafa þetta verið sjómenn og kaupmenn sem þarna lögðu skipum," segir í svörum í Þjóðháttasafni.
„Um 3/8 mílu sunnan Basenda er Þórshöfn, lítil og léleg höfn. Skipaleiðin inn að henni er ekki nema 65 faðma breið og stefnan inn undið er í norðaustur til hálfausturs. Mesta lengd innsiglingarinnar er 170 faðmar, en breiddin 51 faðmur, en þó ekki nema 25 faðmar, ef skipin rista meira en 6 fet. Þangað geta skip ekki leitað nema í góðu veðri; og í blásanda byr af suðvestri verður að festa þau með 4 köðlum og 3 akkerum að minnsta kosti. Höfnin var að vísu notuð, þegar Hansakaupmenn eða Þjóðverjar ráku verzlun hér á landi. Nú er þar ekkert graslendi eða land, sem byggja má á, á 1/2 mílu svæði frá höfninni, heldur aðeins grjót og sandur, og er því eigi hægt að hafa þar verzlunarstað. Ekki kemur höfnin heldur sjómönnum að liði [...]," segir í sýslulýsingu Skúla Magnússonar í Landnámi Ingólfs.
„1895 22. sept. Hild rekur á land í Þórshöfn. [...] Öllu feitari gölt var að flá er flutningaskipið Hild hlaðið vörum, er aðallega voru ætlaðar pöntunarfélagsskap í Grindavík, rak upp í fjöru í Þórshöfn. Meðal annars var talsvert af brennivíni um borð sem ætið hleypti nokkru fjöri í strandvinnu og uppboð," segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.
„Svona var í Þórshöfn, það var líka svínbundið þar, þar var festing upp í sandi, en hún er farin núna. Þetta var feiknalega sver eikarstólpi ferkanntaður, allt að 12-14 tommur á kannt, og það var festingin þar upp á sandinum, en svo voru akkerin sitt hvoru meginn við í víkinni, bæði að sunnan við og norðar, stór akkeri," segir í örnefnaskrá Miðnesheiðar.
„Í innanverðri Þórshöfn stóð fyrrum stór ferhyrndur tréstöpull, grafinn djúpt niður í sandinn. Þar var fremsta festi hinna fornu verslunarskipa fyrirkomið. Nú hafði varnarliðið fjarlægt staurinn, enda var þarna um tíma einn ábyggilegasti hlustunarkafbátakapall NATO hersins. Enn má sjá stálhólka honum tengdum, en búið er að rífa allar byggingar og mannvirki ofan við Þórshöfn er þeirri sögu tengdist. Gengið var bæði um sunnanverða og norðanverða Þórshöfn í leit að þeim festarhringjum er fyrrum staðfestu hin gömlu verslunarskip enskra og þýskra í höfninni. Jón [Borgarson í Höfnum] sagði að minni sitt frá því á áttunda áratugnum segði til um festarhringi á klöppum beggja vegna hafnarinnar. Í hans minni hafi hringirnir verið í festarhringjum á klöppum beggja vegna víkunnar. Margir hefðu séð þá þarna sama sinni. [...] Lágsjávað var þegar gengið var um hálar þaraklappirnar beggja vegna Þórshafnar, en án árangurs að þessu sinni," segir á ferlir.is.
Ragnheiður Traustadóttir skráði Þórshöfn árið 2000: „Við vettvangsskráningu fundust engin mannvirki á svæðinu utan ein uppistandandi varða [046] og vörðubrot [085]."
„Vönd er þar innsigling og eigi fær nema með vissum áttum, en lega góð þá inn er komið. Er þar rúm fyrir mörg skip í senn og við engu hætt, þá inn er komið. Þar er 7 til 9 fóta djúpt um fjöruna og botn ágætur."
Þórshöfn er stór vík og við hana miðja er steyptur rani niður að sjó, ekki fornt mannvirki.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 257; Ö-Stafnes AG, 1; Ö-Stafnes MÞ, 11-12; SSGK, 84, Árbók 1903, 41; ÞÞ 10777; Landnám Ingólfs I, 117, Ásgeir Ásgeirsson, 201, 203; Ö-Miðnesheiði GS, 20; www.ferlir.is/?id=4320; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 22

1850-298: GK-040:018_1 *Refakot* bæjarhóll býli
1703: "Refakot hefur í eyði legið undir fjörutíi ár, [...] tún er alt fordjarfað af grjóti, sjó og sandi, og kann ómögulegt aftur að byggjast," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
1864: „LYKLAHRÍNGUR, allur með snúningum, er fannst í jörðu með sjó fram í bæjarrústum, þar sem Refakot hét. Á hann er ritað með gamallegu latínu letri: "ÞENNAN. HRING. A. RAIGNHILDVR. HALS. DOTTER," segir í skýrslu FÍ.
„En sannfróðir eru menn um það, að þar hafa margar hjáleigur lagzt i eyði og þar af sumar af sjógangi. Nokkrar af eyðihjáleigunum heyrði eg nefndar, og eru þær þessar: [...] Refabær [...]," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Bæjarhóllinn og bæjartóftin sjást enn. Bæjarhóllinn er 25,5x19,5 m stór og snýr norður-suður. Hann er grasivaxinn og 0,3-0,5 m á hæð, innan túns sem er suðaustan við Refamýri og nærri ströndinni. Hann er algróinn og hliðarnar aflíðandi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 102; Árbók 1903, 39; JÁM III, 42

1850-299: GK-040:018_2 tóft híbýli
Bæjartóftin er 21x16 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er algróin, veggir eru 0,3-0,6 m á hæð og hér og þar glittir í grjót. Það eru fjögur hólf í tóftinni, híbýlin vestust og hey- eða kálgarður til austurs.




1850-298 og 299: Horft til norðurs yfir bæjarhól Refakots.



1850-298 og 299: Uppmæling af Refakoti.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-277: GK-040:021 hleðsla kálgarður



1850-277: Uppmæling af kálgarðinum.



1850-277: Horft til suðurs yfir kálgarðana.

Á túnakorti frá 1918 eru tveir kálgarðar samhliða hvor öðrum, merktir liðlega 220 m vestan bæjar 001. Vesturhlið garðanna er reist áföst túngarði Stafneshverfis.
Hluti kálgarðanna sést enn, þeir eru mikið raskaðir vegna kartöflugarða sem gerðir voru á seinni hluta 20. aldar á sama stað.



1850-898: Lendingin er vinstra megin við bryggjuna og var raskað við gerð hennar.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-898: GK-040:022 mannvirki lending Samkvæmt Jóni Ben Guðjónssyni, heimildamanni, fóru tvær nafnlausar lendingar undir bryggju sem hann, ásamt fleiri ábúendum í Stafneshverfi, byggðu um 1980. Þær voru álíka og Fúsavör 267 að gerð. Ein lendingin sést enn að hluta fast austan við bryggjuna, á milli hennar og Fúsavarar..
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-268: GK-040:023 heimild lending Samkvæmt Jóni Ben Guðjónssyni, heimildamanni, fóru tvær nafnlausar lendingar


undir bryggju sem hann, ásamt fleiri ábúendum í Stafneshverfi, byggðu um 1980. Þær voru álíka og Fúsavör að gerð. Þessi lending er horfin undir bryggjuna.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919



1850-365: Ljósmynd af áletruninni sem birt er í skýrslu Ragnheiðar Traustadóttur, bls 91.

1850-365: GK-040:024 áletrun kennimark
Í skýrslunni Letursteinar á Íslandi segir: „Á Gelluklöppu[m] á Stafnesi er steinn með ártalinu 1924 til minnis um skútuna Sigríði og fyrir neðan ártalið er form sem líklega á að tákna hana. Þessi letursteinn er rétt tæplega hundrað ára gamall og má teljast hafa nokkurt minjagildi."
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir 2022, 91

1850-381: GK-040:026 hleðsla fiskreitur
Vestan bæjar 001 er fiskireitur merktur á túnakort frá 1919. Nákvæm staðsetning er ekki merkt en á sama stað er grjóthlaðið sigið garðlag. Þar má greina tvöfalda grjóthleðslu sem er 10x1 m að lengd og



1850-381: Uppmæling af hleðslunni.


1850-381: Horft er til norðausturs yfir hleðsluna.

snýr NNV-SSA.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-263: GK-040:027_1 garðlag túngarður
Túngarður er merktur á túnakorti frá 1919 og umlykur hann Stafneshverfi. Við norðurenda garðins breytist hann í garðlag sem endar „á klettanefi í fjöru." „Skýrsla skoðunarmanna 1746. [...] Á túnið að norðan- og vestanverðu gengur sjórinn og niðurbrýtur túngarðinn, vel 14 faðma, setur svo grjót og sand inn á túnið, sem bóndinn með stóru erfiði árlega burthreinsar, og garðinn aftur upp hleður. [...] Voru túngarðarnir mikinn part niðurfallnir og kæfðir í sandi, sem bóndinn með miklum erfiðismunum upp hlaðið, vel 3 hundr. faðma (=360). En vel tveir partar sýnast ómögulegt upp að hlaða," segir í Rauðskinnu IX-X.
Slétt, ræktuð tún eru innan túngarðsins sem afmarkaði heimatún alls Stafneshverfis.
Túngarðurinn afmarkar suðvestur- og vesturhluta túnsins innan




1850-263: Uppmæling af túngarði 263.

skráningarsvæðisins. Þar sést hann bæði sem kantur og hlaðinn garður. Hann er grjóthlaðinn og umfangsmikill.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919: Rauðskinna IX-X, 22-23

1850-891: GK-040:027_2 garðlag túngarður
Innan heimatúns Stafneshverfis voru þvergarðar sem m.a. afmörkuðu tún hvers bæjar sem þar eru. Þessi túngarður skildi á milli túns Nýlendu til norðurs og Bala til suður. Hann sést enn sem gróinn



1850-263: Horft er til vesturs eftir túngarðinum.



1850-891: Uppmæling af túngarðinum.

hryggur í túninu.
Hættumat: hætta, vegna landbrots



1850-400: Horft til norðvesturs yfir lendinguna.

Heimildir: Túnakort 1919

1850-400: GK-040:028 frásögn lending
Samkvæmt Jóni Ben Guðjónssyni, heimildamanni, var lending á þessum stað. Skarð va í túngarðinum þar sem komið var upp úr fjörunni og farið að bæjunum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919


1850-284: GK-040:029 hleðsla bæjarhóll
Hér má greina lítinn hluta af bæjarhól sem tilheyrði nafnlausu býli. Hóllinn er að brotna í sjó, það eina sem enn sést er horn af tóft eða kálgarði í halla niður til austurs. Það má sjá 1-2 umför af grjóti í veggjum sem þó eru enn grónir þrátt fyrir mikinn ágang sjávar. Býlið er norðan við Refatjörn, sjávarkampurinn er að ryðja sér leið þarna yfir. Jón Ben Guðjónsson, heimildamaður, sagði að mun umfangsmeiri minjar hafi verið á þessum stað og m.a. fundist aska í hans minni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-948: GK-040:030_1 heimild sjóbúð
Á túnakorti frá 1919 segir m.a. „Sjóbúðir til forna og fjárbyrgi," þegar svæðið norðan bæjar 001 og utan heimatúnsins er skoðað. Nákvæm staðsetning þessara mannvirkja er ekki merkt enda eru þau horfin í sjó þegar túnakortið er gert.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-949: GK-040:030_2 heimild fjárborg



1850-284: Horft til VSV yfir bæjarhólinn.




1850-284: Uppmæling af mannvirkinu sem tilheyrði bænum.

Á túnakorti frá 1919 segir m.a. „Sjóbúðir til forna
og fjárbyrgi," þegar svæðið norðan bæjar 001 og utan heimatúnsins er skoðað. Nákvæm staðsetning þessara mannvirkja er ekki merkt enda eru þau horfin í sjó þegar túnakortið er gert.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919



1850-265: Horft til vesturs yfir þústina.



1850-265: Uppmæling af þústinni.


1850-265: GK-040:031 þúst útihús
Þúst er rétt austan heimatúnsins, greinileg mannvistarlög eru hér undir sverði. Sé tekið mið af staðsetningu er þetta að öllum líkindum útihús.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-258: GK-040:032 *Skotbakki* heimild ferja
„Þess vegna fara menn oftast frá Nesinu suður í Hafnir á flutningi eða ferju yfir Ósana; er flutt yfir þá, bæði fyrir framan af svo nefndri Preststorfu, og er þá komið í Kirkjuvogsvör, og fyrir innan af Skotbakka, fyrir innan Kirkjuvogseyri," segir í sýslu og sóknalýsingum.
Farið var frá Innri-Skotbakka, frá vörðu 1850-249. Engin ummerki ferjunnar sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSGK, 84

1850-262: GK-040:034 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá bæ 001 í suðarátt til Básenda. Að sögn Jóns Ben Guðjónssonar, heimildamanns voru þetta troðingar án hlaðinna veggja.
Leiðin er horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1919

1850-276: GK-040:035 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá bæ 001 í vesturátt og fer framhjá Grund og stoppar við túngarð Stafneshverfis.
Leiðin er horfin en það sést enn hlið á túngarðinum þar sem farið var í gegn.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919



1850-279-281: Uppmæling af minjum í Vallarhúsum.

1850-279: GK-040:036_1 *Vallarhús* hóll bæjarhóll
1703: "Vallarhús, fimta hjáleiga. Jarðardýrleiki óviss," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
„En sannfróðir eru menn um það, að þar hafa margar hjáleigur lagzt i eyði og þar af sumar af sjógangi. Nokkrar af eyðihjáleigunum heyrði eg nefndar, og eru þær þessar: [...] Vallarhús [...]," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
„Beint vestur af heimabæ í Stafnesi [001] er hóll, sem hetir Vallarhúsahóll. Þar hefur verið mikil byggð hér áður fyrr," segir í örnefnaskrá. Vestan bæjar 001 eru rústir Vallarhúsa merktar á túnakort frá 1919 en ekki er vitað hvenær hann fór í eyði.
Bæjarhóllinn sést enn. Hann er 1-2,5 m á hæð, grasivaxinn og hliðarnar brattar. Austan í hólnum er lítið rof og þar sést aska og mikið af brenndum beinum. Tóftir síðustu bæjarhúsanna eru uppi á hólnum. Umfang hólsins og þykkt mannvistarlaga er mikið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-279-281: Bæjarhóll Vallahúsa auk tófta á honum. Horft er til norðvesturs.


1850- 280: Það glittir í mikið af fiskibeinum í öskuhaugnum.

Heimildir: Ö-Stafnes AG, 1; Árbók 1903, 39; JÁM III, 38; Túnakort 1919

1850-280: GK-040:036_2 öskuhaugur
Öskuhaugur Vallarhúsa er á suðurhluta bæjarhólsins, lítið vik er þar á milli til austurs. Öskuhaugurinn er grasivaxinn, 12x7 m að stærð, 2,5 m á hæð og sést enn vel.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-281: GK-040:036_3 tóft híbýli
Bæjartóftir sjást uppi á bæjarhólnum. Tóftin er 18x16 m að stærð og það má greina 5-6 hólf á yfirborði.


Veggirnir eru grónir, signir og hér og þar glittir í grjót. Veggirnir eru lágreistir og líklega er búið að slétta yfir þá að hluta.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-481: GK-040:040 *Snoppa* heimild bæjarhóll
„Jörðin mætir sandfjúki af lands og sjáfar ágángi, so þar er fyrir hvorutveggja þessu fallið í auðn jarðarinnar, það er Snoppa var kölluð, og fyrir sjötíi árum var að stóru gagni bæði til slægna og skipa uppsátra, en nú er af sandi aldeillis yfirfallið, og með hvörri stórfæði næsta því yfirflotið af sjó," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
„Býli voru mörg hér og hvar, og örugglega eru sum þeirra farin alveg í sjó. Má t.d. nefna, að 1703 er talað um landssvæði sem hét Snoppa. Nú veit enginn hvar það hefur verið," segir í örnefnaskrá.
Bærinn Snoppa er týndur og án efa kominn í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes AG, 1; JÁM III, 37

1850-483: GK-040:041 *Krumfótsbúð* heimild sjóbúð
"Krumfótsbúð var gömul sjóbúð, sem ekki er vitað, hvar var," segir í örnefnaskrá. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja sjóbúðina en líklega er hún komin í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes AG, 1

1850-408: GK-040:050 *Ögmundargerði* tóft býli
Ögmundargerði er nefnt í landamerkjabréfi frá 1270 (DI II, 81).
„Skiptivik. Á bakkanum er lítill grasblettur, sem heitir Ögmundargerði, og þar sunnan við er gamalt byrgisbrot, sem er kallað Stafnesstekkur," segir í örnefnaskrá. Í aths. við skránna segir: „Ekkert er vitað um tilefni örnefnanna Ögmundargerði."



1850-408: Ögmundargerði, horft til norðausturs.



1850-408: Uppmæling af tóftinni.

„Komið var við í Ögmundargerði, sem var nyrsta kotbýlið í Stafneslandi mót Hvalsnesi. Tóftirnar eru óljósar, en þó með staðfestu minjagildi," segir á ferlir.is.
Ögmundargerði sést enn þó einungis sé það lítill hluti. Það mótar óljóst fyrir hleðslu sem liggur norðvestur-suðaustur og lítill hóll er undir henni. Hleðslan er 0,5 m á hæð, gróin og hér og þar glittir í grjót. Þetta er allt fremur óljóst, sjór er búinn að brjóta allt niður nema þennan hleðslubút. Erfitt er að greina hvers kyns mannvirki þetta var, til suðurs mótar fyrir hólfi á yfirborði en lausar grastorfur voru þar yfir vegna ágangs sjáver þegar skrásetjari var á ferðini.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: DI II, 81, Ö-Stafnes MÞ, 1; Ö-Stafnes Aths., 1; www.ferlir.is/?id=9178

1850-407: GK-040:051 *Stafnesstekkur* tóft stekkur
„Á bakkanum er lítill grasblettur, sem heitir Ögmundargerði, og þar sunnan við er gamalt byrgisbrot, sem kallar er Stafnesstekkur," segir í örnefnaskrá. „Á landamærum Hvalsness og Stafness, rétt fyrir sunnan Ærhólma, alveg niður við sjó eru rústir sem kallaðar eru Stafnesstekkur. Þetta eru gamlir



1850-407: Uppmæling af stekknum.


1850-407: Stafnesstekkur, horft til austurs.

grunnar af nokkrum kofum og þeir feðgar hafa aldrei heyrt um hvað þarna hafi verið. Guðmundur eldri hefur látið sér detta í hug að þetta væru kofar til að hýsa fé sem hafi verið þarna í fjörubeit. Sjórinn er að brjóta þessar rústir niður núna," segir í svörum í Þjóðháttasafni.
„Skammt utar [en Ögmundargerði] er Hólakotsstekkur, af sumum nefndur Stafnesstekkur. Um er að ræða sandopinn hól, en í honum má þó sjá leifar af hleðslum stekksins, með op mót norðnorðvestri," segir á ferlir.is. Annars staðar á síðunni segir: "Stekkurinn sést að hluta til enn svo til alveg við fjörukambinn og hefur sjórinn tekið hann að hluta." Líklega er þetta villa og þessi setning á við Ögmundargerði.
Stekkurinn sést enn, á lágum hól. Tóftin er 9x4,5 m að stærð og skiptist líklega í tvö hólf, það er þó óskýrt. Tóftin er greinilegri til vesturs og mögulega búið að slétta hana til austurs. Op er til norðvesturs, veggir grónir en það glittir í grjót hér og þar. Hóllinn er 0,2 m á hæð og mikil mannvist er hér undir sverði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 1; ÞÞ 10777; www.ferlir.is/?id=9178; www.ferlir.is/?id=6191

1850-929: GK-040:052 hleðsla óþekkt
Í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands er hnit úr skýrslunni *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum* (gerð árið 2019 af Antikva) sýnt. Í skýrslunni segir: „Auk þess eru leifar af mannvirkjum niður við sjó og steinn með áletrun frá hermanni sem verið við vakt í Þórshöfn. Minjarnar við Þórshöfn hafa ekki verið mældar upp en teknir voru hnitapunktar af þeim árið 2014." Þessi hleðsla er líklega einn þessara staða en ekki er minnst á hana í skýrslunni annars.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Eiríkur Hermannsson og Ragnheiður Traustadóttir, 42

1850-482: GK-040:053 *Sveinshöfði* heimild bústaður
„[F]ram á tanga þann, sem heita Refagarðar, en fremst heitir það Refstangi. Er þarna fjöldi af gömlum bæjarrúsutm. Má það eðlilegt kalla að eitthvað sjáist af rústum, því 10 voru hjáleigurnar, sem Stafnesi fylgdu 1703, og auk þess 12 eyðihjáleigur og búðir [...]. Víkin fyrir framan Refagarða heitir Vallarhúsavík, og fremst í henni eru Sveinshöfðaklappir. Á þeim stóð bær með því nafni," segir í örnefnaskrá.
„Um eina af síðastnefndum hjáleigum, Sveinshöfða, segir Vilhjámur bóndi Hákonarson nú 1940, að hún hafi verið norðan við Stafnes. Sé hún nú alveg burt brotin af sjónum, ásamt túnbletti þar við, sem þó gaf af sér 8 töðuhesta fyrir 40-50 árum," segir í Rauðskinnu IX-X.
Sveinshöfði er horfinn í sjó og allar minjar honum tengdar gjöreyddar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 2; Rauðskinna IX-X, 14

1850-951: GK-040:054 *Borgarvör* heimild lending
„Við sjóinn niður af Refagörðum er Borgarvör, gamall lendingarstaður," segir í örnefnaskrá.
Borgarvör er horfin vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 2

1850-953: GK-040:055 *Litla-rétt* hleðsla rétt
„Á Refstanganum er svo kölluð Litla-Rétt. Heitir hún svo, af því önnur rétt stærri var þar nokkru sunnar, en Réttarkambur heitir moldarhryggur við sjóinn milli [r]éttanna," segir í örnefnaskrá. Norðvestan bæjar 001 eru tvær réttir merktar á túnakorti og eru það þessar réttir.
Litla-rétt er því sem næst horfin, hún var uppistandandi árið 1982 og hlutar enn árið 2008. Jón Ben Guðjónsson á ljósmyndir af réttinni frá þessum árum. Réttin var einföld, hringlaga og opin til suðvesturs. Aðrekstargarður lá að henni að suðvestan. Þetta var mannhæðarhá tóft fyrir um 60 árum og opið sást enn árið 1982. Nú sést einungis móta



1850-953: Réttin, horft til suðvesturs.




1850-953: Ljósmynd af réttinni frá árinu 1982 og er í eigu Jóns Ben Guðjónssonar.

fyrir bogadreginni steinaröð sem áður var hluti af suðurveggnum. Það mótar fyrir einu umfari sem var hluti af innra byrði réttarinnar. Sjórinn hefur rutt öllu niður og landið fer að brotna innan fárra ára.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 2; Túnakort 1919

1850-952: GK-040:056 *Stóra-rétt* hleðsla rétt
"Á Refstanganum er svo kölluð Litla-Rétt. Heitir hún svo, af því önnur rétt stærri var þar nokkru



1850-952: Stóra-tétt, horft til norðvesturs.



1850-952: Uppmæling af réttinni.

sunnar, en Réttarkambur heitir moldarhryggur við sjóinn milli [r]éttanna," segir í örnefnaskrá.
Norðvestan bæjar 001 eru tvær réttir merktar á túnakorti og eru það þessar réttir.
Stóra-rétt er í svokölluðum Refum og liggur undir miklum skemmdum vegna ágangs sjávar. Tóftin er á sjáverkampinum og sjórinn er búinn að fella allar hleðslur í henni. Hér og þar sjást slitrur af hleðslum. Réttin er nánast horfin þó enn megi sjá móta fyrir tveimur hólfum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-953: Stóra-rétt árið 1982. Myndin er í eigu Jóns Ben Guðjónssonar.

Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 2

1850-895: GK-040:057 heimild skip
"Milli Bóndarifs og Stafnesrifs er djúpt lón eða öllu heldur hylur; mun þar vera 12-14 faðma dýpi um lágflæði. Utan við hylinn er slétt sker, sem aðeins kemur upp úr um fjöru; heitir það Kolaflúð. Þar hafa strandað tvö botnvörpuskip, svo vitað sé, Jón forseti 1928 og Admiral Toco 1913. Strandaði hinn síðarnefndi í foráttu brimi, svo engin björgun var hugsanleg, enda fórust menn allir, og svo einkennilega bar við, að aldrei hefir lík rekið af því skipi. Sömu urðu afdrif þessara skipa, að þau limuðust sundur á Flúðinni, flökin hurfu niður í hylinn og bólar ekki á þeim síðan," segir í örnefnaskrá.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 2




1850-367: Horft til norðvesturs yfir garðinn.

1850-367: GK-040:058 garðlag brú
"Handan við Gjána er læna inn í landið og yfir hana hlaðin brú. Urðin er neðar. Þarna hefur líklegast verið bæjarstyttingur því þjóðleiðin gamla yfir á Kaupstaðaleiðina austan Ósa er nokkru ofar, eða ofan garðs," segir á ferlir.is.
Þessi brú sést enn, þvert á lítinn vog sem skerst inn í landið til norðausturs. Hleðslur eru mjög hrundar, garðurinn er um 50 m langur og 1-1,5 m á breidd. Hann fer undir sjó og liggur undir skemmdum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: www.ferlir.is/?id=4284

1850-378: GK-040:059 *Garðarnir* tóft hjallur
„Gelluklappir [...] heita klappirnar háu og stóru, sem eru syðst og yzt fram af Stafnestúni. Þar stóðu fiskhús allra hverfismanna efst á klöppunum og ofan við þær. Var húsaþyrping þessi kölluð Garðarnir og var algengt mið út af Norður-Miðnesi, einkum á Skörðum," segir í örnefnaskrá. Vestan bæjar 001



1850-378: Horft til austurs yfir Garðana.



1850-378: Uppmæling af tóftinni.

er hjallur og kofar merktir um 40 m frá kálgarði. “Hvergi á Miðnesi var eins gott til sóknar sem á Stafnesi. Þar var jafnan útgerð mikil, bæði fyrr og síðar, enda dugnaðarmenn, sem að henni stóðu og að unnu. Þar voru einnig sjávarhús mörg og myndarleg,” segir í örnefnaskrá.
Fiskhúsin voru steypt og standa enn vel að hluta. Það má sjá 5-8 umför af grjóti í steypunni og hið minnsta þrjú hólf. í tóftinni Veggir eru 1-2 m á hæð.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 3; Túnakort 1919; Ö-Stafnes MÞ, 7

1850-376: GK-040:060 *Stafnesviti* hús samgöngubót
„Stafnesvitinn stendur á Gelluklöppum, byggður 1925. Er hann góð leiðbeining sjófarendum fyrir hina hættulega Stafnestanga, þó raunar hafa strönd orðið þar síðan,” segir í örnefnaskrá.
Vitinn er um 8 m á hæð, ferstrendur og stendur enn vel. Hann er í hættu vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 3


1850-376: Stafnesviti, horft til norðurs.


1850-950: GK-040:063 *Norðlingabaðstofa* mannvirki lending
“Í suðurenda Gelluklappa myndast lítið vik, sem heitir Norðlingabaðstofa. Mun nafnið vera frá þeim tíma, er Norðlingar sóttu sjó frá Stafnesi fyrir öldum síðan,” segir í örnefnalýsingu.
Hér er verið að skrá vikið sem að öllum líkindum var lending tengd sjóbúðum sem þarna eru. Vikið sést enn, er þó ógreinilegt á flóði.


1850-950: Lendingin, horft til suðvesturs.


1850-950: Myndin er tekin af lendingunni árið 2009 og er í eigu Jóns B. Guðjónssonar.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 3

1850-379: GK-040:064 tóft sjóbúð
“Í suðurenda Gelluklappa myndast lítið vik, sem heitir Norðlingabaðstofa. Mun nafnið vera frá þeim tíma, er Norðlingar sóttu sjó á Stafnesi fyrir öldum síðan,” segir í örnefnaskrá.
Sjóbúðin sést enn og er vel uppistandandi. Tóftin er um 9x6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Op til austurs. Það má sjá 5-8 umför af grjóti í veggjum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-379: Uppmæling af tóftinni.



1850-379: Sjóbúðin, horft til vesturs.



1850-379: Tóftin árið 2009. Myndin er í eigu Jóns B. Guðjónssonar.

Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 3-4

1850-375: GK-040:065 *Stokkavör* mannvirki lending
"Austan við Norðlingabaðstofu er Stokkavör, ævagömul , enda stundum nefnd Gamlavör [...]. Þegar komið var inn úr Gjánni, var lent í Stokkavör, sem var aðallendingin [...]. Stakkavör eða Gamlavör hefir augsýnilega verið rudd inn í stórgrýtisurð einhvern tíma fyrir löngu síðan. Hún líkist nú mest gróinni götu, aflöguð af grjótburði og öll þangi vaxin. Á síðari árum útgerðar á Stafnesi var steypt gangbraut eða vagnvegur [088] á austurbrún Gömlu-Varar, en aldrei var lokið verkinu til fulls. Útgerðinni lauk fyrr. Nú er sjórinn að brjóta skörð í steypuna og ónýta hana. Þannig eyðast og hverfa gömlu sporin, hvert sem litið er [...]. Þegar komið var inn úr Gjánni, var lent í Stokkavör, sem var aðallendingin," segir örnefnaskrá.
"Í ofviðri og stórflóði 30. desember 1769 hefir jörðin Stafnes "tekið einn merkilegan stóran skaða, sem mannlegur kraftur fær ómögulega endurbætt". [...] Upp úr Stokkavörunum hefir sjórinn gengið inn í allar sjóbúðirnar [152]. Í þeim vörum voru 21 tré (stokkar) skorðuð með stórgrýti til beggja enda. Þar eru nú tvö ein eftir. En í stað trjánna er stórgrýti komið í vörina," segir í Rauðskinnu IX-X.
Lendingin sést enn og skerst til norðurs inn í kletta. Hún er ógreinileg og undir miklum ágangi sjávar.



1850-375: Stokkavör, horft til SSV.



1850-374: Gosuvör, horft til suðurs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 4, 7; Rauðskinna IX-X, 25


1850-374: GK-040:066 *Gosuvör* mannvirki lending
„Austan við Norðlingabaðstofu er Stokkavör, ævagömul , enda stundum nefnd Gamlavör. Þar innan við Gosuvik; hefir þar verið gjörð lending, sem heitir Gosuvör, en er oft nefnd Skökk; mun það vera af því að hún stefnir skáhallt inn í grjótið," segir örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1919 er vör, hlaðin

steinum, merkt rúmlega 240 m vestan bæjar 001.
Enn sést rutt svæði þar sem lendingin var. Þarna eru þaravaxnir steinar í fjörunni. Vörin er þó illgreinileg á flóði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 4

1850-373: GK-040:067_1 *Gosa* tóft bústaður
„En sannfróðir eru menn um það, að þar hafa margar hjáleigur lagzt i eyði og þar af sumar af sjógangi. Nokkrar af eyðihjáleigunum heyrði eg nefndar, og eru þær þessar: [...] Gosa (Gosabær=Gottsvinsbær?)



1850-373: Gosa, horft til suðausturs.



1850-374: Uppmæling af býlinu Gosu.

[...],“ segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Hjáleigan Gosa er nefnd í lýsingu á Stafnesi 1766 skv. Rauðskinnu IX-X.
„Eftir 2 mánuði, að morgni 1. marz 1770, kom annað stórflóðið. [...] Svo mjög dámaði á hjáleigunni, sem Gosi heitir, að bóndinn þar stóð í sjó nærri því í geirvörtur innan við baðstofudyr sínar. [...] Heyið, sem hann átti í hlöðu, fordjarfaðist allt upp til miðs, því að sjórinn braut hurðina og dyraumbúnaðinn,“ segir í Rauðskinnu IX-X.
„Þar innan við Gosuvik; hefir þar verið gjörð lending, sem heitir Gosuvör [...]. Þar uppi á bakkanum er hóll með rúst. Þar stóð bærinn Gosa,“ segir örnefnaskrá. Bæjartóftin sést enn, sjór er þó byrjaður að brjóta niður suðvestasta hluta tóftarinnar. Tóftin er 22,5x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er byggð upp við túngarðinn að vestan, utan túnsins. Veggirnir eru 0,5-1,5 m á hæð og allt að 2,5 m á breidd. Stafnar bæjarins snéru til suðvesturs, að sjó. Enn má sjá grjót í veggjum og móta fyrir 4-5 hólfum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 4; Árbók 1903, 39; Rauðskinna IX-X, 24, 26




1850-382: Horft til norðurs yfir öskuhauginn.

1850-382: GK-040:067_2 mannvistarleifar öskuhaugur
Öskuhaugur er fast vestan við bæjartóft 067_1. Hann er alveg í fjörunni, um 5 m í þvermál og 1 m á hæð. Það sést í fiskibein í rofi en ágangur sjávar er mikill hér.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-273: GK-040:068 *Skiphólmi* hóll bæjarhóll
„Þar innan við Gosuvik; hefir þar verið gjörð lending, sem heitir Gosuvör [...]. Innan við Gosuvör er Skiphólmi. Það er hár hóll, grasi gróinn að nokkru. Þar var áður býli, en nafnið er týnt, það kynni




1850-273: Bæjarhóllinn, horft til norðausturs.



1850-272-274: Uppmæling af minjum í Skiphólma.

að vera Litlu-Hólmahús, sem var eitt af eyðibýlunum við Stafnes 1703," segir í örnefnaskrá. Sunnan bæjar 001 er örnefnið Skipahólmur merkt á túnakorti frá 1919.
„Skiphólmi á að vera Skipahólmi. Vertíðarskip voru geymd þar á milli vertíða. Þar flæddi aldrei yfir. Þar sem skipin stóðu, var kallaður Flór. Þar var jafnaður flór, en hann var ótryggur. – Á þessum hólma var bær áður fyrr", segir í aths. við örnefnaskrá.
„Þegar komið var inn úr Gjánni, var lent í Stokkavör, sem var aðallendingin. Þar var fiskurinn seilaður og borinn upp á skiptivöll við sjávarhúsin. Þegar búið var að losa skipin, voru þau færð að Skiphólmanum, sem var uppsátur skipanna [...]. Skiphólmi er hár og snarbrattur. Efst uppi er sléttur flötur, og þar stóðu skipin, en þykkur tvíhlaðinn grjótgarður er umhverfis flötinn, skipunum til skjóls fyrir ofviðri, enda var þeim óhætt í þessu ágæta nausti, hvað sem á gekk," segir í örnefnaskrá MÞ.
Bæjarhóll er í Skipahólma og sést hann enn undir þeim minjum sem þar eru. Suðaustan í hólnum eru hleðsla/kantur og má greina 1-2 umför af grjóti þar. Það mótar líka fyrir svipuðum kanti sunnan í hólnum. Til annarra átta fjarar hóllinn út. Hann er algróinn og ekki sjást greinilegar tóftir sem tilheyra bænum. Mikil mannvist er hér undir sverði, m.a. sjást bein, kopar og fl. hlutir í fjörunni vestan við bæjarhólinn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-269 og 270: Uppmæling af bæjarhól Sandhúsa og bæjartóft á honum.

Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 4; Túnakort 1919; Ö-Stafnes Aths., 1; Ö-Stafnes MÞ, 7

1850-269: GK-040:069_1
Sandhús bæjarhóll bústaður 1703: „Sandhús, fyrsta hjáleiga í Stafneslandi. Jarðardýrleiki óviss," segir í Jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hjáleigan Sandhús er nefnd í lýsingu á Stafnesi 1766 skv. Rauðskinnu IX-X.
„Eftir 2 mánuði, að morgni 1. marz 1770, kom annað stórflóðið. [...] Sama er um Sandhús að segja [og Gosu (067)], að sjórinn gekk þar og allnærri, en varð þó ei svo stór skaði að," segir í Rauðskinnu IX-X.
„En sannfróðir eru menn um það, að þar hafa margar hjáleigur lagzt i eyði og þar af sumar af sjógangi. Nokkrar af eyðihjáleigunum heyrði eg nefndar, og eru þær þessar: [...] Sandhús [...]," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
„Austan við Skiphólma [031] er annar hóll stór, með gömlum bæjarrústum; hét það Sandhús, en

hóllinn heitir nú Sandhúshóll," segir í örnefnaskrá.
Sandhús eru suðvestan við heimatún Stafness, alveg við ströndina. Það er ekki vitað hvenær bærinn fer í eyði, það er líklega á 19. öld. Bæjarhóllinn snýr austur-vestur og sést enn. Hann er 0,3-2,5 m á hæð og 32x8 m að stærð. Hóllinn er lægstur til norðausturs og norðurs. Til suðurs og vesturs er hann hæstur, sjávarmegin. Tóftir sjást enn á vesturhluta hólsins en líklega er búið að slétta aðrar minjar á hólnum út. Bæjarhóllinn er grasivaxinn og sjór hefur valdið skemmdum til suðurs og suðvesturs.


1850-269: Bæjarhóll Sandhúsa, horft til vesturs.


1850-270: Bæjartóftin, horft til NNA.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 4; JÁM III, 37; Árbók 1903, 39; Rauðskinna IX-X, 24

1850-270: GK-040:069_2 tóft híbýli
Tóft sem tilheyrði bæjarhúsum í Sandhúsum er á vesturhluta bæjarhólsins. Tóftin er 14x6 m stór, skiptist í tvö hólf og snýr austur-vestur. Til norðurs og vesturs eru veggir 1-1,5 m á hæð og þar sést glitta í 5 umför að innan. Að sunnan eru veggir tóftarinnar 3,5 m á hæð og þar sjást 10 umför, sjór gengur hér að tóftinni. Eystra hóflið er raskað og búið að fyllla upp í það. Það mótar fyrir opi til suðvesturs í vestara hólfinu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-366: GK-040:070_1 *Sundvörðuklöpp* heimild samgöngubót
„Ofarlega á Urðinni, er Sundvörðuklöpp, nokkuð stór klapparbunga; á henni stóð sundvarðan áður, en var flutt hærra upp, vegna sjávargangs," segir í örnefnaskrá.
Sundvörðuklöpp er nú hólmi og engin ummerki vörðunnar varðveitt.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 5



1850-371: Yngri varðan, horft til norðvesturs.

1850-371: GK-040:070_2 varða samgöngubót
Varðan er um 220 m norðaustan við Sundvörðuklöpp, sundavarðan var flutt hingað. Hún sést vel, er umfangsmikil en ekki vel hlaðin. Staur sést efst í henni, líklega var þríhyrningur þar. Umhverfis vörðuna er grasi gróinn tangi, vogar norðan og sunnan við. Varðan er 1,5x2,5 m að grunnfleti og allt að 2,5 m á hæð.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-894: GK-040:071 *Stafnesrif* heimild skip
„[E]n fram af Bóndarifi er Stafnesrif, og stefnir til suðvesturs. Það nær lengst út allra skerja á þessu svæði eða fram undir miðið [...]. Er það allræmdur hættustaður. Hafa þar mörg skipströnd orðið og

mannskaðar, sem kunnugt er,“ segir í örnefnaskrá.
„1900 11. júní Kútter Sirius strandar á Stafnesrifi. [...] Sumarið 1900 strandaði franska fiskiskútan Sirius frá Calais á Stafnesrifi. Skipstjóri gaf skipið upp sem strand. Geir Zoega kaupmaður reið suður að Stafnesi, keypti skipið á uppboði og fékk lappað upp á það með selskinnum. Tókst með fultingi manna úr hreppnum [...] að ná skipinu út og sigla til Reykjavíkur. Geir fékk skipið á um 2600 krónur með öllum reiðing en fullnaðarviðgerð kostaði 500 krónur. Þetta voru því reifarakaup enda skútan tiltölulega ný (byggð 1886) og þótti strax meðal vönduðustu þilskipa landsmanna,“ segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 5; Ásgeir ásgeirsson, 201, 203-204


1850-377: Horft til austurs yfir verkhúsin.



1850-377: Uppmæling af verkhúsunum.

1850-377: GK-040:072 mannvirki verkhús
„Þegar komið var inn úr Gjánni, var lent í Stokkavör, sem var aðallendingin. Þar var fiskurinn seilaður og borinn upp á skiptivöll við sjávarhúsin,” segir í örnefnaskrá.
Steypt og hlaðin fiskihús eru á grónum bakka norðan í Gosuvik. Hjallurinn er horfinn, þarna eru steypt hús í hans stað, mögulega var hjallur í þeim. Veggirnir eru 0,4-1,2 m á hæð og 0,4 m á breidd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-283: Horft til norðurs eftir túngarðinum.

Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 7


1850-283: GK-040:074 garðlag túngarður Garðlag, líklega túngarður sést vestast á Refatanga. Hann liggur til norðurs frá Stóru-rétt og stefnir að að Litlu-rétt. Garðurinn er 43 m að lengd og 1 m á breidd. Gaddavír er ofan á honum að hluta. Líklega er ekki fornan túngarð að ræða en hann liggur undir miklum skemmdum vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-274: GK-040:075 *Skiphólmi* hleðsla naust
„Þegar komið var inn úr Gjánni, var lent í Stokkavör, sem var aðallendingin. Þar var fiskurinn seilaður og borinn upp á skiptivöll við sjávarhúsin. Þegar búið var að losa skipin, voru þau færð að Skiphólmanum, sem var uppsátur skipanna [...]. Skiphólmi er hár og snarbrattur. Efst uppi er sléttur flötur, og þar stóðu skipin, en þykkur tvíhlaðinn grjótgarður er umhverfis flötinn, skipunum til skjóls fyrir ofviðri, enda var þeim óhætt í þessu ágæta nausti, hvað sem á gekk.” segir í örnefnaskrá. Naustið er uppi á bæjarhólnum í hólmanum og gerð þess hefur líklega raskað þeim minjum sem þar voru. Naustið líkist einna helst tvískiptri rétt og óvanalegt að gerð. Það er 17,5x16 m að stærð, snýr

norðvestur-suðaustur og má sjá tvö hólf á yfirborði. Annað hólfið er mun minna. Veggirnir naustsins eru grjóthlaðnir, 0,2-0,4 m á hæð og rof er í þeim að vestan. Skipin voru líklega dregin upp að norðvestan, þar er sléttur flái niður að sjónum. Víða er gróið yfir hleðslur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-274: Horft til norðausturs yfir naustið.



1850-274: Uppmæling af naustinu og bæjarhólnum í Skiphólma.

Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 7

1850-275: GK-040:076 *Flór* heimild uppsátur
„Var þá farið innan við Vatnasker og inn með Hólma sunnan megin og lent austan á Hólmanum. Þar eru sléttar klappir í flæðarmáli, svo nefndur Flór. Þegar góð var tíð og daglega róið, voru skipin látin standa á Flórnum yfir nóttina, en ef útlit versnaði, voru þau hækkuð upp meira eða minna eða sett alla leið upp á Hólmann," segir í örnefnaskrá. Í aths. við örnefnalýsingu segir: „Skiphólmi á að vera Skipahólmi [031]. Vertíðarskip voru geymd þar á milli vertíða. Þar flæddi aldrei yfir. Þar sem skipin stóðu, var kallaður Flór. Þar var jafnaður flór, en hann var ótryggur."
Suðaustan í Skipahólma eru sléttar klappir, þar var Flórinn. Engin mannvirki sjást á þessu svæði. Þarna voru steyptar hellur en þær sjást ekki lengur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 7; Ö-Stafnes Aths., 1

1850-272: GK-040:077 hleðsla brú
„Skiphólmi stendur neðan við flóðmál og fellur kringum hann á stórstraumsflóðum. Var gjörð grjótbrú milli lands og Hólma, en með því að sogadráttur var sterkur í þröngri rásinni, vildi oft ruglast hleðslan, svo fótfesta varð óviss. Einkum var þetta illt, ef bera þurfti beitt lóðarbjóð yfir brúna í dimmu, en mjög fallið yfir. Var svo jafnan þar, sem slíkar brýr varð að nota," segir í örnefnaskrá.
Brúin yfir í Skipahólma sést enn. Hún er hlaðin úr stóru grjóti og er einföld. Hleðslan liggur ANA-VSV og flæðir yfir hana á flóði. Hleðslan þarfnast viðhalds vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 7



1850-272: Horft til vesturs eftir brúnni.


1850-278: GK-040:078 mannvirki lending
Að sögn Jóns Ben Guðjónssonar, heimildarmanns, er lending innst (austan) við Gosuvik. Hún er nafnlaus en sést enn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-278: Horft til suðvesturs eftir lendingunni.

1850-893: GK-040:079 *Svörfull* heimild skip
1881: "28. september strandaði bryggskip fyrir framan Stafnes, hlaðið af ofnkolum. Átti að fara til Smithsverzlunarinnar. Menn björguðust á bátnum, en skipið sökk til botns. Sást aðeins á annað mastrið, en hitt brotnaði í briminu. [...] Skip það, sem sokkið hafði fyrir framan Stafnes með ofnkolin, var nú, þann 22. desember, loks selt við uppboð, þegar útséð var um, eftir brim, hroða og stórflóð, að ekkert mundi reka upp af því. Komst það í 45 krónur og þótti ráðleysa að kasta út meira fé í slíkan vonarpening, svo valtan," segir í Suðurnesjaannál, Rauðskinnu VII-VIII.
"Suður og inn af syðri Urðartánni er einkennilegt sker. Boði, sem á því fellur, heitir Svörfull [...]. September 1881 strandaði á Svörful skip, 440 lestir að stærð, hlaðið ofnkolum. Menn björguðust í land á bátnum, komu heim að Stafnesi um kvöldið og voru þar um nóttina. Um morguninn er komið var á fætur sást ekkert af skipinu, nema ofan á hæsta masturstoppinn. Brimið hafði fært briggskipið inn yfir gígbarminn, og það sokkið niður í hylinn í skerinu. Ekkert rak upp af því skipi, annað en það, sem lauslegt var á dekki og flotið gat," segir í örnefnaskrá.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 8-9; Rauðskinna VII-VIII, 180, 182

1850-252: GK-040:080 heimild verbúð
"Litlu innar í Ósnum er einstakur hólmi dálítill, sem heitir Einbúi. Þar á eru rústir af sjómannabúðum, sem líklega hafa verið frá Vogi [...]," segir Magnús Grímsson. Ragnheiður Traustadóttir skráði svæðið árið 2000: „Á innrauðum loftmyndum má sjá rústir í Einbúa. Var ekki unnt að komast þurrum fótum út í hólmann sumarið 2000, þótt heimildir geti um að það sé hægt." Ekki var hægt að fara þangað árið 2017 en hnit var tekið á sama stað og í skýrslu Ragnheiðar á úrvinnslustigi. Þessar tóftir eru líkega enn varðveittar að hluta.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson. 1940: 257; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 26



1850-288-297: Uppmæling af brunnunum.

1850-288: GK-040:081_1 hleðsla brunnur
Við Refamýri, sunnan við tjörnina og ónefnt býli, eru 10 hlaðnir hringir/hrúgur. Að sögn Jóns Ben Guðjónsonar heimildamanns, kom Kristján Eldjárn eitt sinn, skoðaði hringina og taldi tvo þeirra vera brunna. Ekki er ljóst af hverju hinir töldust ekki vera brunnar, allar eru hrúgurnar álíka á að líta. Eins er ekki vitað hvaða tvo hringi Kristján taldi vera brunna. Hrúgurnar eru misjafnar að stærð, um 1,5-2 m í þvermál og eitt umfar af steinum sést í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-289: GK-040:081_2 hleðsla brunnur
Við Refamýri, sunnan við tjörnina og ónefnt býli, eru 10 hlaðnir hringir/hrúgur. Að sögn Jóns Ben Guðjónsonar heimildamanns, kom Kristján Eldjárn eitt sinn, skoðaði hringina og taldi tvo þeirra vera brunna. Ekki er ljóst af hverju hinir töldust ekki vera brunnar, allar eru hrúgurnar álíka á að líta. Eins er ekki vitað hvaða tvo hringi Kristján taldi vera brunna. Hrúgurnar eru misjafnar að stærð, um 1,5-2 m í þvermál og eitt umfar af steinum sést í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-288: Horft til NNA yfir brunninn.



1850-289: Horft til NNV yfir brunninn.

1850-290: GK-040:081_3 hleðsla brunnur
Við Refamýri, sunnan við tjörnina og ónefnt býli, eru 10 hlaðnir hringir/hrúgur. Að sögn Jóns Ben Guðjónsonar heimildamanns, kom Kristján Eldjárn eitt sinn, skoðaði hringina og taldi tvo þeirra vera brunna. Ekki er ljóst af hverju hinir töldust ekki vera brunnar, allar eru hrúgurnar álíka á að líta. Eins er ekki vitað hvaða tvo hringi Kristján taldi vera brunna. Hrúgurnar eru misjafnar að stærð, um 1,5-2 m í þvermál og eitt umfar af steinum sést í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-291: GK-040:081_4 hleðsla brunnur
Við Refamýri, sunnan við tjörnina og ónefnt býli, eru 10 hlaðnir hringir/hrúgur. Að sögn Jóns Ben Guðjónsonar heimildamanns, kom Kristján Eldjárn eitt sinn, skoðaði hringina og taldi tvo þeirra vera brunna. Ekki er ljóst af hverju hinir töldust ekki vera brunnar, allar eru hrúgurnar álíka á að líta. Eins er ekki vitað hvaða tvo hringi Kristján taldi vera brunna. Hrúgurnar eru misjafnar að stærð, um 1,5-2 m í þvermál og eitt umfar af steinum sést í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-290: Brunnurinn, horft til norðurs.



1850-291: Brunnurinn, horft til vesturs.

1850-292: GK-040:081_5 hleðsla brunnur
Við Refamýri, sunnan við tjörnina og ónefnt býli, eru 10 hlaðnir hringir/hrúgur. Að sögn Jóns Ben Guðjónsonar heimildamanns, kom Kristján Eldjárn eitt sinn, skoðaði hringina og taldi tvo þeirra vera brunna. Ekki er ljóst af hverju hinir töldust ekki vera brunnar, allar eru hrúgurnar álíka á að líta. Eins

er ekki vitað hvaða tvo hringi Kristján taldi vera brunna. Hrúgurnar eru misjafnar að stærð, um 1,5-2 m í þvermál og eitt umfar af steinum sést í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-292: Horft til norðurs yfir brunninn.


1850-293: Brunnurinn, horft til norðausturs.

1850-293: GK-040:081_6 hleðsla brunnur
Við Refamýri, sunnan við tjörnina og ónefnt býli, eru 10 hlaðnir hringir/hrúgur. Að sögn Jóns Ben Guðjónsonar heimildamanns, kom Kristján Eldjárn eitt sinn, skoðaði hringina og taldi tvo þeirra vera brunna. Ekki er ljóst af hverju hinir töldust ekki vera brunnar, allar eru hrúgurnar álíka á að líta. Eins er ekki vitað hvaða tvo hringi Kristján taldi vera brunna. Hrúgurnar eru misjafnar að stærð, um 1,5-2 m í þvermál og eitt umfar af steinum sést í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-294: GK-040:081_7 hleðsla brunnur
Við Refamýri, sunnan við tjörnina og ónefnt býli, eru 10 hlaðnir hringir/hrúgur. Að sögn Jóns Ben Guðjónsonar heimildamanns, kom Kristján Eldjárn eitt sinn, skoðaði hringina og taldi tvo þeirra vera brunna. Ekki er ljóst af hverju hinir töldust ekki vera brunnar, allar eru hrúgurnar álíka á að líta. Eins er ekki vitað hvaða tvo hringi Kristján taldi vera brunna. Hrúgurnar eru misjafnar að stærð, um 1,5-2 m í þvermál og eitt umfar af steinum sést í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-295: GK-040:081_8 hleðsla brunnur
Við Refamýri, sunnan við tjörnina og ónefnt býli, eru 10 hlaðnir hringir/hrúgur. Að sögn Jóns Ben Guðjónsonar heimildamanns, kom Kristján Eldjárn eitt sinn, skoðaði hringina og taldi tvo þeirra vera brunna. Ekki er ljóst af hverju hinir töldust ekki vera brunnar, allar eru hrúgurnar álíka á að líta. Eins er ekki vitað hvaða tvo hringi Kristján taldi vera brunna. Hrúgurnar eru misjafnar að stærð, um 1,5-2


1850-294: Brunnurinn, horft til austurs.


1850-295: Horft til suðurs yfir brunninn.

m í þvermál og eitt umfar af steinum sést í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-296: GK-040:081_9 hleðsla brunnur
Við Refamýri, sunnan við tjörnina og ónefnt býli, eru 10 hlaðnir hringir/hrúgur. Að sögn Jóns Ben Guðjónsonar heimildamanns, kom Kristján Eldjárn eitt sinn, skoðaði hringina og taldi tvo þeirra vera brunna. Ekki er ljóst af hverju hinir töldust ekki vera brunnar, allar eru hrúgurnar álíka á að líta. Eins er ekki vitað hvaða tvo hringi Kristján taldi vera brunna. Hrúgurnar eru misjafnar að stærð, um 1,5-2 m í þvermál og eitt umfar af steinum sést í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-296: Horft niður á brunninn.


1850-297: Horft til vesturs yfir brunninn.

1850-297: GK-040:081_10 hleðsla brunnur
Við Refamýri, sunnan við tjörnina og ónefnt býli, eru 10 hlaðnir hringir/hrúgur. Að sögn Jóns Ben Guðjónsonar heimildamanns, kom Kristján Eldjárn eitt sinn, skoðaði hringina og taldi tvo þeirra vera brunna. Ekki er ljóst af hverju hinir töldust ekki vera brunnar, allar eru hrúgurnar álíka á að líta. Eins er ekki vitað hvaða tvo hringi Kristján taldi vera brunna. Hrúgurnar eru misjafnar að stærð, um 1,5-2 m í þvermál og eitt umfar af steinum sést í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-336: GK-040:084 *Dauðamannsklappir* örnefni
"Ofan við Djúpuvík eru svo nefndar Dauðsmannsklappir," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað af hverju þetta örnefni er dregið en klappirnar eru í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 11

1850-335: GK-040:085 varða samgöngubót „Leiðin inn á Þórshöfn er tvær vörður saman; stóð önnur í norðvesturhorni Þórshafnar, en hin uppi á heiðinni; heitir sú Mjóavarða og mun enn vera uppi standandi, enda algengt mið í Stafnesdjúpi," segir í örnefnaskrá. Ragnheiður Traustadóttir skráði vörðubrot árið 2000: „Varða sú, sem var í norðvesturhorni Þórshafnar, er hrunin."
Varða er á litlu holti í norðvesturhorni Þórshafnar, bein lína er úr höfninni í miðju vörðunnar sem uppi í heiði. Þessi varða er mjög útflött og sandpokar sjást í henni.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 12; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 23



1850-335: Varðan er hrunin. Horft er til suðvesturs.

1850-260: GK-040:086 *Grímsvör* heimild lending
„Allbreiður tangi austan Hvalvíkur er í daglegu tali nefndur Torfan, en mun heita Preststorfa. Við Torfuna er lending, nefnd Grímsvör öðru nafni Bárðarvör," segir í örnefnaskrá.
„Hestaklettur er þarna út í sjónum rétt fyrir utan, en svo rétt þar fyrir utan, þar er soldil rás á milli Einbúa og Torfunnar, sem kölluð var það var nefnilega þegar farið var suður í Hafnir þá var farið sjóveg af Torfunni og beint yfir þarna, ekki frá Selskerinu og rétt við Hestaklett, skammt fyrir utan hann, þá er farið þar beint yfir og suður í Kirkjuvog. Þarna var [...]. Bárðarvör og hún er þarna á Torfunni, og þar var lennt þegar flutt var svona á milli til að stytta sér leið, en þetta var náttúrulega ekki hægt að fara nema þegar góður var sjór," segir í örnefnaskrá Miðnesheiðar. „Nokkru utar [en Gamli-Kirkjuvogur] er Bárðarvör. [...] Úr henni var farið sjóleiðis utan af Rosmhvalanesi suður í Hafnir," segir í Rauðskinnu VII-VIII.
Grímsvör er horfin, mikill ágangur vegna sjávar er hér.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 12; Ö-Miðnesheiði GS, 20; Rauðskinna VII-VIII, 40

1850-259: GK-040:087 *Preststorfa* heimild ferja
„Af Torfunni er skemmst sjóleið yfir Ósana [...]. Var fólkið þá sótt og flutt yfir á bát. Það slys varð í þessum flutningum árið 1748, er ég tek hér upp úr Suðurnesja annál Sig. B. Sívertsen, orðrétt: „Fimmta sunnudag í föstu drukknaði presturinn á Hvalsnesi, séra Árni Hallvarðsson, er hann ætlaði til embættisgjörðar að Kirkjuvogi. Hafði hann farið af svo nefndri Prestatorfu í góðu veðri. En þeir, sem fluttu hann, höfðu farið of nærri skeri því, er Selsker kallast; hvirflar á því, en kemur upp úr um fjöru, en á móti því er klettur stór, er Hestaklettur kallast. Þar á milli liggur leiðin og allnærri klettinum, en þeir héldu nær skerinu en mátti. Reisti sig þá upp boði, er hvolfdi bátnum, er hann kenndi grynninga. Drukknaði þar prestur og sjö menn aðrir. Var einn þeirra Einar, sonur Hákonar í Kirkjuvogi, bróðir Vilhjálms. Einn eða tveir menn komust af, og þeir heyrðu prest segja, þegar hann sá, hvernig fara mundi: „Herra Jesú, meðtaktu sálir okkar allra." Nýlega hafði þá síra Árni verið búinn að taka af jólagleðina, sem haldin var á Flankastöðum, nauðugt mörgum. Hann var 36 ára gamall"," segir í örnefnaskrá.
„Þess vegna fara menn oftast frá Nesinu suður í Hafnir á flutningi eða ferju yfir Ósana; er flutt yfir þá, bæði fyrir framan af svo nefndri Preststorfu, og er þá komið í Kirkjuvogsvör, og fyrir innan af Skotbakka, fyrir innan Kirkjuvogseyri," segir í sýslu og sóknalýsingum.
Ragnheiður Traustadóttir skráði Preststorfu árið 2000. Ferjan og ferjustaðurinn sést ekki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 12; SSGK, 84; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 25

1850-372: GK-040:088 heimild leið
"Á síðari árum útgerðar á Stafnesi var steypt gangbraut eða vagnvegur á austurbrún Gömlu-Varar, en aldrei var lokið verkinu til fulls. Útgerðinni lauk fyrr. Nú er sjórinn að brjóta skörð í steypuna og ónýta hana. Þannig eyðast og hverfa gömlu sporin, hvert sem litið er," segir í örnefnaskrá. Vegurinn var í fjörunni fyrir neðan Gosu. Þar eru klappir sem grjót hefur verið rutt af en ekkert sést að leiðinni annars.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 7

1850-671: GK-040:089_1 *Gamli Kirkjuvogur* bæjarhóll býli
1703: "Gamle Kyrkiu Vogur. Forn eyðijörð. Hefur legið í auðn yfir stórt hundrað ár. Eru munnmæli að Kirkjuvogs bær sje þaðan fluttur, þangað sem nú stendur hann, og vill þá þetta bæjarstæði í kirkjuvogslandi verið hafa. Aðrir halda að þetta bæjarstæði sje í Stafness landi," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, undir Hafnahreppi. Undir Rosmhvalaneshreppi segir í Jarðabókinni: "Gamle Kirkjuvogur. Forn eyðijörð, um hana er skrifað síðast meðal Hafnahrepps bæja, að óvíst sje hvört hún liggi í Kirkjuvogs eður Stafness löndum, item að munnmæli sjeu að Kirkjuvogs bær sje þaðan fluttur. Nú að fleirum kringumstæðum betur yfirveguðum sýnist að sitt hafi hver bær verið, Kirkjuvogur, sem nú er bygður, og þessi gamli Kirkjuvogur, sem af gömlum documentum ráða er, að heitið hafi til forna Djúpivogur. Hvað sem hjer um er að segja, þá er það víst, að þessi eyðijörð öldúngis ekki kann upp aftur að byggjast, með því svo vel túnstæðið sem landið alt um kríng af sandi uppblásið er og að bláberu hrjóstri orðið. So er og lendingin, er þar sýnist verið hafa, af útgrynni öldúngis fordjörfuð og ónýtt. Grastór, sem hjer og hvar í landareigninni kunna til baka vera, nýta sjer



1850-671: Yfirlitsmynd af minjum við Gamla-Kirkjuvog.

Stefnesíngar og Kirkjuvogsmenn, og er hjer ágreiníngur um landamerki." Á lausum miða með hendi ÁM segir einnig: "Það sem menn tala um bæjarfærslu frá gamla Kirkjuvogi til Kirkjuvogs mun vera ósatt. Kirkjan kann vera flutt þar frá, og af því principio mun þessi gamli Kirkjuvogur so kallaður vera. Er líklegt að þessi jörð hafi fyrir sig sjálfa jörð verið og so smám saman eyðilagst. Hafi hún nú kóngsjörð verið, sem óvíst er, þá heyrir hennar land til Stafness."

„Nokkurn spöl austur af Fremri-Skotbakka er annar tangi, sem heitir Innri-Skotbakki . Skammt innar er gamli Kirkjuvogur. Þar sér aðeins fyrir rústum, en engin önnur merki um fyrri byggð. Til marks um það, hve Vogur (gamli Kirkjuvogur) var mikil jörð, skal þess getið, að árið 1407 selur Björn Þorleifsson hirðstjóri manni einum, er Eyjólfur hét Arngrímsson, Voga á Rosmhvalanesi, sem þá var kirkjustaður, fyrir 5 jarðir á Vestfjörðum. (Árb. Esp. 2, 68.) [...] Árið 1703 hefir gamli Kirkjuvogur legið í auðn yfir stórt hundrað ár, segir þar, þ. e. frá 1580 eða nokkru fyrr," segir í örnefnaskrá.


Í landamerkjabréfi milli Hvalness og Stafness frá [um 1270] kemur fram að Stafnes á merki við «kirkiv vog og niardvik. Ok diupa vog. Enn reka mork millvm divpa vogs og starnes og hvallsnes skilr grof sv er verdvr firi innann klettana til hægri handar er ridit er fra kirkiv vogi." DI II, 81.

„Má sjá þar rústir, en er allt upplásið, og varla þekkjanlegt, að bær hafi þar staðið [...]," segir í sýslu og sóknalýsingum.

1840: "Kirkjuvogur var áður fyrir norðan Ósa, sem nú er Stafnessland, meina menn hann fluttan fyrir hér um 300 árum síðan liðnum [...]," segir í lýsingu á Höfnum. Í Lýsingu á Höfnum getur Brandur Guðmundson þess einnig að hann hafi á "landcomissiþingi á Járngerðarstöðum 1801 séð í bók hjá commissariis Kirkjuvog nefndan fyrir norðan Ósa ár 1516, sem mig minnir og þar í getið eyðijarða Haugsenda hér og Árnagerðis." Þetta bréf er óþekkt.

1860: "Ei er ólíklegt, að frá bæ þessum hafi útræði í Einbúa, sem fyrr er getið. Vogurinn austan til við nesið heitir Vogur eða Djúpivogur, og bærinn hét í Vogi," segir Magnús Grímsson. „[Austan við Skotbakkasand] tekur við breitt vik, sem ekki þekkist nafn á, en næst tekur við dálítið nes, smávikótt, en austan þess er talsverð vík, og austan á nesinu, vestan víkurinnar, á bærinn Í Vogi að hafa verið," segir í örnefnalýsingu.

„Kirkjuvogur hefir til forna staðið langt inn með Ósunum að norðanverðu. Ósarnir eru sem dálítill fjörður, sem gengur til austurs inn úr Hafnavík. [...] Þar sem bærinn var, er rústabunga mikil. Þar er alt nú blásið hraun, þó er rústin að nokkru leyti grasgróin. Er eigi hægt að sjá grein á húsaskipun og eigi sést með vissu hvar kirkjan [048] hefir verið. [...] Þess er getið í Arbókum Espólíns II. 68. að 1467 seldi Ólafur biskup Rögnvaldsson Eyjúlfi Arnfinnssyni "Voga" í Rosmhvalsnesshreppi



1850-671 og 672: Uppmæling af bæjarhólnum og tóftinni á honum.

fyrir 5 jarðir á Vestfjörðum. Nú er enginn bær í Rosmhvalsnesshreppi, er heitir "í Vogum". Mun hér því átt við Kirkjuvog hinn forna og ef til vill Kotvog með, eða þó öllu heldur Djúpavog, sem mun hafa verið hjáleiga frá Kirkjuvogi og staðið við Ósabotnana. [...] Nokkru fyrir innan Kirkjuvog hinn forna gengur gróf mikil frá Ósabotnunum þvert til norðurs. Gengur sjór nokkuð inneftir henni, og heitir þar enn Djúpivogur. Þar litlu innar ætti bærinn, Djúpivogur, að hafa verið. Merki sjást ekki til þess; en það er ekki að márka. Sjór hefir mjög gengið á land í Ósunum, og getur bæjarstæðið verið brotið af," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.

„T.d má í sjá hlaðna garða undir sjávarmáli út frá hinum forna bæ Vogum (Kirkjuvogi), en Ósinn mun einmitt hafa verið nefndur eftir bænum," segir á ferlir.is. Annars staðar á síðunni segir: "Gengið var að gamla bæjarhólnum, en Kaupstaðaleiðin [GK-631:045] liggur rétt ofan við hólinn. Á honum er greinileg hleðsla á tveimur stöðum, sú efri hringlaga og sú neðri ferhyrningslaga. Þarna gæti hafa verið kirkjugarður og kirkja eða bær. Neðan bæjarhólsins er þrjár tóttir. Í tveimur þeirra eru greinilegar hleðslur. Sú syðsta virðist hafa verið gerði. Í skýrslunni er þar sagður vera gamall kirkjugarður, sem verður að teljast vafasamt. Sunnan við gerðið er tangi. Fremst á honum er hlaðið gerði, en tanginn hefur greinilega sigið nokkuð eins og annað land á svæðinu, eða um 8 mm á ári skv. staðfestum mælingum." Á þriðja stað segir: "Bæjarhóllinn er óspilltur. Skammt vestan hans er óvenjulega vel varðveittur brunnur, fallega hlaðinn úr grjóti." Á fjórða stað á ferlir.is segir: "Gengið var um Gamla-Kirkjuvog. Þar, norðan Ósa, má enn sjá bæjarhólinn forna. Á honum mótar fyrir hleðslum. Skammt sunnar eru grónar og sandorpnar hleðslur á tveimur lægri hólum. Vestar sést greinilega bogadreginn jarðlægur garður og nokkru austar manngerður hóll (dys?), virki eða eftirlitsstaður. Er hann jafnframt ein áhugaverðasta fornleifin á svæðinu. Enn austar eru tóftir við suðaustanverðan Djúpavog (hóll, brunnur og gerði) [GK-035:158]. [...] Þegar svæðið neðan við Gamla-Kirkjuvog var skoðað af gaumgæfni kom í ljós hringlaga hleðsla við götu er legið hefur austan við suðaustasta rústahólinn. Þar gæti hafa verið brunnur fyrrum."

Ragnheiður Traustadóttir skráði eftirtaldar minjar í Gamla Kirkjuvogi árið 2000: A. Bæjarhóll: "Bæjarhóllinn stendur við norðanverða Ósa. Hann er grasi gróinn, snýr í suður-norður, rúmir 23 m á lengd, 10 m á breidd og um 2 m þar sem hann er hæstur. Húsaskipun er ekki hægt að greina." B. Brunnur: "8 m vestur af bæjarhólnum er óvenjulega vel varðveittur brunnur, fallega hlaðinn úr grjóti, 1,30 x 1,50 m að utanmáli." C. Túngarður: "Ofan og norðan við bæjarhólinn eru ógreinilegar leifar túngarðs sem hefur verið hlaðinn úr grjóti." D. Rúst: "Sunnan við bæjarhólinn má sjá leifar af því sem virðist vera kirkjugarður, enda var Kirkjuvogur kirkjujörð. Heimildir herma að mannabein hafi verið


1850-671: Bæjarhóllinn, horft til austurs.


1850-672: Bæjartóftin, horft til ASA.


flutt héðan í kirkjugarð í Kirkjuvogi í Höfnum, síðast um aldamótin 1800. Rústirnar eru ógreinilegar, en augsýnilega leifar mannvirkis."
Bæjarhóllinn sést enn og ber ekki mikið á honum. Hann er blásinn en hleðsla eða hryggur liggur eftir honum endilöngum. Það er enn gras í hólnum umhverfis hleðsluna sem bendir til mannvistarlaga undir sverði. Hóllinn er 0,5-1 m á hæð, 21x12 að stærð og snýr austur-vestur. Í einhverjum heimildum er þetta talið vera kirkjugarðurinn og það gæti allt eins verið rétt.
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: JÁM III, 33-35; Ö-Stafnes MÞ, 14-15; SSGK, 85; SS(Lýsing á Höfnum), 149, 150nm; Magnús Grímsson 1940, 257-58; Ö-Hafnir VHÍ, 2; Árbók 1903, 41-42; www.ferlir.is/?id=6436;www.ferlir.is/?id=3799;www.ferlir.is/?id=4017; www.ferlir.is/?id=11053

1850-672: GK-040:089_2 tóft híbýli
Á bæjarhólnum er illgreinileg hleðsla. Hún er einföld, sandorpin og gróið yfir hana á köflum. Efsti hluti hennar sést einungis. Hleðslan snýr austur-vestur og er 85x1 m að stærð. Steinar liggja ennfrmeur til suðurs frá henni miðri og gefa vegg til kynna. Víða sést glitta í hleðslugrjót í hólnum án þess að hægt sé að gera sér betri grein fyrir þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs

1850-247: GK-040:089_3 hleðsla túngarður
Túngarðurinn sést norðan við skráningarsvæðið sem og bæjarhólinn ofan á klettum sem og undir þeim. Þessi hluti er sá eini sem enn sést sunnan við bæinn, innan skráningarsvæðis. Þarna má sjá 14 m langan hluta sunnan við hól, hann fjarar síðan út til austurs. Túngarðurinn snýr norðvestur-suðaustur og er illgreinilegur.
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs


1850-247: Túngarðurinn, horft til suðausturs.

1850-246: GK-040:089_4 tóft útihús
„Af rústunum fram á nesinu eru 3 mestar, allar hér um bil kringlóttar, en stutt bil á milli," segir í grein Magnúsar Grímssonar. Hér er verið að skrá eina þessarra tófta. Hóll sunnan við bæinn, hleðsla sést í honum. Hún er suðaustan í hólnum, 0,2 m á hæð og þar sést eitt umfar af grjóti. Uppi á hólnum er tóft, opin til suðausturs. Hleðsla sést í suðurvegg þar. Afar líklega er um sama mannvirki að ræða. Hóllinn er 0,2 m á hæð. Ekki er vitað hvar hinar tóftirnar voru með vissu, ein þeirra er mögulega 249.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson. 1940: 258.



1850-246: Uppmæling af tóftinni.



1850-246: Útihúsið, horft til norðurs.

1850-673: GK-040:089_5 heimild lending
„Niður á nesinu og með eystri vognum eru stórkostlegar rústir (089_10), líklega sjóbúðir, vergögn og þess háttar. Allar eru þær úr grjóti og mikið mannvirki á. Þar hafa verið 5 eða 6 varir ruddar út í hinn eystra voginn.“ Hér er verið að skrá lendingarnar en ekki er vitað hvar þær voru staðsettar né eru þær varðveittar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson. 1940: 258.

1850-248: GK-040:089_6 tóft uppsátur
Tóft fer undir sjávarmál á flóði sunnan við bæinn. Þarna er tangi sem er við það að hverfa. Tóftin er 43x19 m og snýr norður-suður. Hún er hlaðin úr stóru gjóti en austurhliðin er horfin eða var mögulega ekki til staðar. Tóftin skiptist í tvö hólf og undirstöður veggjanna sjást enn, þetta líkist einna helst rétt eða uppsátri.



1850-248: Tóftin, horft til SSA.



1850-248: Uppmæling af tóftinni.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-249: GK-040:089_7 hleðsla óþekkt
Gróinn klapparhóll nærri sjó, óljós hleðsla sést í honum til suðurs. Mögulegt er að þetta sé ein hinna hringlaga tófta sem voru hér á fyrri hluta síðustu aldar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-249: Hleðslan, horft til norðurs.



1850-674: Horft til ANA yfir tóftina.

1850-674: GK-040:089_8 tóft útihús
Grjótdreif sést ANA við bæjarhólinn, á lágum hól. Ekki er greinilegt rústalag á tóftinni en án efa er hér enn mannvist undir sverði, það gefur gróðurfar til kynna.


Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs

1850-245: GK-040:089_9 hleðsla brunnur
Brunnurinn sem var skráður árið 2000 fannst ekki árið 2017. Hann var utan við skráningarsvæðið en staðsetningin er þó svolítið á reiki og áttahorf misjaft í eldri lýsingum. Annar brunnur er líklega utan skráningarsvæðisins að auki en það þarfnast staðfestingar.
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs

1850-243: GK-040:089_10 hleðsla sjóbúð
„Niður á nesinu og með eystri vognum eru stórkostlegar rústir líklega sjóbúðir, vergögn og þess háttar. Allar eru þær úr grjóti og mikið mannvirki," segir í grein Magnúsar Grímssonar. Austan við bæjarhólinn er stór og blásinn hóll. Umfang hans er síst minna en bæjarhólsins, hann er 37x22 m að stærð og snýr ANA-VSV. Ofan á honum sjást hleðslur án þess að hægt sé að gera sér grein fyrir hvers konar mannvirki var hér eða tilgang þess. Líklega er um sjóbúðir sem getið er í eldri lýsingum að ræða sé tekið mið af umfangi hólsins.



1850-243: Horft til suðvesturs yfir sjóbúðina.



1850-243: Uppmæling af sjóbúðinni.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-675: GK:040:089_11 tóft kirkja
Það mótar óljóst fyrir suðurvegg meintrar kirkju, norðvestan við bæinn. Hún er 8,5x1,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Varða 115 er „inni" í eða ofan á meintri kirkju og þjóðleið GK-631:045 er fast norðan hennar.
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs



1850-675: Meint kirkja, horft til NNV.



1850-676: Horft til VNV yfir kirkjugarðinn.

1850-676: GK-040:089_12 hleðsla kirkjugarður
„Niður frá bænum [089], allskammt þaðan í landsuður, eru rústir, sem líklega eru kirkjurústir," segir Magnús Grímsson." „Þar sem bærinn var, er rústabunga mikil. Þar er alt nú blásið hraun, þó er rústin að nokkru leyti grasgróin. Er eigi hægt að sjá grein á húsaskipun og eigi sést með vissu hvar kirkjan hefir verið. En kunnugir menn vita það, því mannabein hafa fundist þar, er kirkjugarðurinn blés upp. Voru þau flutt að Kirkjuvogi. Var það nálægt aldamótunum 1800, að bein voru síðast flutt þaðan, en sagt er að nokkuð hafi verið flutt áður, smátt og smátt," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Óljóst mótar fyrir hlöðnum vegg, mögulega vesturvegg kirkjugarðsins. Hann sést sem ein steinaröð og fjarar út í blásnu landi.
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Magnús Grímsson. 1940: 258; Árbók 1903, 41

1850-484: GK-040:093 *Urðarbær* heimild býli
„En sannfróðir eru menn um það, að þar hafa margar hjáleigur lagzt i eyði og þar af sumar af sjógangi. Nokkrar af eyðihjáleigunum heyrði eg nefndar, og eru þær þessar: Urðabær [...]," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903. Þessi bær er gjöreyddur vegna landbrots og ekki vitað hvar hann var staðsettur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 39

1850-485: GK-040:094 *Hólmabær* heimild býli
"En sannfróðir eru menn um það, að þar hafa margar hjáleigur lagzt i eyði og þar af sumar af sjógangi. Nokkrar af eyðihjáleigunum heyrði eg nefndar, og eru þær þessar: [...] Hólmabær [...]," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903. Þessi bær er gjöreyddur vegna landbrots og ekki vitað hvar hann var staðsettur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 39

1850-271: GK-040:099 heimild samgöngubót
„Á suðuenda ílangrar klappar rétt fyrir ofan Bala er Heiðarvarða, siglingamerki fyrir Stafsund, sem er rétt sunnan við vitann. Með henni var notuð varða sem einhven tíma var við Sandhús, Hún er nú horfin [sic] en fiskihús [ungt] er notað sem mið í hennar stað," segir í svörum í Þjóðháttasafni. Varðan á Sandhúsum er horfin og ekki er vitað hvar hún var staðsett nákvæmlega. Líklega var hún sunnarlega á veggjum bæjarins, þar sem veggirnir eru hæstir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: ÞÞ 10777

1850-237: GK-040:100 varða samgöngubót
Grjóthlaðin varða sést við þjóðleið GK-641:046, þ.e. eldri leiðinni við sjóinn. Varðan er á grjótbrún, allt umhverfis er mosi og lyng.



1850-237: Varðan, horft til suðvesturs.


1850-238: Varðan, horft til VNV.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-238: GK-040:101 varða samgöngubót
Grjóthlaðin varða sést við þjóðleið GK-641:046, þ.e. eldri leiðinni við sjóinn. Hún er uppi á klöpp í hrauni. Mosi vex þarna en uppblástur hefur þó áhrif.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-285: GK-040:103 hleðsla skotbyrgi
Lítil tóft sem Jón Ben Guðjónsson, heimildamaður, taldi skotbyrgi, er á milli Refatjarnar til suðurs og sjávar til norðurs. Hún er U-laga, um 3,2x3 m að stærð og opin til suðurs að tjörninni. Veggir eru úr



1850-285: Uppmæling af skotbyrginu.


1850-285: Skotbyrgið, horft til ANA.

grjóti og má sjá tvö umför í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-240: GK-040:112 varða samgöngubót
Varða er við sjóinn, austan við litla vík á milli bæja sem nefndir hafa verið Gamli-Kirkjuvogur og Djúpivogur. Varðan er líklega við gamla þjóðleið (GK-631:046) eða sundmerki tengt horfinni lendingu eða gleymdum leiðum í sjó. Önnur varða er vestan við víkina, beint andspænis þessari. Varðan er uppi á klöpp og hlaðin úr stórum steinum sem vaxnir eru skófum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-240: Varðan, horft til VSV.


1850-241: Varðan, horft til VSV.

1850-241: GK-040:113 varða samgöngubót
Varða er við sjóinn, vestan við litla vík á milli bæja sem nefndir hafa verið Gamli-Kirkjuvogur og Djúpivogur. Varðan er líklega við gamla þjóðleið (GK-631:046) eða sundmerki tengt horfinni lendingu

eða gleymdum leiðum í sjó. Önnur varða er austan við víkina, beint andspænis þessari. Varðan er hlaðin á lágri hraunklöpp, í henni má greina 5-6 umför af grjóti sem er vaxið skófum. Stórt grjót er í vörðunni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-242: GK-040:114 varða samgöngubót
Grjóthlaðin varða er austan við vík, andspænis bæ sem nefndur er Gamli-Kirkjuvogur. Hún er ílöng og gat er í gegnum hana. Líklega er um gamla sundvörðu að ræða en heimildir geta um lendingar í víkinni. Varðan er ekki hlaðin úr mörgum steinum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-242: Varðan, horft til suðurs.


1850-244: Varðan, horft til norðvesturs.

1850-244: GK-040:115 varða samgöngubót
Fremur stór varða er hlaðin uppi á meintri kirkjutóft í Gamla-Kirkjuvogi. Það er gróið yfir hleðslur í henni, þó sést glitta í grjót að sunnan. Varðan sést víða að og notuð sem samgöngubót á leið GK-631:045.
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs

1850-250: GK-040:116 hleðsla óþekkt
Hleðsla er við sjóinn vestan við lítið vik, skammt vestan við Gamla Kirkjuvog. Hún er um 5x0,5 m að stærð og liggur til VNV-ASA, niður hraunbrún. Hún náði líklega lengra í báðar áttir. Hlutverkið er óþekkt en ekki er útilokað að þetta hafi verið vörslugarður sem afmarkaði nesið sem hér er sunnar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-250: Hleðslan, horft til suðurs.


1850-251: Horft til norðvesturs yfir vörðuna.

1850-251: GK-040:117 varða samgöngubót
Varða er austan við lítið vik, norðaustan við hólmann Einbúa. Hún er hlaðin í hraunjaðri og var mögulega samgöngubót á leið GK-631:046. Hún er grjóthlaðin, það má sjá þrjú umför sem vaxin eru skófum í henni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-254: GK-040:118 varða samgöngubót
Grjóthlaðin varða er norðan við vík, norðan við hólmann Einbúa. Varðan sést vel, hún er hlaðin á klöpp sem eykur hæð hennar. Mögulega var hún samgöngubót á leið GK-631:046.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-254: Horft til austurs, yfir vörðuna.


1850-255: Varðan, séð til suðvesturs.

1850-255: GK-040:119 varða samgöngubót
Grjóthlaðin varða er uppi á blásinni brun, ofan við vík norðan við Einbúa. Það má sjá þrjú umför af grjóti í henni. Hún er við þjóðleið GK-631:045.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-256: GK-040:120 varða samgöngubót
Varða er uppi á lágum hól, norðvestan við hólmann Einbúa. Hún er grjóthlaðin og má enn greina tvö umför í henni. Varðan er þó hrunin að mestu. Hún er hlaðin á klöpp og líklega um samgöngubót að ræða, ekki er þó vitað hvort það var á sjó eða landi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-256: Horft til norðvesturs yfir vörðuna.


1850-257: Varðan, horft til ASA.


1850-257: GK-040:121 varða samgöngubót
Hrunin varða er skammt sunnan við vörðu 120 (256), rúmir 20 m eru á millli þeirra. Botn þessarar vörðu sést einna best, á móts við norðurenda hólmans Einbúa. Það má sjá tvö umför hér og þar, restin af vörðunnni er hrunin.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-261: Varðan, horft til austurs.

1850-261: GK-040:122 varða samgöngubót
Varða er norðan við fremur mjóan og ílangan vog, sunnan við þjóðleið GK-631:045. Þarna er blásinn sandur. Varðan er uppi á hraunklöpp og hægt að greina þrjú umför í henni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-332: GK-040:123 hleðsla skotbyrgi
Í skýrslunni Skráning stríðsminja á Suðurnesjum segir: „Við Þórshöfn og uppi í heiði er að finna skotbyrgi og hleðslur sem eru leifar af æfingasvæði sem þar var. Auk þess eru leifar af mannvirkjum niður við sjó og steinn með áletrun frá hermanni sem verið við vakt í Þórshöfn. Minjarnar við Þórshöfn hafa ekki verið mældar upp en teknir voru hnitapunktar af þeim árið 2014. Þessi hleðsla/skotbyrgi er sunnan við kletta og myndar grjótlaðna skeifu. Þetta svæði er uppblásið en smávegis gras sést milli steina. Hleðslan er 0,3-0,4 m á hæð og 0,8 m á breidd.


1850-332: Horft til suðurs yfir byrgið.




1850-332: Uppmæling af byrginu.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir og Eiríkur Hermannsson, 42

1850-333: GK-040:124 hleðsla skotbyrgi
Skotbyrgi er uppi á klettum, skammt NNV frá skotbyrgi 123. Það er hlaðið á milli kletta og sandpokar eru í hleðslunum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-360: GK-040:125 hleðsla óþekkt
Gróin L-laga hleðsla er norðaustan við Litla-Básendahól, alveg við sjávarmál. Hleðslan er á nokkurs konar odda, en Litli-Básendahóll er nánast orðinn að hólma. Sjór fer yfir svæðið norðaustan við hólinn í stórviðrum. Hlutverk þessar hleðslu er óþekkt en suðurhluti hennar hefur þegar brotnað í sjó. Hún er 5x1,5 m að stærð, 0,2-0,3 m á hæð og úr grjóti. Ekki er útilokað að um vegg af mannviki sé að ræða.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-360: Uppmæling af hleðslunum á Litla-Básendahól.


1850-360: Horft til suðurs eftir hleðslunni.

1850-361: GK-040:126 hleðsla óþekkt
Grjóthlaðin og einföld hleðsla er fast norðaustan við Litla-Básendahól. Hún er tæplega 5 m löng, 0,2-0,6 m á hæð og 1 m á breidd. Það má sjá 1-3 umför af grjóti en hlutverkið er óþekkt.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-361: Hleðslan, horft til suðvesturs.


1850-338: Varðan, horft til vesturs.

1850-338: GK-040:129 varða óþekkt
Norðan við Kuðungavík er rofið svæði, þar er mikill sandur og grjót en þó smá lyng á milli steina. Illa hlaðin varða er þar skammt sunnan við Draughól, neðstu steinar gamlir en efstu steinarnir hafa verið hlaðnir nýlega. Þessari vörðu er haldið við, flotholt er í vesturhluta hennar. Steinum er hrúgað saman fremur en að um vandaða hleðslu sé að ræða.
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs

1850-964: GK-040:130 heimild skip
„1901 30. mars Kútter Hjálmar strandar sunnan við Stafnes. [...] Í marsmánuði 1901 strandaði kútter Hjálmar skammt fyrir sunnan Stafnes. Skipshöfninni 15 manns var bjargað er út fjaraði. Ólíkt Siriusi var Hjálmar á mjög slæmum stað og illa brotið. Litlu var úr því skipi bjargað," segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson. Ekki var hægt að hnitsetja þennan stað.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ásgeir ásgeirsson, 201, 204


1850-965: GK-040:131 heimild skip
„1644. [...] Einnig fórst skip frá Kjalarnesi með fiskfarm fyrir framan Stafnes," segir í Magnús Þórarinsson í Frá Suðurnesjum. Ekki var hægt að hnitsetja þennan stað.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Frá Suðurnesjum, 275

1850-287: GK-040:132 tóft skotbyrgi
Í mýri, fast sunnan við Refatjörn er skotbyrgi. Það er svipað og skotbyrgið norðan við tjörnina að gerð og lögun. Þetta er þó í deiglendi, þetta er gamalt tún sem nýtt var fyrir kúabeit. Tóftin er U-laga, um 2x2 m að stærð og opin til suðurs. Það má sjá 2 umför af steinum í veggjum.




1850-287: Horft til NNV yfir skotbyrgið.



1850-287: Uppmæling af tóftinni.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-380: GK-040:134 *Garðar* tóft híbýli
„Taldi Jón Jónsson hreppstjóri frá Fuglavík, sem síðast bjó í Glaumbæ við Stafnes, [...] upp 14 af hjáleigum þessum [sem voru á Stafnestorfunni], og voru þær þessar: [...] Garðar [...]. Sum af býlum þessum voru með vissu grasbýli frá Stafnesi, en þó flest þurrabúðir," segir í Rauðskinnu II. Enn má sjá bæjartóftina í Görðum. Þetta er lítil tóft, norðaustan við Stafnesvita. Þarna er gróið svæði en grjót úr sjónum er 5 m vestar. Þetta er mjög gróin tóft, smavegis rof er í austurvegg. Tóftin er 10x7,5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Op er til suðurs og veggir eru 0,4-1 m á hæð og 1,5 m á breidd.



1850-380: Uppmæling af tóftinni.



1850-380: Garðar, horft til VNV.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna II, 5

1850-486: GK-040:139 *Steinskot* heimild býli
1703: „Steinskot hefur fyrir tveim árum bygt verið [...]. Nú hefur sjáfargangur brotið túnið af meiri part, en leifar grasnautnarinnar brúkar heimabóndinn, og kann hjáleigan ei aftur að byggjast á hans

skaða," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þetta býli er að öllum líkindum horfið í sjó og ekki vitað hvar það var staðsett.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 41

1850-487: GK-040:141 *Halldórshús* heimild býli
1703: "Halldórshús hafa sex ár í eyði legið [...]. Nú hefur sjór og sandur yfirfallið hús og tún, so ómögulegt er aftur að byggja," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þetta býli er að öllum líkindum horfið í sjó og ekki vitað hvar það var staðsett.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 42

1850-897: GK-040:143 *Litlahólmahús* heimild býli
1703: "Litlahólmahús segist að fyrir fjörutíi árum hafi verið hjáleiga, og vita menn ekki hvar nú er sú grasnautn, sem þar með fylgdi til lögð. Kann og hjáleigan ekki að byggjast fyrir grasnautnar skort," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Ekki vitað hvar hjáleigan var staðsett, sumir telja að þetta sé Skiphólmi. Frekari heimildir þarf til að staðsetja býlið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 42

1850-488: GK-040:144 *Grímuhús* heimild býli
1703: "Grímuhús hafa í fimm ár í eyðu legið, [...] nú er bæjarstæðið af sjáfargángi brotið, og túnin af sandi fordjörfuð. Það sem eftir er grasnautnar, brúkar heimabóndinn og má ei skaðlaust afleggja," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þetta býli er að öllum líkindum horfið í sjó og ekki vitað hvar það var staðsett.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 42

1850-267: GK-040:152 *Fúsavör* mannvirki lending
Samkvæmt Jóni Ben Guðjónssyni, heimildamanni, er Fúsavör skammt austan við bryggju sem gerð var um 1980 af ábúendum í Stafneshverfi. Enn sést vik inn í fjörukambinn, stórir steinar sjást beggja vegna þess á fjöru. Ekki er vitað hvenær lendingin var notuð. Hægt er að greina vörina á loftmyndum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-267: Fúsavör, horft til SSV.

1850-967: GK-040:153 heimild sjóbúð
„Í ofviðri og stórflóði 30. desember 1769 hefir jörðin Stafnes „tekið einn merkilegan stóran skaða, sem mannlegur kraftur fær ómögulega endurbætt". [...] Upp úr Stokkavörunum [065] hefir sjórinn gengið inn í allar sjóbúðirnar," segir í Rauðskinnu IX-X. Þessar sjóbúðir voru að öllum líkindum á Gelluklöppum. Ekki er vitað hvar sjóbúðirnar voru staðsettar árið 1769 og líklega eru þær horfnar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna IX-X, 25

1850-968: GK-040:158 heimild hjallur
„Úr virðingaskrá dánarbús Þorbergs á Stafnesi [árið 1814]. [...] Hjallur við sjó, 17 rd. [...]," segir í Rauðskinnu IX-X. Ekki er vitað hvar þessi hjallur var staðsettur en að öllum líkindum er hann horfinn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna IX-X, 48

1850-264: GK-040:161 garðlag herslubyrgi
„Þar sjást frá fyrri tímum 30-40 fiska- og hákarlabyrgi og fiskigarðar fyrir neðan túnið, þar niður undan er skiparétt og vör og bezta lending," segir sr. Sigurður B. Sívertsen í Rauðskinnu IX-X. Hér

er verið að skrá herslugarðana en enn eru hlutar þeirra varðveittir suðaustan við heimatúnið. Innan skráningarsvæðisins var einn garður sem líkist hlöðnum kanti og talin með þetta hlutverk. Hann er 17x1 m að lengd og snýr norðvestur-suðaustur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna IX-X, 191



1850-264: Uppmæling af herslugarðinum.


1850-264: Garðlagið, horft til suðausturs.

1850-969: GK-040:162 *Jamestown* heimild skip
"Nokkru utar í Ósnum [en Flatasker], nánast í hánorður frá Kirkjuvogi, er sker sem Hestaklettur nefndist. Þar var á hvítasunnudag árið 1881 eitthvert sérkennilegasta skipsstrand, sem sögur fara af í Höfnum, en þá strandaði þar bandaríska seglskipið Jamestown. Skipið var á leið frá Ameríku til Englands en hafði lent í illviðri, sennilega fellibyl, og var nærri sokkið langt suður í hafi. Áhöfnin yfirgaf skipið, að því að talið var, en það sökk ekki heldur rak mannlaust fyrir sjó og vindi, mánuðum saman, uns það að lokum barst inn á Kirkjuvogssund. [...] Skipið var hlaðið timbri, sem margir Hafnamenn gerðu sér gott af, nýttu til smíða og bygginga og seldu auk þess víða um nágrannabyggðir. Að sögn var kjölfesta skipsins silfur frá Mexíkó, en aldrei hefur fundist arða af því," segir í Höfnum á Reykjanesi.
"En auk borðabunkans var líka aftast í þessari lest afarstór hlaði af hvítum múrsteini, fleiri þúsundir, og var víst meiningin að skipa honum öllum upp, þegar timbrið væri búið úr lestinni, en það fór á aðra leið. Skipið brotnaði áður en sú vinna væri hafin. [...] Þegar leið á sumarið fór það að kvisast, að seglfesta skipsins væri óhreinsað silfur, eða silfurgrjót frá Mexikó [...]. En eins og áður er sagt frá, þá brotnaði skipið áður en byrjað var á að skipa upp úr neðstu lestinni, en ógerningur að komast að seglfestunni, fyr en plankarnir voru teknir úr lestinni. Það er næsta ótrúlegt, en þó satt, að til þessa dags hefir ekki einn moli af seglfestu skipsins borist til lands, í öllum þeim hafrótum, sem verið hafa síðan að skipið brotnaði, og ekki hefir heldur sjest einn steinn af öllum múrsteinshlaðanum, sem var í miðlestinni. Það sennilegasta er, að þann dag, sem skipið klofnaði, hafi botninn borist fram á leirinn og hvolft þar öllu úr sjer og grjótið svo sokkið niður í leðjuna," segir Ólafur Ketilsson í Lesbók Morgunblaðsins 8.11.1936.
"Í Bath Daily Times mánudaginn 21. nóvember 1881 er enn fjallað um Jamestown. Þar segir: „ Svo virðist sem frægð Jamestown ætli engan enda að taka. Í tímaritinu Maine Mining Journal segir að fyrsta framleiðsla af málmgrýti frá námunni á Deer Isle hafi skrautlegan feril að baki og hafi endað á óvæntum stað. Málmgrýtið hafi Jamestown tekið sem barlest þegar það hélt til Swansee (svo !) í Englandi með timburfarm fyrir nærri ári. Járngrýtið er líklega enn í greypum þessa ólánsfleys þar sem það bar beinin." Það sem er örugglega rétt í þessu, og ber saman við blaðagreinar frá þessum tíma, er að barlestin var málmgrýti frá Deer Isle-námunni. Ástæða þess að einhvern grunaði að um silfur hefði verið að ræða er líklega vegna þess að saman við hefur verið svokallaður „klinker" sem myndast í málbræðsluofnum. Þar með telst kenningin um silfurbarlestina afsönnuð," segir í greininni Seglskipið Jamestown e. Leó M. Jónsson.
"Sumarið 1989 var einu af 4 akkerum þessa risaskips lyft upp af hafsbotni þar sem það hafði legið í 108 ár. Að því verki stóðu tveir Hafnamenn. Akkerið og hluti af akkerisfestinni prýðir nú hlaðið framan við Sæfiskasafnið við Hafnagötu í Kirkjuvogshverfi. Hin akkerin ásamt lengri akkerisfesti

höfðu fyrir löngu verið flutt til Vestmannaeyja þar sem festin var lengi notuð sem landfesti smábáta í höfninni," segir á ferlir.is.
"Tæpum 127 árum seinna, 24. júní síðastliðinn [2008], var annað af akkerum skipsins híft í land við bryggjuna í Höfnum af liðsmönnum umhverfissamtakanna Bláa hersins. Áður höfðu samtökin dregið akkerið að höfninni, en Hestaklettur er um 200-300 metra frá landi. Kafarar fundu akkerið fyrir fimm árum og er ekki talið útilokað að frekari fornleifar sé að finna á svæðinu, sem hefur verið friðlýst. Akkerið þykir heillegt og að afsöltun lokinni verður smíðað á það timburverk eins og var á akkerum á þessum tíma. Þá verður því fundinn staður nálægt elsta húsi Sandgerðis, Efra-Sandgerði. Húsið er félagsheimili Lionsklúbbsins og var á sínum tíma smíðað úr timbri skipsins," segir í Morgunblaðinu 26. júní 2008.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Hafnir á Reykjanesi, 30; Ólafur Ketilsson, 353-354; https://dive-explorer.com/2019/02/10/jamestown-1881/; www.ferlir.is/?id=3409; www.mbl.is/greinasafn/grein/1224656/

1850-253: GK-040:163 *Vörðuhólmi* varða landamerki
"Landamerki á milli Stafnesjarða í Miðnesshreppi annarsvegar og Kirkjuvogsjarða í Hafnahreppi hinsvegar, skulu vera þau er hjergreinir: [...] Úr "Beinhól" í miðjan Djúpavogsbotn við stórstraums flóðmál; hvar varanlegt merki skal sett, auðkennt L.M. þaðan bein lína um ósinn í vörðu þá, er stendur á suðurenda Vörðuhólma, er skal auðkend LM með varanlegu millimerki, er sett skal á Illaklif einnig auðkent L.M. – Frá Vörðuhólma sunnan um Selsker og Hestaklett á sjó út," segir í Landamerkjabréfi Nr. 75 frá 1925.
"Nú var tekið til við að kanna hina óbyggðu eyju [Einbúa]. Hún greinist í tvennt, sem fyrr segir, með rennu. Gengið var fram á hernaðartól og í Vörðuhólma voru mannvistarleifar, varða með letursteini; LM - landamerki Stafnes og Hafna að sögn Jóns Borgarssonar. [... O]fan á vörðunni, sem fyrr segir, syðst í hólmanum (63°56,662 -22°41,081) er letursteinninn með áletruninni "LM"," segir á ferlir.is. "Varða er syðst á Einbúa á landamærum Miðnes- og Hafnarhrepps. Þegar hana ber í Keili er Hafnarleirinn fyrir sunnan en Hraun fyrir norðan (leirinn: sandbotn í sjónum; Hraun: Hraunbrúnin)," segir í svörum í Þjóðháttasafni.


1850-253: Mynd af vörðunni sem birt er á heimasíðunni ferlir.is

Ekki reyndist unnt að fara í Einbúa en varðan sést vel frá landi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Landamerkjabréf Nr. 75; www.ferlir.is/?id=6436; ÞÞ 10777


1850-928: GK-040:164 heimild verbúð
„Þó fannst ein tóft ca. 3 x 1,5 m innanmál, norðvestan í Vörðuhólmanum (63°56,707-22°41,181) [...]. Hjá tóftinni eru 2 lágir sandhólar svipaðir að stærð og tóftin sjálf, - þar undir gæti eitthvað leynst. Með góðum vilja má líka sjá garða, en erfitt var að fullyrða nokkuð um það," segir á heimasíðunni ferlir.is. Ekki reyndist unnt að fara í Einbúa og því var ekki unnt að leggja mat á ástand þessarra tóftar. Líklega er um sjóbúð að ræða.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: www.ferlir.is/?id=6436


1850-928: Mynd af tóftinni sem birt er á heimasíðunni ferlir.is

1850-363: GK-040:165 tóft óþekkt
Á þessu svæði er jarðvegur mikið rofinn, inn á milli eru grasblettir. Tóftin er mikið röskuð til suðurs, þar eru steinahrúgur. Til norðurs sjást lágar raðir af steinum sem tekin eru úr næstu nágrenni. Veggir eru 0,3-0,8 m á hæð og allt að 1,3 m á breidd. Það má sjá 1-3 umför í veggjum.



1850-363: Horft til suðurs.



1850-363: Uppmæling af tóftinni.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots




1850-362: Horft til vesturs yfir hleðsluna.

1850-362: GK-040:166 hleðsla óþekkt
Uppi á Litla-Básendahól er hleðsla en hlutverk hennar er óþekkt. Hún hlykkjast eftir hólnum en ljóst að eitthvað rask hefur átt sér stað. Tvær minni hleðslur sjást suðvestar á hólnum en tilheyrðu án efa þessu sama mannvirki. Hleðslan er 17x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Það má sjá 2-3 umför af steinum og eru þeir 0,4-0,5 m á hæð og 1 m á breidd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-231: GK-040:167_1 bæjarhóll bústaður
„Við Ósana er einnig Stafnessel [048], en á milli þess og Gamla-Kirkjuvogs [089] fundu FERLIRsfarar mjög gamla tótt og garð, sem hvorki hefur verið minnst á né verið settur á kort. Greinilega er um mjög gamla tótt að ræða. Önnur stærri stendur þar við víkurbotn. Garðurinn liggur út í Ósinn og má sjá í hann undir yfirborði sjávar. [...] Gamla þjóðleiðin frá Hvalsnesi liggur skammt ofan við tóttirnar," segir á ferlir.is. Annars staðar á síðunni segir: „Vikið var út af vagngötunni til suðurs vestan Illaklifs og gamalli götu niður lága brekku. Þar sést hlaðinn garður á hægri hönd. Sunnar sést í háan grashól. Á honum er tótt. Einnig á öðrum skammt suðvestar. Neðan hans, rétt ofan við sjóinn, en lítið norðar, er hlaðinn garður. Fer hann nú á kaf í flóði. Gatan liggur í átt að Stafnesseli, þó lítillega til hægri, og yfir holtið. Á holtinu liggur hún einnig til suðurs, að gerði og tótt norðvestan Djúpavogs, þeim sem minnst var á áðan og eru undir Illaklifi [165]."
Til norðurs er gróin hraunbrún, tóftirnar eru nærri grasivöxnu svæði þar sem vík gengur til norðurs frá Ósum. Beinanes er beint sunnan við tóftirnar.
Bæjarhóllinn er líklega beint norðan við víkina og norðaustan við minjarnar sunnan hennar. Hann er 16,2x9,5 m að stærð og snýr nánast norður-suður. Hóllinn er algróinn og sést vel. Hliðar hans eru brattar og sjór hefur tekið hluta af honum til suðurs. Áfok hefur þar að auki aflagað hólinn. Ekki sér til mannvirkja á hólnum sjálfum en rof er til norðvesturs og mótar fyrir vegg þar. Veggurinn er 10x3,4 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er flatur að ofan og um 0,3-0,5 m á hæð.



1850-231: Horft til suðvesturs yfir bæjarhólinn.




1850-231: Uppmæling af bæjarhólnum.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: www.ferlir.is/?id=4017; www.ferlir.is/?id=17671

1850-232: GK-040:167_2 þúst útihús
Gróinn þúst, líklega útihús sem er á kafi sinu. Hún er 10x7 m að stór og snýr nánast austur-vestur. Þústin er brött til norðvesturs, þar er uppblástur líka mikill. Rof er norðan og vestan í þústinni en ekki sér í mannvistarlög þar.



1850-232: Þústin, horft til suðvesturs.



1850-232 og 239: Uppmæling af minjunum.


Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-233: GK-040:167_3 tóft skotbyrgi
Lítil og grjóthlaðin tóft, líklega yngri en býlið en það þarfnar staðfestingar. Tóftin er 3,5x2,8 m að stærð og snýr norður-suður. Op er til norðausturs. Það má sjá 1-2 umför af grjóti veggjum sem eru 0,3 m á hæð. Tóftin var mæld upp, líklega árið 2014 af Ragnheiði Traustadóttur og talin til stríðsminja en engar aðrar upplýsingar eru um byrgið í skýrslu sem kom út árið 2019.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

1850-235: GK-040:167_4 tóft rétt
Rétt er sunnan við þjóðleið GK-631:045, nærri sjó og líkist einna helst uppblásnum hól. Hún er 16x12 m að stærð, er einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru 0,2 m á hæð og efsti hluti þeirra kemur upp úr sverði. Það má sjá eitt umfar af steinum á yfirborði. Innan réttarinnar er uppsafnaður jarðvegur. Ekkert op sést á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots




1850-233: Byrgið, horft til suðvesturs.



1850-233: Uppmæling af skotbyrginu.



1850-235: Horft til norðausturs, yfir réttina.



1850-235: Uppmæling af réttinni.

1850-239: GK-040:167_5 garðlag óþekkt
Grjóthlaðinn garður sést liggja austur-vestur fast sunnan við leið 007. Líklega var það sett þarna þegar grjót var heinsað úr leiðinni. Ekki er ljóst hvort þessi garður tengist þeim fara út í Ósinn og getið er á heimasíðu ferlis, skrásetjari varð þess garðs ekki var.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-364: GK-040:177 garðlag túngarður



1850-364: Garðurinn, horft til NNV.

Grasbalar og hvönn eru á þessu svæði og lágt holt til norðurs. Grjóthlaðinn túngarður sést afmarka stakstætt tún á milli heimatúns Stafness og Básenda GK-040b. Túnið er 1,4 ha og snýr norðaustur-suðvestur. Til vesturs er túngarðurinn kominn í sjó og fer undir sjávarmál á flóði. Við sjóinn er garðurinn 0,3-0,5 m á hæð og 1 m á breidd. Norðar og utan skráningarsvæðis er hann 0,2-0,6 m á hæð. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er aðeins grænna og gróskumeira en annars er í nánasta umhverfi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-266: GK-040:182 garðlag varnargarður
Varnargarður við ströndina, einnig túngarður fyrir Gosu að öllum líkindum. Afmarkaði yngra



1850-266: Uppmæling af varnargarðinum.


1850-266: Horft til norðurs yfir varnargarðinn.

tún, sunnan við heimatúnið. Fiskhús frá 20. öld er byggt fast sunnan hans. Það eru rof í garðinum vegna ágangs sjávar að austan. Hann er líklega ekki mjög forn, a.m.k. ekki sá hluti sem er einna best varðveittur. Hann er 2 m á breidd, grjóthlaðinn og í honum má sjá 2-8 umför af grjóti. Gæti verið túngarður Sandhúsa.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-282: GK-040:183 áletrun
kennimark
„Nafnið Eyjólfur er áletrað á stein fremst vestan Stafnesvarar, beint fyrir neðan Vestur-Stafnes. Eyjólfur Árnason nokkur sem var vinnumaður á Stafnesi árin 1935-1940 hefur líklega merkt þennan stein með nafni sínu. Áletrunin er því um 80 ára gömul og nýtur ekki aldursfriðunar. Hún er þó vel varðveitt og þarna er geymd skemmtileg minning um vinnumann á Stafnesi á fyrri hluta 20. aldar.“ Stafirnir eru um 10 cm á hæð og vel gerðir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir 2022, 90-91



1850-282: Áletrunin EYJÓLFUR

1850-368: GK-040:184 tóft kálgarður
Kálgarður er við endann á vogi sem skerst til norðurs inn í land Stafness, suðaustan við heimatúnið. Kálgarðurinn er 50x30 m að stærð og snýr norður-suður. Það má sjá móta þremur hólfum í honum, mögulega var hann nýttur sem rétt að auki. Í veggjum að utan má sjá 4-5 umför af grjóti og hleðslur



1850-368: Horft til norðurs yfir kálgarðinn.



1850-368: Uppmæling af kálgarðinum.

eru enn vel uppistandandi. Veggir eru grónir neðst á köflum. Að innan eru steinhleðslur áberandi og torfhlaðnir þverveggir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-369: GK-040:185 tóft kálgarður
Kálgarður er sunnan við heimatúnið í Stafnesi, byggður upp að náttúrulegum hól nærri kartöflugryfjum. Hann er 12x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru torfhlaðnir, 0,3-0,5 m á hæð og 1 m á breidd. Op er til suðurs.




1850-369: Uppmæling af kálgarði 369.


1850-369: Horft til suðurs yfir kálgarðinn.

Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs

1850-401: GK-040:186 þúst býli
Að sögn Jóns Ben Guðjónssonar, heimildamanns, er nafnlaus bæjarhóll NNA við bæ 001, við sjóinn. Bæjarhóllinn er skemmdur, stór hluti hans brotnaði í sjó en núna er þarna varnargarður sem var gerður um 2007 eða svo. Gerð hans raskaði hólnum líka að hluta. Bæjarhóllinn er 8x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Rusl var brennt á honum á síðari árum.


1850-401: Horft til NNA yfir bæjarhólinn.



1850-401: Uppmæling af bæjarhólnum.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

1850-404: GK-040:187 heimild túngarður
Á túnakorti frá 1918 segir að garðlag á klettanefi í fjöru, nyrst í heimatúninu, Líklega er um túngarð 027 að ræða og afmarkaði hann heimatún alls hverfisins. Einnig gæti verið um eldri garð að ræða sem var nánast horfinn þegar túnakortið var gert. Öll ummerki þessa túngarðis eru eydd vegna ágangs sjávar.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-892: GK-040:188 heimild túngarður
Á loftmyndum sést garðlag liggja til austurs frá sjó, að Stafnesstekk og áfram til austurs uns han fjarar út í túni. Garðurinn sést ekki á yfirborði og ástand hans var ekki metið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-918: GK-040:189 heimild uppsátur
„Annað skipauppsátrið var að suðvestanverðu á Hólminum svonefnda. Því er lýst þannig [árið 1766]: Sjór og sandur hjálpast að til þess að eyðileggja Hólminn, fiskur spillist þar, en bátnum og öðru er hætta búin í flóðum og útsynningsveðrum," segir í Rauðskinnu IX-X.
Þetta uppsátur er horfið og engin ummerki þess varðveitt.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna IX-X, 25

1850-927: GK-040:190 mannvirki lending
Á vettvangi sást nafnlaus lending fast austan við Gosuvör/Skökk 066. Einungis 6 m eru á milli þessarra tveggja lendinga og ljóst að ástand þeirra er svipað.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-927: Lendingin, horft til suðurs.

1850-931: GK-040:191_1 hleðsla skotbyrgi
Í klettum austan við Djúpuvík, milli Þórshafnar til suðausturs og Básenda til norðvesturs eru tvö skotbyrgi. Hleðslurnar voru mældar upp, líklega árið 2014 af Ragnheiði Traustadóttur og talin til stríðsminja en engar aðrar upplýsingar eru um byrgið í skýrslu sem kom út árið 2019.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

1850-931: GK-040:191_2 hleðsla skotbyrgi
Í klettum austan við Djúpuvík, milli Þórshafnar til suðausturs og Básenda til norðvesturs eru tvö skotbyrgi. Hleðslurnar voru mældar upp, líklega árið 2014 af Ragnheiði Traustadóttur og talin til stríðsminja en engar aðrar upplýsingar eru um byrgið í skýrslu sem kom út árið 2019.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir, 2019.

1850-403: GK-040:192 frásögn öskuhaugur
Að sögn Jóns Ben Guðjónssonar, heimildamanns, keyrði varnarliðið rusl í sjóinn í gengum heimatún Hólakots og Bala, aðallega málma. Öskuhaugurinn var í fjörunni en ekkert sést af honum lengur enda skolaði sjórinn ruslinu jafnóðum burt.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-403: Horft til suðurs yfir víkina sem ruslið var sett í.




Skráðar minjar á Básendum.

GK-040b Básendar

1703: “Basendar, nýbýli í Stafnesslandi. Jarðadýrleiki óviss,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 40.
21.5.1484: Bréf skifað á Bátssöndum. DI VI, 513.
17.8.1484: Vitnisburður um svik, ásælni og yfirgang Diðreks Pínings og Piningsmanna við enska kaupmenn. “[...] ad Pining skyllde aptur leggia þad minna skipid tömt. sem hann hafde lated taka fyrer þeim a Batsendum.” DI VII, 13.
10.6.1491. Kæra enskra kaupmanna gegn Hansamönnum þar sem m.a. kemur fram að Diðrik Pining hafi skýrt Austmönnum sem lágu á skipum sínum á Básendum (Gotsande) frá friðarsáttmála Englands- og Danakonunga en Austmenn hefðu eigi að síður ráðist á ensku kaupmennina. DI XI, 49. Bréf [26.6.]1497 um kæru Hansamanna gegn Englendingum, DI XI, 51; og bréf 19.9.1521 um aðra kæru Englendinga gegn Hansamönnum nefna einnig Básenda.
17.5.1506: Þorvarður Erlendsson lögmaður gefur “einngelskum kaupmonnum. sem liggia a bassendum og grindavik lof til at kaupa vid Íslendzka menn riettum halfstyckis kaupum sem sett hefur verid og logtekit hier i landit sem byggia og bua á rosmala nese og grindavik.” DI VIII, 97.
14.8.(15)09: Bréfsuppkast. Kvörtun borgarstjóra og ráðs Hamborgar til Hans I. Danakonungs m.a. um að Englendingar taki hafnir af Þjóðverjum, og eru Básendar þar nefndir sérstaklega. DI XVI, 465.
1516: Svar Hans Tappes til borgarstjóra og ráðs Hamborgar. Tappe telur sig hafa orðið fyrir þungum búsifjum af Hamborgurum við Básenda. DI XVI, 492.
23. og 24.05.1521: Um útgreiðslu skulda eftir Vigfús Erlendsson heitinn. “Jtem golldit joni jakobssyni aa bazendvm.” DI VIII, 800.
[Um 4.4.1532]: Sættargerð milli Ludkens Schmidts og manna hans annars vegar og Roberts Legghe, William Hoppe, Thomasar Hirlacks, Harije Fijtzerths og Bartrams Farors hins vegar. Ludken Schmidt hafði neitað þeim síðarnefndu að koma inn á höfnina að Básendum 31.3.1532. Robert Legghe fékk þá John Willers í lið með sér og freistuðu þeir 3.4 að komast inn á höfnina með valdi. Árásin á skip LS mistókst og gáfu árásarmenn upp skip og góss til að bjarga lífi sínu. DI XVI, 537.
18.7.1532: Tylftardómur útnefndur af Erlendi Þorvarssyni lögmanni dæmir að skip og góss sem rak á land við Básenda í bardaga milli Lutken Smith og Joen Wyler falli undir konung. DI XVI, 542.
[Sumarið] 1532: Kærur Hamborgara á hendur Englendingum á Íslandi, m.a. kæra á hendur Jon Willer og Robertus Legge fyrir árásina á Ludtkin Smidt á Básendur. DI XVI, 555.
10.9.1532: Bréf öldurmanna þýzku Hansasamkundunnar í Lundúnum til Hamborgara. Þar er nefnt að flokkur Hamborgara hafi kringum s.l. júní tekið kaupmanninn Robert Legge frá Harwich, á skipinu Anna frá Harwich sem lá við Básenda, og haldið honum og öðrum mönnum þar til Hamborgarar komu fram vilja sínum. DI XVI, 585. 16.11.1532: Borgarstjóri og ráð í Hamborg mótmæla harðlega við Hinrik VIII, Englandskonung, að íslenskur fiskur hafi verið gerður upptækur fyrir Hamborgurum. Þar er m.a. nefnt að Johann Stemmelmann hafi keypt fisk á höfninni í Básendum fyrir vörur sínar. DI XVI, 604-605. Sjá einnig bréf dags. sama dag, sem einnig snýr að fiskkaupum, DI XVI, 607-608.
[1532]: Bréf kaupmanna frá Lynn til Hinriks VIII. Þeir segjast hafa gert út skipið Thomas frá Hull og hafi sökum óhagstæðs veðurs neyðst til þess að leita inn á höfn að Básendum. Þar hafi Luthke Smith frá Hamborg meinað þeim að varpa akkeri, myrt nokkra menn þeirra, stolið góssi úr skipinu og sökt því. DI XVI, 631-632. 1533: Básendar eru einnig nefndir í öðrum bréfum sem snúa að samskiptum Hansamanna og Englendinga á Íslandi, 1.2.1533, DI XVI, 652; 2.1533, DI XVI, 660, 663, 667; 10.2.1533, DI XVI, 685, 688; 22.2.1533, DI XVI, 701.
[1544 eða fyrr]: Tillögur Jóhanns Fríss kanslara. “Item her sondher po Ysland wdi en haffn som kalles Posandh ath ther ingen skiff lober wden K.M. eth skiff wdi shjgh en skin ath hans nade will ther lade skibæ all hans egen skath och renthe som faller ther syndher pa landeth [...].” DI XI, 369.
[20.3.1545]: Kærugreinar Otta Stígssonar hirðstjóra gegn þýskum kaupmönnum. “[...] ock is dath sulue kon. Maist. vnde dem lande nadeelich jch hefft ock Lucke jnn der haffe Borsann solckenn gewalt geeuer, vnd noch wedder recht Lijck oder Wandell daruer gedann.” DI XI, 369.
1549: Fógetareikningar. “Her for wthen bleff sent till Busandt ij skibet en 4 ar gamell nöd oc ij foer.” DI XII, 145. Sjá einnig Fógetareikninga 1553, DI XII, 578.
21.12.1550: Svar borgarstjóra og bæjarráðs Kaupmannahafnar vegna kæru Íslandsfara af Hamborg. “Samme forscreffne aar. [15]48 jin etth aff konigliige Maiestatis skib. emodt enn haffn heder Bosanndt. oc vilde værit ther jnde. menn the Jslandsdare aff Hamborg holt hannem vde aff haffnenn.” DI XI, 839.
19.2.1565: Konungur veitir tveimur dönskum mönnum, Anders Godske og Knud Schriffuer, leyfi til siglingar á Básenda. DI XIV, 345.
[1565]: Uppkast að konungsbréfi, líklega til Hamborgarráðs, sem leyfir verslun á Íslandi það sumar.

“Item her søndher pa Ysslandh wdi en Haffn som kalles Posandh ath ther yngen skiff løber wden Kongl. Mait. eth skiff wdi slyghensken ath hans Nade will ther lade skibæ all hans egen skath och Renthe som faller ther søndher pa landeth [...].” DI XIV, 450. 27.6.1566: Konungur veitir Marcus Hess, borgmeistara í Kaupmannahöfn, leyfi til siglingar á Básenda. DI XIV, 503.
1639: “Síðan eptir þau 2 skipbrot lagðist sú höfn [í Grindavík] af, en tekin upp höfn á Básenda, hver þó lengi hafði verið aflögð.” Fitjaannáll, Annálar II, 134.
“Árið 1799, í náttmyrkri 9. janúar og fárviðri af s.v., gekk á suður- og vesturströnd Íslands, víðlendara og stórtækara sjáfarflóð, en sögur fara af hér á landi. [...] Á Básendum tók þó út yfir allan þjófabálk. Þar drukknaði kona, og brotnaði öll byggingin,” segir í greininni Básendar við Faxaflóa, Blöndu III, 53.
“Fjörur og sandauðn er umhverfis Básenda, með litlum grasflesjum, frá síðustu öld, að austan og norðananverðu. Þær eru þó aptur að brotna, eða blása og gróa á vixl, allt heim að túni á Stafnesi. En sjór mylur framan af,” segir í greininni Básendar við Faxaflóa, Blöndu III, 47.

1850-344: GK-040b:001 *Básendar* tóft bústaður
1703: „Basendar, nýbýli í Stafnesslandi. Jarðadýrleiki óviss,“ segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
„Skammt suður frá túninu á Stafnesi eru Básendar, þar sem kaupstaðurinn var [...] Fremst á nesinu sér til rústanna af bænum á Básendum; eigi eru þær stórar mjög, en allglöggar,” segir Magnús Grímsson. Sunnan Stafness (GK-040:001) eru Básendar merktir á túnakorti frá 1919.
„20 til 30 föðmum suður af Stóra-Básendahól er graslaus klapparhóll; heitir hann Litli-Básendahóll. Sunnan við þann hól stóð Básenda-verzlunarstaður. Þar fram af er malartangi með sljóu horni. Á tanganum sér enn til rústa eftir meira en 150 ár, en 1799 var Básendaflóð [...]. Kringum hinar lágu klappir, sem verzlunarhúsin standa á, er allt þakið svörtum sandi, og eru aðstæður því illar til fiskverkunar,” segir í örnefnaskrá.
“a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938,” segir í friðlýsingaskrá.
“Bátsendar heita skamt fyrir austan Stafnes. Þar liggur strandlengjan til austurs inn í Ósabotna. A Bátsendum var kaupstaður, sem kunnugt er, og stóð á hraun-nefi milli tveggja mjórra vika. [...] Hraun-nefið, sem kaupstaðurinn stóð á, er hæst framantil og var þar bær. Sér þar enn nokkuð af rúst bæjarins á grastorfu lítilli. [...],” segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
“Leifar mannvirkja sjást enn miklar á þessum stað (skoðað 1919). Kotbær [006] hefur staðið vestast á rimanum. Má greina þar 5 sambyggðar kofatættur, þó að nokkru sé gróið yfir þær,” segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu. Í greininni er einnig stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: “Hér eptir var framkvæmd skoðunargerðin sjálf á 6 húsum, er áður höfðu verið á valdi konungs. Húsin litu þá svona út: [...] 5. Íslenzki bærinn. Það voru 5 kofar litlir og byggðir að íslenzkum sið, úr grjóti og torfi. Hafa þeir hrunið og spýtur brotnað og skolazt út, svo nú er þar umhverfis aðeins ein grjóthrúga.”
Ragnheiður Traustadóttir skráði íslenska bæinn á Básendum árið 2000: “Framan við Básenda er malartangi með sljóu horni. [...] Rústirnar eru mjög greinilegar og hafa veggir verið hlaðnir úr torfi og grjóti, veggjaþykkt er mest um 2 m en minnst 60 sm. Veggir eru frá 30 sm til 130 sm á hæð.”



1850-344: Uppmæling af bænum.


1850-344: Bæjartóftin, horft til vesturs.

Bæjartóftin er á ysta odda nesins og mikið grjót er umhverfis hana. Öldurnar kasta grjóti hér yfir, til vesturs hefur sjórinn þegar rutt sér leið að tóftinni og brotið af henni. Líklega var búið í þessu húsi í tæp 100 ár. Tóftin er um 17x15 m að stærð og snýr norður-suður. Suðvesturhorn tóftarinnar sést sem þúst. Það má enn greina fjögur hólf sem snúa flest austur-vestur. Líklega eru bæjargöng í gegnum miðja tóftina sem hefur verið opin til suðurs. Veggir eru 0,5-1,3 m á hæð og 2 m á breidd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 255; Árbók 1903, 40; Túnakort 1919; JÁM III, 40; Ö-Stafnes MÞ, 9-10; Friðlýsingaskrá, 18; Blanda III, 48, 59; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 35


1850-346: GK-040b:002 *Íbúðarhúsið* heimild bústaður
„Leifar mannvirkja sjást enn miklar á þessum stað (skoðað 1919). [...] En hússtæðis kaupmanns þætti mér líklegast að leita enn austar, í sömu röð. Þar er nú grastorfa yfir," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu. Í greininni er einnig stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: "Hér eptir var framkvæmd skoðunargerðin sjálf á 6 húsum, er áður höfðu verið á valdi konungs. Húsin litu þá svona út: [...] 2. Íbúðarhúsið. Það hefur farið eins [og sölubúðin (004)], suðurhliðin burt, sú er að sjónum sneri, og sömuleiðis hálf norðurhliðin. Gluggar allir brotnir og burtu. Herbergi öll hlaðin sandi, 1—2 álnir á dýpt. Undirhleðslan umrótuð, en undirviðirnir og tvö stafgólfin í vesturenda hússins hafa bjargað því frá gjöreyðing. [... Neðanmáls segir:] nr, 2 byggt 1766, 30 1/8Xl2 1/8 og 10 1/8 al. [...]."
„Vör hefir þar verið niður frá bænum út í hinn neðri voginn. Litlu ofar á nesinu er rústin af búðar- og vöruhúsinu. Það hefur snúið frá útnorðri í landsuður, hér um bil 11 faðma á lengd, en 7 faðma á breidd, eftir þeim undirstöðum, sem nú sjást. Að vestanverðu við hús þetta hefur verið hlífargarður, stór og mikill, fyrir hafsjó. Nokkrum spöl ofar hefur íveruhúsið verið. Rústir þess sjást og múrsteinabrot á millum, þó ei svo glöggar, að mældar verði, en garður hefir verið um það hér bil 10 faðma á breidd, en 20 faðma á lengd. Allar þessar rústir sýnast að hafa verið vandaðar og sterklega gjörðar, mest allt hlaðið af hraungrjóti, enda eru hér góð tök í slíku. Undirstöður húsanna eru eins og garðarnir, hrundar mjög og skörðóttar," segir Magnús Grímsson.
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði hús kaupmannsins á Básendum árið 2000: "Við vettvangskráningu mátti greina rústir á þessum stað [sem lýst er í Blöndu]. Ekki var unnt að átta sig nákvæmlega á umfangi og gerð hússins, en nokkuð öruggt er að þetta eru leifar af húsgrunni." Engin ummerki þessa húss sjást nú enda mikið grjót sem kastast hér yfir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Blanda III, 48, 58-59; Magnús Grímsson 1940, 255; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 37; Friðlýsingaskrá, 18

1850-347: GK-040b:003 *Vöruhúsið mikla* heimild skemma
„Bátsendar heita skamt fyrir austan Stafnes. Þar liggur strandlengjan til austurs inn í Ósabotna. Á Bátsendum var kaupstaður, sem kunnugt er, og stóð á hraun-nefi milli tveggja mjórra vika. [...] Þar fyrir ofan [bæinn (001)] er lægð yfir um þvert milli víkabotnanna og í þeirri lægð sér leifar af undirstöðum verzlunarhússins. Hefir það verið hér um bil 12 fðm. langt og 6 fðm. breitt. Þó er ekki öldungis víst, að það hafi verið alt eitt hús, svo óslitin er undirstaðan ekki. En útlit er til þess. Af kaupstaðnum sjást nú ekki aðrar leifar en nú hefir verið sagt," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
„Vör hefir þar verið niður frá bænum út í hinn neðri voginn. Litlu ofar á nesinu er rústin af búðar- og vöruhúsinu. Það hefur snúið frá útnorðri í landsuður, hér um bil 11 faðma á lengd, en 7 faðma á breidd, eftir þeim undirstöðum, sem nú sjást. Að vestanverðu við hús þetta hefur verið hlífargarður, stór og mikill, fyrir hafsjó. Nokkrum spöl ofar hefur íveruhúsið verið. Rústir þess sjást og múrsteinabrot á millum, þó ei svo glöggar, að mældar verði, en garður hefir verið um það hér bil 10 faðma á breidd, en 20 faðma á lengd. Allar þessar rústir sýnast að hafa verið vandaðar og sterklega gjörðar, mest allt hlaðið af hraungrjóti, enda eru hér góð tök í slíku. Undirstöður húsanna eru eins og garðarnir, hrundar mjög og skörðóttar," segir Magnús Grímsson.
„Leifar mannvirkja sjást enn miklar á þessum stað (skoðað 1919). [...] Aust-suðaustur frá bænum [001] — 28 m. — hefur staðið vöruhús mikið. Sér þar fyrir grunni 20 m. á lengd frá suðri til norðurs og 12 — 15 m. á breidd, máske með gangstétt," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu. Í greininni er einnig stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: "Hér eptir var framkvæmd skoðunargerðin sjálf á 6 húsum, er áður höfðu verið á valdi konungs. Húsin litu þá svona

út: [...] 6. Vöruhúsið mikla. Þar er undirstaðan farin undan norðurgafli og austurhlið, fóttré brotið og sigið um 1/2 alin. Helmingurinn af austurþekjunni er fokinn, og var þó tvöföld. Sperra hefur farið þar líka. Grjót og sandur hefur borizt á gólfflötinn. I norðurenda húss þessa ætlar kaupmaðurinn að þilja af litla sölubúð, til þess að geta haft þar vörusölu í sumar, því ekki er kostur á öðrum stað, fyrir vörur þær, sem von er á með skipinu þangað á næsta vori. [... Neðanmáls segir:] nr. 6 byggt 1785, 31x19 og 14 áln."
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði vöruhús á Básendum árið 2000: "Enn má vel greina þessar rústir. Ekki eru neinar leifar af veggjum, enda hefur húsið sennilega allt verið byggt úr timbri. Það hefur snúið í S-N. Framangreind mál [úr Blöndu] eru rétt og sjá mátti að stétt hefði verið fyrir framan húsið." Þessar minjar sjást ekki lengur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 40; Magnús Grímsson 1940, 255; Blanda III, 48, 58-60; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 35-36; Friðlýsingaskrá, 18

1850-345: GK-040b:004 *Sölubúðin* heimild verslunarhús
"Leifar mannvirkja sjást enn miklar á þessum stað (skoðað 1919). [...] Annar húsgrunnur er 10 m. austar (9X6 m) [en vöruhúsið (003)]. Mun þar hafa verið sölubúðin," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu. Í greininni er einnig stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: "Hér eptir var framkvæmd skoðunargerðin sjálf á 6 húsum, er áður höfðu verið á valdi konungs. Húsin litu þá svona út: 1. Sölubúðin. Syðri hliðin (= suð-suðvestur) var alveg farin og flotin burt, en hálf norðurhliðin opin, þar sem sjórinn hafði brotizt í gegn. Hleðslan undan vesturendanum farin, svo það sem af húsinu hangir uppi, stendur á tveimur stafgólfi við eystri endann, og á litlum undirbita í miðjum vesturenda. Og kaupmaður hefur látið stoðir undir grindina hér og þar, svo húsið steyptist ekki á endann. Gólfið hefur sjórinn flutt með sér, en hlaðið möl og grjóti í aðsetursstaðinn ("Værelset" - austurendann) allt að 2 álnum á hæð.) [... Neðanmáls segir:] Hús þessi: nr. 1 var byggt 1761, að stærð 30X13 1/2 al., hæð 10 1/8 al.[...]."
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði sölubúð á Básendum árið 2000: "Um 10 m austan við vöruhúsið [003] er annar húsgrunnur [...]. Grunnurinn að húsinu sést enn vel og er um 9 m á lengd og 6 m á breidd. Ekki sjást neinar leifar af veggjum, enda trúlega verið timburhús."
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Blanda III, 48, 58-59; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 36; Friðlýsingaskrá, 18

1850-355: GK-040b:005 tóft útihús
"Norður af þessum stað [íbúðarhúsi [002] er garðlagabrot, með kofatóptum við norðurhlið," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu.
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb.




1850-355: Uppmæling af tóftinni.


1850-355: Horft til NNV yfir tóftina.

1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Garðsbrot: "Mestmegnis hlaðið grjóti og mest um 1,2 m á breidd. Þessi garður sést best á 10-14 m kafla en er víðast annars staðar horfinn," segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Tóftin er 21x8 m og snýr austur-vestur. Veggir eru 0,3-0,6 m á hæð og allt að 1,5 m á breidd. Það glittir í tvö umför í veggjunum. Það mótar fyrir tveimur hólfum, í báðum endum tóftarinnar en í miðjunni er jarðvegur yfir tóftinni. Vestara hólfið er raskað og erfitt að segja til um stærðina. Austast er lítið hólf, opið til suðurs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Blanda III, 48; minjarihaettu.wordpress.com/fornleifar/basendar/fornleifar/; Friðlýsingaskrá, 18

1850-349: GK-040b:006_1 tóft rétt
"Og enn — 24 m. norðaustar [en garðlagsbrot 005] — kálgarður eða rétt (um 180 m2), með hesthúsi(? 7X3), geymslu (7X4) og fjósi (5X3) að baki, en hlöðuveggir 2 (4X3) [007] eru þar laust norðvestan við. Hús þessi hafa staðið hæst og norðaustur á rimanum. Stendur enn meira og minna af grjótveggjum þeirra, eptir 1 1/4 aldar," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu. Í greininni er einnig stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: "Hér að auki voru önnur hús, sem kaupmaður átti biluð og hrunin, eins og hér segir: 7. Fjósið. Mæniásinn er brotinn og þakið sigið niður að mestu leyti. Veggirnir eru hrundir á köflum og fullt inni af sandi og möl, svo enginn gripur verður látinn þar inn. [...] Bæði hús þessi [fjósið og vörugeymsluhús (016)] voru byggð úr grjóti og torfi.."
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.


1850-349: Horft til norðurs yfir réttina.



1850-349-353: Uppmæling af minjunum.

Ragnheiður Traustadóttir skráði grjóthleðslur og tóftir á Básendum árið 2000: "Verður að telja ólíklegt að um kálgarð hafi verið að ræða. Rústin er hlaðin úr grjóti og ber öll merki þess að vera rétt eða gerði, 14 m á lengd og breidd með inngangi á suðurhliðinni fast við vesturgaflinn. Yst er hólf, hugsanlega hesthús, 7 m á breidd frá vesturgafli og 3 m á lengd, aðgreint frá réttinni með lágum vegg sem nú er hruninn. Viðbygging við norðurgaflinn er 12 x 3 m að flatarmáli og skagar út frá vesturgafli réttarinnar eina 5 eða 6 m. Er gengið inn í viðbygginguna fram og utan með vesturgafli réttarinnar. Til vinstri þegar inn er komið er fjós, 5 x 3 m á stærð, en til hægri trúlega geymsla eða hesthús. Grjóthleðslurnar eru 30 til 80 sm á hæð, réttin heillegust." Hér er verið að skrá réttina. Hún er syðst, 14x13 m að stærð og snýr norður-suður. Opið er horfið, líklega vegna hruns. Mikið rof er innan réttarinnar, en hún er uppi á smá mel en grasbalar eru til suðurs og vesturs. Það má sjá 2-3 umför af grjóti í veggjum. Það er 4,5x2,1 m að innanmáli.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Blanda III, 48-49, 60; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 42; Friðlýsingaskrá, 18

1850-350: GK-040b:006_2 tóft hesthús
Afgirt hólf er í norðurhluta réttarinnar, líklega er þetta hesthúsið sem skráð var árið 2000. Veggir eru

0,2-0,6 m á hæð og op er til vesturs, yfir í réttina.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-350: Horft til norðurs yfir hesthúsið.



1850-351: Horft til suðausturs yfir fjósið.

1850-351: GK-040b:006_3 tóft fjós
Fjósið er norðan við hesthúsið, byggt utan við réttina. Það er opið til suðvesturs, þar eru veggirnir ennfremur einna best varðveittir. Þar sjást þrjú umför af grjóti í veggjum en til austurs er tóftin nánast útflött. Fjósið er 7,5x4 m að innanmáli og veggir 0,3-0,8 m á hæð.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-352: GK-040b:006_4 tóft skemma
Norðvestan við réttina, og sambyggð hinum minjunum, er skemma. Hún er 7,1x4 m að stærð og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4-0,8 m á hæð og það glittir í grjót í þeim. Það hefur hrunið nokkuð úr veggjum en mögulega skiptist skemman í tvö hólf. Það er þó óljóst vegna veggjahruns.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-353: GK-040b:007 tóft hlaða
"Og enn — 24 m. norðaustar [en garðlagsbrot (005)] — kálgarður eða rétt (um 180 m2), með hesthúsi(? 7X3), geymslu (7X4) og fjósi (5X3) að baki [006], en hlöðuveggir 2 (4X3) [007] eru þar laust norðvestan við. Hús þessi hafa staðið hæst og norðaustur á rimanum. Stendur enn meira og minna af grjótveggjum þeirra, eptir 1 1/4 aldar," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu. Í greininni er einnig stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: "Hér að auki voru önnur hús, sem kaupmaður átti biluð og hrunin, eins og hér segir: [...] 9. Hlaðan. Byggð með grjótveggjum, en timburþaki og göflum. Suðurgaflinn er brotinn og þilbitinn. Líka hefur heyið mest allt fokið úr henni."



1850-353: Horft til VNV yfir hlöðuna.

"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði grjóthleðslur á Básendum árið 2000: "Tveir tiltölulega háir og 4 m langir samhliða veggir standa norðvestan við réttina [006]. Þetta eru leifar hlöðunnar á Básendum og hefur hún verið 3 m á breidd að innanmáli." Hlaðan er 5,5x4,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er opin í báða enda. Syðri veggurinn er stæðilegur, það má sjá allt að fimm umför af grjóti. Nyrðri veggurinn er hruninn að mestu.


Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Blanda III, 48-49, 60; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 43; Friðlýsingaskrá, 18

1850-357: GK-040b:008 hleðsla brunnur
"Landnorðurhallt við nesið sér rúst af kálgarði, eigi alllitlum; þar var brunnur í, djúpur og góður. Á botni hans segja menn, að verið hafi eikartré slegin í kross, og svo hver tunnan upp af annarri innan í til þess að eigi félli sandur í brunninn. Nú er það allt komið í sand, en sést þó, hvar brunnurinn var, af grjótrúst dálítilli í útsuðurhorni garðsins," segir Magnús Grímsson.
"Í lægðinni fyrnefndu — 100 m. Austar [en minjar 006 og 007] —- er vel upp hlaðinn brunnur, fullur af sandi," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu.
"Á Básendum er brunnur sem sést vel enn. Hann er óvenjulega langt frá bæ, efst í túninu, sennilega var það svo, til að koma í veg fyrir salt í vatni," segir í svörum í Þjóðháttasafni.
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.


1850-357: Brunnurinn, horft til ANA.

Ragnheiður Traustadóttir skráði heimild um brunn á Básendum árið 2000: "Við vettvangsskráninguna fannst brunnurinn ekki, hvernig sem leitað var, sennilega er hann sokkinn auk þess sem gróður á svæðinu er mikill og hár og gerði að verkum að erfitt reyndist að leita."
"Í lægðinni, 100 m austar en réttin er að finna brunn. Enn má sjá hleðslur ofaní honum en hann er mjög gróinn og auðvelt að missa af honum," segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Brunnurinn er 3,3x2,7 m að stærð og snýr norður-suður. Brunnopið er um 1 m í þvermál og utan með því er 0,3-0,5 m há grjóthleðsla. Þar sést enn í þrjú umför af steinum þrátt fyrir að mikill gróður sé þar. Líklega er búið að fylla upp í brunninn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 256; Blanda III, 48; ÞÞ 10777; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 44; minjarihaettu.wordpress.com/fornleifar/basendar/fornleifar/; Friðlýsingaskrá, 18

1850-354: GK-040b:009_1 tóft kálgarður
"Landnorðurhallt við nesið sér rúst af kálgarði, eigi alllitlum; þar var brunnur í, djúpur og góður. [...] Garðurinn liggur móti suður-útsuðri og er skammt frá Básendum," segir Magnús Grímsson.
"Og enn, 20 m. til austurs [frá brunni (008)], hefur verið kálgarður (um 400 m2), í ágætu skjóli. Grastorfa er nú yfir mestum hluta hans; samt sér á tvíhlaðinn garðinn, af úrvalsgrjóti, og mjótt hlið við norðvestur hornið. Efsta flóðfar, er neðan við garð þennan, og upp í öðrum garði stærri, eða túngerði [010] þar dálítið norðvestar," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu.
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði matjurtagarð á Básendum árið 2000: "Garðurinn stendur enn og sést hann vel á köflum og er réttilega lýst [í Blöndu], um 80-100 sm á breidd, 20-100 sm á hæð og um 20 m á lengd. Fiskbyrgi [011] er hlaðið við garðinn."
Kálgarðurinn er á grasivöxnu svæði austan vid nesið. Mikil grænka er innan hans. Veggir eru frekar grónir en þó sést víða í hleðslur, 2-3 umför



1850-354: Uppmæling af kálgarðinum.


af steinum sjást þar. Veggirnir eru 0,3-0,6 m á hæð og 1,3 m á breidd. Það mótar fyrir litlu hólfi til vesturs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 256; Blanda III, 49; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 44; Friðlýsingaskrá, 18

01850-348: GK-040b:010 heimild túngarð
"Efsta flóðfar, er neðan við garð þennan [009], og upp í öðrum garði stærri, eða túngerði þar dálítið norðvestar. Frá þessum stað má sjá það, að kaupstaðurinn hefur verið alveg afgirtur (tún?) að sjó, bæði vestur og suður," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu. Í greininni er einnig stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: "Hér að auki voru önnur hús, sem kaupmaður átti biluð og hrunin, eins og hér segir: [...] 11. Garðurinn. Hann er (í hálf hring að ofanverðu) kring um búsin og verzlunarsvæðið. Byggður hefur hann verið úr stóru grjóti, en gjörfelldur. Sér nú vott af honum á 184 föðmum."
"Af kaupstaðnum sjást nú ekki aðrar leifar en nú hefir verið sagt. En miklar girðingar hafa verið þar fyrir ofan, líklega bæði túngarðar og jurtagarðar. En nú er þar alt blásið," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá
Ragnheiður Traustadóttir skráði garð á Básendum árið 2000: "Garðsbrot er norður af þeim stað sem vöruhúsið [003], sölubúðin [004], og hús kaupmannsins [002] stóðu, að mestu hlaðið úr grjóti, mest um 1,2 m á breidd. Sést garður þessi best á 10-14 m kafla, er víðast horfinn, en sums staðar djarfar fyrir honum á yfirborðinu." Túngarðurinn sést ekki lengur á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Blanda III, 49, 60; Árbók 1903, 40; Friðlýsingaskrá, 18; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 42

1850-356: GK-040b:011 tóft herslubyrgi
"Fiskabyrgi, litil og kringlótt eða sporlaga, úr einhlöðnu grjóti, hafa verið þar á klettum og hólum viðsvegar að ofanverðu. Þar hefur fiskurinn verið hengdur á rár og hertur," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu.
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði fiskbyrgi á Básendum árið 2000: "Við vettvangsskráninguna var aðeins skráð eitt fiskibyrgi í landi Básenda. Það er með skeifulagi, hlaðið úr grjóti og stendur við matjurtagarðinn [009]."
Ein tóft, hér túlkuð sem herslubyrgi, er í norðausturhorni kálgarðs 009. Byrgið er inni í garðinum, veggirnir sem eru þar innan eru lægri en útveggir. Þeir eru grónir og ekkert op sést þarna inn. Mögulega var hitt hólfið í kálgarðinum líka herslubyrgi.
Hættumat: mikil hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Blanda III, 49; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 45; Friðlýsingaskrá, 18



1850-356: Horft til norðvesturs yfir herslubyrgið.



1850-341: Uppmæling af hleðslunni.

1850-341: GK-040b:011 hleðsla herslugarður
“Garðlagabrot sjást hér líka á mörgum stöðum — eins og um öll Suðurnes — 2, 3 grjótlög, til að þurka á þang í eldinn, og fiskæti líka fyrr á öldum,” segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu.
“a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938,” segir í friðlýsingaskrá.
Hleðsla er á lítilli hæð, grasbalar eru norðan og sunnan við hana. Hún er 6x0,6 m að stærð og snýr austur-vestur líkt og hóllinn. Þetta er einföld hleðsla, 1-2 umför af grjóti sjást og eru þau 0,4-0,5 m á hæð. Varða er mögulega á austurenda en það er óljóst.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs
Heimildir: Blanda III, 49; Friðlýsingaskrá, 18


1850-937: GK-040b:013 mannvirki lending
“Vör hefir þar verið niður frá bænum út í hinn neðri voginn. Litlu ofar á nesinu er rústin af búðar- og vöruhúsinu. Það hefur snúið frá útnorðri í landsuður, hér um bil 11 faðma á lengd, en 7 faðma á breidd, eftir þeim undirstöðum, sem nú sjást. Að vestanverðu við hús þetta hefur verið hlífargarður, stór og mikill, fyrir hafsjó. Nokkrum spöl ofar hefur íveruhúsið verið. Rústir þess sjást og múrsteinabrot á millum, þó ei svo glöggar, að mældar verði, en garður hefir verið um það hér bil 10 faðma á breidd, en 20 faðma á lengd. Allar þessar rústir sýnast að hafa verið vandaðar og sterklega gjörðar, mest allt hlaðið af hraungrjóti, enda eru hér góð tök í slíku. Undirstöður húsanna eru eins og garðarnir, hrundar mjög og skörðóttar,” segir Magnús Grímsson.
“a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938,” segir í friðlýsingaskrá.
Jón Ben Guðjónsson, heimildamaður, benti skrásetjurum á rudda vör, sunnan við bæ 001. Vörin er illgreinileg, mikið grjótkast og ágangur sjávar er hér.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 255; Friðlýsingaskrá, 18

1850-958: GK-040b:014 *Lýsisbúðin* heimild verslunarhús
Í greininn Básendar við Faxaflóa er einnig stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: «Hér eptir var framkvæmd skoðunargerðin sjálf á 6 húsum, er áður höfðu verið á valdi konungs. Húsin litu þá svona út: [...] 3. Lýsisbúðin er algjörlega farin, svo ekki er þar ein spýta eptir, og meira að segja hússtæðinu rótað burt, en i staðinn komin möl og sjávargrjót. Hús þetta byggði kaupmaðurinn í fyrra.”
“a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938,” segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði heimild um lýsisbúð á Básendum árið 2000: “Staðsetning er óviss. En við vettvangsskráningu fundust norðan við sölubúðina og íbúðarhús kaupmannsins [004 og 002] leifar fjögurra mannvirkja (sjá [020-023]) sem ekki er vitað hvaða tilgang höfðu, svo illa voru þau farin. Meðal þeirra kunna fátæklegar leifar lýsisbúðarinnar að vera, þó tæplega [023] því að þar virðist vera meira varðveitt en lýsing af lýsisbúðinni gefur til kynna. Um þetta verður þó ekkert fullyrt.” Engin ummerki um Lýsisbúðina eru varðveitt.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Blanda III, 58-59; Friðlýsingaskrá, 18; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 37-38

1850-959: GK-040b:015 *Lifrarbræðsluhúsið* heimild verslunarhús
Í greininn Básendar við Faxaflóa er einnig stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: „Hér eptir var framkvæmd skoðunargerðin sjálf á 6 húsum, er áður höfðu verið á valdi konungs. Húsin litu þá svona út: [...] 4. Lifrarbræðsluhúsið (Bryg-). Norðurgaflinn er brotinn og öll austurhliðin. Inni er 1 1/2 alin af sandi og möl. Húsið væri nú hrunið alveg, ef ekki hefðu verið bornar að því stoðir eins fljótt og gert var.”
“a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938,” segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði heimild um lifrarbræðsluhús á Básendum árið 2000: “Staðsetning er

óviss. En við vettvangsskráningu fundust norðan við sölubúðina og íbúðarhús kaupmannsins [004 og 002] leifar fjögurra mannvirkja (sjá [020-023]) sem ekki er vitað hvaða tilgang höfðu, svo illa voru þau farin. Meðal þeirra kunna leifar lifrarbræðsluhússins að vera, jafnvel helst [023], en sú ályktun byggist á því að þar stóð meira uppi eftir flóðið en af öðrum húsum sem ekki er unnt að staðsetja eða gera grein fyrir. Virðist sem framangreind lýsing úr matsskýrslunni um lifrarbræðsluna geti helst átt við rúst númer [023]. Um þetta verður þó ekkert fullyrt." Ekki er hægt að staðsetja Lifrarbræðsluhúsið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Blanda III, 58-59; Friðlýsingaskrá, 18; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 40

1850-960: GK-040b:016 þúst skemma
Í greininni Básendar við Faxaflóa er einnig stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: „Hér að auki voru önnur hús, sem kaupmaður átti biluð og hrunin, eins og hér segir: [...] 8. Vörugeymsluhús lítið. Gjörhrunið, bæði þak og veggir. Bæði hús þessi [geymsluhús og fjós (006)] voru byggð úr grjóti og torfi."



1850-960: Uppmæling af þústinni.

"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði heimild um vörugeymslu á Básendum árið 2000: "Staðsetning er óviss. En við vettvangsskráningu fundust norðan við sölubúðina og íbúðarhús kaupmannsins [004 og 002] leifar fjögurra mannvirkja [020-023] sem ekki er vitað hvaða tilgang höfðu, svo illa voru þau farin. Meðal þeirra kunna fátæklegar leifar vörugeymsluhússins að vera, þó tæplega [023] því að þar virðist vera meira varðveitt en lýsing af lýsisbúðinni gefur til kynna. Um þetta verður þó ekkert fullyrt."
Ekki er hægt að staðsetja skemmuna með vissu, hér er hún þó staðsett innan þústar sem var mæld upp árið 2008 af Fornleifavernd ríkisins. Þústin er um 3x10 m að stærð og snýr norður-suður. Í henni má sjá mikið grjót og eru líkur á því að það sé úr einhverjum verslunarhúsanna.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Blanda III, 60; Friðlýsingaskrá, 18; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 41

1850-957: GK-040b:017 heimild skemma
Í greininni Básendar við Faxaflóa er stytt og þýdd útgáfa skýrslu um Básenda eftir flóðið 1799. Þar segir: "Hér að auki voru önnur hús, sem kaupmaður átti biluð og hrunin, eins og hér segir: [...] 10. Skemma („Forraads Hus"). Byggð að sið landsmanna, með þili, 4 stafgólf. Hún hefur sópazt alveg úr stað."
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði heimild um skemmu á Básendum árið 2000: "Staðsetning er óviss. En við vettvangsskráningu fundust norðan við sölubúðina og íbúðarhús kaupmannsins [004 og 002] leifar fjögurra mannvirkja (sjá [020-023]) sem ekki er vitað hvaða tilgang höfðu, svo illa voru þau farin. Meðal þeirra kunna fátæklegar leifar skemmunnar að vera, þó tæplega [023] því að þar virðist vera meira varðveitt en lýsing af lýsisbúðinni gefur til kynna. Um þetta verður þó ekkert fullyrt." Ekki var hægt að staðsetja skemmuna með vissu en hnit var tekið nærri þúst 016 þar sem hún var staðsett árið 2000.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Blanda III, 60; Friðlýsingaskrá, 18; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 41


1850-342: GK-040b:018_1 *Básendahöfn* heimild skipalægi
"Sunnan við tanga þennan er ílangt lón; það var Básendahöfn. Leiðin inn á höfnina hefir verið löng milli skerja, en að mestu bein og djúp. Sundmerki eru nú gleymd. Má enn sjá leifar af umbúnaði, hringjum

og stólpum, sem var tinsteyptur í klappir og sker til þess að svínbinda skipin. [...], Bátsendahöfn mun heita réttu nafni Brennitorfuvík," segir í örnefnaskrá.
"Við Básenda eru festingar að sunnanverðu sem fara undir sjó, og svo eru festingar út í Hringskeri. En það furðar mig mest á, að maður hefur ekki orðið var við festingu upp a háklöppinni fyrir ofan Básendavirkið, en þar hélt ég að hefði þurft að vera festing, " segir í örnefnaskrá Miðnesheiðar.
1639: "Síðan eptir þau 2 skipbrot lagðist sú höfn [í Grindavík] af, en tekin upp höfn á Básenda, hver þó lengi hafði verið aflögð," segir í Fitjaannál.
"Innsigling á Básendum hefir verið vandrötuð og eigi fær fyrir hafskip hafskip nema með vissum vindum, enda hafa þar verið mörg sundmerki og nákvæm, en sum eru enn í manna minnum og sjást, en sum varla eða alls ekki. Útsker eru eigi fá fyrir framan vogana, en gott, þegar inn kemur. Kaupskipin áttu að hafa legið í syðra vognum.



1850-342: Horft til suðurs yfir skipalægið.

Voru þau jafnan bundin landfestum, svo að ei máttu snúast fyrir vindi; voru af hverju skipi 4 eða 5 festar; það kölluðu þeir svínbundið. Festar þessar sjást enn, og eru 5 á landskerjum eða landi, en 4 á útskerjum. Ég sá aðeins eina þeirra á nesinu sem fyrr er getið. Er það járnsúla mikil, greypt niður í klöppina og blýi hleypt þar í kring; gat er á stólpanum og þar í hringur digur og víður. Járnstólpinn er ferskreyttur, á tvo vegu 12 en hina tvö 15 millimet.; hæð hans frá klöppinni var 32 millimeter, diameter hringsins 53 1/2 millim., en yfir um hringinn var digurðin 23 millimeter. Öll þessi járn voru ryðbrunnin mjög. Festar þær, sem í útskerjum voru, gat ég ei skoðað, því enginn bátur var við hendina, enda sagði mér kunnugur maður, að þær væru með sama hætti og umbúningi allar 9. Að öðrum járnstólpa kom ég, og var hann eins og sá, sem þegar er lýst, nema að þar var hringurinn úr," segir Magnús Grímsson.
"Verzlunarhöfnin Básendar er í Stafneslandi. Þar er höfn 2 skipum milli lands og skerjagarðsins, en þó hættuleg, einkum í vestanstormum, þegar hásjávað er. Nokkur skip hafa farizt þar, einkum fyrrum, enda var ekki siglt á höfn þessa um hríð. Höfnin er því eigi örugg nema um hásumar og með því að nota járnhringa þá, sem reknir hafa verið bæði í kletta í skerjagarðinum og í jarðfasta fjöruklettana. Eru þeir festir með blýi, svo að hægt sé að binda skipin í þá. Í innra skipalæginu eru 4 járnhringar og 3 í hinu ytra. Í fyrr nefndu skipalægi er dýpið 2 1/2 faðmur um fjöru, en 4 1/2 í hinu síðar nefnda," segir í sýslulýsingu Skúla Magnússonar í Landnámi Ingólfs. "Á Bátsendum var kaupstaður, sem kunnugt er, og stóð á hraun-nefi milli tveggja mjórra víka. Var höfnin á eystri víkinni. Var innsigling fremur vandasöm, en höfn trygg er inn var komið, þó svo, að binda varð skipin á 3 vegu, en með því móti gátu 2 skip legið þar undir eins. Sér enn um fjöru, járnbolta þá, sem greiptir eru í klappirnar, til að festa skipin við. Hafa verið höggnar holur í klappirnar fyrir þá og blýi rent utan með þeim," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903. «Í þangivaxinni klöpp, 42 m. niður frá suðvesturhorni húsgrunnsins mikla, er járnkall vel gildur (15 sm. á þykkt og 30 sm. á hæð, með broti af hring í gati) greyptur og tinsteyptur við klöppina1). Þetta var hestasteinninn á hlaðinu, fyrir stjórnborða-beizli sjóhesta. Annar slíkur er dálítið utar, niður undan koxinu, og 2 eða fleiri festarhringir þar á móti, í klöppum við suðurhlið skipalegunnar. Þannig hafa skipin verið „svínbundin" á báðar hliðar, og frá báðum stöfnum. Hefur þetta lánazt vel þar, á svo litlum bás, þó opt færi það illa á Eyrarbakka. En ekki befur það verið vandalaust að snúa skipinu í hálfhring, á lóni, sem er fáar skipslengdir á breidd," segir í greininni Básendar við Faxaflóa í Blöndu.
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Ragnheiður Traustadóttir skráði Básendahöfn árið 2000: "Enn má sjá merki um varir þar sem höfnin hefur verið." Lega hafnarinnar var skráð: 21:44:21.04; 63:57:56.32. Hún skráði einnig festarhringi: "Í þangi vaxinni klöpp, 42 m niður frá suðvesturhorni húsgrunnsins mikla (vöruhúsið [003]), er járnkarl vel gildur en ryðbrunninn, greyptur og tinsteyptur við klöppina. Hann er um 15 sm á þykkt og 30 sm á hæð með áföstu hringbroti í gati ofarlega. [...] Aðrir festarhringir fundust ekki sem áttu að vera utar og í klöppum við suðurhlið legunnar [...]."Hnit: 21:44:16.15; 63:57:54.70. Hnit þess



1850-342: Kort af innsiglingunni og legunni á Básendum frá árinu 1788. Myndin er í eigu Jóns B. Guðjónssonar, heimildamanns. Þarna sést hvernig tvö skip gátu verið svínbundin sem og staðsetning festinga og stólpa.

festarhrings sem ekki fannst var skráð: 21:44:18.41; 63:57:54.58. Ragnheiður skráði einnig heimild um fangamörk: “Magnús Grímsson segir að við landfestar þær sem hann sá og hringurinn var úr [...] hafi verið klappað í steininn fangamarkið ASS.” Hnit: 21:44:21.36; 63:57:54.11.
“Sunnan við tanga þennan er ílangt lón; það var Básendahöfn [080] [...]. En stundum dróst afgreiðsla skipanna fram á haust, enda brotnaði þar skip 1669 [120], albúið til siglingar, og tvö skip 1714 [116], hlaðin fiski, segir Suðurnesjaannáll,” segir í örnefnaskrá.
“Verzlunarhöfnin Básendar er í Stafneslandi. Þar er höfn 2 skipum milli lands og skerjagarðsins, en þó hættuleg, einkum í vestanstormum, þegar hásjávað er. Nokkur skip hafa farizt þar, einkum fyrrum, enda var ekki siglt á höfn þessa um hríð,” segir í sýslulýsingu Skúla Magnússonar í Landnámi Ingólfs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 255-56; Ö-Stafnes MÞ, 9-10, 11; Árbók 1903, 40; Blanda III, 49; Landnám Ingólfs I, 116; Ö-Miðnesheiði GS, 19; Annálar II, 134; Friðlýsingaskrá, 18; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 32-34

1850-933: GK-040b:018_2 mannvirki festarstólpi
Heimildir geta um nokkra festarstólpa og festingar sem notaðar voru til að svínbinda tvö verslunarskip í skipalæginu. Að sögn Jóns Bens Guðjónssonar, heimildamanns, sjást þeir flestir en erfitt er að komast að mannvirkjunum enda á skerjum og klöppum í og nærri sjó. Hann gaf skrásetjurum afrit af ljósmyndum og sem teknar hafa verið af sumum festingunum í gegnum árin. Það er óljóst hversu margar þessar festingar eru en hér voru þær hnitsettar eftir kortum, heimildum og ábendingum Jóns. Þær festingar sem hægt var að komast að eru skráðar stakar. Hinar festingarnar eru allar skráðar saman og var hverrri þeirra gefinn tölustafur til aðgreiningar.
Festarstólpi er 1 er í klöppum sunnan við bæ 001 og nærri lendingu sem þar er. Þarna er mikill þari og festartólpinn fer undir sjó á flóði. Þetta er járnstólpi, um 30 cm hár með leifum af brotnum járnhring.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-933: Festarstólpinn, horft til suðvesturs.

1850-934: GK-040b:018_2 mannvirki festarstólpi
Í skráningarskýrslu frá árinu 2000 segir: „Samkvæmt heimildum ættu fleiri festahringir en sá sem lýst er í B-182395-40-2 [933] að vera við leguna, en við vettvangskráninguna fundust þeir ekki. „Annar slíkur er dálítið utar, niður undan kotinu og eru tveir eða fleiri festarhringir þar á móti, í klöppunum við suðurhlið skipalegunnar,“ segir í Blöndu. Magnús Grímsson ritar að festarnar séu „5 á landskerjum eða landi, en 4 á útskerjum.“ Hann segist einungis hafa séð 2 þessara stólpa, fyrrgreindan og annan sem hringurinn var úr: „Sjómaður einn svarf hann úr með launung, en Stafnesbóndi komst þó að því um það leyti hann var ónýtur orðinn, hringurinn. Varð bóndi þá reiður, kvaðst ei vilja berja manninn, en á meðan hann lifði, mætti enginn hreifa neitt af menjum þessum.“ Festarstólpi 2 er VSV við bæ 001, í klöppunum þar. Hann á enn að sjást á fjöru en skrásetjarar urðu hans ekki varir. Hann ætti að vera enn varðveittur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir 2000, 34
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-935: GK-040b:018_2 mannvirki festarstólpi
Festarstólpi 3 er sunnan við festingu 2, í klöppunum þar. Hann á enn að sjást á fjöru en skrásetjarar urðu hans ekki varir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-947: GK-040b:018_2 heimild festarstólpi
Undir þessu númeri eru staðsettar þær festingar og stólpar sem eiga að vera í klettum og á skerjum við Básaendahöfn. Mannvirkin voru staðsett eftir ábendingum Jóns Ben Guðjónssonar og öðrum



1850-947: Ljósmynd í eigu Jóns B. Guðjónssonar. Ekki er vitað í hvaða skeri festarhringurinn er.

heimildum.
Festarstólpi 4 (947_4) er í Arnbjarnarskeri og er enn varðveittur. Skrásetjarar komust ekki í skerið og ástand hans var ekki metið. Annar festarstólpi (947_5) var norðaustar og nær landi á litlu skeri sem er undir sjó. Ekki er vitað hvert ástand hans er. Þriðji festarstólpinn (947_6) er á stærra skeri enn norðaustar og nær landi. Ekki er vitað hvert ástand hans er. Á kortum sem gerð hafa verið af höfninni á síðari árum eru sýndar tvær festingar (947_7 og 8) norðan og norðvestan við höfnina. Festarstólpi 947_7 var að öllum líkindum á skeri vestan við bæ 001, líklega er fært þangað á stórstraumsfjöru. Festarstólpi 947_8 var samkvæmt fyrirliggjandi gögnum um 700 m frá landi, suðvestan í skerjum sem kallast Urð. Ekki er ljóst hvort að þetta er raunin.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-947: Mynd fengin af heimasíðunni ferlir.is



1850-947: Ljósmynd í eigu Jóns B. Guðjónssonar. Ekki er vitað í hvaða skeri festarhringurinn er.



1850-343: Horft til norðausturs yfir lendinguna.


1850-343: GK-040b:019 mannvirki lending
"Vör hefir þar verið niður frá bænum út í hinn nyrðra voginn."
"a. Básenda-kaupstaðarleifar, á hraun-nefi milli 2ja víka skamt fyrir austan Stafnes. Sbr. Árb. 1903: 40; Blöndu III: 48-49. [...] Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 15.11.1938," segir í friðlýsingaskrá.
Enn má sjá rutt svæði í fjörunni, norðaustan við bæ 001. Þar var ein lendingin við Básenda.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 940, 255; Friðlýsingaskrá, 18

1850-954: GK-040b:020 heimild óþekkt
Ragnheiður Traustadóttir skráði rúst á Básendum árið 2000: "Við vettvangsskráningu fundust norður af sölubúðinni [004], upp af fjörukambinum á tanganum norðanverðum, leifar þriggja mannvirkja í röð með litlu millibili frá vestri til austurs (sjá einnig [021 og 022]); er leifunum lengst til vesturs gefið númerið [020]. Ekki er vitað hvaða tilgangi mannvirki þessi þjónuðu, svo gersamlega eyddi Básendaflóðið þeim, sjá þó [014], heimild um lýsisbúð, [016], heimild um litla vörugeymslu, [017], heimild um skemmu, en síður [015], heimild um lifrarbræðsluhús." Þessar minjar fundust ekki árið 2017.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir 2000, 38-39

1850-955: GK-040b:021 heimild óþekkt
Ragnheiður Traustadóttir skráði rúst á Básendum árið 2000: "Við vettvangsskráningu fundust norður af sölubúðinni [004], upp af fjörukambinum á tanganum norðanverðum, leifar þriggja mannvirkja í röð með litlu millibili frá vestri til austurs (sjá einnig [020 og 022]); er leifunum í miðjunni gefið númerið [021]. Ekki er vitað hvaða tilgangi mannvirki þessi þjónuðu, svo gersamlega eyddi Básendaflóðið þeim, sjá þó [014], heimild um lýsisbúð, [016], heimild um litla vörugeymslu, [017], heimild um skemmu, en síður [015], heimild um lifrarbræðsluhús." Þessar minjar fundust ekki árið 2017.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir 2000, 39

1850-956: GK-040b:022 heimild óþekkt
Ragnheiður Traustadóttir skráði rúst á Básendum árið 2000: "Við vettvangsskráningu fundust norður af sölubúðinni [004], upp af fjörukambinum á tanganum norðanverðum, leifar þriggja mannvirkja í röð með litlu millibili frá vestri til austurs (sjá einnig [020 og 021]); er
leifunum lengst til austurs gefið númerið [022]. Ekki er vitað hvaða tilgangi mannvirki þessi þjónuðu, svo gersamlega eyddi Básendaflóðið þeim, sjá þó [014], heimild um lýsisbúð, [016], heimild um litla vörugeymslu, [017], heimild um skemmu, en síður [015], heimild um lifrarbræðsluhús." Þessar minjar fundust ekki árið 2017.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir 2000, 39

1850-945: GK-040b:023 hleðsla verslunarhús
Ragnheiður Traustadóttir skráði húsgrunn á Básendum árið 2000: "Við vettvangsskráningu fundust norður af húsi kaupmannsins [002] en sunnan við rústirnar þrjár [020-022] leifar af grunni húss, trúlega timburhúss, sem örðugt er að greina hvaða tilgangi hafi þjónað, svo lítið hefur varðveist, sjá þó [014], heimild um lýsisbúð, [016], heimild um litla vörugeymslu, [017], heimild um skemmu, en einkum [015], heimild um lifrarbræðsluhús. Lýsingin á lifrarbræðslunni virðist helst geta átt við þennan grunn af þeim mannvirkjum sem til er að dreifa. Um þetta verður þó ekkert fullyrt. Í grunni þessum fundust múrsteinsbrot." Líklega er þetta neðsta steinaröð í hlöðnum sökkli eða grunni húss.




1850-945: Uppmæling af hleðslunni.


1850-945: Hleðslan, horft til suðausturs.

Steinarnir eru tilhoggnir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir 2000, 40

1850-358: GK-040b:024_1 tóft óþekkt
Ragnheiður Traustadóttir skráði rúst á Básendum árið 2000: "Um 10 m suðaustur af matjurtagarðinum [009] og fiskbyrginu [011] er lítil rúst, 4 m á breidd og 6 m á lengd, hlaðin úr torfi. Veggjarþykkt er 30-50 sm, hæð 20-40 sm. Austur af rústinni er garður [024_2] eða framhald af veggnum, lengd um 6 m. Rústin er vel gróin og ógreinileg. Hlutverk hennar er óþekkt og ekki reyndist unnt að finna henni stað í heimildum." Tóftin sést enn en er ógreinileg. Hún er 5x4 m að stærð, einföld og snýr norður-



1850-358: Uppmæling af tóftinni og kálgarði 1850-359.


1850-358: Horft til suðausturs yfir tóftina.

suður. Ekkert op sést á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir 2000, 45

1850-359: GK-040b:024_2 tóft kálgarður


1850-359: Horft til austurs yfir kálgarðinn.

Kálgarður er grafinn inn í hólbarð austan við tóft 024_1. Kálgarðurinn er í skjóli sunnan undir hólnum, þar er gróið svæði eða vik sem gengur til austurs inn í upplásið hraun. Kálgarðurinn er niðurgrafinn að sunnan og austan en hlaðinn veggur afmarkar hann til norðurs og endar í óskýru og minna hólfi. Veggurinn er 0,4-0,8 m á hæð og gróinn. Kálgarðurinn er mjög óljós og illa farinn vegna rofs og vatnsaga.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-944: GK-040b:025 heimild óþekkt
Ragnheiður Traustadóttir skráði rúst á Básendum árið 2000: "Ógreinileg rúst er nokkrum metrum austur af fiskbyrginu [011], hún er 5 m á breidd og 7 m á lengd, hlaðin úr torfi og grjóti. Ekki er hægt að segja til um hlutverk hennar, hún gæti hafa verið stekkur, en hún finnst ekki í heimildum." Hnit frá árinu 2000 staðsetur tóftina innan skráningarsvæðis en án efa er mikil skekkja í því. Engin tóft fannst innan svæðisins né austan við kálgarð 009 sem passar við þessa lýsingu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir 2000, 45


1850-946: GK-040b:026 Sundvarða varða samgöngubót
Sundvarða sést á milli Litla-Básendahóls og kálgarðs 009. Hún er greinileg og grjóthlaðin.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-970: GK-040b:027 *Brennitorfa* hleðsla herslugarður
"Bátsendahöfn [018] mun heita réttu nafni Brennitorfuvík, en Brennitorfa var þar fyrir ofan. Þar höfðu Básendamenn brennur sínar [...]. Torfan sjálf er örfoka," segir í örnefnaskrá.


1850-946: Horft til austurs yfir vörðuna.



1850-970: Horft til suðvesturs yfir herslugarðinn.



1850-970: Uppmæling af herslugarðinum.

Ragnheiður Traustadóttir skráði Brennitorfu árið 2000: “Ekki sáust nein ummerki um brennur á vettvangi.” Það má hins vegar sjá þrjár hleðslur þar, líklega er um herslugarða að ræða. Nyrsta hleðslan er umfangsmest, þar má sjá 2- umför í rofi. Hún líkist einna helst kanti. Hinar hleðslurnar tvær eru umfangsminni, 1-2 umför. Allt þetta svæði er gjörblásið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 11; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 46

1850-340: GK-040b:028 varða samgöngubót “Bátsendahöfn [018] mun heita réttu nafni Brennitorfuvík , en Brennitorfa [027] var þar fyrir ofan. Þar höfðu Básendamenn brennur sínar. Stendur þar nú varða á grjótholti,” segir í örnefnaskrá. Ragnheiður Traustadóttir skráði vörðu við Brennitorfu árið 2000: “Þar er varða, en ekkert verður fullyrt um hvort hún sé hin sama og nefnd er í örnefnalýsingunni. Hún kann að tilheyra kaupstaðarleiðinni [GK-631:035].” Lyng vex næst vörðunni og myndar lítinn gróðurkraga næst henni. Annars er sandur og grjót allt í kring. Varðan er áberandi, það má sjá 5 umför af grjóti í henni. Hún er ferhyrnd, vel hlaðinn að neðan en ástand hennar versnar eftir því sem ofar dregur. Varðan er 1,3 m á hæð.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 11; Ragnheiður Traustadóttir 2000, 46-47



1850-340: Varðan, horft til NNA.

1850-943: GK-040b:029 áletrun kennimark
“Á Básendum var öldum saman lífleg verslun. Nú minnir fátt á hana en allnokkrar áletranir sem varðveist hafa á klöppum og steinum eru þó líklega komnar frá kaupmönnum. Flestar eru í Arnbjargarhólma vestan Básendahafnar eða Brenntorfuvíkur. Á háhólmanum má bæði sjá bókstafi og ártöl á klöppunum og auk þess eru sambærilegar áletranir á lausum steinum sem líklega hafa verið á hólmanum meðan hann var landfastur og vel gróinn en síðan skolast til þegar sjórinn náði að skilja hann frá landi og leika frjálslegar um hann. Magnús Grímsson lýsti fangamarki sem hann sá á klöppum á útskerjum á Básendum sem aðeins koma upp á fjöru: „Yfir þær festar, sem á útskerjum eru, fellur sjór ætíð, og þar ryðbrenna járnin óðum. Við hinn síðarnefnda járnstólpann, sem ég sá, var á klöppina höggið ASS, en á skeri einu var mér sagt, að væru ótal slík fangamörk. Það er að austanverðu við syðri voginn, en þangað komst ég ei, því bát vantaði, en hásjávað var.” Þarna má enn sjá áletrun á klöpp neðan tóftar á norðanverðum Básendum. Þar stendur að vísu APS en líklega er þetta samt sú sem Magnús sá. Skerið með hinum mörgu fangamörkum sem Magnús komst ekki til að skoða er á Arnbjargarhólma þar sem áletranir fundust við vettvangsskoðun núna. Fram yfir 1532 kepptust Þjóðverjar og Englendingar

um höfnina við Básenda í svokölluðu Grindarvíkurstríði þannig að áletranir frá 16. öld gætu tengst umsvifum þeirra. Hins vegar höfðu danskir kaupmenn höfnina fyrir sig eftir 1602 enda benda áletranir frá 17. öld til þess að þarna hafi verið athafnasvæði fyrir verslun þeirra. Eins og sést af myndunum fara þessar klappir margar undir sjó þegar flæðir að og erfitt er að komast að þeim. Líklegt má telja að enn fleiri áletranir og ártöl leynist við Básenda og gætu þær þá varpað frekara ljósi á veru kaupmanna á staðnum í gegnum aldirnar. Básendasteinarnir hafa mikið minjagildi en eru jafnframt í mikilli hættu vegna sjávarfalla. Merkilegt er að letrið skuli enn vera sýnilegt 2-5 öldum eftir að það var höggvið en með tímanum hlýtur það óhjákvæmilega að hverfa," segir í skýrslunni Letursteinar og áletranir.



1850-943: APS er klappað hér. Myndin er úr skýrslunni Letursteinar og áletranir. ©Ragnheiður Traustadóttir 2022



1850-943: PMS og ártalið 1555. Myndin er úr skýrslunni Letursteinar og áletranir. ©Ragnheiður Traustadóttir 2022



1850-943: Ljósmynd sem birt er á heimasíðunni ferlir.is. Þarna sést nafnið BERTELANDERS 1700



1850-943: Myndin er úr skýrslunni Letursteinar og áletranir. Þarna sést m.a. ártalið 1590. ©Ragnheiður Traustadóttir 2022

Ekki var hægt að fara í Arnbjarnarhólma þegar skrásetjarar voru á ferðinni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ragnheiður Traustadóttir 2022, 102-106; Magnús Grímsson, 1935-1939, 256

1850-961: GK-040b:030 *Thomas frá Hull* heimildskip
[1532]: "Bréf kaupmanna frá Lynn til Hinriks VIII. Þeir segjast hafa gert út skipið Thomas frá Hull, um sextíu tonn að stærð, hlóðu það 24 vættum af salti og öðrum vörum [...]. Sökum óhagstæðs veðurs neyddust skipin til að leita inn á höfn að Básendum, en þar lá Luthke Smith frá Hamborg fyrir á stórskipi (holck) skipuðu hermönnum [...]. Þar eð þeir gátu ekki varpað akkeri, rak skipið á land. Þegar Englendingar sáu, að skipið var hætt komið, ætluðu þeir að fara með akkerið út á höfnina til þess að bjarga því, en urðu þá fyrir skothríð frá L. Sm. og mönnum hans [...]. Þegar svo var komið, fór L. Sm. um borð í Thomas frá Hull og hafði þaðan á brau með sér allt góss og vistir, hjó skipið og sökkti því í höfnina [...]," segir í Íslenzku fornbréfasafni XVI.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: DI XVI, 631-632

1850-962: GK-040b:031 heimild skip
1714: “Brotnuðu tvö kaupför á Básendum og fórst á þeim góss mikið,” segir í Mælifellsannál. “Í Septembri seint brotnuðu af stríðum stormi 2 kaupskip á Básendahöfn, fröktuð af fiski; fólkið komst af,” segir í viðauka Fitjaannáls.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Annálar I, 615; Annálar II, 390

1850-963: GK-040b:032 heimild skip
1669: “29. Augusti brotnaði skipið á Básendum, fullfraktað, búið til siglingar; komust menn af allir, en góss náðist, sumt skemmt,” segir í Kjósarannál.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Annálar II, 448

1850-966: GK-040b:033 heimild hjallur
“Og þá þeir [danskt herskip] héðan sigldu fyrir Starfsnes, vildi kaupmaðurinn þar þeim til æru afskjóta 1 fallstykki, og þá beykirinn þessu affýraði, sprakk það í sundur og sló marga fiskihjalla niður og hann í svima af hljóðinu, svo í hálfan mánuð þar eptir við sængina lá,” segir í Eyrarannál. Ekki er vitað hvar þessir fiskihjallar voru staðettir en líklega nærri sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Annálar III, 409

1850-677: GK-040b:034 heimild skip
“1831. Hinn 9. febrúar urðu fjórir skiptapar í ofsaveðri og byl. Fórst þá eitt fjögramannafar frá Löndum, varð slysið framan við Básendahöfn,” segir Magnús Þórarinsson í Frá Suðurnesjum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Frá Suðurnesjum, 284

1850-936: GK-040b:035 mannvirki lending
Að sögn Jóns Ben Guðjónssonar, heimildamanns, var lending norðan við lendingu 019, í sama vogi. Þarna má enn sjá rutt svæði en það er illgreinilegt og undir miklum ágangi sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-936: Lendingin, horft til vesturs.


1850-938: Horft til suðurs yfir lendinguna.

1850-938: GK-040b:036 mannvirki lending
Að sögn Jóns Ben Guðjónssonar, heimildamanns, var lending skammt austan við bólverk 037, sunnan við meint athafnasvæði verslunarinnar. Þarna má enn sjá rutt svæði en það er illgreinilegt og undir miklum ágangi sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-939: GK-040b:037 hleðsla bólverk
Að sögn Jóns Ben Guðjónssonar, heimildamanns, liggur hlaðin bryggja út í syðri voginn, sunnan við meint athafnasvæði verslunarinnar. Hún er illgreinileg en það mótar þó enn fyrir 1-2 umförum af stórum steinum á 13x2 m lögnum kafla. Bryggjan liggur norður-suður og er um 0,3 m á hæð.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-939: Bólverkið, horft til norðurs.



1850-940: Horft til suðurs yfir hleðsluna í bólverkinu.

1850-940: GK-040b:038 hleðsla bólverk
Að sögn Jóns Ben Guðjónssonar, heimildamanns, liggur hlaðin bryggja út í syðri voginn, 10 m austan við bryggju 036 og sunnan við meint athafnasvæði verslunarinnar. Hún er illgreinileg en það mótar þó enn fyrir 1-2 umförum af stórum steinum á 23x2 m lögnum kafla. Bryggjan liggur norður-suður og er um 0,3 m á hæð. Hún er þó bogadregin næst landi sem helgast eflaust af klettum eða ágangi sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-941: GK-040b:039 heimild lending
Að sögn Jóns Ben Guðjónssonar, heimildamanns, var lending fast austan við bryggju 038. Hún er nú full af grjóti og sést ekki.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-942: GK-040b:040 heimild lending
Að sögn Jóns Ben Guðjónssonar, heimildamanns, var lending vestan við bæ 001. Hún sést enn þrátt mikinn ágang sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

GK-041 Glaumbær

1703: Jarðardýrleiki óviss. Tveir bæir samfastir og eru sagðir vera sjöunda og áttunda hjáleiga frá Stafsnesi (GK-040), samkvæmt JÁM III, 39.
1847: Jarðardýrleiki óviss, samkvæmt JJ, 86.
1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Glombey j legekö. [...].” DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-
1549, DI XII, 143; 1549-1550, DI XII, 157; 1550, DI XII, 177; 1552, DI XII, 403.
Í eyði samkvæmt örnefnaskrá (Ö-Stafnes MÞ, 6).
Jarðarítök: Jörðin brúkaði rekja- og þangatekju í Glaumbæjarvík innan Stafnesslands, segir í örnefnaskrá Stafness (Ö-Stafnes MÞ, 1). Í aths. við örnefnalýsingu kemur fram að jörðin átti einnig þangafjöru á Glaumbæjarhól innan Stafnesslands (Ö-Stafnes aths., 1).
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Glaumbæ. ATH. Hefur ekki verið yfirfarið en er útprentað í möppu.
1919: Sléttað tún (Glaumbær), 1.4 hekt., garðar 500 m2.

1850-405: GK-041:007 *Glaumbæjarhóll* hleðsla óþekkt
“Víkin sunnan við stekkinn [040:051] heitir Stafnesvík. Sunnan við er Glaumbæjarvík [...]. Á bakkanum fyrir ofan er hóll grasi gróinn, sem heitir Glaumbæjarhóll, það er gömul rúst,” segir í örnefnaskrá Stafness.
Glaumbæjarhóll, sést enn og þar er tóft sem liggur undir miklum skemmdum. Hóllinn er innan óræktaðs túns sem ekki hefur verið sléttað. Það er grunnt niður á grjót.
Á Glaumbæjarhól sést hleðslubrot en grjót hefur aflagað hana. Líklega er þetta eystri-langveggur af tóft. Sjór hefur brotið vesturhluta tóftarinnar sem og hólsins sem er hæstur til suðausturs. Það mótar ekki fyrir opi á yfirborði og veggir nánast útflattir.



1850-405: Uppmæling af Glaumbæjarhól.


1850-405: Hóllinn, horft til suðurs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 1

GK-043 Halakot (Hólakot)

1703: Jarðardýrleiki óviss, sögð sjötta hjáleiga frá Stafsnesi (GK-040), samkvæmt JÁM III, 39.
1847: Jarðardýrleiki óviss, samkvæmt JJ, 86.
1547-1548: Fógetareikningar. "Jtem met Hollakot j legekö. [...]." DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 143; 1549-1550, DI XII, 157; 1550, DI XII, 176; 1552, DI XII, 403.
Jörðin búin að vera í eyði í "mörg ár" segir í örnefnaskrá Stafness (Ö-Stafnes MÞ, 1).
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Hólakot. ATH. Hefur ekki verið yfirfarið en er útprentað í möppu.
1919: Sléttað tún (Hólakot), 0.05 hekt., garðar 1080 m2.

1850-899: GK-043:008 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá Bala GK-040:090 í norðvesturátt og endar við vesturhluta heimatúnsins þar sem hún mætir leið 012. Leiðin var eingöngu rakin innan skráningarsvæðis við ströndina og öll ummerki hennar eru horfin þar.
Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-971: GK-043:012 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið teiknuð sem liggur frá bæ 001 í vesturátt og endar í túnjaðri þar sem hún mætir leið (008).
Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-972: GK-043:013 *Hólakotshlið* heimild leið
"Sunnan við Kúarif, er Nýlendurvík nær hún suður að Hliðhólsklöpp, sem er í sjávarmáli niður af hliðinu á túngarðinum norðan við gamla Hólakot, ætíð nefnt af umfarendum "Hólakotshliðið"," segir í örnefnaskrá Stafness.
"Hólakotið yngra er norðan Bala. [...] Norðan Bala hefur túngarðurinn verið sléttaður, en gatan lá með honum utanverðum," segir á ferlir.is. Á túnakorti frá 1919 segir: "Götur við girðingu á bökkum að hluta."
Ekki er vitað hvort göturnar voru innan eða utan heimatúnsins.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 1; www.ferlir.is/?id=9178; Túnakort 1919

1850-402: GK-043:015 *Hólakotshóll* þúst býli
1703: "Hólakot, sem talin er í jarðabókinni sjötta hjáleiga, voru til forna tvær hjáleigur, en önnur



1850-402: Harðhaus/Hólakotshóll, horft til norðurs.

er nú niðurfallin og hefur yfir tuttugu ár í eyði legið. En grasnautnin lögð til hinnar, sem nú er eftir [...]. Kann ei aftur að byggjast nema með heimajarðarinnar skaða," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. "Framan af Hlíðshólsklöppum eru Selatangar. Þar eru nokkur smásker í röð [Skjöldusker, Kringlótta-Sker] [...]. Sunnan við allt þetta, sem nú hefur verið nefnt verið, er nafnlaus fjara suður af svo nefndum Hólakotshól, en það, er gömul rúst á sjávarbakkanum," segir í örnefnalýsingu Stafness. "Byrjar nú sjávarröndin í Stafneslandi: Nyrzt, rétt við mörkin, er hóll á bakkanum með gamalli bæjarrúst, heitir það Harðhaus," segir í örnefnaskrá.
"Utar voru skoðaðar leifar af gamla Hólakoti, sem nú eru fast fram á sjávarbakkanum. Garður hefur legið upp frá því norðanverðu sem mætt hefur fyrrnefndum garði [013] norðan hins nýrra Hólakots. Nýrra kotið hefur verið fært ofar í landið, enda sjórinn nú kominn að rótum þess gamla," segir á ferlir.is.
Bæjarhóllinn gengur einnig undir nafninu Harðaus að sögn heimildamanna, þarna eru haldnar áramótabrennur í seinni tíð. Hóllinn gengur einnig undir nafninu Balabakki. Slétt tún er uppi á Harðhaus og óljóst mótar fyrir þúst þar nú. Engin sýnileg mannvistarlög eru þarna. Þetta er klapparhóll og bratt er til vesturs, niður að sjónum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Stafnes MÞ, 1, 2; JÁM III, 41; www.ferlir.is/?id=9178

1850-406: GK-043:017 *Hólakot* frásögn býli
Samkvæmt Jóni Ben Guðjónssyni, heimildamanni, var annar bæjarhóll Hólakots (Gamla-Hólakot) á þessu svæði. Bærinn var framan (vestan) við hús í byggingu árið 2017, en engin ummerki mannvistar sjást á yfirborði í sléttu túni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

GK-044 Hvalsnes

1686 og 1695: 60 hdr., 3/4 konungseign, 1/4 kirkjueign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1703: Jarðardýrleiki óviss, ¾ konungseign ¼ kirkjueign. Kirkjustaður með hjáleigunum Gierdakoti (GK-045), Smidshúsi, Ervidi, Moakoti, hjáleigu kennd við ábúanda hverju sinni (þá Þorbjörn) og Fiosakoti, samkvæmt JÁM III, 45-47.
1847: Jarðardýrleiki óviss, bændaeign, með hjáleigunum Gerðakoti, Rembihnúti (GK-046), Mosahúsi (GK-047) og Nýlendu (GK-048). Þar segir að í jb. 1803 séu hjáleigurnar Smiðshús og Brandshús undirsettar jörðinni, samkvæmt JJ, 86.
Um 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 9.
1225: "Síðan fór Aron [Hjörleifsson] suðr a Hvalsnes til Þorsteins ok var þar um hríð," segir í Íslendinga sögu, Sturl I, 308. Hvalsness er einnig getið í sömu sögu bls. 457, 495.
Um 1270: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. "Þadann fra fvlavik xl fadma a sanndinn fra kolldvhomrvm. Þadann aa hvalsnes. krokvr. ok vtskaler sydvr til midær holms sinn þridivng hvor þeirra. [...] Þadann eigv vtskaler einer sydvr til miosyndis. Þadann aa sydvr hvalsnes ij hlvti j vidreka enn starnes þridvng." DI II, 77.
Um 1270: "Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekvr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn ixa hlvt hvals aa hvalsnes ok starnes." DI II, 78-79.
Um 1270: "landamerkia bref aa milli huals nes og starnes." DI II, 81.
1367: "xliij. Hvalnes maldage eins og j vilchinsbok. þa lidit var fra hijngad burd vors lausnara Jesu christi þushundrut ara þriu hundrut ara og siau tijger ara vijgde herra othgeir Biskup kirkiu a Hualsnese et cetera"; Hítardalsbók, sjá 1370; DI III 219.



Túnakort Hvalsneshverfis frá árinu 1919. Hér sést vel að vesturhlið heimatúnsins hefur mikið látið á sjá vegna ágangs sjávar.

10.6.1370: “Hvalsnes. Þa er lidit var fra hijngadburd vors herra Jesu Christi Þushundrud ära ccc. oc lxx ara. vijgdi herra Otthgeir Biskup kirkiu a Hvalsnesi [...]. ad kirkian a fiordung j heima landi sem Biorn bondi Olafsson oc Salgierdur kona hanz [gafu] kirkiunni til vpphelldis og ad standa skylldi firir presti og jord j nordurnesium [...].” DI III, 256-257.

19.7.1415: “[...] hustru jnghunn gunnarsdotter medr fullo handabandhi fek [...] herra arnna med gudz nadh biskup i skalholti sitt fullt oc loghligt æighnar vmbodh yfuer hualsnesi a hrosmalanesi [...].” DI III, 761.
25.8.1426: Vottað “ath herra hanis paalsson feck med fullo handabande herman langha forstandara ath allra heilagra kirkiu j bergwin huaalsnes a Rosmalanesi liggiande bade síns herra kongsins oc suo sína vægna [...].” DI IV, 336.
16.12.1435: Jón Kárason prestur vottar um viðtal Árna Ólafssar biskups við Helga Guðinason systurson sinn: “hielt biskup aarne aa eirne skaal ok drack helga aulit til. ok hier til gef ek þier jaurdina er hualsnes heiter er liggr aa Rosmalanese til fullrar eignar.” DI IV, 554.
17.1.1436: Snorri Ingimundarson prestur og þrír aðrir menn votta: “ath gudrun styrsdottir handfeste helga gudinasyne suo felldan vitnissburd. Ath hun heyrde [...] gerra aarna med guds naad biskup j skalhollte kennazt [...] ath hann hefde gefit nefndum helga jaurdina er hualsnes heiter er liggr aa rosmalanese til fullrar eignar ok sagdizt þa enn gefa honum adr nefnda jaurd.” DI IV, 555.
24.3.1436: Helgi Ingjaldsson prestur vottar: “at nefnd jngun [gunnarsdotter] feck biskp arna jordina a hualsnese er liggr a rosmalanesi til fullrar eignar med ollum þeim gognum ok gædum sem til liggr [...].” DI IV, 555-556.
30.6.1436: Alþingisdómur tólf manna útnefndum af Ormi Loptssyni hirðstjóra: “at dæma i milli hera laughmannzins helga gudinasonar ogh nikulas snæbiarnarsonar. Kærdi fyrrnefndr helghi ath aadrnefndr nikulaas hielldi ogh sier eignadi jordina hvalsnes er liggr aa rosmhvalanesi. [...] þvi dæmdvm vier fyrrnefnder domsmenn títtnefndom helgha optnefnda jord hvalsnes til fvllrar eignar svo mikit sem gilldi aatta lester fisk fram komnar i bergvin en honum til hallz þad sem jördin væri dyrri.” DI IV, 559-560.
7.5.1445: Torfi Arason selr Skúla Loptssyni Hvalsnes á Rosmhvalanesi og Gegnishól í Skagafirði fyrir jarðirnar Þykkvaskóg, Miðskóg Þórólfsstaði, Smyrlahól Giljaland og Heinaberg. “[Seljandi jarðarinnar reiknar] at hualsnesi fylgdi tuer jarder nes ok Melaberg ok stedi onnur firir omagavist. enn adra etti kirkian ok Þar til tolf kugilldi. kynni [kaupandi] at spyria at helge gudinason hefdi fleire peninga tekit kirkiunnar vegna aa hualsnesi Þa skylldi [seljandi] Þa til leggia.” DI IV, 665-666.
22.8.1488: Jörðin Býjasker á Rosmhvalanesi er í Hvalsneskirkjusókn. DI VI, 637.
[1541]. Minnisgreinar Gizurar biskups. “Jtem lofad sira Eyolfi Hualsnesi ef sera Halldor hefur þad ecki heima sialfur.” DI X, 691.
1546: Bréf Gizurar biskups til síra Eyjólfs á Hvalsnesi. “J hueriu þier skrifudut at sira Einar hefdi b(ygt) undan ydur hualsnes veit ec þar ecki til.” DI XI, 528. 1552: Fógetareikningar. “Jtem Ogmonder aff Hualsnese ffor ij skatte xvj alne vadmel.” DI XII, 420. Sjá einnig Fógetareikninga 1553, DI XII, 577, 579.
27.9.1563: Jarðaskiptabréf hirðsjóra fyrir hönd konungs við Skálholtsstól. “[...] under minn nadugasta herra og Krununa skulu þessar jarder liggia til eignar oc aftekta [...] Hvalznes med Hualsness hverfi fyrer jc hundrada.” DI XIV, 156. 1575: Máld DI XV 639
1698-1720: Jón bp Vídalín lætur lögtaka að Njarðvíkurkirkja fái alkirkjurétt og skuli vera annexía frá Hvalnesi; (PP, 102)
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Hvalsnes ásamt Móum, Loftstöðum, Smiðshúsum, Nýjabæ, Móhúsum og Tjörn.
1919: “Túnin að mestu slétt og sléttuð.” Tún (Hvalsnes A), 3.4 hekt., garðar 800 m2. Tún (Hvalsnes V), 3.4 hekt., garðar 540 m2. Tún (Smiðshús), 1.3 hekt., garðar 540 m2. Tún (Nýibær), 0.9 hekt., garðar 810 m2. Tún (Tjörn), 0.15 hekt., garðar 380 m2. Tún (Garðbær), 0.15 hekt., garðar 380 m2. Tún (Hlið), 0.15 hekt., garðar 380 m2. Sléttað tún (Móakot), 0.44 hekt., garðar 370 m2. Sléttað tún (Loftstaðir) 0.1 hekt., garðar 590 m2. Öll torfan samtals 9.9 hekt., og garðar 4790 m2.
1703: [S]o er og mestalt land jarðarinnar komið í sand, grjót og hrjóstur [...]. Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu, valla nýtandi. Eldiviðartak ekkert nema fjöruþáng. Fjörugrasatekja sem jörðinni nægir. Sölvatekja lítil. Fuglveiði og eggver ekkert nema ef sótt væri til Geirfuglaskers, sem presturinn þykist heyrt hafa kirkjunni eignað að nokkrum parti, en þángað er háskaför so mikil, að það hefur um lángar stundir ekki farið verið [...]. Rekavon nokkur. Hrognkelsafjara að nokkru gagni. Murukjarnar, söl og bjöllur eru um veturinn brúkaðar til að næra á nautpeníngi í heyskorti [...]. Vatnsskortur er að miklu meini, so að margoft bæði sumar og vetur verður það að meini mönnum og fjenaði, þegar ekki nást fjöruvötn,” segir í JÁM III, 44-45.
“Hvalsnestangi [...]. Skiptast þar á tjarnir og þýfðir móar. Þar er kúabeit, einnig hesta og sauðfjár að nokkru,” segir í örnefnalýsingu MÞ (Ö-Hvalsnes MÞ, 1). Í örnefnaskrá AG segir: “Kúatraðir eru frá bæ milli Norðurtúns og Tjarnarbletts.” (Ö-Hvalsnes AG, 1).

1850-388: GK-044:006 garðlag túngarður



1850-388: Uppmæling af túngarði 388.

Á túnakorti frá 1919 sést túngarður afmarka heimatún Hvalsneshverfis. Op var á miðri austurhlið hans og traðir 066 lágu þar í gegn. Túngarðurinn var eingöngu skráður innan skráningarsvæðis við strandlengjunua og stór hluti því ekki skoðaður á vettvangi.
Gróin ræktuð tún eru innan heimatúnsins. Utan þess eru móar og uppblásin svæði.
Fyrir norðan bæ 001 sést túngarðurinn liggja til vesturs frá býlinu Hliði 032 og stefnir til ASA að tröðum 066. Hann er 165 m að lengd, 0,5-1 m á hæð og er grasivaxinn. Víða sést þó glitta í grjót. Sunnanmegin við kálgarðinn er slétt og iðagrænt tún í ræktun en norðanmegin við hann er túnið í meiri órækt og stórþýft á köflum. Sunnan við bæ 001 sést túngarðurinn sunnan við kálgarð GK-045:011 og aftur sunnan við Gerðakot GK-045:001. Þessir hlutar túngarðsins eru grjóthlaðnir, 0,3-0,5 m á hæð og greina má 12 umför af grjóti. Syðri hlutinn er um 23 m að lengd en sá nyrðri er 28 m.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919


1850-388: Horft til norðurs eftir túngarðinum.


1850-432: Vörslugarðurinn, horft til norðurs.

1850-432: GK-044:008 garðlag vörslugarður
Á túnakorti frá 1919 er garðlagt merkt um 155 m norðan bæjar 001. Garðurinn snýr norðvestur-suðaustur og liggur upp að þurrabúðinni Hliði (032) sem er utan skráningarsvæðis. Hugsanlega sjóvarnargarður, hann sést enn liggja til suðurs frá læk í mýrlendi allt að Hliði 032. Búið er að leggja vegslóða ofan á garðinum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-424: GK-044:010 heimild samgöngubót
"[...] en rétt sundleið er Virkisvarðan [018] um Sundvörðu við Hvalsnesnaust, og er það bæði þröngt og slæmt sund, þegar brimólga er, og mjög illt að lenda þegar um fjöru er," segir sr. Sigurður B. Sívertsen í Rauðskinnu IX-X. Á túnakorti frá 1919 er sundvarða með tréi merkt rúmum 280 m vestan

bæjar 001. Varðan er upp við túngarð (006). “Hár hóll, strýtumyndaður, er í Smiðshúsatúni, aðeins til vinstri handar, þegar gengin er sjávargatan [0151 frá Hvalsnesi niður að naustum þar [017]. Heitir hann Virkishóll. Á hólnum er allmikil grjótvarða, kölluð Virkisvarða. Í vörðuna er festur staur og efst á honum er myndarlegur þríhyrningur af tréi. Annað merki af sömu gerð er á kampinum norðan við naustin. Þetta eru sundmerkin á Hvalsnessundi,” segir í örnefnalýsingu.
Varðan er horfin, líklega vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna IX-X, 192; Túnakort 1919; Ö-Hvalsnes MÞ, 3

1850-429: GK-044:011 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá leið (GK-631:20) í átt og sveigir í VSV þegar komið er framhjá Nýjabæ (050) í átt til minjastaðar (046) þar sem hún endar.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-430: GK-044:013 *Stokkavör* mannvirki lending



1850-430: Stokkavör, horft til vesturs.

“Sunnan við Fúlu eru í flæðarmáli svo nefndar Fúluklappir. Sunnan við klappir þessar er gömul lending, sem kölluð er Stokkavör. Enginn veit, frá hvaða tíma hún er, en hefir verið mikið notuð. Það sýna hin greinilegu kjölför, sem enn eru glögg í klöppum þar. Á síðari árum var þó stundum fiski kastað af í Stokkavör, því þar var hægari uppburður en í bratta kampinum í réttu vörinni. Einnig munu stórskipin hafa verið sett í hróf að vertíðarlokum upp úr Stokkavör; það var hægari setning þar. Fast sunnan við Stokkavör eru háar og miklar klappir, sem heita Stóru-Klappir,” segir í örnefnaskrá.
Stokkavör sást ekki, flóð var þegar skrásetjarar voru á ferðinni. Vörin á að sjást á fjöru.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvalsnes MÞ, 2




1850-420: Horft til NNV, yfir varnargarðinn.

1850-420: GK-044:014 garðlag varnargarður
Túngarður eða sjóvarnargarður er við fiskihúsin. Mögulega er garðurinn hluti af verkhúsum 084, það þarfnast frekari rannsókna. Garðurinn er á milli mannvirkja í fjöru. Sjór getur gengið hér yfir. Ekki eru skýr umför sjáanleg og hleðslan er aflöguð. Hún er þó allt að 3 m breið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-896: GK-044:015 heimild skip
Um 580 m NV af bæ er skipsflak merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Hkort 17 Suðurnes SA

1850-431: GK-044:016 tóft útihús
Tóftin er á milli tveggja tjarna, þ.e. til suðurs og norðurs. Hún er 7x5,1 m að stærð, skipist í tvö hólf og snýr norður-suður. Það má enn greina tvö umför af grjóti í veggjum, annars er gróið yfir þau.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-431: Uppmæling af tóftinni.




1850-431: Horft til austurs yfir tóftina.

1850-874: GK-044:017 heimild naust
"Hár hóll, strýtumyndaður, er í Smiðshúsatúni, aðeins til vinstri handar, þegar gengin er sjávargatan [051] frá Hvalsnesi niður að naustum þar. Heitir hann Virkishóll. Á hólnum er allmikil grjótvarða, kölluð Virkisvarða [018]. Í vörðuna er festur staur og efst á honum er myndarlegur þríhyrningur af tréi," segir í örnefnaskrá.
Naustin voru ekki staðsett, líklega voru þau vestan heimatúnsins þar sem talað er um hjalla og fiskihús á túnakorti frá 1919. Mikið landbrot er hér og mögulega eru naustin brotin burtu. Eins er líklegt að einhvert þeirra mannvirkja sem þarna voru skráð og enn sjást séu á sama stað.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvalsnes MÞ, 3

1850-410: GK-044:019 tóft óþekkt
Gróinn, fremur stór hóll er á merkjum Hvalsness og Stafness. Í norðausturhorni hans er grjóthleðsla, mögulega grunnur vörðu. Eitt umfar af grjóti sést þar. Líkur er á meiri mannvist hér undir sverði.



1850-410: Hóllinn, horft til vesturs.



1850-410: Uppmæling af hólnum og hleðslunni sem þar sést.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-411: GK-044:021 varða samgöngubót
"Sundið var oftast tekið á miðinu Valahnjúkar, þó stundum utar, og því haldið eftir áður greindum merkjum, þar til Heiðarvörðu (fyrir ofan Hólakot, nú horfið) ber í vörðubrot á nyrzta Ærhólma," segir í örnefnalýsingu. Hóminn er enn landfastur en það flæðir austan hans og allur gróður horfinn þar.
Sundvarðan í Ærhólma sést enn. Það má sjá 1-2 umför af grjóti, þau eru hrunin og líkist varðan grjóthúgu á köflum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvalsnes MÞ, 3




1850-411: Varðan, horft til suðurs.



1850-416: Hvalsnesvör, horft til suðvesturs.

1850-416: GK-044:022 *Hvalsnesvör* mannvirki lending
"Tvær eru lendingar þarna og voru báðar notaðar á vetrarvertíð. Í Hvalsnesvör lentu skipin frá Busthúsum [GK-049], Nýlendu [GK-048], Moshúsum [GK-047], Nýjabæ [050] og Hvalsnesi [001]. Vörin hefir einhvern tíma verið rudd inn í stórgrýtisurð, sunnan og innan við Stóru-Klappir. Mjög er þar bratt upp að setja, og var oftast bundið fram af skipunum, þegar þau stóðu neðan í kampinum, því þau gátu vegna brattans runnið sjálf til sjávar við minnstu hreyfingu. Væri von veðurbreytinga, voru þau sett upp á flórinn við sjávarhúsin [023]," segir í örnefnaskrá.
"Hvalsnesvör var mikill útgerðarstaður. Reru þaðan skip frá 5 bæjum og þar voru mörg og myndarleg sjávarhús," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1984.
"Hlaðin sjóhúsin ofan við Hvalsnesvörina standa enn að hluta. Veggir hafa verið hlaðnir úr völdu grjóti á tvo eða fleiri vegu og timburveggir á móti. Nú eru komin þar steypt þvotta- og saltker, sem eru þá yngstu leifarnar. Leifar af tréspili eru ofan við Nesvör og Hvalsnesvör," segir á ferlir.is.
"Fram af klöppunum er fjörutangi, sem tilheyrir Smiðshúsum [044], en sunnan við Stóru-Klappir er lending Hvalsnesinga. Sunnan við lendinguna er einnig Smiðshúsafjara á smáparti," segir í örnefnalýsingu. "Á Hvalsnesi er vörin vestur frá bænum niður undan fiskihjölum [sic], marbrattur malarkambur, er þar lón mjótt eða ós, sem út er róið," segir sr. Sigurður B. Sívertsen í Rauðskinnu IX-X.
Á túnakorti frá 1919 eru tvær varir merktar um 280 m vestan bæjar 001. Nyrðri vörin er aðalvörin, hún sést ennþá vel. Að henni sést rudd leið eða kantur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvalsnes MÞ, 3; ÁFÍ 1984, 35; www.ferlir.is/?id=6191; Ö-Hvalsnes MÞ, 2; Túnakort 1919; Rauðskinna IX-X, 192

1850-413: GK-044:023 tóft útihús



1850-413: Uppmæling af tóftinni.



1850-413: Tóftin, horft til norðurs.

Gróinn hóll er rétt utan heimatúnsins á grónum bala, tjörn er austan og sunnan hans. Hóllinn er gróinn og það mótar fyrir siginni tóft uppi á honum. Hóllinn er 14x12 m að stærð, 0,2-0,4 m á hæð og snýr norður-suður. Tóftin er útflött og sigin. Hún er 7x6,5 m að stærð, nánast hringlaga og opin til suðurs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvalsnes MÞ, 3

1850-426: GK-044:024 *Réttartjörn* heimild rétt
"Ofan við Moshúsafjöru er tjörn, sem heitir Réttartjörn og dregur nafn af því, að um mörg ár var sauðarétt á kampinum milli tjarnarinnar og sjávar, en er nú horfin," segir í örnefnaskrá. Réttin er horfin vegna ágangs sjávar.
Heimildir: Ö-Hvalsnes AG, 1

1850-414: GK-044:044_1 *Smiðshús* bæjarhóll býli
"Smidshús, önnur hjaleiga. Jarðardýrleiki óviss," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
Á túnakorti frá 1919 er Smiðshús merkt, með fimm steinhúsum sem og kálgarði austan við þau, um 280 m vestan bæjar 001. Innan túns eru teiknuð tvö steinhús og stakur kálgarður.
"Brunnurinn á Smiðshúsum sést í túninu norðaustan við gamla húsið," segir á ferlir.is. Alls eru skráðar fimm fornleifar á Smiðshúsum, innan túns býlisins og sýnt er á túnakorti Hvalsnes frá 1919. Smiðshús




1850-414: Smiðshús á túnakorti frá 1919. Stór hluti bæjarhúsanna er horfinn vegna ágangs sjávar.


1850-414: Horft til vesturs yfir Smiðshús.

hafa ekki farið varhluta af landbroti og hluti bæjarhólsins kominn undir sjóvarnargarð. Íbúðarhúsið er nú um 15 m austan við strandlengjuna og engin hús á bæjarhólnum utan tófarbrots.
Smiðshús eru á sjávarbakka og einungs tóftarbrot fast vestan við veg að núverandi íbúðarhúsi að sem er 115m NNA á bæjarhólnum.
Bæjarhóllinn er horfinn og búið að slétta allt út nema einn vegg. Hann er L-laga, um 5,5x5,5 m að stærð. Hann er um 1 m á hæð, steyptur til vesturs en til austurs má greina 4-5 umför af grjóthleðslu. Bæjarhóllinn er farinn í sjó að mestu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; JÁM III, 45; www.ferlir.is/?id=6191

1850-881: GK-044:044_2 heimild kálgarður
Kálgarður var austan við bæ 044_01. Vegslóði liggur yfir vesturhlutann en slétt, grasivaxið tún er




1850-414 og 881: Uppmæling af Smiðshúsum.

yfir austurhlutanum. Öll ummerki kálgarðsins eru horfin af yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-880: GK-044:044_3 heimild útihús
Samkvæmt túnakorti var útihús um 30 m norðaustan við bæ 001. Það er horfið af yfirborði og slétt tún er þar nú.
Hættumat: mikil hætta, landbrots

1850-418: GK-044:044_4 tóft útihús
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús rúma 60 m NNV við bæ 001, í vesturjaðri heimatúnsins. Þetta eru fiskihús, líklega reist í upphafi 20. aldar. Tóftin er rofin til norðurs, líklega vegna ágangs sjávar og byggingu sjóvarnargarðs/túngarðs. Tóftin er 6,5x4,5 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Steypt þró, líklega fiskikar, er í norðurenda. Í veggnum má sjá 7-10 umför af grjóti að innan en hann er algróinn til vesturs.




1850-418: Uppmæling af húsunum og nálægum minjum.


1850-418: Horft til suðausturs yfir tóftina.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-887: GK-044:044_5 hleðsla kálgarður
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður rúmum 80 m norðan við bæ 044_01. Hann er enn


1850-887: Horft til suðurs yfir kálgarðinn.



1850-887: Uppmæling af kálgarðinum.

varðveittur til austurs. Veggurinn er L-laga, 8,5 x 6 m stór og snýr norður-suður. Veggurinn er 2 m á breidd, 0,8 m á hæð og algróinn. Að öllum líkindum er hann gjóthlaðinn, víða glittir í grjót í gegnum grasið.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

18050-419: GK-044:046 garðlag varnargarður
Garðlag sem sést vel, líklega ekki mjög fornt en liggur undir miklum ágangi sjávar. Það er í fjöruborði, nærri garðlagi 1850-420 og mögulega er um sama mannvirki að ræða. Þessi varnargarður er illa hlaðinn og grjótinu hrúgað saman.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-419: Garðurinn, horft til norðvesturs.


1850-422: Horft til norðvesturs yfir húsin.

1850-422: GK-044:047 tóft verkhús
"2 Fiskihús og hjallar 7, í þyrpingu, eru upp [?] frá vörinni, grjótveggir og torfþök," segir á vesturhluta túnakorts frá 1919. Nákvæm staðsetning er ekki merkt. Tvær eru lendingar þarna og voru báðar notaðar á vetrarvertíð. Í Hvalsnesvör lentu skipin frá Busthúsum [49:001], Nýlendu [48:001], Moshúsum [047:001], Nýjabæ [050] og Hvalsnesi [001]. Vörin hefir einhvern tíma verið rudd inn í stórgrýtisurð, sunnan og innan við Stóru-Klappir. Mjög er þar bratt upp að setja, og var oftast bundið fram af skipunum, þegar þau stóðu neðan í kampinum, því þau gátu vegna brattans runnið sjálf til sjávar við minnstu hreyfingu. Væri von veðurbreytinga, voru þau sett upp á flórinn við sjávarhúsin," segir í örnefnaskrá.
Tóft frá fyrri hluta 20. aldar, líklega eru þetta fyrrnefnd sjávarhús. Sjö umför af grjóti eru í steyptu veggjunum. Steypt fiskiþró er í vesturveggnum sem er enn uppistandandi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Hvalsnes MÞ,3

1850-878: GK-044:048 heimild hjallur
"Hjallur fyrir 20 árum, brotinn burt," segir á vesturhluta túnakorts frá 1919. Nákvæm staðsetning er ekki merkt enda hjallurinn þegar gjöreyddur þegar túnakortið var gert.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919


1850-879: GK-044:049 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 eru tvö sambyggð hús merkt vestan bæjar 001. Útihúsið er brotið í sjó og gjöreytt.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-875: GK-044:050_4 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 sést útihús fast sunnan við kálgarð 050_2 Nýjabæjar 050_1. Öll ummerki útihússins eru horfin af yfirborði, þar er nú grasivaxið tún.
Hættumat: mikil hætta, vegna jarðræktar

1850-876: GK-044:050_5 hleðsla kálgarður



1850-876: Kálgarðurinn, horft til vesturs.




1850-876: Uppmæling af kálgarðinum.

Kálgarður frá Nýjabæ 050_1 er norðan við verkhús 1850-422. Hann er innan heimatúns og sést vel til allra átta nema vesturs, sú hlið er horfin vegna landbrots. Kálgarðurinn er 9x7 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er ljóst hversu mikið er brotið af vesturhlutanum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-427: GK-044:050_6 heimild kálgarður
Á túnakorti frá 1919 sést kálgarður norðvestan við bæ 050_1, nyrst innan heimatúns þess bæjar. Öll ummerki kálgarðsins eru horfin af yfirborði, þarna er slétt tún og ágangur sjávar töluverður til vesturs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-395: GK-044:050_7 tóft útihús
Útihúsið er í sléttu túni, nærri sjávarbakkanum. Það er 6x5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Veggirnir er um 1x1,5 m á breidd og 1,5 m á hæð. Tóftin er opin til vesturs.



1850-395: Uppmæling af tóftinni.



1850-395: Horft til austurs yfir tóftina.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-397: GK-044:050_8 brunnur brunnur
Brunnurinn er í sléttu túni, nærri sjávarbakkanum. Búið að byrgja hann með járnplötu en þó má enn


sjá veggi sem eru 0,4-0,5 m á hæð og 0,7 m á breidd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-397: Horft til suðvesturs yfir brunninn.

1850-415: GK-044:051 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið merkt frá Hvalsnesbæ (001) og liggur hún í suðvesturátt í átt til Smiðshúsa (044) og stoppar hún við landamörk Hvalsnes og Gerðakots. «Hár hóll, strýtumyndaður, er í Smiðshúsatúni, aðeins til vinstri handar, þegar gengin er sjávargatan frá Hvalsnesi niður að naustum þar [017]. Heitir hann Virkishóll. Á hólnum er allmikil grjótvarða, kölluð Virkisvarða [018]. Í vörðuna er festur staur og efst á honum er myndarlegur þríhyrningur af tréi," segir í örnefnaskrá.
Öll ummerki leiðarinnar eru horfin af yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Hvalsnes MÞ, 3

1850-412: GK-044:068 tóft kálgarður
Kálgarður er sunnan við heimatúnið, nærri landamerkjum við Stafnes. Hann er innan óræktaðs túns og tilheyrði býli sem er austar og utan skráningarsvæðis. Veggir eru grjóthlaðnir og víða er gróið yfir þá. Sjór brýtur af vesturhlið kálgarðsins.


1850-412: Horft til suðausturs yfir kálgarðinn.



1850-412: Uppmæling af kálgarðinum.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-890: GK-044:070 *Kampastekkur* heimild stekkur
"Og á milli Stafness og Hvalsness er rúst sem er alveg niður á sjávarkampi, hún var kölluð Kampastekkur," segir í svörum Gísla G. Guðmundssonar í Þjóðháttasafni. Þessi stekkur er týndur og óljóst hvar hann var staðsettur. Mögulega er hann þegar eyddur vegna ágangs sjávar, skrásetjarar fundu hann ekki.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: ÞÞ 15017-a

1850-873: GK-044:077 heimild rétt
„Ofan við Moshúsafjöru er tjörn, sem heitir Réttartjörn og dregur nafn af því, að um mörg ár var sauðarétt á kampinum milli tjarnarinnar og sjávar, en er nú horfin." segir í örnefnaskrá.
Ekki er vitað hver þessi rétt var staðsett og að öllum líkindum er hún eydd vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvalsnes AG, 1.

1850-872: GK-044:078 heimild skip
“Vík nokkur er þar fyrir sunnan, kölluð Ásuvík. Fékk hún nafnið, er kútter Ása strandaði þar 9. október 1919.”
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvalsnes MÞ, 2

1850-871: GK-044:081 heimild skip
“1905 4. mars Kútter Family strandar í Hvalsnesfjöru. [...] 1908 24. mars Kútter Kjartan strandar í Hvalsnesfjörum. [...] Hann [Geir Zoega] átti þó eftir að gjalda Miðnesströnd Torfalögin 1905 er Family, eitt skipa hans, strandaði á Hvalsnesfjörum. Skipið lá ekki illa en tilraunir til að draga það út báru ekki árangur. Í Family voru einnig birgðir af salti og síldarbeitu. Á líkum slóðum strandaði Kútter Kjartan frá Hafnarfirði í illviðri 24. mars 1908. Nokkru áður en skipið barst að landi hafði skipstjórann tekið út þar sem hann stóð við stýrið. Hvalsnesingar settu út skip og reru í gegnum brimgarðinn og björguðu hnum átján skipverjunum. Var það djörf og áhættusöm aðgerð og þótti frægt afrek á sinni tíð,” segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ásgeir Ásgeirsson, 201, 204

1850-421: GK-044:083 kantur útihús
Fast vestan við garð 1850-419 er tóft sem er nánast brotin í sjó að fullu. Þarna sjást vegghleðslur í rofi


1850-421: Horft til suðausturs eftir kantinum.


1850-421 og 423: Horft til austurs yfir þessar minjar.

og hóll í sniði, hann er nánast horfinn og sést ekki á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-423: GK-044:084 hleðsla útihús
Á þessu svæði er hlaðinn veggur að brotna í sjó og sést hann að mestu í sniði. Þarna eru m.a. leirker


1850-423: Horft til norðurs eftir rofinu.


1850-423: Mörg mannvistarlög sjást í sniði, m.a. veggir og torf.

að koma fram og aðrar minjar. Leirkerin virðast ekki mjög forn en í sniði sést mikil mannvist.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-425: GK-044:092 hleðsla
Grjóthlaðinn, hringlaga pallur (þúst) undir timburstaur með spili. Þetta mannvirki er ekki gamalt og líklega notað undir lok útgerðar á Hvalsnesi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-425: Hleðslan, horft til austurs.


GK-045 Gerðakot

1703: Jarðardýrleiki óviss, sögð fyrsta hjáleiga frá Hvalsnesi (GK-044), samkvæmt JÁM III, 45.
1847: Jarðardýrleiki óviss, sögð hjáleiga frá Hvalsnesi, samkvæmt JJ, 86.
Kuml 39. «Útsuður frá Hvalsnesi nær sjó er bær, sem heitir Gerðakot. Árið 1854 var grafið fyrir nýbýli á hóli í landi Gerðakots. Kom þá upp beinagrind sem snéri N-S.“ (Magnús Grímsson 1940, 254).
“Gerðakot var flutt þangað sem var torfbær, er hét Landlyst,” segir í örnefnaskrá Hvalsness (Ö-Hvalsnes AG, 2).
Jarðarítök: 1919. Samkvæmt túnakorti frá 1919 á Gerðakot kálgarð í Loftstaðatúni.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Gerðakot.
1919: Tún (Gerðakot), 2 hekt., garðar 980 m2.



Gerðakort á túnakorti frá 1919.

1850-383: GK-045:001_1 *Gerðakot* bæjarhóll bústaður
Á túnakorti frá 1919 eru sex steinhús merkt og norðan við þau for. Kálgarður er teiknaður sunnan bæjarhúsanna.
“Útsuður frá Hvalsnesi nær sjó er bær, sem heitir Gerðakot,” segir í örnefnaskrá. “Gamla-Gerðakot stóð á flötu túninu innan við lágan malarkamp, norðan við Hrossatjörn. Í stórflóðum gekk sjór yfir kampinn inn í tjörnina: hún hækkaði þá, svo að fyllti kálgarðinn fyrir framan bæinn og varla var fært um stéttina, fyrr en fjaraði. Sjór gekk einnig inn á túnið fyrir norðan bæinn í stórflóðum. Þótti þetta



1850-383: Bæjarhóllinn og minjar á honum.



1850-383: Bæjarhóll Gerðakots, horft til suðurs.

svo uggvænlegt orðið, að 1929 var bærinn fluttur ofar í túnið," segir Magnús Þórarinsson.
"Gerðakot var flutt þangað sem var torfbær, er hét Landlyst [003]," segir í örnefnaskrá Hvalsness.
"Árið 1880 taldi hann [sr. Sigurður B. Sívertsen] prýðileg timburhús með stofum (undir baðstofu) á Stafnesi, Gerðakoti og Sandgerði og þokkalegar innanþiljaðar baðstofur á Stafnesi, Sandgerði og Klöpp," segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.
Bæjarhóllinn er 30 x 22 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er algróinn og þakin tóftum, erfitt er að sjá hvað eru bæjarhús og hvað útihús. Tóftirnar eru ekki samtengdar heldur stakar sem bendir til endurnýtingar. Hóllinn er grasivaxinn, 0,5 - 1 m hæð, hæstur til suðurs.
Hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 253; Ö-Hvalsnes AG, 2; Túnakort 1919; Ásgeir Ásgeirsson, 57

1850-387: GK-045:001_2 garðlag heygarður
Garðlag 001_02 liggur austur-vestur eftir norðurhluta bæjarhólsins. Það er grjóthlaðið, 18 x 3 m að stærð og víða er gróið yfir hleðslur. Ekki er ljóst hvert hlutverk þess var, mögulega hluti af húsagarði eða jafnvel varnargarði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-387: Horft til vesturs yfir heygarðinn.


1850-386: Horft til vesturs yfir tóftina.

1850-386: GK-045:001_3 tóft útihús
Tóft 001_03 er sunnarlega á bæjarhólnum og mögulega innan kálgarðs 001_08. Tóftin er 7x4 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Op er á miðri suðurhlið. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti en gróið að mestu yfir hleðslur. Þeir eru 0,5 m á hæð.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-888: GK-045:001_4 tóft útihús


1850-888: Horft til norðausturs yfir tóftina.

Tóft 001_04 er á miðjum bæjarhól 001_01. Tóftin er 8 x 6 m að stærð, snýr norður-suður og virðist röskuð. Tóftin gæti verið útihús, byggt úr gamla bænum. Í gegnum miðja tóftina er veggur sem skilur á milli tveggja hólfa. Einungis norðuhlið hólfanna er varðveitt og segja má að tóftin sé T-laga. Veggirnir eru 2 m á breidd, 3-4 umför sjást í þeim að innan. Nokkuð grjóthrun er úr veggjum sem eru um 1 m á hæð. Ekkert er hægt að segja til um nánara lag tóftarinnar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-384: GK-045:001_5 tóft útihús
Tóftin er á vesturhluta bæjarhólsins. Hún er 8 x 5 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Op er á miðri norðurhlið. Veggirnir er úr grjóti en

algrónir. Þeir eru 2 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-384: Horft til suðurs yfir tóftina.



1850-385: Horft til norðvesturs yfir tóftina.

1850-385: GK-045:001_6 tóft útihús
Útihús 001_06 er suðvestast á bæjarhólnum. Tóftin er 5,5 x 3,7 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti, 1-3 umför sjást í vesturvegg. Op er á miðri suðurhlið og veggir eru mjög signir til austurs. Mögulega var ekki grjót í þeim þar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-393: GK-045:001_7 tóft útihús
Lítil tóft er suðaustarlega á bæjarhól 001_01, innan kálgarðs 001_08. Hún er nánast hringlaga, um 4,5 m í þvermál. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 0,3 m á hæð og má sjá 1-2 umför í þeim. Tóftin er opin til austurs. Líklegt er að tóftin sé gerð eftir að bærinn er fluttur héðan.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-393: Tóftin, horft til suðvesturs.



1850-389: Kálgarðurinn, horft til austurs.

1850-389: GK-045:001_8 garðlag kálgarður
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var kálgarður sunnan við bæ 001_01. Suður- og vesturhliðar kálgarðsins sjást enn. Veggirnir eru grjóthlaðnir, 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Greina má 2-3 umför af hleðslu í þeim.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-887: GK-045:002 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er þró merkt tæpum 10 m norðan bæjar 001.
Gróið, slétt svæði fast vestan við vegslóða.
Engin ummerki um þrónna sjást á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-417: GK-045:004 *Gerðakotsvik* mannvirki lending



1850-417, Lendingin, horft til suðvesturs.

"Vatnasker. Varast verður að fara nokkuð norður af merkjum vegna þessara grynninga, ef lágsjávað er [...]. Í svonefndu Gerðakotsviki lentu skipin frá Gerðakoti [001] (og Landlyst [003], þegar útgerð var þar). Vik þetta er nokkrum föðmum sunnar en aðalvörin og beint upp af lóninu, sem er fyrir framan lendingarnar. Þar var lent í malarkampi, og skipin sett þar upp, en færð í skjól við sjávarhúsin [005], ef hætta vofði yfir af háflæði," segir í örnefnaskrá Hvalsness. Á túnakorti frá 1919 eru tvær varir merktar um 280 m vestan bæjar 001. Þetta er syðri vörin sem hér er skráð.
Lendingin sést enn vel og skerst inn í fjöruna.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvalsnes MÞ, 3-4; Túnakort 1919

1850-394: GK-045:006 heimild legstaður
Árið 1854 var grafið fyrir nýbýli á hóli í landi Gerðakots. Kom þá upp beinagrind sem snéri N-S. Líkaminn hafði verið lagður á hægri hlið og fótleggir víxlaðir. Þarna fannst einn hnífur. Litlu síðar fundust önnur bein sem voru enn meirari nokkru vestar. Járnkúla fannst skammt hjá og gat Magnús Grímsson sér til að hún sé frá 1551. Ekki er vitað hvar nákvæmlega kumlin voru staðsett, líklega á sjálfum bæjarhólnum.
„33. Gerðakot, Miðneshreppur. Gerðakot er SV frá Hvalsnesi, nær sjó. Nafn bæjarins bendir til, að hann sé ekki forn. Þar fundust tvær mannsbeinagrindur 1854, er verið var að grafa fyrir húsi (nýbýli). Finnendur hafa lýst fundinum svo vel, að þar er engu við að bæta, og eru lýsingarnar birtar hér orðréttar: 1. kuml. „Hinn 10. d. maím. í vor var ég undirskrifaður að grafa niður í sléttan hól að Gerðakoti. Þegar ég var kominn niður hér um bil 1½ alin (um 95 sm), fann ég höfuðkúpu af manni í svörtu sandlagi, leitaði svo betur fyrir mér og fann vonum bráðara hálsliðina, sem rétt voru áfastir við höfuðkúpuna; lá beinagrindin frá landsuðri til útnorðurs á þann veg, að höfuðið var í landsuður, en fótleggirnir í vestur-útnorður; leit svo út sem líkaminn hafi verið lagður á höm á hægri síðu, lá hægri handleggurinn undir langs með síðurifjunum, en hinn vinstri lá ofan á brjóstbeinunum; fótleggirnir voru víxllagðir; jaxlar voru í höfuðkúpunni, en kjálkarnir voru sundurbrotnir, og tönnur voru hvergi finnanlegar. Rúma þverhandarbreidd í norður frá hægri axlarlið, sem niður sneri, fann ég tréstykki, 2½ þumlung að lengd (um 8 sm), í lögun eins og hnífskaft og eins að digurð; járnryð var á öðrum endanum, eins og járnhólkur hefði þar á verið. Ég braut í sundur skaftið, sem var fúið, en í sárið var að sjá sem hefði verið í því birki eða fúinn og blautur viður; innan í miðju skaftinu hafði járnpípa verið, að vídd sem fjaðrapípa í minna lagi.
Klöpp, 28. júním. 1854.
35. Brynjólfur Jónsson. 2. kuml. „Nokkru vestar en þau bein lágu, sem nú var lýst, fann ég undirskrifaður 13. d. maím. í vor mannsbein, er svo lágu, að höfuðið sneri í útnorður, en fótleggirnir í landsuður, með þeim umbúnaði, að hellur voru á rönd reistar til beggja hliða og hellulag ofan á. Bein þessi voru svo meyr orðin, að eigi héldu sér, og sum voru orðin að dufti."
Gerðakoti, 29. júním. 1854.
Jón Jónsson.
Heimilt virðist að telja legstaði þessa með fornum kumlum bæði vegna hnífsins (er svo virðist verið hafa) og umbúnaðar líkanna. Kumlin snúa sitt á hvað og því varla gerð samtímis. Bendir það til kumlateigs, en síður, að hér hafi verið grafin lík af einhverri tilviljun. Lega líksins í 1. kumli minnir á legu líksins í 1. kumli á Hafurbjarnarstöðum. Hellulagningin í 2. kumli er einnig eins og í barnskumlinu þar. " segir í bókinni Kuml og haugfé.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 254; KEKH 2000

1850-390: GK-045:011 tóft kálgarður
Á túnakorti frá 1919 eru tveir kálgarðir merktir áfastir hvor öðrum um 100 m suðaustan bæjar 001. Vesturhlið garðanna er reist upp við túngarð GK-044:006. Kálgarðurinn er 80 m SSA við bæ 001. Slétt, grasivaxið svæði er fyrir vestan kálgarðinn. Til austurs er malarvegur og slétt tún.
Kálgarðurinn er grjóthlaðinn, um 40 x 16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Túngarður 006 er fyrir sunnan og norðan kálgarðinn og afmarkar vesturhliðina. Kálgarðarnir eru opnir til austurs, líklega vegna rasks. Veggirnir eru um 2 m á breidd og 0,4 m á hæð. Víða sjást tvö umför af grjóti í þeim.



1850-390: Kálgarðurinn, horft til suðvesturs.



1850-390: Uppmæling af kálgarðinum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-391: GK-045:012 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er útihús merkt liðlega 80 m suðaustan bæjar 001. Vesturveggur úthússins var upp við túngarð GK-044:006. Á þessu svæði er malarvegur og ljóst að útihúsinu var raskað við framkvæmd hans.
Útihúsið er komið undir veg inn á milli sléttra túna.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-882: GK-045:014 heimild skip
"1906 18. feb. b.v. Golden Eagle strandar í Gerðakotsfjöru. [...] Togarinn Golden Eagle frá Hull strandaði í miklum brimgarði við Gerðakot snemma morguns 18. febrúar 1906 . Fórst þar sem áður sagði einn maður í brimgarðinum en tíu björguðust. Lengi varð ekki komist út í skipið vegna brimrótsins fyrr en á stórstraumsfjöru þar sem það lá í þaragarðinum. Gekk fremur brösuglega að bjarga úr togaranum," segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ásgeir Ásgeirsson, 201, 205

1850-883: GK-045:015 heimild skip
"1886. Varð ásigling franskrar skonnortu á tólfæring frá Gerðakoti á Miðnesi. Þetta var í uppsiglingu til lands í sunnanstormi. Höggið kom á um austursrúmið, brotnaði skipið mjög og einn maður drukknaði; hinum var öllum bjargað," segir Magnús Þórarinsson í Frá Suðurnesjum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Frá Suðurnesjum, 297

1850-884: GK-045:016 heimild skip
"1908, 14 marz varð skipskaði frá Gerðakoti á Miðnesi. Þessir fórust [sex menn ...]. Þeir fórust á heimsiglingu úr fiskiróðri, skammt frá landi; munu hafa siglt sig um á ölduhryllingum af Bleikálu (boði norðan við Hvalsnessund). Líkin rak öll á land á þirðja dægri," segir Magnús Þórarinsson í Frá Suðurnesjum. Hnit var tekið á líklegum stað strandsins.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Frá Suðurnesjum, 303

1850-885: GK-045:017 heimild skip
1878: "Þann 2. apríl festist eða strandaði frönsk fiskiskúta fyrir sunnan Gerðakot í Hvalsneshverfi. Kom skipið heilt og óbrotið upp í fjöruna, voru 44 menn á því [...]. Var uppboð haldið þann 9. apríl [...]. Loks urðu 12 félagsmenn í skipinu, sem með festum og akkeri hljóp upp í 450 krónur og var ætlun sumra í fyrstu að ná skipinu út, þó að búið væri að höggva af annað mastur og rúa af rám og reiða. Fór þá að bera á kvinnsku, og af því fór skipið að lamast og leka, varð því ekkert úr þeirri ráðagjörð. Fengu sumir góð kaup á salti, sem mun hafa verið allt 5 til 600 tunnur," segir í Suðurnesjaannál, Rauðskinnu VII-VIII.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna VII-VIII, 130

1850-886: GK-045:021 garðlag vörslugarður



1850-886: Garðurinn, horft til norðausturs.


Á túnakorti frá 1919 sést garðlag liggja áfram til vesturs, frá suðurhlið túngarðsins sem afmarkar Hvalsneshverfi. Líklega er þetta eldri túngarður eða vörslugarður. Stór hluti hans er þegar horfinn í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

GK-047 Mosahús

1847: Jarðardýrleiki óviss, sögð undirsett Hvalsnesi (GK-044), samkvæmt JJ, 86.
1919: Tún (Moshús), 1.6 hekt., garðar 1020 m2.



1850-396: Tóftin horft til vesturs.



1850-396: Uppmæling af tóftinni.


1850-396: GK-047:004 tóft útihús
Á túnakorti frá 1919 eru tvö steinhús reist áföst hvort öðru um 80 m vestan bæjar 001. Vesturveggur húsanna er uppp við túngarð (044:006). Þetta úthús sést enn.
Tóftin er 10x6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru 1,5-2 m á hæð og allt að 2 m á breidd. Op er til suðausturs. Eystri hlutinn sést sem kantur.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-048 Nýlenda

1847: Jarðardýrleiki óviss, sögð undirsett Hvalsnesi (GK-044), samkvæmt JJ, 86.
Jarðarítök: Jörðin átti reka- og þangfjörur innan Hvalsneslands, segir í örnefnalýsingu Hvalsness (Ö-Hvalsnes MÞ, 2).
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Nýlendu.
1919: "Túnin slétt mestöll, einkum á Busth., létt greiðfært." Tún (Nýlenda), 1.3 hekt., garðar 1200 m2.

1850-428: GK-048:008 *Nýlendustekkur* heimild stekkur
"Sunnan við Markaklöpp eru Litlu-Skollaklettar, utan við flæðarmál, svartir og þanglausir. Lítið eitt sunnar er gamalt byrgi á bakkanum, kallað Nýlendustekkur," segir í örnefnalýsingu.
"Nýlendustekkur var frekar lítill, en sést enn, gróinn og einmana örskammt ofan við sjávarkambinn," segir á ferlir.is. Ekki var hægt að staðsetja þennan stekk.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Hvalsnes MÞ, 2; www.ferlir.is/?id=6191

1850-503: GK-048:010 heimild landamerki
"Landamerkjabréf: svokallaðrar Hvalnestorfu, sem eru jarðirnar Hvalsnes, Nýlenda, Moshús, Nýibær, Gerðakot og Smiðshús. Árið 1921 [...] voru gerð landamerki fyrir ofangreindar jarðir í sameiningu, og eru þau sem hjer segir: Að norðan frá stórstraumsfjöruborði í hæðsta stein á Baruhólma, er þar merkt á steininn [GK-044:067] [...] steininn þaðan í stein - merktan, sem er í túngarðsenda á marbakka er skilur tún jarðarinnar Busthúsa frá túni jarðarinnar Nýlendu. [...] - Einkennismark ofanritaðra steina er L.M., sem þýðir landamerki," segir í Landamerkjabréfi Nr. 26.
Þessi steinn í túngarðinum er týndur og búið að slétta yfir



Túnakort Busthúsa og Nýlendu frá 1919. Busthús eru í miðju túninu.

svæðið.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Landamerkjabréf Nr. 26.

GK-049 Busthús

1686: 10 hdr., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1695: 10 hdr., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1703: "Jarðardýrleiki veit enginn til vissu, en eftir einum gömlum manni er haft, að hún hafi verið v [5]," konungseign. "Á þessari jörðu er ekki fyrirsvar og fátækraflutníngur nema að helmgíngi við lögbýlissjarðir og er því hálflenda kölluð; meina sumir hún hafi verið bygð af Hvalsnesslandi," segir í JÁM III, 47-48.
1847: Jarðardýrleiki óviss, bændaeign, samkvæmt JJ, 86.
Býlið Hólmakrukka innar jarðarinnar, samkvæmt örnefnaskrá (Ö-Busthús MÞ,1).
Jarðarítök: Jörðin brúkar torfristu og stungu í Hvalsneslandi, JÁM III, 47.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Busthús.
1919: "Túnin slétt mestöll, einkum á Busth., létt greiðfært." Tún (Busthús), 2 hekt., garðar 840 m2.
1703: "Sölva og hrognkelsafjara nokkur. Murukjarnatekja nokkuð lítil, þó stundum að gagni til að lengja líf kvikfjenaðar. Tún fordjarfast af sjávarágángi, item af grjóti og sandi Engjar eru öngvar. Útigangur enginn nema í Hvalsnesslandi. Eldiviðartak ekkert nema í fjörunni og þó lítið. Vatnsból af skorti og fordjarfast af sjávaryfirgángi. Heimræði hefur verið árið um kríng, en er nú að mestu af, því að lendíng og skipsuppsátur fordjarfast af sjáfaryfirgángi," segir í JÁM III, 37.

1850-398: GK-049:001_1 *Busthús* bæjarhóll bústaður
Á túnakorti frá 1919 er Busthús merkt með sjö steinhúsum, einu timburhúsi, tveimur kálgörðum til norðurs og suðurs og einni for. Á túnakorti Kirkjubólshverfis segir: „Bæinn Kirkjuból flutti Gunnar - sonur Erlendar á Stafnesi (ár) að Busthúsum, þangað sem nú er hann." Ekkert íbúðarhús er á bæjarhólnum, einungis sumarbústaður. Stafnar bæjarins snéru til suðvesturs.
Langur, gróinn hóll. Greinilegt að uppsöfnun mannvistarlaga er undir sverði.



1850-398: Uppmæling af bæjarhólnum.


1850-398: Bæjarhóllinn, horft til vesturs.

Bæjarhóllinn er 48x28 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 1 m á hæð. Ekki sjást minjar í hólnum en þó nokkrar dældir eru þar auk beinna bakka. Mikið rof er í suðurhlið bæjarhólsins, þar sem kálgarður 001_2 var. Þar sjást m.a. fiskibein.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-868: GK-049:001_2 heimild kálgarður
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður suðvestan við bæ 001. Hann er horfinn af yfirborði og gróið flatt svæði er þar nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

1850-502: GK-049:002 heimild brunnur
Á túnakorti frá 1919 er brunnur merktur liðlega 40 m norðan bæjar 001.
Hann er horfinn af yfirborði, líklega vegna fyllingar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-504: GK-049:003 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið teiknuð milli bæjar (001) og brunns (002). Leiðin snýr austur-vestur.
Hann er horfinn af yfirborði vegna sléttunar og jarðræktar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919


1850-505: GK-049:004 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er útihús merkt um liðlega 120 m norðan bæjar 001.
Útihúsið sést ekki, það er innan bakgarðs sumarhúss.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-870: GK-049:005 *Hólmakrukka* heimild útihús
"Nyrzt á klapparendanum, vestan í hólmanum [Busthúsahólmar], var gamalt byrgi, sem var kallað Hólmakrukka; munu fyrri tíma menn hafa byggt það til einhverra nota, meðan hólminn var áfastur túninu," segir í örnefnaskrá.
Í aths. við skránna segir: „Rústir Hólmaklukku sjást nú [1980] ekki lengur."
Öll ummerki þessa útihúss eru eydd vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Busthús MÞ, 1; Ö-Busthús Aths., 1

1850-501: GK-049:008 heimild útihús
Þar sem útihúsin voru eru hrunin og steypt útihús, norðan við bæjarhólinn. Umhverfis er slétt tún. Gömlu útihúsin sjást ekki, bara hlutar síðustu húsanna sem líklega eru þó gerð fyrir 1950 eða svo.
Hættumat: hætta, vegna bygginga
Heimildir: Túnakort 1919

1850-869: GK-049:009 heimild þró
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var steypt þró norðvestan við bæ 001. Hún er horfin af yfirborði, líklega var fyllt upp í hana og sléttað.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-399: GK-049:010 garðlag túngarður
Samkvæmt túnakorti frá 1919 skldi túngarður á milli túna Nýlendu GK-048 og Busthúsa. Hann sést



1850-399: Túngarðurinn, horft til norðausturs.



1850-399: Uppmæling af túngarðinum.

enn, fast vestan við bæjarhól 001 og úthús GK-048:006 er í því miðju, þ.e. túngarðurinn liggur að því. Gróin tún. Vegur að sumarbústað liggur skammt austan við túngarðinn.
Túngarðurinn er tæplega 110 m að lengd, 0,5-0,8 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er 1,5 m á breidd og það sést i hleðslur efst. Þar má greina 1-3 umför sem eru gróin að ofan. Mikið af fiskibeinum eru í túngarðinum, skammt norðan við útihús 048:006, innan túns Nýlendu.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-500: GK-049:013 heimild traðir
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir að bænum að sunnan. Þær lágu til norðurs frá leið/garðlagi GK-631:015. Þær lágu fast vestan við bæinn, áfram til suðurs að sjónum og sveigðu þar til vesturs við ströndina.
Slétt tún er þar sem traðirnar voru.
Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919



Túnakort Nesja og Landa frá 1919. Másbúðahólmi er ekki á réttum stað á kortinu, þar er skekkja í kortinu.


GK-050 Lönd

1686: 13 hdr., 90 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1695: 13 hdr., 90 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1703: "Jarðardýrleiki óviss [...] annars þykja sumir heyrt hafa hún væri x [10]," að dýrleika, konungseign, með hjáleigunni Falkahús, samkvæmt JÁM III, 48-49.
1847: Jarðardýrleiki 13 3/4 hdr., kirkjueign, segir í JJ, 86.
1553: Fógetareikningar. "Jtem Torckell aff Landum viij alne vattmell." DI XII, 577.
Býlin Akrar, byggt 1885, og Fálkhús koma fyrir í örnefnaskrá. Þar er þess einnig getið að Gömlu-Lönd voru flutt undan sjó um 1888 (Ö-Lönd AG, 1). Í örnefnalýsingu Másbúða - Nesja er greint frá því að býlið Akrahóll, innan Landar, hafi verið reist um aldamótin 1900 (Ö-Másbúðir-Nesjar MÞ, 4-5).
Jarðarítök: Jörðin brúkar torfristu, stungú og útigang í Melabergslandi. Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenningum, samkvæmt

JÁM III, 48. 1889: “Þess skal getið að jörðin Lönd á hagbeit í jarðarinnar landi (Nesja),” segir í Landamerkjabréfi Nr. 2 (Veðmálabók).
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Lönd ásamt Ökrum.
1919: “Tún slétt (af sandi).” Tún (Lönd, Á), 2.5 hekt., garðar 700 m2. Tún (Lönd, Daði), 0.44 hekt., garðar 700 m2. Tún (Lönd Kristján), 0.7 hekt., garðar (+Loftstaðir) 700 m2. Tún (Lönd +Akrar), 1.2 hekt., garðar 700 m2. Tún (Akrahóll), 0.22 hekt., garðar 650 m2. Tún (Másbúðir), 0.2 hekt., garðar 650 m2. Öll torfan samtals 5.25 hekt., og garðar 4100 m2.
1703: “Fjörugrasatekja nokkur. Sölvafjara að nokkru gagni. Murukjarnar nokkur á vortíma, sem brúkað er til að næra peníng í heyskorti. Túnin spillast af sandi og sjáfarágángi. Engjar eru öngvar [...]. Vatnsból, sem áður hefir verið. Fordjarfaði sjáfarflóð í fyrra, og hefur ábúandinn síðan grafið annan brunn, sem þó þrýtir vatn,” segir í JÁM III, 48.

1850-506: GK-050:001_1 *Gömlu-Lönd* bæjarhóll bústaður
“Gömlu Lönd (voru í miðju túni),” segir í vesturhluta túnakorts frá 1919.
“Gömlu-Lönd voru flutt undan sjó um 1888,” segir í örnefnaskrá AG. “Sundinu [Landasundi] er haldið á áður greindum merkjum, þar til öxlin á Fagradalsfjalli kemur við gamla heyhústóft [030], sem enn sér fyrir á gömlu Löndum. Þar stóð bærinn, neðan til á túninu sunnanverðu, þar til Árni bóndi Gíslason flutti hann 1880 þangað, er nú stendur húsið,” segur í örnefnaskrá MÞ. Enn má sjá bæjarhól, hluta síðustu bæjarhúsanna sem og kálgarð í sléttu túni. Sjóvarnargarður er hér fyrir ströndinni.


1850-506: Bæjarhóllinn, horft til norðurs.



1850-506: Uppmæling af bæjarhólnum og minjum á honum.

Grasivaxið tún sem er ósléttað við bæjarhólinn. Hann sést enn vel þrátt fyrir að vera þakin tóftum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Lönd AG, 1; Ö-Lönd MÞ, 2

1850-507: GK-050:001_2 tóft bústaður
Stakstæð tóft er vestarlega á bæjarhólnum, líklega endurnýtt sem útihús eftir að bærinn var færður. Hér er hún túlkuð sem bæjarhús enda líklega hluti þeirra upphaflega. Hún er 11x7,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Op er til suðurs. Veggir eru 1,7-2 m á hæð og 2 m á breidd. Þeir eru lægri til norðurs og norðausturs: 0,5-1,5 m á hæð og 2 m á breidd. Að utan eru veggirnir steyptir að hluta, hið sama má segja að innan. Einnig sést í grjóthleðslur í veggjum, alls 2-6 umför.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


1850-507: Hluti af bæjartóftinni, horft til norðurs.

1850-509: GK-050:001_3 tóft kálgarður
Kálgarðurinn er 22x19 m að stærð og snýr norður-suður. Hann skiptist í tvö hólf hólf en var

stækkaður til norðurs, hólfin eru því þrjú. Gata virðist hafa legið þarna í gegnum kálgarðinn sunnan við útfærsluna, enn má sjá kant þar. Um 25 beð sjást enn innan alls kálgarðsins. Beðin eru algróin, um 0,8 m á breidd og 0,2-0,7 m á hæð. Veggir kálgarðsins sjást líka vel og eru álíka háir.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

1850-508: GK-050:001_4 tóft rétt
Suðvestarlega á bæjarhólnum, fast vestan við kálgaðinn er hlaðin rétt. Hún er um 7x7 m að stærð og nánast þríhyrningslaga. Hún skiptist í tvö hólf og mjókkar til norðurs. Op er á miðri norðurhlið rétttarinnar. Veggirnir 0,5-1,2 m á hæð og 1,5 m á breidd. Það sjást 2-3 umför af grjóthleðlsu að innan en að utan eru veggirnir algrónir.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


1850-508: Horft til suðausturs yfir réttina.


1850-511: Kálgarðurinn, horft til norðurs.

1850-511: GK-050:001_5 hleðsla kálgarður
Kálgarður er í norðurhluta bæjarhólsins, þar mótar enn fyrir beðum þó ekki eins skýrum og í kálgarðinum sunnan við bæinn. Veggir eru 0,5-1 m á hæð og 2 m á breidd. Kálgarðurinn er 30x21 m að stærð og skiptist í 3-5 hólf. Líklega er hann gerður yfir bæjartóftunum að hluta, víða eru beinar línur og kantar innan kálgarðsins.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

1850-512: GK-050:001_6 tóft útihús
Útihúsatóft er hlaðin norðan við kálgarð 001_05. Hún er 7,2 x 3,8 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Op er til norðurs, að heimatúninu. Tóftin er frekar gróin, veggir eru 0,7-1,6 m á hæð og 1,5 m á breidd. Það sést í grjóthleðslur innan hennar, alls 3-5 umför.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


1850-512: Útihúsið, horft til vesturs.


1850-514: Horft til norðurs í átt að öskuhaugnum.

1850-514: GK-050:001_7 þúst öskuhaugur
Manngerður hóll (þúst) er austan við kálgarð 001_3. Þetta er að öllum líkindum öskuhugur, austarlega á bæjarhólnum. Hann er 12,8x7 m að stærð, hæstur um 2 m á hæð og grasivaxinn. Jaðrar hólsins eru útflattir og greinilegt að hann er sigin til allra átta.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

1850-449: GK-050:002 *Másleiði* heimild legstaður
"Maurs- leidi; innantuns á Kóngs Iördenne Löndum i Hvaslness Hverfi, eignad Mauri, sem Eydi Iördin Maursbudir tók Nafn af; þetta Leidi er aflaung Grjóthruga, liggajdi ad Sjó og frá og nu mjög nálæg Sjó ordin, þar hann geingur árlega uppá Tuninn í þessu Hverfi og brítur af þeim." [Sjá einnig Magnús Grímsson Ln. Ing. 1936-40, 252] FF, 234.
Ekki er vitað hvar Másleiði er staðsett en líklega er það horfið í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: FF, 234-238

1850-513: GK-050:004 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er steinhús merkt liðlega 90 m vestan bæjar 001. Tóftin sést á loftmynd frá 1974 en hefur síðan verið sléttuð. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-448: GK-050:005 tóft útihús
Á túnakorti frá 1919 eru tvö sambyggð útihús merkt tæpum 120 m norðan bæjar 001. Norðurveggur húsanna er sambyggður túngarði 027. Tóftin sést enn innan heimatúnsins, matjurtagarður er fast sunnar. Tóftin er 13x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin skiptist í tvö hólf og sjást þau bæði enn. Þau eru álíka að stærð og lögun, 3x1 m að stærð og opin til suðvesturs. Veggir eru grjóthlaðnir, allt að 2 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919



1850-448: Uppmæling af tóftinni og túngarði 433.

1850-440: GK-050:017 heimild þró
Á vesturhluta túnakorts frá 1919 er minjaþyrping þar sem vör er merkt inn ásamt tveimur steinhúsum, einni for og einni sundvörðu með tréi. Nákvæm staðsetning er ekki merkt. Hér er verið að skrá þrónna sem er horfin vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-435: GK-050:018 brunnur brunnur
Á túnakorti frá 1919 er brunnur merktur liðlega 180 m vestan bæjar 001.
Brunnurinn sést enn, brak og rusl yfir er yfir opinu.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-438: GK-050:020 heimild samgöngubót
Á vesturhluta túnakorts frá 1919 er minjaþyrping þar sem vör er merkt inn ásamt tveimur steinhúsum, einni for og einni sundvörðu með tréi. Nákvæmt staðsetning er ekki merkt. Hér er verið að skrá sundvörðuna en hún er horfin.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-441: GK-050:025 heimild brunnur

Í vesturhluta túnakorts frá 1919 segir í sviga: „Brunnur horfinn. Garðlag í fjöru [026].» Nákvæm staðsetning er ekki merkt. Öll ummerki brunnsins eru horfin vegna ágangs sjávar og ekki var hægt að staðsetja hann.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-442: GK-050:026 heimild túngarður
Í vesturhluta túnakorts frá 1919 segir í sviga: „Brunnur horfinn [025]. Garðlag í fjöru.» Nákvæm staðsetning ekki merkt. Öll ummerki túngarðsins eru horfin vegna ágangs sjávar og ekki var hægt að staðsetja hann.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-433: GK-050:027 garðlag túngarður



1850-433: Horft til norðvesturs eftir túngarðinum.

Á túnakorti frá 1919 er túngarður merktur sem umlykur austur, suður- og vesturhlið túns bæjar 001. Garðurinn aðskilur tún Bursthúsa og Landa að sunnan og að norðan skilur hann að Nesjatún (058:001) og tún heimabæjar (001). Norðurausturhluti garðsins er hluti af túngarði Nesja (051:028).
Túngarðurinn var rakin á tæplega 160 m löngum kafla, til suðausturs frá enda sjóvarnargarðs allt að bænum á Nesjum. Þarna er slétt tún, kartöflugarður er við hann til suðurs og vírgirðing ofan á honum. Túngarðurinn er algróinnn og hvergi sést glitta í grjót. Hluti túngarðsins var skráður 2021 við Stafnesveg: „Stór og langur túngarður sem liggur meðfram þjóðveginum frá suðvestri til norðausturs. Greina má 3-6 umför af grjóti. Nyrðst í garðinum er tóft 050:006 sambyggð garðinum.“

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-889: GK-050:028 *Sundvarða* heimild samgöngubót
“Undirmið er allgild og áberandi varða, sem enn stendur neðarlega í Landatúninu. Varðan er nú alveg á túnröndinni; svo hefir sjórinn brotið túnið,” segir í örnefnaskrá. “Keilir um Nesjahjall og Sundvörðu þar á túnbakkanum allt inn í Ósmynni inn úr öllu brimi,” segir sr. Sigurður B. Sívertsen í Rauðskinnu IX-X.
Ekki er vitað hver þessi varða var staðsett en engin ummerki vörðu fundust þar né er hún sýnd á túnakorti frá 1919. Mögulega á lýsingin við vörðu 039 en það er ekki hægt að staðfesta.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Lönd MÞ, 1; Rauðskinna IX-X, 192-193



1850-437: Lendingin, horft til vesturs.

1850-437: GK-050:031 mannvirki lending
“Má sigla inn allan Ósinn í beinni stefnu, ef ekki er of lágsjávað. Vörin hefir verið rudd inn í stórgrýtisfjöru sunnan í klappartanga, sem skagar vestur úr túninu. Hreint og gott er þar á land að leggja, og aldrei vottar fyrir lá í þeirri vör,” segir í örnefnaskrá.
Þessi lending sést enn sunnan við tanga, nokkuð frá landi. Hún skerst inn til kletta til norðausturs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Lönd MÞ, 2

1850-865: GK-050:032 *Skiptivöllur* heimild uppsátur
“Má sigla inn allan Ósinn í beinni stefnu, ef ekki er of lágsjávað. [...] Skipið stóð á klöppinni fyrir ofan vörina í góðu og stilltu, er í róðrum stóð. En ef hreyfing var í sjó, var sett upp fyrir skiptivöllinn. Þar var sterkur tvíhlaðinn garður; var krókur á fyrir framstefni og bundið fram af yfir garðinn. Var skipinu þar óhætt, hvernig sem lét,” segir í örnefnaskrá.
Uppsátrið er horfið, líklega vegna ágangs sjávar. Ekki var hægt að staðsetja það með vissu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Lönd MÞ, 2

1850-444: GK-050:033 heimild útihús
“Sunnan og austan við vörina er hár klapparbálkur. Heitir það Krukka, efri hlutinn (þar var grjótbyrgi, sem nú er jafnað við jörðu),” segir í örnefnaskrá. Austurendi tanga sem vör 034_01 er við. Þar er hóll með smá grasi, engar hleðslur eru sjánlegar. Byrgið er horfið vegna sjógangs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Lönd MÞ, 2

1850-436: GK-050:034_1 mannvirki lending
“Við Krukkusker er aðdjúpt, þegar vel stendur á sjó og er gott að geyma þar skip um stundarsakir [...]. Eigi vantar festingu fyrir frambandið í Krukkuskeri, því að framtaksamur maður hefur einhvern tíma höggvið gat í hellublað, sem er fastskorðað milli kletta þar, er gatið svo falið að varla finna það ókunnugir nema af tilviljun,” segir í örnefnaskrá.
Þetta er yngsta lendingin í hverfinu og var notuð fram yfir árið 2000. Her voru trillur dregnar upp á land. Þarna er vík á milli kletta og sandur er í botni hennar. Ekkert sér til mannvirkja þarna.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Lönd MÞ, 2

1850-434: GK-050:034_2 heimild festarstólpi
“Eigi vantar festingu fyrir frambandið í Krukkuskeri, því að framtaksamur maður hefur einhvern tíma höggvið gat í hellublað, sem er fastskorðað milli kletta þar, er gatið svo falið að varla finna það ókunnugir nema af tilviljun,” segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með vissu hvar mannvirkið var staðsett og skrásetjarar fundu það ekki. Frekari vettvangsvinnu þarf til þess að finna steininn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-443: GK-050:035 heimild leið
“Sjávargatan á Löndum var öll eftir túninu niður að naustum. Hét neðsti túnparturinn Naustabali [036],” segir í örnefnaskrá.
Öll ummerki þessarar leiðar eru horfin vegna sléttunar.
Hættumat: mikil hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Lönd MÞ, 3

1850-445: GK-050:036 *Landanaust* heimild naust
“Sjávargatan [035] á Löndum var öll eftir túninu niður að naustum. Hét neðsti túnparturinn Naustabali, en áðurnefnd vik voru þar á báðar hendur. Nú hafa Naustavik [037] og Vörðuvik [039] brotið sig saman fyrir ofan Naustabalann [036]; mun þar nú vera allt að 10 faðma breiður skurður á milli, með sand í botni en háir bakkar báðum megin. Þar með eru Landanaust umflotin á flóði [...]. Það er enginn vandi að sjá, að Landanaust er orðin eitt af skerjum Landafjöru. En til þess að halda minningunni við verður það sennilega kallað «Naustasker»,» segir í örnefnaskrá.
Öll ummerki naustanna eru horfin. Steypuhrúga var lengi í fjörunni sem bar þessum mannvirkjum vitni en hún er horfin.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Lönd MÞ, 3

1850-439: GK-050:037 heimild verkhús
Í vesturhluta túnakorts frá 1919 er minjaþyrping þar sem vör er merkt inn ásamt tveimur steinhúsum, einni for og einni sundvörðu með tréi. Nákvæm staðsetning er ekki merkt. Hér er verið að skrá annað útihúsið en það er horfið vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-446: GK-050:039 *Vörðuvík* varða samgöngubót



1850-446: Varðan, horft til vesturs.

"[Þ]að heitir Vörðuvik og dregur nafn af sundvörðunni, sem enn stendur norðan við vikið. Vörðuvik er stærst og nær lengst inn í túnið og er á síðari árum óðfluga að lengjast og breikka, því sjórinn grefur undan bökkunum, svo þeir brotna niður og dragast frá. Heldur svo eyðileggingin áfram [...] Nú hafa Naustavik [037] og Vörðuvik brotið sig saman fyrir ofan Naustabalann [036]," segir í örnefnaskrá. Varðan kallast Landavarða og Sundvarða.
Varðan er innan heimatúns, við Vörðuvik. Sjór gengur að henni yfir veturinn. Hún er áberandi og timbur efst í henni. 3-4 umför af grjóti eru neðst en svo mjókkar hún upp og í þeim hluta eru 7-8 umför. Varðan er nánast eins og tvö mannvirki eða tveir hlutar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Lönd MÞ, 3

1850-866: GK-050:040 heimild verkhús
Í vesturhluta túnakorts frá 1919 er minjaþyrping þar sem vör er merkt inn ásamt tveimur steinhúsum, einni for og einni sundvörðu með tréi. Nákvæm staðsetning er ekki merkt. Hér er verið að skrá annað útihúsið en það er horfið vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-447: GK-050:041 heimild landamerki
"Ár 1921 [...] voru gerð landamerki fyrir jörðina Lönd í Miðneshreppi, eru þau sem hjer segir, [...] að sunnan eru mörk jarðarinnar frá Busthús tekin frá stórstraumsfjöru norðan til í Landaós þaðan upp fjöruna að enda milli túna garðsins á markbakka er þar merktur steinn [...], eina kennismark á markasteinunum er L.M. er þýðir landamerki," segir í Landamerkjabréfi Nr. 25. "Ár 1889 [...] voru skýrð upp landamerki jarðarinnar "Nesjar" í Miðneshreppi í Gullbringusýslu, eru þau sem hjer segir: [...] þá áfram með kálgarðinum [sjá GK-051] sömu stefnu að götu [sjá GH-051] þeirri, er liggur með kálgarðinum að vestan, þaðan liggja mörkin eptir torfgarði [sjá 051] líka stefnu til marbakka, er við þann enda garðsins klappað mark á klöpp [...]," segir í Landamerkjabréfi Nr. 2 (Veðmálabók).
Þessi áletrun á landamerkjum er týnd en var við enda túngarðs 027 eða þar um bil. Mögulega er hún komin undir sjóvarnargarð sem endar þarna.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Landamerkjabréf Nr. 25; Landamerkjabréf Nr. 2 (Veðmálabók)

1850-867: GK-050:047 heimild samgöngubót
Heimildamenn töldu sundvörðu í Krukku hafa verið á þessum stað. Það er að öllum líkindum ekki rétt, Krukka er nokkuð sunnar. Á loftmynd frá 1974 sést þó mannvirki á þessum stað. Mögulega er það varða þó ekki sé hún í Krukku. Öll ummerki þessa mannvirkis eru eydd vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-510: GK-050:048 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 sést þró sunnan við bæ 001. Líklega er þróin sem talað er um í lýsingu á kálgarði 001_03.
Öll ummerki þrónnar eru horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-515: GK-050:049 tóft útihús
Niðurgrafið útihús er fast austan við bæjarhól 001_01. Veggir eru 0,3-0,5 m á hæð og 0,8 m á breidd. Tóftin er 7x5,6 m að stærð, snýr norður-suður og ekkert op sést þar inn.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919



1850-515: Tóftin, horft til suðausturs.

GK-051 Másbúðir (Nesjar)

1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með hjáleigunum Gömlu Nesiar, Nordurnesiar og Melaberg (GK-052, í eyði í yfir 100 ár), samkvæmt JÁM III, 49-51.
1847: 35 5/12 hdr., bændaeign, segir í JJ, 86.
1919: Hjáleigan Mýrarhús merkt inn á túnakort.
1541. Minnisgreinar Gizurar biskups. "afhent af geymslumanninvm j masbudum vjc og xx fiskar." DI X, 691.
1551: Norðlingar hefna Jóns Arasonar. "Þaðan fóru þeir til Mársbúða, og drápu þar annan [danskan eftirlegumann], er þar lá, en annar slapp, því hann skaut einn af þeim til dauðs meður einni baun, er hann lét fyrir byssuna, og svo komst hann í Skálholt," segir í Biskupa-annálum Jóns Egilssonar, StSÍ I, 99. Sjá einnig Biskupasögur II, 256.
1552: Fógetareikningar. "Jtem Tollöffuer ij Maasbo ij skatt viij alne vadmell." DI XII, 420. Sjá einnig Fógetareikninga 1553, DI XII, 580.
Nesjar voru komnar í ábúð árið 1758 og var síðasti ábúandinn Jón Jónsson f. 1847, samkvæmt örnefnaskrá. Að auki er þess að getið að útgerð lagðist af á jörðinni árið 1920 (Ö-Másbúðir-Nesjar MÞ, 4-5, 7).
Jarðarítök: 1703. Jörðin brúkar skóg til kolagjörðar í almenningi. Hvalsneskirkja á eyðijörðina Norðurnesjar innan Másbúðarlands. Að auki leigir jörðin Melabergsjörð af konungi til grasnytja, samkvæmt JÁM III, 50-51. 1889. "Þess skal getið að jörðin Lönd á hagbeit í jarðarinnar landi (Nesja)," segir í Landamerkjabréfi Nr. 2 (Veðmálabók).
Norður-Nesjar:
Um 1270: "Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekvr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn viija hlut eigv fvlavik ok nesiar. hvoratveggv. er þar v stada skipte. aa þar fvlavik iij hlvte enn nesia[r] ij: helmingar skipte er med nesivm." DI II, 78-79.
7.5.1445: "[Seljandi jarðarinnar reiknar] at hualsnesi fylgdi tuer jarder nes ok Melaberg ok stedi onnur firir omagavist. enn adra etti kirkian ok Þar til tolf kugilldi. kynni [kaupandi] at spyria at helge gudinason hefdi fleire peninga tekit kirkiunnar vegna aa hualsnesi Þa skylldi [seljandi] Þa til leggia." DI IV, 665-666.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Nesjar ásamt samnefndri þurrabúð og Mýrarhúsum.
1919: "Tún slétt (af sandi)." Tún (Nesjar), 3.7 hekt., garðar 1260 m2. Tún (Mýrarhús), 3.7 hekt., garðar 580 m2. Tún (þb. Guðm.), 3.7 hekt., garðar 770 m2. Öll torfan samtals 11.1 hekt., og garðar 2610 m2.
1703: "Fjörugrasatekja nokkur. Sölvatekja lítil. Rekavon nokkur. Hrognkelsafjara nokkur.




Tóftir í Másbúðahólma eru sýndar á túnakorti frá 1919. Göngugarðurinn er ekki á sama stað, mögulega var hann færður til eða villa er í kortinu.

Murukjarnar þeir eini, sem reka seint um vor, og þó oft til að næra á kvikfjenað í heyskorti. Heimræði árið um kríng og lendíng góð [...] [o]g geta þessi skip naumlega viðhaldist fyrir voveiflegum og sífelldum sjáfaryfirgángi, sem að bæði grandar vergögnum, húsum og skipum. Tún fordjarfast stórkostlega af sands og sjáfar ágángi, og hefur sjórinn fyrir innan sjötíi ár brotið sig gegnum túnið á tvo vegu, þar sem áður var svarffast land, so að nú stendur bærinn á umflotinni eyju, og fer þetta landbrot árlega í vöxt, so að nú er þar ekki fært yfir með stórstraumsflæði nema með brú, sem að brim brýtur af um vetur, og er það eitt með stærstum meinum ábúandans, sem á fastaland þarf að sækja mesta hluta síns heys um sumar, item vatn, grasnautn alla peníngsins nytkan um sumur og þvílíka tilfæríng. So að heima við bæinn er vatn ekkert vetur nje sumar nema fjöruvatn eina, sem margoft á vetur ekki næst af fjöruþángi. Hagar ögnvir vetur nje sumar nema fjaran, og það sem ábúandinn leigir af eftirskrifaðri eyðijörð. Torfrista og stúnga engin nema á eyðijörðinni," segir í JÁM III, 50.
"Fit; hefir þar verið kúahagi Nesjamanna," segir í örnefnaskrá (Ö-Másbúðir-Nesjar MÞ, 1).
"Rúm 50 ár eru síðan lauk útgerð á Másbúðarhólma. Hefir brimið glingrað við gangbrautirnar síðan, án nokkurs viðnáms af mannanna hendi, enda svo eyddar orðnar, að aðeins má sjá, hvar þær hafa verið. Hólminn er að fjarlægjast fastalandið, hægt en öruggt," segir í örnefnaskrá (Ö-Másbúðir-Nesjar MÞ, 7).

1850-522: GK-051:001_1 *Másbúðir* tóft híbýli
"Jörð þessi hét áður Mársbúðir, er 35 hndr. að dýrleika, stóð fram við sjó, en vegna sjávarágangs var bærinn fluttur á hjále<i>guna, sem þá hét Nes eða Nesjar, fyrir 80 árum; er nú svo nefndur Mársbúðahólmi, þar sem bærinn áður stóð, orðinn umflotinn sjó. [... E]r þar nýl(ega) farið aftur upp að byggja, en lengi stóðu þar sjómannabúðir; þar er lending og sund allgott. Þar munu og hafa gengið kaupskip til forna eins og víða annarst(aðar) á Suðurnesjum [...]," segir í sýslu og sóknalýsingum.
Á túnakorti frá 1919 er Másbúðir teiknaðar með fjórum steinhúsum og er op í norður og vesturátt. Í túni Másbúða er þrjár rústir, tvö steinhús, stök for, einn brunnur og túngarður teiknaður kringum heimatúnið.
Mársbúðir eru merktar á norðvestur hluta túnakorts frá 1919. Þar segir "Másbúðir fornu (á skeri)."
"Suður frá Melabergi er bær, sem heitir á Nesjum. Þar var fyrrum hjáleiga frá Másbúðum. [. ..] Um 1760 var bærinn Mársbúðir fluttur að hjáleigunni Nesjum sökum sjávargangs. En Mársbúðarhólmi heitir þar nú, sem bærinn stóð, og er hann umflotinn, þegar hásjávað er." MG
"Þar var oftast fjölmennt, einkum á vertíðum. Þar var konungsútgerð, við Másbúðir er sundið kennt [...]. Másbúðarhólmi, sem nú er stór eyðiklettur úti í sjó, 80—100 faðma frá sjávarkampi fyrir ofan, var áður áfastur við land og virðist hafa verið þar víðátta graslendis, sem nú er þangi vaxin fjara [...]. Másbúðarhólmi er einn samfelldur klettur [...]. Bærinn stóð á miðjum Hólmanum, þar sem hann er hæstur, en að öðru leyti ekki hærri yfir sjávarmál á stórstraumsflóði en svo, að í óvenju-háflæðum með forátttu brimi og útsunnan fárviðri gengu sogin yfir allan Hólmann og fossuðu niður að innanverðu, en sjórokið buldi á þekju baðstofunnar, svo að full ástæða var til að óttast að allt riði niður þá og þegar, enda var þá flúið á land undir næstu nótt. Þó hefir flóð aldrei alveg grandað bænum, svo vitað sé," segir í örnefnaskrá MÞ.
"Másbúðir hét bær skamt fyrir innan Hvalsnes. Sagt er að það hafi verið landnámsjörð og borið nafn af landnámsmanninum, er Már hafi beitið; hafi sú jörð átt mikið land og eigi hvað minst út til sjávar frá bænum. En svo hafi sjór smámsaman gengið á landið og loks brotið alt af heim undir bæ. Hafi


1850-522: Bæjartóftin, horft til norðvesturs.



1850-522: Uppmæling af tóftum í Másbúðahólma.

eigandinn þá flúið þaðan (eða flutt sig) að Nesjum Hann hét Erlendur Jónsson og var 41 árs 1758. Bærinn Másbúðir stóð á hól; lagðist hann því ekki af þá þegar; var þar kot og verstaða, því þaðan var gott útræði. En á síðustu áratugum 19. aldar brauzt sjórinn kringum hólinn, svo að síðan er hann umflotinn hólmi nema um fjöru. Þá lagðist verstaðan af, en býli hélzt þar þó fram að aldamótum 1900. Þá flúði kotbóndinn þaðan undan sjógangi. Er þar nú eyðihólmi; sjást að eins rústir kotsins og dálítill túnblettur í kring uppi á hólmanum," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
"Másbúðir eru á skeri sem hefur brotnað frá landi í langan tíma. Húsið hefur verið mjög stórt, en lengdin mælist um 28 m og breiddin um 18 m. Tóftin hefur a.m.k. átta herbergi, tvö þeirra sem snúa í suðsuðvestur mælast mjög stór og hefur hugsanlega annað þeirra verið tvö herbergi. Rústin snýr V-A," segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Bæjarhóllinn er horfinn, enn er grasblettur í Másbúðahólma sem ber honum og túninu vitni. Klettar eru allt í kring sem og berar klappir við sjó. Veggir síðasta bæjarins eru 1-1,6 m á hæð og allt að 2 m á breidd. Bæjartóftin er 23x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Það mótar fyrir fjórum hólfum á yfirborði en mögulega voru þau fleiri.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: SSGK, 81, 96; Magnús Grímsson 1940, 252.; Túnakort 1919; Ö- Másbúðir -Nesjar MÞ, 2, 5; Árbók 1903, 38-39; minjarihaettu.wordpress.com/fornleifar/masbudarholmi/fornleifar/

1850-523: GK-051:001_2 garðlag túngarður
Enn má sjá túngarð nyrst í Másbúðarhólma. Ekki er ljóst hversu stórt svæði hann afmarkaði en líklega hefur túnið verið minnkað eftir því sem landbrot varð meira. Túngarðurinn er grjóthlaðinn, 0,4-0,6 m á hæð og 1,2 m á hæð. Hann er L-laga, 26x9 m og snýr austur-vestur. Útihús eru sambyggt honum að innan og til suðvesturs. Tvær hleðslur liggja til norðurs frá garðinum, báðar eru þær um 7 m að lengd og líklega afmörkuðu þær einhvers konar athafnasvæði norðan við bæinn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-523: Túngarðurinn, horft til norðvesturs.


1850-528: Tóftin, horft til norðurs.

1850-528: GK-051:001_3 tóft útihús
Útihús er sambyggt túngarði 001_02 til austurs. Það er „innan" túnsins, 4,5x3,3 m að stærð og snýr norður-suður. Útihúsið er opið til suðurs. Veggir eru 0,4-0,5 m á hæð og 1,3 m á breidd. Þeir eru grónir og hlaðnir úr torfi og grjóti.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-861: GK-051:004 *Másleiði* heimild legstaður
"Annað dys eða haug þykjast menn geta séð í túninu á Nesjum, sem áður lá til Mársbúða, og segir fólk, að þar liggi undir Már sá, sem fyrstur hafi byggt Mársbúðir," segir í sýslu og sóknalýsingum. "Suður frá Melabergi er bær, sem heitir á Nesjum. Þar í túninu niður við sjó segja menn, að Már, sem Másbúðir eru kenndar við, sé grafin. Er þar aðeins lítil steinaröð, líkust því, er sjómenn þurrka fisk á, sem menn kalla Másleiði. [. . .] Hvorttveggi þetta leiði er svo ómerkilegt og styðst við svo reikula sögu, að ei verður ætlað, hvað satt sé um þau." segir í grein Magnúsar Grímssonar. „Árið 1840 er talað um leiði Márs í túninu og að Katla kona hans sé grafin þar í hól í túninu [005]," segir í örnefnaskrá. „Máshaugur var hér. Landfastur fyrir 40+ árum. Nú sjótún," segir á túnakorti frá 1919.

Öll ummerki Másleiðis eru horfin í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 252; Ö-Masbúðir - Nesjar AG,1; SSGK, 95; Túnakort 1919

1850-525: GK-051:006_1 *Másbúðarhólmi* tóft verbúð
"En Márbúðarhólmi heitir það nú, sem bærinn stóð, og er hann umflotinn, þegar hásjávað er. Þar stóðu lengi sjómannabúðir, því þar er lending góð [007]," segir Magnús Grímsson.
"Nesjaskipið, sem hafði uppsátur á Másbúðarhólma [...]. Sjávarhúsin stóðu flest vestan við bæinn, þar var Hólminn hæstur. Þar var líka hróf skipanna. Það var traustur tvíhlaðinn grjótgarður, vinkillagaður, sem var skipunum til öryggis fyrir veðrum og sjógangi." segir í örnefnaskrá.
"Frá Másbúðum var legni útræði til forna, og stóðu þar lengi sjóbúðir, naustin [062] og vörin [036], niðurundan þar sem bærinn stóð. [...] Á Másbúðarhólma, sem af sjó verður umflotinn með hverju flóði, eru vergögn góð með grjótgörðum byrgjum og tóftarrústum. Er nú útræði hætt og vör lengi órudd. Fyrir nokkrum árum voru byggðar þar tvær sjóbúðir og haldið tveimur skipum út, annað úr Garði," segir sr. Sigurður B. Sívertsen í Rauðskinnu IX-X. Hluti þessarra mannvirkja sést á túnakorti. Nyrðri verbúðin (þ.e. sem hér er túlkuð svo) er 6x4,6 m að stór og snýr norður-suður. Op er til vesturs og veggir grjóthlaðnir. Líklega er annað hólf norðar, upp við túngarð 001_02, þar er ílangt hólf.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 252; Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 7; Rauðskinna IX-X, 193


1850-525: Tóftin, horft til suðvesturs.


1850-863: Verbúðin, horft til suðausturs.

1850-863: GK-051:006_2 tóft verbúð
Syðri verbúðin er umfangsminni og veggirnir algrónir. Mögulega er tóft 006_01 yngri og byggð hér ofan í. Veggirnir eru umfagnslitlir. Tóftin er 8,5x6 m, snýr NNA-SSV og skiptist í tvö hólf.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-520: Lendingin í Másbúðahólma, horft til NNA.

1850-520: GK-051:007 mannvirki lending
"En Márbúðarhólmi heitir það nú, sem bærinn stóð, og er hann umflotinn, þegar hásjávað er. Þar stóðu lengi sjómannabúðir [006], því þar er lending góð. Kóngsskip hafa og gengið þar, því hér drápu Norðlendingar einn eftirlegumann danskan í hefnd eftir Jón Arason 1551, en Pétur, sem síðar var kallaður Másbúðar-Pétur, skaut þar Norðling einn og slapp síðan."
"Nesjaskipið, sem hafði uppsátur á Másbúðarhólma [...]. Sjávarhúsin [006] stóðu flest vestan við bæinn, þar var Hólminn hæstur. Þar var líka hróf skipanna. Það var traustur tvíhlaðinn grjótgarður, vinkillagaður, sem var skipunum til öryggis fyrir veðrum og sjógangi."

segir í örnefnaskrá.
Lendingin sést enn norðan við bæ 001. Þar sjást enn klettar að sunnan og mynda þeir beina línu.
Vör 2: “ Vörina er að finna í sömu vík og fyrsta vörina og er á milli 5 m og 10 m frá henni. Hún er orðin nokkuð grýtt en þó sjáanleg. Vörin er vestan megin á skerinu.” segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 252; Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 7

1850-463: GK-051:008 þúst bæjarhóll
Norðvestan við heimatúnið er þúst sem er að brotna í sjó. Þetta er algróinn hóll, 12x7 m að stór og snýr hann norður-suður. Ekki mótar fyrir hólfi, veggjum eða öðru sem gefur nánara lag til kynna. Það


1850-463: Bæjarhóllinn, horft til austurs.




1850-463: Uppmæling af bæjarhólnum en vesturhlutinn liggur undir miklum ágangi sjávar.

sést mannvist í rofi hólsins, m.a. aska, fiskibein og veggir sem bendir til búsetu. Þetta er að öllum líkindum bæjarhóll, sjóbúð eða verbúð en þetta þarfnast frekari athugana.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-453: GK-051:016 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er steinhús merkt röskum 190 m norðan bæjar 001. Útihúsið var nyrst innan heimatúnsins, þarna er nú slétt tún og engin ummerki tóftarinnar sjást á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-454: GK-051:017 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 eru þrjú steinhús í hnappi merkt liðlega 230 m norðan bæjar 001. Útihúsið var sambyggt túngarði (023) hverfisins til austurs, utan heimatúnsins. Eitt hús er með op í suður.
Útihúsið er horfið af yfirborði vegna sléttunar. Túngarðurinn er þó fremur breiður, mögulega eru það ummerki um þessa tóft.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-457: GK-051:019 tóft naust
Á túnakorti frá 1919 er steinhús merkt um 260 m norðan bæjar 001. Húsið er reist upp við túngarð (023) og sjóvarnargarð (024) að vestan. Útihúsið er að skemmast að norðan vegna ágangs sjávar.
Tóftin er 18x6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Mikið brotnar úr suðvesturhorni og norðurhluta, tóftin liggur undir miklum skemmdum. Bátur er inni í henni en gróið yfir hann að hluta. Veggir eru grónir en það glittir í steina í rofi, sjórinn er búinn hrófla við miklu. Stór hluti af suðvesturhorninu er farinn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919



1850-457: Uppmæling af naustinu.




1850-457: Naustið, horft til austurs.

1850-452: GK-051:020 garðlag varnargarður
"Ný hlaðið grjót undir túnbakkanum," segir á norðurhluta túnakorts frá 1919. Þessi túngarður sést enn, er í raun yngsta útgáfa af túngarðinum. Hér er hann einnig nýttur sem sjóvarnargarður. Hann sést á rúmlega 20 m löngum kafla og liggur í víðum boga austur-vestur. Stór hluti garðsins er farinn í sjó enda er hann hlaðinn þar sem mikið hefur brotnað af túni og sjór valdið miklum usla.



1850-452: Garðurinn, horft til austurs.



1850-452: Uppmæling af garðinum ásamt þúst 451.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919



1850-517: Það rétt glittir í hleðslunna undir þangi.

1850-517: GK-051:021 hleðsla brú
Á túnakorti frá 1919 er leið merkt í norðurhluta túns. Tengir hún saman Másbúðir og Nesjatún. Við leiðina segir "[hlaðið í skarð á klettahr[y]gg. Oftast gengt um smástrauma flóð."
"Fram um 1890 voru tveir smáir grashólmar eftir milli lands og Hólma [002], en eyddust þá óðfluga og voru algjörlega horfnir fyrir aldamót. Tvennar, fremur smáar klappir stóðu þá upp úr á venjulegu flóði og milli þeirra lá gangbrúin í þrennu lagi, hin fyrsta frá landi út í næstu klöpp, önnur milli klappanna, og hin þriðja út í Hólmann og var sú lengst. Ekki var brúin í beinni línu, því klappirnar stóðust ekki á, og lengdi það vöðulinn, en hægara var um stefnuna, þegar klappirnar voru upp úr. Gangbrýrnar voru endurbættar á hverri

vertíðarbyrjun. Þær voru allþykkar, en máttu ekki vera háar, þá braut brimið þær niður og ruglaði hleðslunni, því straumþungur sogadráttur er í brimi milli lands og Hólma. Þetta var skipgönguleið Nesjamanna, meðan uppsátur var á Másbúðarhólma, svo ill sem hún var," segir í örnefnaskrá.
"Gatan var lögð eftir að sjórinn fór að rífa niður landið í miklum mæli. Gatan er skráð inná túnakort frá 1919 og er því eldri en frá þeim tíma. Hún fer í hvarf í flæðarmáli og birtist í fjöruмáli. Því birtist gatan aðeins tvisvar sinnum á sólarhring. Hún er undir miklum þara og því illgreinilegt að hjá hvernig hún er gerð," segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Brúin sést enn. Hún hlykkjast norður-suður í fjörunni. Hún er 0,3-05 m á hæð og 2 m á breidd. Mikill þari er í fjörunni og ill yfirferðar. Brúin liggur undir miklum ágangi sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 6

1850-527: GK-051:022 garðlag túngarður
Á túnakorti sést túngarður sunnan við bæ 001, þ.e. í Másbúðarhólma. Hann afmarkaði hluta af austurhlið hólmans, líklega er ekki um sama garð og túngarð 001_02 að ræða. Þessi túngarður er horfinn fyrir utan þennan eina part á austurhluta hólmans. Túngarðurinn er 0,3-0,4 m á hæð, 0,8 m á breidd og grjóthlaðinn. Hann var rakinn á rúmlega 7 m löngum kafla.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919


1850-527: Túngarðurinn, horft til norðurs.

1850-456: GK-051:023 garðlag túngarður
Á túnakorti frá 1919 er túngarður merktur sem umlykur tún bæjar 002 að undanskildum norðurhluta þess. Garðurinn skilur að tún Nesja og Landa og tengist túngarði (GK-050:028) til suðurs. Túngarðurinn liggur að litlum hluta innan skráningasvæðis. Þar liggur hann frá suðaustri til norðvesturs og teygir sig í átt að sjónum. Víða er búið að slétta hann en þó er hægt að rekja hann enda myndar hann gróinn hrygg. Hann er grjóthlaðinn en víða algróinn og siginn engu að síður.



1850-456: Uppmæling af túngarðinum.


1850-456: Horft til suðurs eftir túngarðinum.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-864: GK-051:024 heimild túngarður
Á túnakorti frá 1919 er sjávargarður teiknaður á norðurhluta túns bæjar 001. Þetta er þó lítið annað er yngri túngarður sem afmarkar útfærslu túnsins til norðausturs, nyrsti hlutinn þjónar þó einnig sem túngarður. Engin ummerki þessa garðs sjást innan skráningarsvæðis vegna landbrots og sléttunar.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-529: GK-051:026 *Másbúðarvarða* varða samgöngubót



1850-529: Varðan, horft til norðurs.

"Sunnan við ána [Melabergsá] framarlega stendur Másbúðarvarða, gild og gömul mjög, á háum kletttanga, sem er norðvestur úr Fitinni. Er tangi þessi enn samfastur við land, en sjór og vindur eyðir grassverðinum frá báðum hliðum, og innan ekki mjög langs tíma mun Másbúðarvarða standa á klettinum úti í sjó á flóði. [...] [V]ið Másbúðir er sundið kennt, og sundvarðan stóra og myndarlega, sem enn stendur, umhirðulaus um langa tíð, stendur á gamla Másbúðalandi," segir í örnefnaskrá. "Másbúðarvörðunni hefur verið hróflað upp skammt austan við hólinn, sem hún stóð á, enda er stoltið nú komið með skalla," segir á Ferlir.is. "Varðan er að hruni komin sjávar megin og má sjá grjóthnullunga sem hafa hrunið úr. Umhverfis er náttúran að eyðast og sést vel að klappir eru komnar í ljós. Varðan er um 3 m á hæð, 6 m á lengd og 5 m á breidd," segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Varðan er á tanga úti í sjó, víkur eru beggja vegna hennar. Enginn gróður er vestan við vörðuna. Sjór brýtur af henni og fremur er um grjóthrúgu að ræða en um vandaða hleðslu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ,1; www.ferlir.is/?id=6191; Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 2; minjarihaettu.wordpress.com/fornleifar/masbudarholmi/fornleifar/

1850-459: GK-051:027 *Réttarvik* heimild rétt
"Sunnan við vörðuna [026] er breitt sandvik, en sunnan við vikið hefir staðið fjárrétt Nesjamanna, stór og vel hlaðin; dregur vikið nafn af réttinni og kallast Réttarvik. Fyrir neðan og norðvestan réttina eru allháar klappir, heita þær Réttarklappir," segir í örnefnaskrá.
"Ofan Nesja er réttin og sést hluti hennar ennþá," segir á Ferlir.is. Annars staðar á síðunni segir þó: "Nesjaréttin, sem getið er í örnefnaskrám, ofan við Réttarvik er horfin. Sjórinn hefur náð að kræka í hana."
Samkvæmt heimildamönnum var réttin sléttuð fyrir löngu. Ekki er víst að um sömu rétt sé að ræða, í örnefnalýsingu er hún talin farin í sjó en þessi var sléttuð út. Mögulega var réttin færð en báðar eru þær engu að síður horfnar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 1; www.ferlir.is/?id=6191; www.ferlir.is/?id=3986

1850-857: GK-051:028 *Castorshaus* heimild skip
"Langarif greinist í tvennt að utanverðu. Norðurálman fékk nafnið Castorsrif, eftir að kútter Castor strandaði þar 19. marz 1903. Stór og hár kúlumyndaður haus er fremst á rifi þessu; ber hann nafnið Castorshaus, enda strandaði skipið rétt innan við hausinn," segir í örnefnaskrá. "1903 19, mars Kútter Kastor strandar hjá Másbúðum. [...] Kastor (Castor) fiskveiðaskip Brydeverslunar, strandaði "Hjá [M]ársbúð við Nesjar" í mars 1903. Skipið var á leið til fiskveiða og því vel birgt af salti, fiskveiðaáhöldum, kolum og vistum skipshafnar," segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 2; Ásgeir Ásgeirsson, 201, 204

1850-856: GK-051:029 *Langós* heimild lending
"Sunnan við Langarif, alla leið frá Sundkletti upp að norðvestur horninu á Nesjatúni, liggur svo nefndur Langós; hann er grunnur og þornar alveg um stórstraumsfjöru. Hann var þó stundum notaður fyrir smábáta um vor og sumar," segir í örnefnaskrá.
Ekki er hægt að staðsetja lendinguna með innan við 50 m skekkju, ekki er vitað hvar bátarnir komu að landi.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 2

1850-460: GK-051:030 *Nesjavör* heimild lending
"Nesjabændur höfðu útgerð sína á Másbúðarhólma til 1903 [002], en þá þótti eigi lengur unnt að hafa þar útgerð, vegna óþægindanna við skipgönguna um flóð. Var þá gjört uppsátur í Réttarvikinu," segir í örnefnaskrá. Nesjavör var tekin í notkun þegar hætt var að nota Másbúðarhólma.
Náttúruleg lending og engin mannvirki sjást þarna við.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 2, 7

1850-524: GK-051:032 hleðsla brunnur
Brunnur er norðvestarlega í Másbúðarhólma, fast utan við túngarðinn. Mikið af grjóti úr sjónum gengur hér yfir. Hleðslur eru illgreinanlegar og búið að fylla upp í hann. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð og 0,5 m á breidd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-524: Brunnurinn, horft til norðvesturs.


1850-519: Gamla-vör, horft til norðvesturs.

1850-519: GK-051:036 *Gamla-Vör* mannvirki lending
"Varla verða nú séðar minnjar eftir forna útgerð á Másbúðum. Þó er vik eitt inn í klappirnar, nefnt Gamla-Vör eða Kóngsvör. Sáust þar kjölför í klöppunum fram undir síðustu aldamót, en munu varla greinast nú. Eitt ártal er höggvið í klappir þar — 16 hundruð og eitthvað — [037]," segir í örnefnaskrá. "Er nú útræði hætt og vör lengi órudd. Fyrir nokkrum árum voru byggðar þar tvær sjóbúðir og haldið tveimur skipum út, annað úr Garði. Var þá vörin vel rudd og sprengdar klappir," segir sr. Sigurður B. Sívertsen í Rauðskinnu IX-X. Vör 1: "Vörin er staðsett í vík Másbúðar, vestan á skerinu. Vörin er ofan í fjöru sem er í víkinni," segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Vörin sést enn, beinir klettar gefa hana einna helst til kynna.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 4; Rauðskinna IX-X, 193; minjarihaettu.wordpress.com/fornleifar/masbudarholmi/fornleifar/



1850-516: Áletrunin, horft til vesturs.

1850-516: GK-051:037 áletrun kennimark
"Sigurbjörn Stefánsson, ábúandi í Nesjum, sem var með í för, sýndi hópnum áletranir á klöpp í Hólmanum, en þar er m.a. klappað á einum stað ANN°1696 og á öðrum stað JJM [063]," segir á Ferlir.is. "Þessa áletrun er að finna við vör númer tvö sem fannst á svæðinu. Þar sést greinilega „AN 1696" og „ÞA". Áletrunina er að finna vestan megin á skerinu," segir á vefsíðunni Minjar í

hættu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: www.ferlir.is/?id=3986; minjarihaettu.wordpress.com/fornleifar/masbudarholmi/fornleifar/


1850-526: GK-051:038 heimild öskuhaugur
"Guðjón, sá er áður var nefndur, segist eitt sinn, rétt eftir 1890, hafa tekið sér fyrir hendur að róta upp í gömlum öskuhaug, sem var þar í námunda við bæinn [002], og fann þar heilmikið af brotnum krítpípum, en þær voru talsvert notaðar af reykingamönnum fyrrum, þær voru sélegar og ódýrar, en brothættar mjög. Einnig fann hann þar gamalt signet, en man ekki stafina; svo fór það í glatkistuna," segir í örnefnaskrá.
Þessi öskuhaugur var líklega austarlega í Másbúðarhólma en sést ekki lengur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 5

1850-521: GK-051:041 mannvirki lending



1850-521: Horft til norðurs yfir lendinguna.

Vör 3: "Vörin er mjög nálægt annarri vörinni sem fannst á svæðinu, eða undir 5 m á milli. Vörin er þó ekki jafn greinileg og hinar tvær þar sem hún er orðin frekar grýtt. Vörin er vestan megin á skerinu," segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Lendingin sést enn en liggur undir miklum ágangi sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: minjarihaettu.wordpress.com/fornleifar/masbudarholmi/fornleifar/



1850-462 og 461: Uppmæling af þrónni og sjóbúð 461.

1850-462: GK-051:042 mannvirki þró
Steinsteypt fiskiþró er í fjöruborði, grasivaxið tún er sunnan hennar. Þróin skiptist í tvö hólf og án efa tengd starfsemi í verkhúsi 043. Þróin liggur undir skemmdum og sjór brýtur af norðvesturhorni hennar. Óljósar hleðslur eru þar og fiskibein allt að



1850-462: Þró, horft til norðausturs.




1850-461: Horft til norðausturs yfir sjóbúðina.

fiskihúsi 043.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-461: GK-051:043 hús sjóbúð
„Í staðinn fyrir að áður var vikið suður af sundinu, þegar lent var á Hólmanum [002], var nú vikið af Másbúðarsundi norður á Alinn og róið upp fyrir norðan Sundklett, Castorshaus, Illasker og Svartaklett að Réttarklöppum og fiskinum þar kastað á land. Nokkur sjávarhús voru byggð þar. En þetta stóð ekki nema fáein ár; um eða eftir 1920 lagðist útgerð í Nesjum niður fyrir fullt og allt," segir í örnefnaskrá. Steinsteypt fiskihús frá frá fyrri hluta 20. aldar sést enn að hluta. Það er að brotna niður í sjó og liggur undir miklum ágangi sjávar. Hleðslur sjást í rofinu allt að þró 462, á að minnsta kosti 12 m löngum kafla. Ekki er ólíklegt að þær tilheyri eldri mannvirkjum
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 7

1850-450: GK-051:046 tóft kálgarður
Kálgarður er á deiglendu svæði, fast utan heimatúnsins. Tjörn er sunnan og vestan hans, milli kálgarðsins og sjávar. Hann er 24x21 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru úr grjóthlaðnir en víða


1850-450: Horft til austurs, að kálgarðinum.



1850-450: Uppmæling af kálgarðinum.

er gróið yfir hleðslur. Tvö hólf sjást á yfirborði en ekkert op.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-855: GK-051:047 heimild landamerki
"Árið 1889 [...] voru skýrð upp landamerki jarðarinnar "Nesjar í Miðneshreppi í Gullbringusýslu, eru þau sem hjer segir:
1. Fjörumörk, fyrir sunnan "kaðalhausa", eru mörkin frá fjöruborði upp milli 2 þang-skerja að merktri klöpp [GK-050:041] er liggur lágt á miðjum sandinum, upp á milli áminnstra skerja, þaðan sömu stefnu að marbakka í miðja "marka-rás", þaðan sömu stefnu að merktri klöpp fyrir ofan marbakkann [...]. Einkennismark marksteinanna er L.M., er þýðir landamerki," segir í Landamerkjabréfi Nr. 2 (Veðmálabók).
Þessi merkti steinn er týndur og ekki reyndist unnt að hnitsetja hann.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Landamerkjabréf Nr. 2 (Veðmálabók)

1850-854: GK-051:048 heimild landamerki
"Ár 1889 [...] voru skýrð upp landamerki jarðarinnar "Nesjar" í Miðneshreppi í Gullbringusýslu, eru þau sem hjer segir:
1. Fjörumörk, fyrir sunnan "kaðalhausa", [...] þaðan sömu stefnu að merktri klöpp [047] fyrir ofan marbakkann, þá áfram að vörðu lítið austur frá klöppinni [...]," segir í Landamerkjabréfi Nr. 2 (Veðmálabók).
Þessi varða er týnd og ekki reyndist unnt að hnitsetja hana.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Landamerkjabréf Nr. 2 (Veðmálabók)

1850-853: GK-051:056 heimild landamerki
"Árið 1889 [...] voru skýrð upp landamerki jarðarinnar "Nesjar" í Miðneshreppi í Gullbringusýslu, eru þau sem hjer segir: [...] þaðan liggja mörkin eptir torfgarði [055] líka stefnu til marbakka, er við þann enda garðsins klappað mark á klöpp [GK-050:041], þaðan liggja mörkin að merktri klöpp í fjöru (á rifi), þaðan beina línu eptir miðju sama rifi á sjó út. [...] Einkennismark marksteinanna er L.M., er þýðir landamerki," segir í Landamerkjabréfi Nr. 2 (Veðmálabók).
Líklega er átt við Þræturif í þessari lýsingu en ekki er vitað hvar áletrunin var staðsett nákvæmar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Landamerkjabréf Nr. 2 (Veðmálabók)

1850-858: GK-051:058 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er útihús sýnt nyrst í Másbúðahólma. Það er horfið vegna landbrots, þarna eru nú klappir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-455: GK-051:059 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er úthús sýnt fast austan við útihús 017, innan útfærslu heimatúnsins. Túngarður sem afmarkar þetta yngra tún, lá að úthúsinu til norðvesturs.
Þarna er nú slétt tún og engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-458: GK-051:060 hleðsla útihús



1850-458: Hleðslan, horft til austurs.

Á túnakorti frá 1919 sést útihús norðaustast innan heimatúnsins. Yngri útfærsla heimatúnsins er þarna austar, túngarðarnir komu saman við útihúsið. Þetta svæði er undir miklum ágangi sjávar.
Hleðsla er að koma í ljós í rofi, ekki er vitað hvaða mannvirki þetta er. Tvö umför af hleðslu sjást í rofinu en ekki sér móta fyrir mannvirki á yfirborði. Líklega er þetta húsið sem sýnt á túnakorti en einnig gæti þetta verið eldra mannvirki.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-852: GK-051:061 heimild skip
"1870. [...] 25. marz á sama ári drukknuðu 4 menn úr Hvalsnessókn, er þeir voru að skipa upp úr franskri skonnortu, er strandað hafði við Másbúðir," segir Magnús Þórarinsson í Frá Suðurnesjum.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Frá Suðurnesjum, 291

1850-678: GK-051:062 hleðsla naust
"Frá Másbúðum var lengi útræði til forna, og stóðu þar lengi sjóbúðir [006], naustin og vörin [036], niðurundan þar sem bærinn stóð," segir sr. Sigurður B. Sívertsen í Rauðskinnu IX-X.
Naustin eru horfin en ekki er ólíklegt að sjór hafi eytt þeim. Einnig er mögulegt að þau séu eitthvert þeirra mannvirkja sem sýnd eru á túnakorti frá 1919 en það er ekki hægt að staðfesta. Garðlög sem ganga til norðurs frá túngarðinum þar tilheyra þó líklega þessum naustum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna IX-X, 193

1850-518: GK-051:063 áletrun kennimark
“Sigurbjörn Stefánsson, ábúandi í Nesjum, sem var með í för, sýndi hópnum áletranir á klöpp í Hólmanum, en þar er m.a. klappað á einum stað ANN°1696 [037] og á öðrum stað JJM,” segir á ferlir.is. “Áletrunina er að finna við þriðju vörina sem fannst á svæðinu. Greina má greinilega „JJM“ í steininum. Áletrunina er að finna vestan megin á skerinu,” segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: www.ferlir.is/?id=3986; minjarihaettu.wordpress.com/fornleifar/masbudarholmi/fornleifar/


1850-518: JJM sést vel ofan á steini.


1850-451: Bæjarhóllinn, horft til norðurs.

1850-451: GK-051:065 hóll bæjarhóll
Rústahóll er að brotna í sjó suðvestan við Másbúðahólma og norðan við Gömlu-Lönd. Hóllinn er innan heimatúns en engar sagnir eða örnefni eru tengd honum. Hóllinn er grasivaxinn, 32x20 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er brattur til austurs, norðvesturs og suðurs. Lögun hans bendir til þess að mannvist sé hér undir sverði og líklega er þetta bæjarhóll miðað við umfangið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-859: GK-051:066 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er útihús sýnt norðaustarlega í Másbúðahólma.
Það er horfið vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-860: GK-051:067 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er útihús sýnt norðaustast í Másbúðahólma.
Það er horfið vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-679: GK-051:068 heimild kennimark
“Þessi merking er fremur óljós en greina má „E“ eða öfugt „3“ hægra megin og hugsanlega strik eða „Þ“ vinstra megin. Þessi hlið með áletruninni snýr að sjónum og er því orðin veðurbarin, nánast ógreinileg. Þessa áletrun er að finna skammt frá fyrstu vör sem fannst á svæðinu. Áletrunin er vestan megin á skerinu,” segir á vefsíðunni Minjar í hættu. Þessi áletrun á að vera nærri áletrun 063 en fannst ekki á vettvangi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: minjarihaettu.wordpress.com/fornleifar/masbudarholmi/fornleifar/


GK-052 Melaberg

1686: 35 hdr., 50 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1695: 35 hdr., 50 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1703: “Jarðardýrleiki óviss, konungseign, “Eyðijörð, hefur legið í auðn yfir hundrað ár,” segir í JÁM III, 51.
1847: Jarðardýrleiki óviss, bændaeign, “eptir skýrslu prestsins hlýtur hún þó að vera í bygð,” segir í JJ, 86.
Jarðarítök: Jörðin leigð til Másbúða. Lönd hefur þar torfristu og hagabeit, samkvæmt JÁM III, 51.
7.5.1445: “[Seljandi jarðarinnar reiknar] at hualsnesi fylgdi tuer jarder nes ok Melaberg ok stedi onnur firir omagavist. enn adra etti kirkian ok Þar til tolf kugilldi. kynni [kaupandi] at spyria at helge gudinason hefdi fleire peninga tekit kirkiunnar vegna aa hualsnesi Þa skylldi [seljandi] Þa til leggia.” DI IV, 665-666.
1919: Á túnakorti er hjáleigan Lindubær merkt innan jarðarinnar og eyðibýlið Hóll.
“Ýmsir bjuggu á Melabergi á 19. öld, en stundum var það í eyði þá. Það var talin kotjörð og ábúendur jafnan fátækir. Hefir svo verið fram að síðustu áratugum, þar til dugnaðarmenn þar búandi, fyrst Kort Elisson að nokkru og þó enn fremur Hjörtur Helgason, hafa með nútíma tækni gjört það að stórbýli,” segir í örnefnaskrá Másbúða og Nesja (Ö-Másbúðir - Nesjar MÞ, 3-4).
Jarðarítök: Jarðarítök: Lönd brúkar torfristu og stungú í jörðinni, samkvæmt JÁM III, 48.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Melaberg ásamt Lindarbæ. ATH. Hefur ekki verið yfirfarið en er útprentað í möppu.
1919: “Túnin slétt mestöll.” Tún (Melaberg), 1.4 hekt., garðar 420 m2. Tún (Lindubær), 0.7 hekt., garðar 420 m2. Tún (Hól), 0.12 hekt., garðar 140 m2. Öll torfan samtals 2.2 hekt., og garðar 980 m2.
1703: “Þessi jörð er aldeiliss yfirfallin af sandi og grjóti, so þar ekkert eftir nema lítil grasnautn, sem Másbúða og Landamenn brúka so sem fyr er getið. Item brunnur góður, en lending engin. Þar með mega þeir á Löndum og Másbúðum ómögulegar missa þessarar beitar, annars mundi báðar þær jarðir valla eður ekki byggjast. Rekavon er í meðallagi, en hefur um stundur ekki til viljað,” segir í JÁM III, 51.
“Þar hafa verið slétt tún og fögur, en nú eru flatir þær lítt ræktandi sökum mosa; þó hefir jörðin verið keypt, bærinn byggður upp og tún umgirt.”

1850-530: GK-052:054 tóft kálgarður
Kálgarður er um 200 m vestan við bæ 001, fast vestan við þjóðveg.
Kálgarðurinn er á sléttum gasbala við veginn. Sendinn fjara er skammt vestar.
Kálgarðurinn er 28x7 m að stór og snýr NNA-SSV. Hann er byggður upp við náttúrulega hæð til austurs, þar eru lágir klettar. Op er í suðvesturhorni. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og eru 1,2 m á hæð.



1850-530: Horft til norðurs að kálgarðinum.



1850-530: Uppmæling af kálgarðinum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


1850-531: GK-052:055 garðlag vörslugarður Hlaðinn garður er alveg við sjóinn, hugsanlega er þetta sjóvarnargarður. Hann er grjóthlaðinn, 0,5-0,6 m á hæð og 1,5 m á breidd. Girðing er ofan á honum og mikill sandur í jarðvegi.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-531: Horft til norðurs, eftir garðinum.

GK-053 Fuglavík

1686: 50 hdr., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1695: 50 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með fjórum hjáleigum



Túnakort Fuglavíkurhverfis frá 1919. Vesturhluti túnsins er undir miklum ágangi sjávar og túngarðurinn horfinn þar að mestu.

kenndar við þann sem þar býr (þá Jón, Þorsteinn, Árnór og Christian), Steinmodarhúsi og Vatnagardi, samkvæmt JÁM III, 53-54.
1847: 50 hdr., bændaeign, með hjáleigunni Hamrakoti (GK-054), samkvæmt JJ, 86.
1270: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. "Þadann eigv sydvr biasker j midiann eyktiar holm. Þadann fra fvlavik xl fadma a sanndinn fra kolldvhomrvm." DI II, 77.
1270: "Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekvr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn viija hlut eigv fvlavik ok nesiar. hvoratveggv. er þar v stada skipte. aa þar fvlavik iij hlvte enn nesia[r] ij: helmingar skipte er med nesivm." DI II, 78-79.
13.9.1418: Guðmundur Arason greiðir Þorgerði Ólafsdóttur "so miked i Jördum og lausagotse. sem hier seiger. Jtem Kyrkiubol j Rosmhvalanese. fulavik. Þorersstader. Rafnkelstader firir .j. hundrad hundrada." DI IV, 265. Sjá einnig bréf 14.09.1428, DI VI, 41.
1919: Á túnakorti frá 1919 eru hjáleigurnar Fjósa-, Móa- og Norðurkot merktar auk þurrabúðarinnar Klapparkots.
Býlið Bjarghús og rústir nýbýlisins Hóla eru nefndar í örnefnaskrá (Ö-Fuglavík AG, 1).
Jarðarítök: jörðin brúkar kolskóg í almenningi. Heimabóndinn nýtir grasnytjar af hjáleigunum Steinmóðarhúsi og Vatnagarði, segir Í JÁM III, 52, 54.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Fuglavík, tvö býli, ásamt Fjósakoti, Móhúsum, Klapparkoti, Norðurkoti.
1919: "Túnin slétt og að mestu sléttuð nema 1/2 Hamrakotstúnið, þýft og nokkuð grýtt." Tún (Fuglavík), 3.9 hekt., garðar 1270 m2. Tún (Fjósakot), 1.1 hekt., garðar 450 m2. Tún (Norðurkot), 1.25 hekt., garðar 920 m2. Tún (Klapparkot), 0.05 hekt., garðar 340 m2. Tún (Móakot), 0.14 hekt., garðar 410 m2. Öll torfan samtals 6.44 hekt., og garðar 3390 m2.
1703: "Tún eru graslítil mjög og grýtt til stórmeins. Engjar öngvar. Hagar mjög litlir vetur og sumar [...]. Torfrista og stúnga í grýttri jörðu. Eldiviðartak af fjöruþángi. Lýngrif nokkurt. Fjörugrasatekja nokkur. Rekavon nokkur. Hrognkelsafjara að litlu gagni. Sölvafjara í betra lagi bæði mönnum og fjenaði til nytsemdar. Murukjarni nokkur, brúkast þó ekki," segir í JÁM III, 52.

1850-541: GK-053:003 heimild kálgarður
Á túnakorti frá 1919 eru tveir kálgarðar, hlið við hlið, merktir liðlega 80 m vestan bæjar 001. Innan norðurkálgarðs er brunnur (004).
Kálgarðarnir eru horfnir af yfirborði vegna sléttunar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-543: GK-053:004 heimild brunnur
Á túnakorti er hringlaga mannvirki teiknað fyrir miðju nyrðri kálgarðs (003). Ekki er loku fyrir það skotið að um brunn sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919



1850-545: Uppmæling af hleðslunni og nálægum minjum.

1850-548: GK-053:005 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er steinhús merkt tæpum 100 m norðan bæjar 001. Það sést ekki á yfirborði og hefur verið sléttað út.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-545: GK-053:006 hleðsla naust
Á túnakorti frá 1919 eru naust teiknuð liðlega 100 m VNV bæjar 001. Naustin liggja upp við túngarð (018).
Enn má sjá einn vegg sem tilheyrir þessum naustum. Hann er grjóthlaðinn, 0,3-0,4 m á hæð, 0,5 m á hæð og 5 m að lengd. Aðrir hlutar naustanna eru horfnir vegna ágangs sjávar og framkvæmda innan heimatúnsins.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919

1850-549: GK-053:007 heimild verbúð
“Ekki var lá í Fuglavíkurvör [030], meðan Miðaftansklöpp var upp úr. Fleiri en eitt skip gekk oftast úr þeirri vör, og áttu bændur þar góð sjávarhús, timburskúra og byrgi,” segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1919 eru fjögur steinhús merkt um 110 m norðan bæjar 001. Mögulega er um verbúðir að ræða. Húsin eru reist áföst túngarði (018).
Öll ummerki þessarra húsa eru horfin vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Fuglavík MÞ, 2

1850-547: GK-053:008 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er steinhús merkt liðlega 120 m norðan bæjar 001. Húsið er reist áfast túngarði (018).
Útihúsið er horfið vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-550: GK-053:009_1 heimild naust
“Naust var fyrir 40 árum og tveir hjallar,” segir norðarlega á túnakorti frá 1919. Naustið var þegar horfið í sjó þegar túnakortið var gert, staðsetning þess er merkt með X á túnakortinu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919


1850-850: GK-053:009_2 heimild hjallur
“Naust var fyrir 40 árum og tveir hjallar,” segir norðarlega á túnakorti frá 1919. Hjallarnir voru þegar horfnir í sjó þegar túnakortið var gert, staðsetning þeirra er merkt með X á túnakortinu.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-846: GK-053:010 *Brunnflöt* heimild brunnur
Örnefnið Brunnflöt er merkt inn á örnefnakort Fuglavíkur. Enginn brunnur er þekktur þar fyrir úr heimildum né sést hann á yfirborði. Mögulegt er að nafnið sé dregið af brunni sem er horfinn vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-546: GK-053:011 *Kóngsvör* mannvirki lending
Norðarlega á hluta túnakorts frá 1919 er vör. Þar segir: “Nálægt þessu er Kóngsvör [...]. Dragför sjást.” Því til viðbótar er teikning af útiliti lendingarinnar. Nákvæm staðsetning er ekki merkt, hún er örlítið vestar.
“Milli Miðaftansklappar og vararinnar er fjörutangi, sem heitir Snasi, en milli Snasa og klapparinnar



1850-546: Kóngsvör, horft til VSV.




1850-846: Beðaslétturnar sjást sem lóðréttar rákir.

er vik, sem kallast Kongsvör, mun nafnið vera frá þeim tíma, er konungsútgerð var í Fuglavík áður fyrr," segir í örnefnaskrá.
Lendingin sést enn, hægt að komast þangað á fjöru.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Fuglavík MÞ, 1-2

1850-847: GK-053:015 hleðsla beðaslétta
Beðasléttur eru sýndar á örnefnakorti Fuglavíkur og sjást einnig á loftmynd. Þær eru hins vegar illgreinilegar á vettvangi og búið að slétta yfir þær.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-536: GK-053:016 tóft hesthús
Á túnakorti frá 1919 er útihús merkt um 170 m vestan bæjar 001, þetta var hesthús. Tóftin sést enn í grónu túni og er 8,4x6 m að stærð. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og op er í þá átt. Veggir eru 1-1,5 m á hæð og 1,7 m á breidd. Það sést í 2-3 umför af grjóti inni í tóftinni á norðausturskammhlið og við inngang, annars er hún gróin.




1850-536: Uppmæling af hesthúsinu.


1850-536: Hesthúsið, horft til norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-540: GK-053:017 garðlag túngarður
Á túnakorti frá 1919 sést þvergarður, innan heimatúnsins og liggur hann til vesturs frá Fjósakoti að túngarði (018) Fuglavíkurhverfis. Þvergarðurinn er enn varðveittur innan heimatúnsins auk lítils hluta túngarðsins. Hér eru þeir skráðir undir sama númeri og ljóst að einhverjar breytingar hafa orðið með



1850-540: Túngarðurinn, horft til ANA.



1850-540: Uppmæling af túngarðinum.

miklu landbroti vestast í túninu. Þvergarðurinn er varðveittur á um 80 m löngum kafla og myndar gleitt horn. Hann er 0,4-0,5 m á hæð, 1,5 m á breidd og 2-3 raðir sjást í grunninn. Það má sjá 1-2 umför af hleðslu í honum. Hinn eiginlegi túngarður hlykkjast norður-suður á 20 m löngum kafla. Hann er mikið hrunin, 0,4-0,6 m á hæð og 1 m á breidd. Ástandið er að öðru leyti eins.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-534: GK-053:018 garðlag túngarður
Túngarður er merktur á túnakorti frá 1919 og umlykur hann austur-, norður- og vesturhlið Fuglavíkurshverfis. Garðurinn skilur að land og sjó til norðurs og þar segir "[s]jógarður 1. m á hæð, kambur utan hærri." Op er fyrir sunnan á suðurhlið garðsins þar sem leið (025) þræðir í gegn. Túngarðurinn var skoðaður árið 2021 innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs ljósleiðara, austan við bæinn. Þar sést hann enn, milli tveggja malarvega. Fyrir neðan Fjósakotstún sunnanvert er húsarúst, sem kölluð er Hafliðahjallur [026] hefir hann verið þannig byggður, að dyr hafa snúið til sjávar, en túngarðurinn var austurgafl kofans," segir í örnefnaskrá.
Gróið tún. Víða eru hólar og lægðir í því.



1850-534: Uppmæling af túngarðinum og tröðum 535.


1850-534: Túngarðurinn, horft til austurs.

Túngarðurinn var rakinn á 50 m löngum kafla sunnan heimatúnsins og innan skráningarsvæðisins. Hann er 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hann er hruninn en greina má 1-2 umför á stöku stað.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Fuglavík MÞ, 2

1850-845: GK-053:021 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er steinhús merkt um 150 m norðan bæjar 001. Það er horfið af yfirborði vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-535: GK-053:024 garðlag traðir
Á túnakorti frá 1919 er leið merkt frá minjastað (012) og liggur í suðurátt að vör (017). Suðurpartur leiðarinnar er hlaðinn.
Traðirnar sjást sem tvöföld hleðsla eða garður. Hún er gerð úr stóru grjóti og víða er gróið yfir það. Niðurgröftur er í miðjunni sem bendir til þess að fyllt hafi verið upp í þær að hluta. Grasivaxið tún er beggja vegna garðsins. Traðirnar eru 4 m á breidd og raktar á 100 m löngum kafla, þær ná lengra til norðausturs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919


1850-535: Traðirnar, horft til norðausturs.

1850-851: GK-053:025_1 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið merkt frá bæ (001) og liggur í vesturátt að nausti (006) og endar þar. Bróðurpartur leiðarinnar var hlaðinn samkvæmt túnakortinu.
Leiðin er horfin af yfirborði vegna sléttunar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919


1850-542: Horft til suðausturs eftir veginum.

1850-542: GK-053:025_2 vegur leið
Hlaðinn vegur er skammt sunnan við leið 025_2, um yngri útgáfu þeirrar leiðar er að ræða. Hann var rakinn á 70 m löngum kafla, er 0,4-0,6 m á hæð og 4,5 m á breidd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-539: GK-053:026 *Hafliðahjallur* heimild hjallur
"Fyrir neðan Fjósakotstún sunnanvert er húsarúst, sem kölluð er Hafliðahjallur hefir hann verið þannig byggður, að dyr hafa snúið til sjávar, en túngarðurinn [027] var austurgafl kofans," segir í örnefnaskrá.
Þessi hjallur er horfinn vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Fuglavík MÞ, 2

1850-537: GK-053:028 *Hafliðavör* mannvirki lending
"Fyrir neðan Fjósakotstún sunnanvert er húsarúst, sem kölluð er Hafliðafjallur [026] [...]. Niður undan rúst þessari er svo nefnd Hafliðavör," segir í örnefnaskrá. Vör er merkt á vesturhluta túnakorts frá 1919, um Hafliðavör er að ræða.
Hafliðavör er illgreinileg og þakin þara.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Fuglavík MÞ, 2; Túnakort 1919

1850-538: GK-053:029 heimild rétt
"Ekkert þurfti að varast á þessari leið nema Fjósakotssteina, en það var haft að miði, að þegar Hamrakot [054:001], (syðsti og efsti bær í hverfinu, nú í eyði) skrapp norður úr fjárréttinni, sem stóð á kampinum," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1919 er rétt teiknuð rúmlega 180 m vestan bæjar 001. Réttin er áföst túngarði (018) og líklega er um sömu rétt að ræða.
Réttin er horfin vegna ágangs sjávar, þarna eru nú klappir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Fuglavík MÞ, 2; Túnakort 1919

1850-552: GK-053:030 *Fuglavíkurvör* mannvirki lending


1850-552: Fuglavíkurvör, horft til norðvesturs.

"[S]krapp norður úr fjárréttinni [029], sem stóð á kampinum, þá mátti beygja að vörinni. Vegna þess að fjörutangi liggur út með vörinni að norðan og beygist fyrir vörina fremst, verður vörin bogadregin; varð því að koma sunnan að vararmynninu og fara í boga upp að lendingunni. Vörin er gjörð af náttúrunnar hendi, ekki breið, sandbotn að framanverðu, en fremur smá möl ofar og hækkandi kampur allbrattur efst. Ekki var lá í Fuglavíkurvör, meðan Miðaftansklöpp var upp úr. Fleiri en eitt skip gekk oftast úr þeirri vör, og áttu bændur þar góð sjávarhús, timburskúra og byrgi [031]," segir í örnefnaskrá. Vör er merkt norðalega á túnakorti frá 1919. Þar segir: "Mór í


vörinni, með grænu svartlingi og lyktargróðri."
Vörin var við hlið bryggjunnar og sést hún enn með góðum vilja. Þar er þari og klappir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Fuglavík MÞ, 2; Túnakort 1919

1850-849: GK-053:031 þúst útihús
"En rétt fyrir aldamót var, af H. P. Duus í Keflavík, sett upp salthús í Fuglavík. Var hús þetta flutt innan frá Vogum og starfrækt meðan árabátaútgerð var í blóma á Miðnesi. En eftir að útgerð og verzlun var komin í Sandgerði og útgerð öll að breytast, þurfti ekki lengur á því að halda. Árið 1918 var húsið enn rifið og nú flutt á Seyðisfjörð við Ísafjarðardjúp. Annað hús var svo reist af heimamönnum á nokkru af grunninum," segir í örnefnaskrá. Þetta er yngra húsið, líklega gert eftir að hitt var rifið.
Þarna sést nú grjótþúst, 12,5x7 m að stærð. Ekkert er hægt að segja til um nánari lögun þessa mannvirkis.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Fuglavík MÞ, 2


1850-849: Horft til austurs yfir grjótið.

1850-848: GK-053:032 heimild skemma
"En rétt fyrir aldamót var, af H. P. Duus í Keflavík, sett upp salthús í Fuglavík. Var hús þetta flutt innan frá Vogum og starfrækt meðan árabátaútgerð var í blóma á Miðnesi. En eftir að útgerð og verzlun var komin í Sandgerði og útgerð öll að breytast, þurfti ekki lengur á því að halda. Árið 1918 var húsið enn rifið og nú flutt á Seyðisfjörð við Ísafjarðardjúp. Annað hús var svo reist af heimamönnum á nokkru af grunninum," segir í örnefnaskrá.
Engin ummerki þessa húss sjást á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Fuglavík MÞ, 3

1850-533: GK-053:037_2 *Vatnagarðar* garðlag túngarður
"Vatnagardur, önnur hjáleiga nú í auðn, hefur þó bygð verið fyrir 20 árum [...]. Meinar ábúandinnn hvöruga byggjast kunna nema sýnum baga fyrir grasmissir," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Vatnagarðar er dældin suður af vatninu. Þar hefur verið býli," segir í örnefnaskrá. Býlið er utan skráningarsvæðis en túngarðurinn er innan þess. Líklega er um vesturhluta túngarðsins að ræða en það mun þarfnast betri skoðunar verði svæðið skráð síðar.
Túngarðurinn var rakinn á um 150 m löngum kafla. Hann er L-laga, liggur til suðurs frá tjörninni og sveigir síðan til vesturs að sjó.



1850-533: Uppmæling af túngarðinum.


1850-533: Horft til austurs yfir garðlagið.

Hann er grjóthlaðinn, 0,2-0,3 m á hæð og 0,8 m á breidd. Sandur er víða komin að túngarðinun og ýkir umfang og hæð. Víða eru lágir hólar og æðavarp er þarna á sumrin.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Fuglavík AG, 1; JÁM III, 54

1850-843: GK-053:055 heimild skip
1678: “Varð skiptapi á Miðnesi í Fúluvík með 6 mönnum og 7. formaðurinn, hét Hallvarður Bjarnason,” segir í Mælifellsannál.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Annálar I, 550

1850-844: GK-053:057 *Blóthaus* örnefni
Örnefnið Blóthaus er merkt inn á örnefnakort Fuglavíkur. Ekki er vitað af hverju það er dregið en fær að njóta vafans og talið hér til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna landbrots


1850-532: GK-053:073 varða landmerki
Varða er líklega á merkjum Melabergs og Fuglavíkur. Hún er mosagróin, 0,6 m á hæð og 1,5 m á breidd. Það er vírgirðing til austurs og vesturs frá henni.
Hættumat: hætta, vegna uppblásturs


1850-532: Varðan, horft til vesturs.


1850-544: Túngarðurinn, horft til austurs.

1850-544: GK-053:074 garðlag túngarður
Á túnakorti frá 1919 sést þvergarður sem skilur á milli túna Fuglavíkur og Norðurkots. Hann er enn varðveittur innan skráningarsvæðisins og var rakin á 80 m löngum kafla. Hann er 0,4-0,6 m á hæð og 1 m á breidd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-551: GK-053:075 mannvirki bryggja



1850-551: Uppmæling af bryggjunni.


1850-551: Horft til norðvesturs eftir bryggjunni.

Bryggjan er steypt og járnspólpar sjást í henni. Hún er 16 m löng, 0,7-1,7 m á hæð og 3,5 m á breidd. Hún er ekki forn og tengist síðasta skeiði útgerðar á jörðinni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

GK-055 Bæjarsker

1686: 45 hdr., 100 ál., konungseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1695: 45 hdr., samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 122.
1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með hjáleigunum Sidstakoti, Midkoti (GK-058), Holkoti (GK-056), Barusgierde (GK-057), eyðihjáleigurnar Hialltakoti, Lambhúsi, Nordurkoti, Krossabrecku og Glæser auk tveggja ónefndra hjáleiga, segir í JÁM III, 55-58.
1847: 45 5/6 hdr., bændaeign, með hjáleigunum Hólkoti, Báruskeri og Norðurkoti, samkvæmt JJ, 87.
"Eyvindr [frændi Steinunnar gömlu] bjó nokkura vetr síðan í Heiðabæ ok fór síðan á Rosmhvalanes til Bæjarskerja [...]," segir í Landnámabók, ÍF I, 391.
Um 1270: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. "ok þar vr sionhending j hinn hæsta stein aa markskeri. Þadann eigv sydvr biasker j midiann eyktiar holm." DI II, 77. [Um 1270]: "Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekvr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn vij hlvt eiga biasker ok kirkiv niardvik halfan hvort." DI II, 78-79. [1367]: "lxvi. Kirkia hins heilaga Olafs kongs ad Byiaskerium a. etcetera. les wilchinsbok "; Hítardalsbók DI III 221
10.6.1370: "Og af ollum bæium sudur Þadan [frá Hvalsnesi] til Voga allar skylldur [til Hvalsness] vtan af Biaskerium oc Þeim tveimur kotum sem Þar fylgir jordunni. tekst Þar af heima tiund. af Hvalsnesi skal syngia til Biaskeria annan huern dag helgan." DI III, 256-257
1397: "Kirkia hins heilaga Olafs konungs ad Biaskerium [...]." DI IV, 105.
5.9.1444: Skúli Loptsson selur Hallsteini Höskuldssyni Þingnes í Borgarfirði fyrir 60 hdr. "hier j mot gaf nefndur hallzsteinn halfa iord er heiter biasker er stendr aa Rosthualanesi firir halfan fiorda tug hundratha [...]". DI IV, 658-659.
22.8.1488: Guðmundur Skúlason prestur selur Ólafi biskupi og heilagri Hólakirkju: "haalfa jord er heiter biaskier er liggur aa rosthualanesi j hualsnes kirkiv sokn fyrir fiorvtigi hvndrada [...]." DI VI, 637.
21.6.1489: "medkienning Sniolf(s) prests ad hann hafe luckt peninga fyrir Biaskier Gudmunde Skulasine." DI VI, 659. Sjá einnig bréf 22.07.1491, DI VI, 758.
[1490]: Dómur útnefndur af Diðrik Píning "aa biaskeria þingi". DI VI, 719.
10.4.1517: Ögmundur ábóti í Viðey selur Hannesi Eggertssyni Kirkjuból í Selárdal, Suðureyri og Tungu í Tálknafirði fyrir "[...] halfa Biaskier oc Þoristadi er liggia aa Hrosshvalanesi [...]." DI VIII, 608. Sjá einnig bréf 14.9.1517, DI VIII, 637 og bréf 7.7.1519, DI VIII, 699.
1525: Máldagi Hóladómkirkju. "(Þ)etta jarda gödz atti holakirkia j sama tima. [...] biasker half." DI IX, 301-302.
11.9.1539: Dómur tólf mann útnefndra "aa biaskerivm aa rosmhvalanesi." DI X, 474.
1547-1548: Fógetareikningar. "Jtem met Beerskeeriom v legekör. [...]." DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-1550, DI XII, 157; 1550, DI XII, 176; 1552, DI XII, 403.
1.9.1552: Skýrsla um jarðeignir sem Jón biskup seldi frá Hólastól. "Biasker half xxc." DI XII, 459-460. "Á Býjaskerjum [...], er það ekki full 46 hndr. með 5 hjále<i>gum (aðrar 5 höfðu einhvörn t(íma) áður fyrr verið byggðar). [...] Á fyrri dögum skyldu hafa verið margar hjáleigur fyrir utan þær, sem nú eru byggðar, sem nú sjást engin merki til, hvar staðið hafa" segir í sýslu og sóknalýsingum, 80, 97.
25.12.1550: Skrá um eignir Hóladómkirkju. "Hafa þessar jarder. sem hier epter skrifast. logast og j burttu sellst fra Holakirkiu aa medan biskup Jon hefur halldit kirkiuna. [...] Býasker half .xx. c." DI XI, 872. 1703: "[...] staðfestu þennan framburð og sönnuðu með eiði, eptir uppátekt Páls [Beyers] og tilnefnd sýslumanns, á Býjaskerja-, Kálfatjarnar- og Kópavogsþingum, 2 lögréttumenn." Vallaannáll, Annálar I, 451. 1919: "Stakkagerði, þ. búð eyðilög f. nák. 20 árum," segir á túnakorti. Þar eru einnig hjáleigurnar Hólahús og Syðstakot merktar sem og þurrabúðin Laufás.
Þurrabúðin Setberg, eyðibýlið Hábær og þrjú nýbýli, Vinaminni, Reynistaður og Sólbakki er nefnd í örnefnaskrá (Ö-Bæjarsker AG, 1-2).
Örnefnið Lögrétta er á jörðinni (Ö-Bæjarsker AG, 2).
Jarðarítök: Jörðin brúkar skóg til kolagerðar í almenningi. Að auki nýtir heimabóndinn grasnytjar af hjáleigunum Lambhúsi, Norðurkoti, Krossbrekku og tveimur ónefndum eyðihjáleigum, samkvæmt



Túnakort Bæjarskershverfis frá 1919. Skekkja er í kortinu en vesturhluti túnsins liggur skemmdum vegna mikils ágangs sjávar.

JÁM III, 55-58. “Meðan fjöruþang var eina eldsneytið, var Eyrin óþrjótandi náma og fengu margir aðrir en eigendur að njóta góðs af því, fyrir litla eða enga þóknun,” segir í örnefnaskrá (Ö-Bæjarsker MÞ, 2).
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Bæjarsker, tvö býli, ásamt Laufás, Syðstakoti, tveimur Miðkotum og Hólshúsum. ATH. Hefur ekki verið yfirfarið en er útprentað í möppu.
1919: “Túnin mestöll slétt og sléttuð[,] blettir aðeins hér og þar smáþýfðir.” Tún (Býjasker A), 2.6 hekt., garðar 1320 m2. Tún (Býjasker V), 2.6 hekt., garðar 1280 m2. Tún (Hólshús), 1.15 hekt., garðar 300 m2. Tún (Syðstakot), 1.4 hekt., garðar 1830 m2. Tún (Laufás), 0.33 hekt., garðar 400 m2. Öll torfan samtals 8.08 hekt., og garðar 5130 m2.
1703: “Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu valla nýtandi. Fjörugrasatekja nokkur. Hrognkelsafjara nokkur. Murukjarnar og söl er brúkaðar fyrir peníng [...] lendíng slæm, önnur langt frá í flæðiholma og þar fyrir mjög bæði hætt fyrir skip og erfið [...]. Tún gánga mjög af sjer fyrir sandi og sjáfarágángi. Engjar eru öngvar. Land graslítið, mestalt grjót og sandur. Flæðihætt mjög. Eldiviðartak ekkert nema af fjöruþángi. Vatnsból slæmt og þrýtur stundum,” segir í JÁM III, 55.
“Ofan við túnið er kúagerði ,” segir í örnefnaskrá AG. Þar kemur jafnframt fram að örnefnið Hesthúshóll sé á jörðinni (Ö-Bæjarsker AG, 2). “Sölvatangi. Langt rif, sem er milli sundanna. Sölvatekja,” segir í örnefnaskrá MÞ (Ö-Bæjarsker MÞ, 3).
“Á milli Sáðgerðir og Bæjarskerja átti að hafa verið svo mikill stör, að fénaður, sem þar var á beit, sást ekki. Nú er þar sandur ein og sjávarrót.

1850-558: GK-055:002 heimild hálfkirkja
BÝJARSKER Á ROSMHVALNESI (G) -Ólafi – HÁLFKIRKJA (HVALNESÞING)
[1367]: “lxvi. Kirkia hins heilaga Olafs kongs ad Byiaskerium a. etcetera. les wilchinsbok “; Hítardalsbók DI III 221
10.6.1370: “Og af ollum bæium sudur Þadan [frá Hvalsnesi] til Voga allar skylldur [til Hvalsness] vtan af Biaskerium oc Þeim tveimur kotum sem Þar fylgir jordunni. tekst Þar af heima tiund. af Hvalsnesi skal syngia til Biaskeria annan huern dag helgan “; Vmáld DI III 256-257.
1397: “portio Ecclesiæ olukt so langann tijma sem Andres bio vij hundrud. Jtem Þar til sem Andries bondi andadist fra Þui sem reiknad var xvjc. enn sijdann halftt sietta hunndrad oc v aurar. er nv oreiknad Þat sem hann hefr tillagt kirkiu “; Máld DI IV 105
1547-48: “iiij kyrckequeld “ – Fógetareikningar DI XII, 116, sbr. 1548-49, DI XII, 142, , sbr. 1549-50, DI XII, 157, sbr. 1550, DI XII, 176.
{1598: hálfkirkja AM 263 fol. bl. 61}
1839: “Á Býjaskerjum (fyrr Bæjarskerjum) var áður kirkja, sem um er getið í Vilchins-máldaga, og kennd við Ólaf kóng helga; er haldið að hún hafi staðið á svo nefndum Kirkjukletti, og höfðu ekki sótt þangað annars staðar frá en úr því hverfi. “ SSGK, 165 sbr. 18
“Nú sér engin merki þessarar kirkju, og engin munnmæli eru um, hvar hún hafi staðið. Ekki sjást heldur neinar rústir frá fyrri tíð, sem neitt eftirtektarvert sé við,” segir MG.


1850-558: Kirkjuklettur, horft til vesturs.

Á túnakorti frá 1919 er Kirkjuklettur teiknaður vestan bæjar 001. Frá fjárrétt (017) og klettsins er 40 metrar samkvæmt túnakortinu.
“Kirkjuklettur, þar er talið að bænhúsið hafi staðið, fremur lágur, grasi vaxinn kletthöfði, laus neðan við túnið og norðan við vörina,” segir í örnefnaskrá.
Katrín Gunnarsdóttir skráði Kirkjuklett árið 2008: “Neðan undan Bæjarskeri niður að sjó er grasivaxinn klettur sem skagar út í sjóinn í stórgrýttri fjörunni. Gönguleið er út í klettinn. [...] Kirkjuklettur er grasivaxinn að hluta og stallaður. Efri hlutinn er um 3x10 m, en neðri hlutinn um 3 x 10-12 m. Í efri hlutanum á vesturhlið má sjá nokkra lausa steina sem koma undan grasinu. Ætla má að þarna geti verið um að ræða hleðslur sem væru undir sverðinum.”
Engin ummerki kirkjunnar sjást á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: DI III 221, 256-257; DI IV 105; DI XII, 116, sbr. 1548-49, DI XII, 142, , sbr. 1549-50,




1850-564: Garðurinn, horft til norðurs.

DI XII, 157, sbr. 1550, DI XII, 176; AM 263 fol. bl. 61; SSGK, 165; Magnús Grímsson 1940, 249; Túnakorti 1919; Ö-Bæjarsker MÞ, 1; Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 21

1850-564: GK-055:017 garðlag vörslugarður Túngarður sést suðvestarlega við heimatúnið, líklega er um eldri túngarð en þann sem sést á túnakorti frá 1919 að ræða. Ekki er víst að þetta sé sami „gamli“ túngarður 024_2, en það er þó líklegt. Engin tengsl sjást á milli þeirra á yfirborði og þessi túngarður virðist tengjast búskap á Miðkoti frekar. Það má sjá 2-3 umför af grjóti í garðinum en hann er algróinn „innan“ túnsins og að ofan.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-554: GK-055:018 tóft kálgarður



1850-554: Uppmæling af kálgarðinum og nálægum minjum.

Á túnakorti frá 1919 er kálgarður merktur um 120 m vestan bæjar 001. Vesturhlið garðsins er upp við túngarð (024). Katrín Gunnarsdóttir skráði matjurtagarð á Bæjarskeri árið 2008: “Matjurtagarðurinn er um 260 m í vestur frá bæjarstæði Bæjarskers. Niður við túngarðinn sem er suður-norður eftir landi Bæjarskers niður við sjávarkambinn. [...] Hleðslur matjurtagarðsins eru grasivaxnar, austur[vestur]hlið garðsins er túngarðurinn sem liggur norður-suður, en út frá honum eru hleðslur garðsins.” Þessi kálgarður er innan heimatúnsins, vestan við túngarð 024. Hann hefur verið stækkaður mikið til suðurs eftir að túnakortið var gert, hann er nú 42x18 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Nyrðra hólfið er túngarðurinn líkt og hann var 1919. Veggir eru 0,3-0,5 m á hæð og 0,7 m á breidd. Svæðið innan kálgarðsins er grasigróið, suðausturhlutinn er utan núverandi girðingar og hefur verið sléttaður að hluta. Þó sést móta fyrir veggnum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir, 26



1850-554: Kálgarðurinn, horft til SSA.




1850-559: Lendingin, horft til suðvesturs.

1850-559: GK-055:019 mannvirki lending
Á túnakorti er vör merkt vestan bæjar 001. Líklega er ekki um Bæjarskersvör að ræða, hún er norðan við Kirkjuklett.
Þessi vör er illgreinileg vegna ágangs sjávar en þó mótar fyrir ruddu svæði. Mikið af grjóti hefur kastast í hana og fyllir hana nánast.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-556: GK-055:020 tóft verkhús
Á túnakorti frá 1919 er fiskihús merkt vestan bæjar 001. Húsin eru á grýttum rana á leið út í landfasta hólmann Kirkjuklett. Ekki er langt uns þessi hús hverfa þegar sjór brýtur sér leið þarna yfir.
Tóftin er 15x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru 0,2-1,3 m á hæð og 1,3 m á breidd. Mikið er brotið af húsunum, norðaustasta hólfið er við það að hverfa. Steypt hefur verið inn í hleðslur til að viðhalda þeim en ekki er ljóst hversu mörg hólf voru hér. Nú eru þau 2-3 talsins. Veggir eru


1850-556: Eitt hólf tóftarinnar, horft til suðvesturs.



1850-556: Uppmæling af tóftum 556 og 557.

teknir að hrynja víða. Ekki er ljóst hver tengslin við verbúð 034 (557) eru, mögulega voru þessi hús sambyggð.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-560: GK-055:021 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið teiknuð sem liggur frá bæ 001 í suðvesturátt í átt að minjastað (019) og endar sennilega þar. Katrín Gunnarsdóttir skráði minjar á Bæjarskeri árið 2008: "Samkvæmt túnakorti frá 1919 má sjá götuslóða sem legið hefur yfir túnið niður að vörinni [...]. Nú sést ekki móta fyrir þessum slóðum."
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 7

1850-841: GK-055:022 heimild lending
Á örnefnakorti Ómars Smára Ármannssonar og birt er á heimasíðunni ferlir.is er sýnd vör vestan við Hólskot, við tóft sem þar er.
Engin ummerki um lendingu sjást á þessu svæði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: https://ferlir.is/baejarsker/

1850-464:GK-055:024_1 garðlag túngarður
Á túnakorti frá 1919 er túngarður teiknaður sem umlykur Bæjaskershverfi ef frá er talið suðurhlið þess. Op er á túngarðinum norðaustarlega þar sem leið (027) þræðir þar í gegn. "Sandur með lélegum görðum," segir á túnakorti frá 1919 vestan bæjar 001. "Tætlur og sandur við garð," segir á vesturhluta túnakorts frá 1919.




1850-464: Túngarðurinn, horft til norðvesturs.

Katrín Gunnarsdóttir skráði túngarð á Bæjarskeri árið 2008: A. "Garðurinn er um 460 m frá bæjarstæði Bæjarskeri [sic] í austur eftir götustlóðanum. Þar liggur hann til suðurs eftir túnjaðrinum fyrir ofan tóftirnar sem eru austast í túni frá bæjarstæðinu. Garðurinn er í smásveigum í landinu og liggur að landamerkjum Hólshúss í suður. Þessi sami garður liggur síðan norðan við götuslóðann að Bæjarskeri, liggur á óbyggðu svæði fyrir vestan Stafnesveg vestan við húsin nr. 24-28, og er á landamerkjum Bárugerðis og Bæjarskers. [...] Garðurinn er grjóhlaðinn [sic] og liggur í smásveigum í landinu."
B. "Túngarðurinn liggur norður-suður eftir túnjaðrinum, sem liggur að sjávarkambinum fyrir neðan og vestan bæjarstæði Bæjarskers.



1850-464: Uppmæling af suðurhluta túngarðsins.



1850-464: Uppmæling af norðurhluta túngarðsins.

Hann liggur eftir túnstæðinu meðfram landinu sem tilheyrir Bæjarskeri. [...] Garðurinn er grjóthlaðinn og grasivaxinn að ofan og nokkuð á hliðum. Í garðinn hafa verið settir tréstaurar og gaddavír."
Túngarðurinn umlykur allt hverfið og sést til allra átta. Vesturhlutinn er innan skráningarsvæðisins og ljóst að sú hlið liggur undir miklum ágangi sjávar. Hann sést þó enn víða, er grjóthlaðinn og hér og þar eru komnir garðstubbar (024_3) utan hans, líklega til styrkingar. Hann er horfinn undir sjóvarnargarð að hluta. Í túngarðinum sjást 1-6 umför af grjóti en til norðurs sést hann sem kantur. Hér og þar eru op í átt til sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 17-18, 27



1850-479: Túngarðurinn sést sem grænn kantur í sléttu túni.




1850-553: Horft til suðurs, yfir túngarðinn.

1850-479: GK-055:024_2 garðlag túngarður
Eldri túngarður umhverfis heimatún Bæjarskershverfis sést austan við yngri túngarðinn, þ.e. innan heimatúnins. Hann sést ekki á neinum kortum og virðist ekki hafa verið skráður áður. Hann sést sem gróinn hryggur í túninu, allt að 5 m breiður. Hryggurinn er brattur á köflum til vesturs. Á einhverjum tímapunkti hefur verið sléttað yfir túngarðinn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-553: GK-055:024_3 garðlag túngarður
Viðgerð eða styrking á túngarðinum sést vestan við bæ 001, við sjóinn. Styrkingin er grjóthlaðin, 0,2-0,3 m á breidd og 0,8 m á hæð. Garðurinn er hlaðinn undir girðingu, enn eru nokkrir viðarstaurar á því.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-476: GK-055:026 tóft verkhús
Á túnakort er vör og byrgi merkt suðaustan bæjar 001. Hér er verið að skrá fiskihúsin/byrgið. Húsið er við fjörubrún, vesturhluti þess er að brotna í sjó. Þar sést m.a. steypt gólf, hvalbein o.f.l. mannvistarlög. Veggurinn er hlaðinn, 2-3 umför af grjóti sjást þar. Til suðurs eru steyptar þrær.


1850-476: Horft til austurs, að rofinu.



1850-476: Uppmæling af tóftinni.


Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

180-838: GK-055:028 heimild skip
“Á tíma seglskipanna, einkum meðan mest var af frönskum skonnortum, svo að telja mátti um og yfir hundrað daglega í Stafnesdjúpi, strönduðu þau oft við Miðnes, þegar útsynningarnir dundu á með brimi og myrkri. Eyrin, lág en föst fyrir, teygði anga sinn um eina sjómílu út, hún var því sem eins konar gildra fyrir skipin, enda strandaði fjöldi þeirra á Eyrinni,” segir í örnefnalýsingu.
1840: “Í september strandaði á útsiglingu við Býaskerseyri, kaupfar tilheyrandi Brynjólfi Bogasyni, kaupmanni. Var það hlaðið fiski og lýsi. Menn komust af,” segir í Suðurnesjaannál, Rauðskinnu VII-VIII.
“1894. 26. apríl Saltskipið Fransisca strandar á Bæjarskerseyri. [...] 1902 15. apríl Línuveiðarinn Africa strandar á Bæjarskerseyri. [...] 1907 6. jan b.v. Venture strandar á Bæjarskerseyri. [...] Galeas Francisca, hollenskt skip, strandaði fremst á Bæjarskerseyri “á mjög vondum stað” og brotnaði auk þess mjög á strandstað. Það var á leið með saltfarm handa Kaupfélagi Rosmhvalaness frá Zöllner kaupmanni í Newcastle. Áhöfninni var bjargað um borð í fiskiskútuna Margréti frá Reykjavík. Magnúsi J. Bergmann þótti þetta “aumasta strand” sem hann hefði að komið, “enginn farmur og enginn kostur.” Ekki var öðru komið í verð en möstrum og köðlum. Enda kom strandið út með halla. [...] Í apríl 1902 strandaði línuveiðarinn Africa frá Grimsby á Bæjarskerseyri hlaðinn ísaðri lúðu. Auk þess var yfirleitt í þessum skipum umtalsvert af kolum. Skipið stóð ekki illa en ekki tókst að ná því út. [...] Tveir togarar strönduðu síðan í sömu vikunni í byrjun árs 1907. Fyrst strandaði togarinn Venture frá Hull á Bæjarskerseyri, nýlegt skip og vel vandað, með um 32000 af þorski auk 90 tonna af kolum

og veiðarfæra. Skipið strandaði í aftakaveðri sem eigi slotaði dögum saman svo að ekki varð komist út í skipið. [...] Bæði skipin brotnuðu illa og fyllti vélarúm og lestir af sjó. [...] Gekk lengi að ganga frá þessu strandi,» segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.
Eyrin er sunnan við Sanderðisvik.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker MÞ, 2; Rauðskinna VII-VIII, 76; Ásgeir Ásgeirsson, 201, 203-205

1805-835: GK-055:029 mannvirki bræðsluhús
"Borgarklettur. Það er stór og hár kletthöfði, dálítið lengri til austurs og vesturs. Þar hefir staðið neðra ljósmerkið [067] (grænt) á Álnum á Sandgerðisvík, og þar hafði Óskar Halldórsson lifrarbræðslu 1918," segir í örnefnaskrá.
Skrásetjarar komust ekki í Borgarklett, þetta er nú hólmi nokkuð frá landi. Þar eru enn tóftir en ekki er vitað hvaða mannvirki þær bera vitni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker MÞ, 3

1850-834: GK-055:030 tóft verbúð
"Búðin. Þar var toppmyndaður grashóll til 1914, að þar var byggð verbúð. Var í húsinu beitningar- og söltunarrými niðri, en íbúðir fyrir tvær skipshafnir uppi. Steypt var þar aðgerðarplan, og fleira lagað til hagræðis. Ekki var þetta notað nema 4 ár; það þótti óhentugt vegna fjarlægðar frá íshúsi og svo féll sjór milli á hverju flóði, en vatn varð að sækja heim að Bæjarskerjum," segir í örnefnaskrá.
Skrásetjarar komust ekki í Búðarklett, það er nú hólmi nokkuð frá landi. Þar eru enn tóftir en ekki er vitað hvaða mannvirkjum þær tilheyrðu.



1850-834: Minjar í Borgarkletti og Búðarkletti voru staðsettar af loftmynd.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker MÞ, 3

1850-480:GK-055:031 *Eyktarhólmi* heimild samgöngubót
"Hið syðra sund er Hólsund, Keilir um vörðubrot á Eyktarhólma, það er sunnan við Skjólboða, en norðan við Stóra-Skjálfanda," segir í örnefnaskrá.
Varðan á Eyktarhólma er horfin.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker MÞ, 4

1850-840: GK-055:032 *Bæjarskersvör* mannvirki lending
"Róið var svo sjónhending yfir Álinn, laust við landbrimið, upp að lendingunni á Bæjarskerjum, sunnan við Stóra-Gvendarsker, en norðan við Guðnastein [...]. sem einhvern tíma hefir verið rudd gegnum fjöruna. Vörin er nokkuð löng, en svo mjó framan til, að varla er árafrítt milli barma; skarpur hlykkur er á vörinni, þar sem Hvalsneskirkju [002] ber í skarðið á Eyktarhólma [031] [...]. Vörin var óþægileg að því leyti, að fastagrjót er í botni hennar, hallfleytt til suðurs, og var örðug setning skipanna, sem varla tolldu á hlunnum vegna halla og ósléttu. Lá er mikil í Bæjarskersvör í brimi, þegar fallið er yfir fjöruna eða vararbarmana" segir í örnefnaskrá.
Katrín Gunnarsdóttir skráði Bæjarskersvör árið 2008: "Frá bæjarhól Bæjarskers niður fyrir túngarðinn, sem er við sjávarkambinn, norðan við kirkjuklett. [...] Á fjöru má sjá all greinilega rennu að ströndinni

sem bátarnir hafa farið eftir að landi. Á flóði hefur verið tekið mið í landinu til að finna réttu leiðina eftir rennunni."
Bæjarskersvör er illgreinileg en sést þó enn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker MÞ, 5; Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 24-25

1850-561: GK-055:033_1 mannvirki samgöngubót
"Innan við Gvendarsker var vikið til suðurs og nötrað sig á vararmerkin, en það voru tveir tréstólpar með þríhyrning uppi á túnbakkanum, með fárra faðma milli bili. Voru merkin aðeins fyrir vörina sjálfa [032], sem einhvern tíma hefir verið rudd gegnum fjöruna," segir í örnefnaskrá.
Tveir girðingarstaurar eru við fjöruna, rétt vestan girðingar þar sem nýr sjóvarnargarður byrjar. Hér er verið að skrá nyrðri staurinn. U.þ.b. 7 m eru á milli stauranna en enginn þríhyrningur er lengur á þeim.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker MÞ, 5


1850-561 og 839: Staurarnir eru utan við girðinguna, nær sjónum. Horft er til suðurs.

1850-839: GK-055:033_2 heimild samgöngubót
Tveir girðingarstaurar eru við fjöruna, rétt vestan girðingar þar sem nýr sjóvarnargarður byrjar. Hér er verið að skrá nyrðri staurinn. U.þ.b. 7 m eru á milli stauranna en enginn þríhyrningur er lengur á þeim.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

1850-557: GK-055:034 tóft sjóbúð
"Fiskinn varð að bera upp á skiptivöll, en það er slétt klöpp sunnan undir Kirkjukletti [002]. Sjávarhúsin stóðu þar ofan við á hærri stað. Sér enn fyrir háum hlöðnum grundvelli, þar sem stóðu fjórir timburskúrar, hver fast við annan, svo að þeir mynduðu allir saman einn stóran ferhyrning. Tveir þeir fremri sneru dyrum til sjávar, en á þeim efri sneri annar dyrum að suðri, en hinn til norðurs; og fleiri voru þar sjávarhús," segir í örnefnaskrá.
"Við sjóinn neðan við Bæjarsker við Sandgerði er klettarhöfði. Nefnist hann Kirkjuklettur. Höfðinn er gróinn í kollinn, en sjórin hefur smám saman verið að fletta ofan af honum. Undir má sjá móta fyrir hleðslum. Skammt ofan við höfðann eru allheilar leifar hlaðinna sjóbúða," segir á Ferlir.is.


1850-557: Horft til vesturs yfir tóftirnar.

Katrín Gunnarsdóttir skráði sjóbúðir á Bæjarskeri árið 2008: A. "Um 190 m í vestur frá bæjarstæði Bæjarskers, rétt ofan og norðan við Kirkjuklett, niður við sjávarkambinn. [...] Tóftin er grjóthlaðin [...]. Tóftin er opin til suðausturs. Hleðsluveggir tófarinnar [sic] við endavegg hafa hrunið á norðausturhlið, en eru heillegir á suðvesturhlið. B. "Um 190 m í vestur frá bæjarstæði Bæjarskers. Hleðslan liggur út af tóft [A] í suður. Lega garðsins er í austur-vestur og sveigir til suður eftir sjávarkambinum. Hún er um 8-10 m löng. [...] Af sjóbúðinni stendur aðeins eftir hleðsluveggur, sem er að hluta til hlaðinn inn í sjávarkambinn eins og hann er núna. Hleðsluvegurinn [sic] er grasivaxinn að ofan, hleðsluhæð um 1 m þar sem hann er hæstur, en lækkar niður, eftir því sem hleðslurnar hafa haldið sér. Rétt framan við, sunnan og vestan við þessa sjóbúð, hefur verið Skiptivöllur á klettunum sem þarna eru. C. "Frá Kirkjukletti niður smá halla í austur. [...] Grasi vaxin grjóthleðsla, L-laga. Lengri armurinn sem er í austur vestur er um 9 m, og norður-suður armurinn er um 5 m langur, grjóthlaðinn. [...] grasivaxinn að ofan. [...] Líkur eru á

því að hleðslan sé hluti af sjóbúðinni nr. 174."
Þessi tóft er vestan við verkhús 020. Mjög lítið land er hér eftir og mikið af grjóti sem kastast upp frá sjónum fer hér yfir. Tóftin skiptist líklega í tö hólf en miðjuveggurinn er einungis eftir og hleðslur út frá honum. Þessi tóft er greinilega eldri en tóft 020, mikið af fiskibeinum sjást í torfi ofan á veggjunum sem og innan þeirra. Veggir eru 0,3-1,1 m á hæð og 1,5 m breidd. Enn má sjá gróður í hluta þeirra.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker MÞ, 5; www.ferlir.is/?id=12394; Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 22-24

1850-555: GK-055:035 tóft rétt
"Skipin stóðu á sandinum fyrir neðan túnbakkann í góðviðri, þegar í róðrum stóð, en ef hætta var á flóðhæð, voru skipin sett upp í gamla fjárrétt, sem var hálfgrafin inn í bakkann. Enn sést móta fyrir rétt þessari, en nú er hún nærri full orðin af alls konar aðfoki og gras gróið yfir. Þetta eru einu minnjarnar um útgerð á þessum stað, og svo gamla vörin [032], sem er eins og sár á fjörunni," segir í örnefnaskrá. Katrín Gunnarsdóttir skráði Bátarétt á Bæjarskeri árið 2008: "Um 150 m í vestur frá bæjarstæði Bæjarskers, eftir túninu niður að sjávarkambinum. Vestan við upphlaðinn túngarð með girðingu, inn að túninu. [...] Hleðslugarðurinn er í hálfhring, grjóthlaðinn og grasivaxinn [...]."Á túnakorti frá 1919 er rétt teiknuð liðlega 160 m vestan bæjar 001. Réttin er upp við túngarð (024), utan heimatúns. Hún er mjög nálægt sjávarbakka.


1850-555: Réttin, horft til suðurs.

Réttin er frekar gróin og hefur safnast mikill jarðvegur innan hennar. Vestur helmingur er illa farinn en sést þó enn. Veggir eru 0,2-1,2 m á hæð og 1,3 m á breidd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker MÞ, 5; Katrín Gunnarsdóttir 2008a, 25; Túnakort 1919

1850-562: GK-055:036 heimild hundaskýli
"Við Kirkjuklett [002] hefir nýlega verið hlaðinn steinkofi. Það er heilsuverndarstöð hundanna á Miðnesi," segir í örnefnaskrá.
Líklega hluti af sjóhúsum 020, þ.e. hluti þeirra var hlaðinn upp. Eins gæti hundaskýlið verið horfið. Ekki var hægt að hnitsetja skýlið án frekari upplýsinga.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker MÞ, 5

1850-475: GK-055:065 heimild lending
Á túnakorti frá 1919 er vör og byrgi merkt suðaustan bæjar 001.
Engin ummerki lendingarinnar sjást lengur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-836: GK-055:067 heimild samgöngubót
"Borgarklettur. Það er stór og hár kletthöfði, dálítið lengri til austurs og vesturs. Þar hefir staðið neðra ljósmerkið (grænt) á Álnum á Sandgerðisvík, og þar hafði Óskar Halldórsson lifrarbræðslu 1918 [029]," segir í örnefnaskrá.
Mannvirki sjást enn í Borgarkletti en skrásetjarar komust ekki þangað í þetta sinn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker MÞ, 3

1850-829: GK-055:074 heimild lending
Á grein Brynjúlfs Jónssonar og birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903 segir: „Þá var uppsátrið [149] flutt upp í hólma þann, sem nú er næstur fyrir innan Músarsund og heitir Búðarklettur. Hann er allhár og grasi vaxinn. Sjást á honum tóftir [030] eftir sjómannabúðir. Þar vottar og fyrir

nausti [076], og hefir verið klappaður róðukross [078] á stein, sem þar hefir verið, að því virðist, staðið undir skipshæl í naustinu. Þá var hólminn landfastur. En svo braust sjór í kringum hann og settu menn þá steina [079] í sundið til að stikla á. Er þeir þar enn, og svo stórir, að margir hafa orðið að hjálpast að því að koma þeim fyrir.“
Líklega var lendingin norðvestarlega í Búðakletti, þar er U-laga vík og á loftmynd sér ójóst móta fyrir rennu. Skrásetjarar komust ekki í Búðarklett og ástand lendingarinnar ekki metið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Brynjúlfur Jónsson, 1903, 38.

1850-831: GK-055:076 heimild naust
“Var áður útræði í Sverriseyri [077] og vergögn í Búðareyri [Búðarklett], sem nú sjást engin merki til,”
Skrásetjarar komust ekki í Búðaklett og varðveisla naustsins er því ókunn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Bæjarsker AG, 4

1850-832: GK-055:077 *Sverriseyri* heimild verbúð
“Var áður útræði í Sverriseyri og vergögn [076] í Búðareyri, sem nú sjást engin merki til,” segir í sýslu og sóknalýsingum.
“Utan við Skollakletta heitir Kjalfari. Er sagt, að það nafn sé frá því útræði var þar,” segir í örnefnaskrá.
“Norðan megin við Munkasetur er annað rif, eða há gróteyri, sem heitir Sverriseyri. Þar á milli er lág fjara. Þar heitir við eyrina Sverriseyrarvik. Þar er lendingarstaður góður ef uppi við landsteina væri. Enda var þar fyrrum útræði mikið og gengu þaðan konungsskip. Má geta nærri að þá var alt út þangað þurlendi. Sem dæmi þess, hve langt muni síðan, var mér sagt, að faðir Sighvats bónda á Býjarskerjum, föður Jóns stúdents, er þar bjó siðan og lifði framundir 1850, hefði talað við kerlingu, sem á yngri árum sínum var soðningarkona hjá sjómönnum á Sverriseyri. Eftir því hefði útræðið á Sverriseyri átt að haldast framundir aldamótin 1700. [...] Fyrir innan Sverriseyri og Munkasetur heitir nú Músarsund. Það hefir sjávargangur grafið og um leið jafnað yfir Munkasetur og Sverriseyri,” segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
“Sverriseyri er sunnan við Skollakletta. Þar voru konungsskipin og höfðu uppsátur í Búðinni. Jón segir eftir föður sínum, Jóni Oddssyni á Bæjarskerjum (Býjaskerjum), að í klöppum þar hafi á hans yngri dögum sézt kjalförin í klappirnar,” segir í örnefnaskrá.
Sverriseyri er nánast komin undir sjó og skrásetjarar komust ekki á staðinn.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: SSGK, 80; Árbók 1903, 37-38; Ö-Bæjarsker Aths., 1;

1850-830: GK-055:078 heimild kennimark
“Fyrir innan Sverriseyri og Munkasetur heitir nú Músarsund. Það hefir sjávargangur grafið og um leið jafnað yfir Munkasetur og Sverriseyri. Þá var uppsátrið [...] flutt upp i hólma þann sem nú er næstur fyrir innan Músarsund og heitir Búðaklettur. Hann er allhár og grasi vaxinn. Sjást á honum tóftir eftir sjómannabúðir [030]. Þar vottar og fyrir nausti [076], og hefir verið klappaður róðukross á stein, sem þar hefir, að því er virðist, staðið undir skipshæl í naustinu. Þá var hólminn landfastur,” segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Skrásetjarar komust ekki í hólmann og sáum ekki áletrunina. Ástand hennar er ómetið en liggur á efa undir miklum ágangi sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 38

1850-833: GK-055:079 heimild samgöngubót
“Þá var hólminn [Búðaklettur] landfastur. En svo brauzt sjór kringum hann og settu menn þá steina i sundið til að stikla á. Eru þeir þar enn, og svo stórir, að margir hafa orðið að hjálpast að því, að koma þeim fyrir,” segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Skrásetjarar komust ekki í hólmann en líklega eru þessir steinar komnir undir sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 38

1850-837: GK-055:080 heimild herslugarður
“Á öðrum kletti, sem næstur er Búðakletti. höfðu sjómenn fiskigarða, til að þurka fiskinn á. Hann

heitir Borgarklettur. Svo kom, að hann varð einnig umflotinn. Lagðist þá af útræði frá Búðakletti. Standa báðir klettarnir nú sem hólmar og sjást fiskigarðarnir á Borgarkletti," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Skrásetjarar komust ekki í hólmann og ástand herslugarðanna er ómetið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 38

1850-828: GK-055:081 *Munkasetur* heimild híbýli
"Þá liggur Krókasund gegnum eyrina. Fyrir innan það er hátt rif, sem heitir Munkasetur. Er sagt að það hafi eigi einasta verið þurlendi fyrrum, heldur hafi þar verið bygð og nokkurskonar klaustur. Ýmsar sagnir hafa gengið um »munkana«, sem héldu sig í Munkasetri og hafa þær ruglast saman við »Junkara«-sagnirnar í Grindavík og Höfnum. (Sjá Huld 1892). [...] Fyrir innan Sverriseyri og Munkasetur heitir nú Músarsund. Það hefir sjávargangur grafið og um leið jafnað yfir Munkasetur og Sverriseyri," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Skrásetjarar komust ekki í hólmann sem er nánast komin undir sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 37-38

1850-670: GK-055:082 *Presthús* heimild býli
"Prestshús nefna máldagar, er virðist hafa átt reka »fyrir sunnan akurlönd Sandgerðinga«. Milli Sandgerðis og Býjarskerja er sandvik við sjóinn, — mun vera sama sem »vík Uppsælinga« í máldögum — og gengur þaðan talsverður uppblástur. Þar sér i sandinum fyrir ferhyrndri girðingu nál. 30 fðm. á hvern veg, og sér til rústa i suðvesturhorninu. Má sjá að tóftir hafa verið 3, hver af enda annarar. Sést og að brunnur hefir verið sunnanvið girðinguna. Þetta ætlar séra Sigurður að hafi verið Prestshús, og að prestur sá, er þjónaði kirkju á Býjarskerjum, hafi haft það býli sér til uppeldis," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Þessar tóftir eru týndar en líklegt er að þær hafi verið innan skráningarsvæðis. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja Presthús.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 37

1850-827: GK-055:085 *Lambhús* heimild býli
"Lambhús, gömul hjáleiga, hefur í v [fimm] ár legið í eyði [...]. Þessa hjáleigu segir heimabóndinn aftur byggja muni, þó grasnautn sje lítil, og leggja so mikið til að þar megi fóðrast i kýr. Þó segir hann þetta kunni ei að vara, hvað lítið sem hjer eftir spillir sjór eður sandur heimatúninu framar en nú er," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
Ekki er vitað hvar Lambhús voru staðsett, líklega er hjáleigan horfin í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 57

1850-826: GK-055:087 *Glæsir* heimild býli
"Glæser, gömul hjáleiga nú auðn, hefur í eyði legið í lxxx [80] ár, kann ekki að byggjast, því sjór hefur tún allt af brotið og með sandi yfirfallið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
Ekki er vitað hvar býlið Glæsir var staðsett, líklega er það horfið í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 57

1850-824: GK-055:088 heimild býli
"Tvær hjáleigur hafa hjer að auk til forna verið, nú báðar í auðn um lángan aldur, sem menn ekki til muna, alleina sjást þar eftir tóftaleifarnar, en nafn á hjáleigunum, vita menn ekki. Túnin, sem fylgt hafa, hefur heimabóndinn orðið að leggja til sinnar nauðsynjar í staðinn þess, er sjórinn hefur af heimatúninu brotið og fyrir þessa orsök er ómögulegt að þessar hjáleigur byggjast megi aftur nema með heimajarðarinnar fordjörfum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
Ekki er vitað hvar býlið var staðsett, líklega er það horfið í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 57

1850-825: GK-055:089 heimild býli
“Tvær hjáleigur hafa hjer að auk til forna verið, nú báðar í auðn um lángan aldur, sem menn ekki til muna, alleina sjást þar eftir tóftaleifarnar, en nafn á hjáleigunum, vita menn ekki. Túnin, sem fylgt hafa, hefur heimabóndinn orðið að leggja til sinnar nauðsynjar í staðinn þess, er sjórinn hefur af heimatúninu brotið og fyrir þessa orsök er ómögulegt að þessar hjáleigur byggjast megi aftur nema með heimajarðarinnar fordjörfum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
Ekki er vitað hvar býlið var staðsett, líklega er það horfið í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 57

1850-822: GK-055:092 *Graseyri* heimild býli
“Graseyri (48). Sagnir eru um býli þar,” segir í örnefnaskrá. „Ein slík spilda er yzti oddi eyrarinnar. Heitir þar Graseyri, því hún var öll grasi vaxin fram yfir miðja 19. öld. Um 1870 var aðeins og lítil torfa eftir, svo sem 10-12 faðmar, en 1877 var hún alveg horfin og eyrin ber eftir um fjöru. Svo sagði mér kunnugur maður.“ segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
Graseyri er komin undir sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 37; Ö-Bæjarsker MÞ, 3

1850-823: GK-055:093 heimild skip
1876: “4. apríl, þriðjudag fyrir Pálmasunnudag, fórst fiskiskúta á Bólutanga á Býjaskerjum. Komust menn af. [...] Var skip þetta stórt og vel vandað. Var uppboð haldið á skipsskrokkum og tilheyrandi, og komst allt í mjög hátt verð, nema skipið sjálft,” segir í Suðurnesjaannál, Rauðskinnu VII-VIII.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna VII-VIII, 120

1850-563: GK-055:118 garðlag vörslugarður
Katrín Gunnarsdóttir skráði hleðslu á Bæjarskeri árið 2007: “Við suðvesturodda skipulagssvæðisins. Niður við sjávarmálið að vestan. [...] Bogadregið rými sem er afmarkað með stórum steinum sem liggja í landinu. Steinaröðin er um 12-13 m löng á móti suðri.”


1850-563: Horft til suðurs eftir garðinum.



1850-563: Uppmæling af garðinum.

Vörslugarðurinn er norðan Bæjarskerstúnsins, á mosavöxnu svæði milli heimatúnsins og Sandgerðis. Garðurinn liggur frá sjávarsíðunni að verksmiðjuhúsum og endar við brotið siglingamerki. Hann er 0,2-0,4 m á hæð og 0,6 m á breidd. Garðurinn var rakinn á 140 m löngum kafla.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir 2007, 7-8

1850-862: GK-055:149 heimild uppsátur
Á grein Brynjúlfs Jónssonar og birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903 segir: „Þá var uppsátrið flutt upp í hólma þann, sem nú er næstur fyrir innan Músarsund og heitir Búðarklettur. Hann er allhár og grasi vaxinn. Sjást á honum tóftir [030] eftir sjómannabúðir. Þar vottar og fyrir nausti

[076], og hefir verið klappaður róðukross [078] á stein, sem þar hefir verið, að því virðist, staðið undir skipshæl í naustinu. Þá var hólminn landfastur. En svo braust sjór í kringum hann og settu menn þá steina [079] í sundið til að stikla á. Er þeir þar enn, og svo stórir, að margir hafa orðið að hjálpast að því að koma þeim fyrir.“
Skrásetjarar komust ekki í Búðaklett og ástand þessa minja er ómetið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Árbók 1903, 37

GK-056 Hólkot


1703: Jarðardýrleiki óviss, sögð þriðja hjáleiga frá Býjaskeri (GK-055), samkvæmt JÁM III, 56.
1847: Jarðardýrleiki óviss, sögð undirsett Býjaskeri, samkvæmt JJ, 87.
1919: Háleigan Hólkot merkt á túnakorti frá 1919.
Í örnefnaskrá er Rústakot getið. Óvíst hvort um býli sé að ræða (Ö-Bæjarsker AG, 1).
Jarðarítök: Jörðin brúkar grasnytjar af eyðibýlinu Hjaltakoti innan Býjaskerslands, samkvæmt JÁM III, 57.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Hólkot ásamt Hábæ.
1919: “Túnin mestöll slétt og sléttuð[,] blettir aðeins hér og þar smáþýfðir.” Tún (Hólkot), 1.8 hekt., garðar 1160 m2.

1850-478: GK-056:011 heimild fiskreitur
“Fiskireitir á grúsi,” segir á vesturhluta túnakorts frá 1919. Nákvæm staðsetning er ekki merkt.
Sjór hefur brotið þessa fiskireiti niður, þeir sjást ekki lengur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-465: GK-056:012 tóft útihús
Á túnakorti frá 1919 er steinhús merkt liðlega 120 m vestan bæjar 001. Húsið er reist upp við túngarð (GK-055:024).



1850-465: Tóftin, horft til norðausturs.




1850-465: Uppmæling af tóftinni.

Tóftin er varðveitt, á fjörubrún, nýlegur sjóvarnargarður er skammt norðar. Steypa er í veggjum, þar má einnig sjá 3-5 umför af grjóti.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-466: GK-056:013 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið sýnd sem lá í gegnum heimatúnið endilangt. Leiðin lá austur-vestur frá útihúsi 012 til suðvesturs að útihúsi 005 til norðausturs. Á austurhluta leiðarinnar er garðlag 006 sunnan hennar.
Leiðin er horfin vegna sléttunar innan skráningarsvæðisins.

Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-467: GK-056:014 tóft útihús
Á túnakorti frá 1919 sést útihús VSV við Hólkot, vestast í heimatúninu. Tóftin sést vel og var í merkjum á Miðkots og Miðkots. Hún er niðurgrafin að hluta, allt að 1 m. Veggir eru líklega grjóthlaðnir en gróið yfir veggi.



1850-467 og 468: Tóftin er norðar, merki jarðanna eru á milli tóftarinnar og kálgarðsins sem er sunnar.


1850-467: Tóftin, horft til NNA.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-469: GK-056:015 heimild túngarður
Á túnakorti frá 1919 er túngarður sem skilur að tún Hólkots (001) og Miðkots (GK-058:001). Hann afmarkar allt túnið. Á túnakorti frá 1919 eru sýnd mörk á milli túna Hólkots 001 og Hólahúsa (GK-055:025). Línan er mjórri á kortinu en sú línugerð sem venjulega var notuð til að sýna hlaðna garða en það kunna að vera mistök, alltént er hlaðinn garður á milli túnanna.
Garðurinn er horfinn innan skráningarsvæðis.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

GK-058 Norðurkot (Miðkot)

1703: "[G]ömul hjáleiga [Frá Býjaskeri], hefur í v [fimm] ár legið í eyði [...]. Þessa hjáleigu segist heimabóndinn aftur byggja muni, þó grasnautn sje lítil [...]. Þó segir hann þetta kunni ei að vara, hvað lítið sem hjer eftir spillir sjór eður sandur heimatúninu framar en nú er," segir í JÁM III, 57.
1847: Jarðardýrleiki óviss sögð undirsett Býjaskeri, samkvæmt JJ, 87.
1919: Samvæmt túnakorti var tvíbýli á jörðinni.
1919: "Túnin mestöll slétt og sléttuð[,] blettir aðeins hér og þar smáþýfðir." Tún (Miðkot V), 1.1 hekt., garðar 500 m2. Tún (Miðkots S), 1 hekt., garðar 670 m2. Öll torfan samtals 2.1 hekt., og garðar 1170 m2.

1850-471: GK-058:002 heimild brunnur
Á túnakorti frá 1919 er brunnur teiknaður liðlega 10 norðan bæjar 001. Leið (GK-631:019) liggur austanmegin framhjá brunninum.
Brunnurinn sést ekki á yfirborði, líklega var fyllt upp í hann.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-472: GK-058:006 hleðsla kálgarður
Á túnakorti frá 1919 er kálgarður teiknaður um 80 m vestan bæjar 001. Austurhlið garðsins er hluti

af túngarði (055:024).
Kálgarðurinn er horfinn að mestu, enn má sjá lítinn hluta af suðurvegg, þar sem hann sameinast túngarði 024.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919




1850-468: Kálgarðurinn, horft til NNV.

1850-468: GK-058:007 tóft kálgarður
Á túnakorti frá 1919 er kálgarður merktur röskum 75 m norðvestan bæjar 001. Austurhlið garðsins er hluti af túngarði (GK-055:024).
Kálgarðurinn er enn varðveittur og sést vel. Veggir eru grjóthlaðnir og op til suðurs.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-473: GK-058:008 tóft útihús
Útihús er sambyggt túngarði 024, utan við túnið. Op er til vesturs, að sjó. Grjót sést í veggjum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots




1850-473: Tóftin, horft til ASA.



1850-473: Uppmæling af tóftinni.

1850-470: GK-058:009 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið sem liggur frá Miðkoti (001) í vesturátt og endar við túngarð (GK-055:024). Hún er horfin vegna sléttunar á þessu svæði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919



1850-474: Uppmæling af kálgarðinum og nálægum minjum.



1850-474: Kálgarðurinn, horft til suðausturs.

1850-474: GK-058:011 tóft kálgarður
Kálgarður, utan við heimatúnið er sýndur á túnakorti frá 1919. Hann er við suðvesturhorn túngarðs 024 og enn varðveittur. Op er til suðurs, að garði 012.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 191.9

1850-477: GK-058:012 garðlag vörslugarður
Á túnakorti frá 1919 er túngarður sem skilur að tún Miðkots GK-058 og Syðstakots, sunnan við bæinn. Op er fyrir miðju garðinum þar sem leið (GK-631:022) þræðir í gegn en hún lá á milli þessarra



1850-477: Uppmæling af garðinum og nálægar minjar.


1850-477: Horft til ANA yfir túngarðinn.

bæja.
Grasivaxið, ræktað tún.
Túngarðurinn var rakinn á 34 m löngum kafla árið 2021. Hann er grjóthlaðinn, 2 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Sjá má 3-4 umför af grjóti en vírgirðing er fast norðan við túngarðinn. Við sjávarsíðunna sést hann einnig vel, er grjóthlaðinn og má sjá tvö umför í honum. Vírgirðing er þar ofan á.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-842: GK-058:013 tóft útihús
Útihús er sambyggt túngarði 024, innan heimatúns í Miðkoti. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1919. Ekkert op sést inn í tóftina sem afmarkast af túngarðinum til suðvesturs. Veggir eru grjóthlaðnir
Hættumat: hætta, vegna landbrots


1850-842: Horft til norðvesturs yfir tóftina.

GK-060 Sandgerði

1686 og 1695: 60 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 122.
1703: 60 hdr., bændaeign, með hjáleigunum Backakoti (GK-061), Krokskoti (GK-062), Landakoti (GK-063), Tiarnarkoti (GK-065), Hardhausi. Götu (GK-066), Stödulkoti (GK-064, sagt í eyði), Backabud (hefur verið í eyði í yfir tíu ár) og Helgukoti (hefur verið í eyði í yfir 30 ár). "[S] egja menn að fornu verið hafa hina sömu jörð sem Uppsali, og sje þángað til lagðir þrír fjórðúngar jarðarinar, en Uppsalir blífi við einn fjórðúng af dýrleikanum," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 58-62. 1847: 60 hdr., bændaeign, með hjáleigunum Bakkakoti, Krókskoti, Landakoti, Stöðulkoti, Tjarnarkoti og Götu, skv. Jarðatali Johnsens, 87.
[Um 1270]: "Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekvr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn via



Túnakort Sandgerðishverfis frá árinu 1919. Miklar breytingar hafa orðið vestan þess, m.a. vegna landfyllingar.

hlvt aa flankastader ok sandgierdi. eigv þar af vtskaler hinv siettv hvoria vætt, enn hinn londinn halft hvort vid annad." DI II, 78-79. [Um 1270]: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. "Fra hiallinvm aa fitivm eigv flankastader ok sandgierdi halft hvort vid annad ok sydvr at vik vpselinga, er liggvr nordvr fra hialle flankstædinga." DI II, 77. 10.6.1370: Máldagi Hvalsneskirkju. "þangad liggia þesser iiij bæer ad tiundum oc lysitollum oc ollum skylldum. [...] Sandgerdi." DI III, 256. 1.7.1515: Sáttabréf Gríms Pálssonar og Þorleifs sonar hans annars vegar og Vigfúsar Erlendssonar lögmans og Hólmfríðar systur hans hins vegar. Útg. A: "[...] vigfus ellendzson laugman og [hans syster hvstrv holfridr laugdv fyr greindvm grime palssyne og þorleife syni hans jordina kirkivuog. kotuog og merkines. sandgerdi og straum [...]." DI VIII, 558-559. Útg. B: "Skylldi adurskrifadur vigfus eignaz ævinliga og ath sier taka þessar iardir. eingey og laugarnes. setberg. galmatiorn og kirkiuhofn. Enn holmfridur sandgerdi." DI VIII, 560. 1.7.1515: Grímur Pálsson og Þorleifur sonur hans selja Hólmfríði Erlendsdóttur "jordina Sandgierdi a Midnesi [...]" fyrir "tuær jarder suo heijtande arnarhollt og Ögurskiellda. Liggia þessar jarder a Kialarnese.» DI VIII, 561. 23. og 24.5.1522: Fjárskiptabréf milli Hólmfríðar Erlendsdóttur og Eyjólfs Einarssonar, sonar hennar, auk systkina hans. «[...] hier at auk jordena sangerdi er ligur aa rosthualanese j hualsnes kirkiu sokn.» DI IX, 87. 10.11.1523/1524: Ögmundur biskup í Skálholti færir Hólmfríði Erlendsdóttur Eyvindarmúla í Fljótshlíð fyrir «[...] jordina alla sandgerdi er liggr aa rosthualanesi j hualsneskirkiu sokn [...].» DI IX, 182. 30.6.1539: Dómur sex klerka og sex leikmanna um kæru Þorleifs Grímssonar til Hólmfríðar Erlendsdóttur. «dæmdum uier [...] hustru holmfridi hafa matt j burtu fa adurnefnda jord sandgerdi. huerium sem hun hefur uiliat biskupinum eda audrum til æfinligrar eingar og fyr greindan þorleif grimson alldre hafa matt eiga neina tiltaulu til fyrgreindrar jardar sandgerdis.» DI X, 441-442. 31.8.1541. Yfirlýsing Gizurar biskups í Skálholti um «ad hustru Holmfridur Erlendzdottir hefur [...] kunngiort mier og vndirvijsad ad B(iskup) augmund [...] hefur feingid henni til fullrar eignar frialz forrædiz þessar jardir sandgerdi krok og midhvs sem greind Holmfrijdur hefur adur att og eignast. Veit eg og sannliga ad þessar firrnefndar þriar jardir hafa alldrei verid eign edur gomul jnnstæda Schalholltz domkyrkiu» DI X, 657-658. 1.7.1549: Alþingisdómur. «dæmdum vier med fullu dom attquædi firr greinda jord Sandgerdi vera og verid hafa sanna. Riettiliga og löglega Eijgn Þorleijfs Bonda Grijmssonar sijdan ad adur greijndar jardir Arnarholltt og Auguxkellda geijngu af honum med lögum.» DI XI, 717. 1552: Fógetareikningar. «Jtem haffuer ieg opeboritt aff Ion Ionsson ij Sandger ij skatt xl fiske.» DI XII, 418.

12.7.1593: "Ólafur Jensson selur, með samþykki konu sinnar, Ingríðar Marteinsdóttur, Hákoni Björnssyni Sandgerði og Uppsali, 80 hndr. að dýrleika. Hér í mót skyldi Hákoni- greiða 7 dala virði fyrir hvert jarðarhundrað. Dalna mátti Hákon borga bæði utanlands og innan, utanlands í Hamborg og Lýbiki," segir Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 14.

18.6.1644: "Eggert Hannesson greiðir Jóni syni sínum 15 hndr. Í Sandgerði í hans móðurarf og 5 hndr. Og 40 (álnir) í sömu jörð í föðurarf. Þau reiknast honum 60 hndr. á móts við systkini hans. Hér til skyldi Jón vera kvittur og átölulaus im það hálfs annars hundraðs tillag, sem Eggert áskildi sér árlega," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 15.

30.6.1647: "Með ráði og vilja föður síns Eggerts Hannessonar, selur Jón eldri Eggertson Guðmundi Hákonarsyni Sandgerði, 60 hndr. að dýrleika, fyrir Skarð í Haukadal (Dal.), 20 hndr. að dýrleika, og hálfa Núpdalstungu (Hún), 20 hnd., og þar til 20 hndr. í fasteign, sem þeim síðar vel um semur," segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 14.

1919: Á túnakorti eru hjáleigurnar Fagurhóll og Litla-Stöðulkot merktar.

Upphafleg nafn jarðarinnar var Sáðgerði samkvæmt örnefnaskrá og þar segir að :[m]á og sjá merki akurlanda í landi jarðarinnar."(Ö-Sandgerði AG, 1).

Skóla- og samkomuhús var reist á jörðinni árið 1891 (Ö-Sandgerði MÞ, 1).

Jarðarítök: Uppsalir áttu skipsuppsátur, varir og vergögn í jörðinni. Þar segir einnig að grasnautn Stöðulkots og Bakkabúðar séu lögð til jarðarinnar. Að auki var grasnautn Bakkabúðar lögð til hjáleigna Sandgerðis, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 58, 62. Í örnefnaskrá kemur fram að jörðin, ásamt Flankastöðum (syðri og nyrðri), Tjarnarkoti og Landakoti, eigi æðarvarpsítök innan Sandgerðisjarðar (Ö-

Sandgerði MÞ, 1).

"[Þ]ar er nú komið 1200 manna þorp með stórri höfn, nútíma fiskvinnslustöðvum, veistlegum íbúðarhúsahverfum og aðstöðu fyrir menningar- og félagslíf sem nútímasamfélag krefst," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1984, 33.

Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Sandgerði ásamt verslunarlóð o.fl. ATH. Hefur ekki verið yfirfarið en er útprentað í möppu.

1919: "Túnin rétt öll slétt, blettir sléttaðir." Tún (Sandgerði), 7.2 hekt., garðar 2300 m2. Tún (Litla-Stöðulkot), 0.12 hekt., garðar 640 m2. Tún (Fagurhóll), 0.01 hekt., garðar 380 m2. Öll torfan samtals

7.33 hekt., og garðar 3320 m2. 1703: “Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu [...]. Eldviðartak af fjöruþangi , bæði lítið og erfitt. Sölvatekja fyrir heimamenn. Grasatekja nærri því engin. Eggver nokkuð lítið af kríu, en hefur áður betra verið. Rekavon nokkur [...]. Lendíng er góð. Sjór og sandur brjóta nokkuð á túnin, þó ekki til stórmeina enn nú. Vatnsból sæmilegt, en bregst þó, en það mjög sjaldan,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 59.
“Þar eru tún fögur og allslétt. Mikið af túni þessu hefur áður verið akrar, og sér þar glöggt fyrir skurðum, sem hafa skipt ökrum í breiðar, langar reimar. Austan og norðaustanvert með akrinum liggur hóll eða brekka, sem hefir skýlt honum. Garðar sjást hér ei í kringum akurinn eða um hann eins og á Skaganum.”

1850-565: GK-060:013 heimild lending
Á túnakorti frá 1919 er bryggja teiknuð liðlega 260 m vestan bæjar 001. Bryggjan snýr austur-vestur. Þar segir: «Tré-stein bryggja.»
Katrín Gunnarsdóttir skráði bryggju í Sandgerði árið 2004: “Bryggjan hefur verið sunnan við húsið sem er viðbyggt vitanum við höfnina. Þarna er nú komin uppfylling.”
Hættumat: hætta, vegna fyllingar
Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir 2004, 32

1850-572: GK-060:016 heimild útihús
“Hér var tún f. 50 árum Nú 4 stórhýsi m.m. á klöpp og steyptum stöplum í fjöru, 2 bryggjur, önnur (mest tré) steinsteypt: versl búð og fiskibúð (Kars Böð) með sjóbúð uppi,” segir í vesturhluta túnakorts frá 1919.
Hér er verið að skrá öll útihúsin sem talað er um, bryggjurnar eru skráðar annars staðar. Óljóst hvort að þetta séu hús sem sjást á túnakorti, það eru líklega verslunarhúsin og voru þau utan skráningarsvæðis. Þarna er nú jarðfylling og yngri hús.
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-820: GK-060:033 heimild samgöngubót
“Vikið sunnan við Hamarinn [054] hét Fúla [...]. Klöppin fyrir sunnan hét Snoppa. Þar stendur útgerðarstöð H.f. Miðnes [...]. Fram af Stokkavörinni [034] er á sandinum smásker; það heitir Vararsker, það er sunnan við hornið á bryggju H.f. Miðnes,” segir í örnefnaskrá (MÞ). Í örnefnalýsingu (AG) segir: “Vikið sunnan við Hamar hét Fúla. Klöppin þar sunnar hét Snoppa. Þar stendur nú útgerð h/f Miðnes.”
“Skálafellið á Reykjanesi á að bera um Stafnesgarða (að suðursíðu) [þegar farið er um Hamarssund], en landmegin til heiðar skal miða Keili, sem á að bera í Digurvörðu [035] upp í heiði og í vörðu á Snoppu sunnan til við Hamarinn fyrir framan Sandgerði,” segir Sigurður B. Sívertsen í Rauðskinnu IX-X.
Þessi varða var á Snoppu og er nú horfin undir fyllingu.
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Ö-Sandgerði MÞ, 2; Ö-Sandgerði AG, 2; Rauðskinna IX-X, 194

1850-568:GK-060:034 *Stokkavör* heimild lending
“Sunnan við Snoppu [033] var Stokkavörin, en sunnan við Stokkavör er Sundklöppin [049] [...]. Fram af Stokkavörinni er á sandinum smásker; það heitir Vararsker [...]. Mest var lent í Stokkavörinni, þar var bezt og hreinlegast á land að leggja; voru skipin sett þar upp í kampinn, svo mörg sem komust,” segir í örnefnaskrá (MÞ). Í lýsingu örnefna (AG) segir: “Sunnan við Snoppu er Stokkavör, sem er bezta lendingin, sunnan við Miðnesbryggju. Dregur hún nafn af, að í hana voru lagðir stokkar í stað hlunna.”
Katrín Gunnarsdóttir skráði Stokkavör árið 2004: “Nú er komin þarna uppfylling og gata sem liggur á milli bryggjanna. Stokkavör hefur verið u.þ.b. Fyrir framan fiskverkunarhúsið sem þarna er.”
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Ö-Sandgerði MÞ, 2, 4; Ö-Sandgerði AG, 2; Katrín Gunnarsdóttir 2004, 24

1850-567: GK-060:039 *Fúla* heimild lending
“Mest var lent í Stokkavörinni [034], þar var bezt og hreinlegast á land að leggja; voru skipin sett þar upp í kampinn, svo mörg sem komust, en oft lágu líka skip Sandgerðinga á mjúkri þarasænginni í Fúlu. Hún var oft ill umferðar, sem áður segir, og því fremur dróst úr hömlu að setja skipin, enda kom

það fyrir oftar en eitt sinn, er flóð hækkaði mjög að óvörum, sem oft kemur fyrir á Miðnesi, að skipin tók út. Um aldamótin síðustu rak fjögur skip út úr Fúlu á morgunflóði einu eftir austanrok. Einhver hafði orð á því við Guðrúnu húsfreyju, hvert tjón þetta væri. „Það er ekkert með skaðann," sagði hún „en skömmin." 1880 tók út frá Sandgerði sexmannafar með öllum veiðarfærum. Það skip átti Þórarinn Andrésson á Flankastöðum, segir Suðurnesjaannáll [...]. Ekki lágu verzlunarskipin suður á Álnum, heldur fyrir norðan sund, innan við Þorvald [060]," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1919 er vör merkt liðlega 230 m vestan bæjar 001, það er Fúla. Hún er nú komin undir landfyllingu.
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Ö-Sandgerði MÞ, 4-5;Túnakort 1919

1850-573: GK-060:040 *Sandgerðisnaust* heimild naust
"Er samfelldur túnbakki frá mörkum að Sandgerðisnaustum, kallað Sandgerðisbakki. Við naustin beygist bakkinn austur á við og kallast þar Balakotstún [...]. Þannig var umhorfs í Sandgerðisnaustum fyrir og fram yfir aldamót, að allir bændur í hverfinu, sem gerðu út skip, áttu timburskúr, en sjómennirnir kofa eða byrgi. Var þetta stór þyrping húsa af ýmsu tagi. Skipin, sem í notkun voru, stóðu í röð neðan við húsin. Önnur, sem ekki voru notuð í svipinn, stóðu eða hvolfdu fyrir ofan skúrana. Dekkbátarnir stóðu að vetrarlagi, tveir eða þrír, hlið við hlið uppi á bakkanum fyrir ofan Fúlu. Allt bar þetta vitni dugmiklum athafnamönnum á þeirra tíma vísu," segir í örnefnaskrá.
Sandgerðisnaust eru horfin undir hús og götur.
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Ö-Sandgerði MÞ, 4

1850-574: GK-060:041 *Sandgerðisvík* heimild skipalægi
"Frá Þuríðarskerjum suður að Bæjarskerseyri er samfelldur grár, fínn sandur frá sjávarmáli út á bátalegu Sandgerðisvík [...]. Eigi veit ég, hvenær verzlunarskipin (skonnorturnar) byrjuðu að leggjast á Sandgerðisvík, en frá 1880 og fram yfir aldamót komu skip kaupmanna í Keflavík þangað á hverju sumri, fyrst með salt til næstu vertíðar, svo með vörur til viðskiptamanna og loks að sækja fiskinn, er hann var þurr orðinn. Voru oft tvö eða þrjú skip á víkinni í einu. Þar komu líka á hverju sumri „spekulantar", eins og þeir voru þá nefndir. Var lestin útbúin sem verzlunarbúð. Sóttu kvenfólk og krakkar mjög að skipum þessum, því þar var gnægð álnavöru og leikfanga. Gjaldeyrir þessa fólks var oftast örfáir fiskar, er hlotnazt höfðu að gjöf, helzt á sumardaginn fyrsta, eða ullarhár. Og krakkar áttu stundum hagalagða, sem dugðu fyrir bolta eða blístru. Ekki lágu verzlunarskipin suður á Álnum, heldur fyrir norðan sund, innan við Þorvald [060]. Þau lágu ætíð kirkjuna framan við Skarfakletta, og röðin frá suðri til norðurs, ef fleiri voru en eitt. Þau komu ekki nema í góðviðri og fóru strax, ef brimvottur sást eða hvassviðri, af hvaða átt sem var, og skipstjórum leið illa ef skörp var útræna," segir í örnefnaskrá.
Engin ummerki um lendingu eða skipalægi sjást í Sandgerðisvík, þ.e. utan víkurinnar sjálfrar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Sandgerði MÞ, 2, 4-5

1850-569: GK-060:049 *Sundavarða* heimild samgöngubót
"Sunnan við Snoppu [033] var Stokkavörin [034], en sunnan við Stokkavör er Sundklöppin," segir í örnefnaskrá (MÞ). "Sundaklöpp var ekki klöpp heldur varða sem nefndist Sundavarða," segir í aths. við örnefnalýsingu.
Sundvarða er horfin undir landfyllingu og nákvæm staðsetning hennar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Ö-Sandgerði MÞ, 2; Ö-Sandgerði Aths. LAÞ, 2

1850-566: GK-060:054 *Hamarinn* heimild fjárhús
"Sunnan við Þuríðarskerin er hreinn sandur frá túnbakka út á bátalegu. Hamarinn var stór og hár hólmi, laus frá landi og stórklettóttur á allar hliðar; ofan á honum var grashóll, grænn eða bleikur eftir árstíðum. Þar uppi á hólmanum var stórt sauðahús af torfi og grjóti, er Sandgerðisbændur áttu," segur í örnefnaskrá (MÞ). Í örnefnalýsingu (AG) segir: "Sunnan við Þuríðarsker er hreinn sandur frá túnbakka út á bátaleguna. Hamarinn er stór og hár hólmi laus frá landi og stórklettóttur á allar hliðar. Ofan á honum var grashóll. Þar uppi á hólnum var sauðahús úr torfi og grjóti. Þannig leit þetta út til 1907, að fyrstu aðgerðir hófust um vélbátaútgerðina [055]."
"Holt eitt með klettum og grasi vaxið á milli klettanna er upp í heiðinni milli Býjaskerja og Sandgerðis rétt fyrir ofan (sunnan) túngarðinn, er Arnarbæli [065] heitir. Annar klettur er þar fyrir neðan Sandgerði

sem brúkaður hefir verið fyrir hróf á sumarinn, er heitir Hamar. Þaðan þóttust menn sjá álfafólk vera að setja skip sín og upp í Arnarbæli nóttina fyrir Bátsendaflóðið - þann 4. janúar 1798 - sem mörgum sveitum olli hins mesta tjóns og töpunar," segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar.
Katrín Gunnarsdóttir skráði fjárhús á Hamrinum árið 2004: "Á þessum stað er nú uppfylling, upp af Sandgerðisbryggju." Einnig eru yngri hús á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Ö-Sandgerði MÞ, 1; Ö-Sandgerði AG, 2; ÞJÁ III, 10; Katrín Gunnarsdóttir 2004, 23-24

1850-565: GK-060:056 Bakkahúsið heimild verkhús
"Í svörum Örnefnastofnunar segir: "Bakkahúsið er hvorki samkomuhús né skólahús og hefur aldrei verið. Var áður fyrr (í mínum uppvexti og áður) fiskverkunarhús. Þar var vaskaður fiskur [...]. Bakkahúsið er steinsteypt hús,og voru svo byggðir við það skúrar, að sunnan var skúr með ljósamótor fyrir verstöðina [050], þar til rafmagn kom frá Sogi, en að norðan fiskhús [051]. Nú er stór bygging í kringum Bakkahús, sem alltaf stendur, og er þar nú mél- og lýsisverksmiðja [052](loðna, síld og slóg)."
Katrín Gunnarsdóttir skráði Bakkahúsið árið 2004: "Þarna er nú fiskimjölsverksmiðja við Garðaveg 5."
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Ö-Sandgerði Svör, 1; Katrín Gunnarsdóttir 2004, 48

1850-570: GK-060:058 *Skessubæli* örnefni tröll
"Sunnan við Snoppu var Stokkavörin [034], en sunnan við Stokkavör er Sundklöppin [049]. Þar suður af eru í flæðarmáli lágar flatar klappir. Þar niður af er sandstykki, sem heitir Skessubæli," segir í örnefnaskrá.
Engar sagnir fylgja þessu örnefni og svæðið komið undir jarðfyllingu.
Hættumat: hætta, vegna byggðar

1850-819: GK-060:076 heimild skip
1832: "Skipstapi frá Sandgerði. Drukknuðu tveir menn af báti um sumarið, álitið að stórfiskur hafi grandað þeim," segir í Suðurnesjaannál, Rauðskinnu VII-VIII. Hnitið er tekið nærri þeim stað sem skerið Stórfiskur er sýnt í örnefnasjá LMÍ.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna VII-VIII, 73

1850-818: GK-060:077 heimild skip
"1892. 29. apríl varð skipskaði frá Sandgerði. [...] Allir þessir 6 menn drukknuðu af sexmannafari í fiskiróðri. Mun það hafa skeð skammt út af Býjaskerseyri. Vestangerra var, og rak árarnar á land undir kvöldið á sandinn nálægt vörinni," segir Magnús Þórarinsson í Frá Suðurnesjum. Þetta strand var nærri Bæjarskerseyri en ekki er vitað hvar. Ekki hægt að staðsetja nánar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Frá Suðurnesjum, 299

1850-680: GK-060:078 heimild skip
"1893. Varð bátstapi á Sandgerðisvík. [... Tveir drengir drukknuðu.] Þeir munu hafa siglt sig um á heimsiglingu úr róðri í landsynnings kalda. Þriðja piltinum var bjargað af kjölnum," segir Magnús Þórarinsson í Frá Suðurnesjum.
Heimildir: Frá Suðurnesjum, 300

1850-821: GK-060:079 heimild skip
"Hér var tún f. 50 árum Nú 4 stórhýsi m.m. Á klöpp og steyptum stöplum í fjöru, 2 bryggjur [080], önnur (mest tré) steinsteypt: versl búð og fiskibúð (Kars Böð) með sjóbúð uppi," segir í vesturhluta túnakorts frá 1919. Í grein Magnúsar Þórarinssonar, Sandgerði, sem birtist í Sjómannablaðinu Víkingi í apríl 1947 segir: "Enda á sama hausti [1907] var Hamar sprengdur, bryggja gerð og húsin byggð, þar á meðal íshús, við kjallara Hjálmarssona."
Þessi bryggja sést á túnakorti en er nú horfin m.a. vegna jarðfyllingar.
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Túnakort 1919: Magnús Þórarinsson, 121


1850-817: GK-060:080 heimild bryggja
"Gerð hafnarmannvirkja í Sandgerði hófst árið 1908 þegar félag í eigu danskra og íslenskra atvinnurekenda undir forystu danska athafnamannsins Ditlev Lauritzen lét reisa þar fiskverkunarhús og tvær bátabryggjur út frá svonefndum Hamri. Útgerð þessa félags stóð einungis hluta úr ári en eigur þess voru seldar íslensku útgerðarfélagi í ársbyrjun 1909 og vélbátaútgerð festist í sessi sem atvinnuvegur í Sandgerði," segir í Íslenskar hafnir og hafnagerð. "Hér var tún f. 50 árum Nú 4 stórhýsi m.m. Á klöpp og steyptum stöplum í fjöru, 2 bryggjur [080], önnur (mest tré) steinsteypt: versl búð og fiskibúð (Kars Böð) með sjóbúð uppi," segir í vesturhluta túnakorts frá 1919. Í grein Magnúsar Þórarinssonar, Sandgerði, sem birtist í Sjómannablaðinu Víkingi í apríl 1947 segir: "Enda á sama hausti [1907] var Hamar sprengdur, bryggja gerð og húsin byggð, þar á meðal íshús, við kjallara Hjálmarssona."
Ekki vitað nákvæmlega hvar þessi bryggja var, hún var þó úr Hamrinum.
Hættumat: hætta, vegna byggðar
Heimildir: Íslenskar hafnir, 213; Túnakort 1919; Magnús Þórarinsson, 121

1850-571: GK-060:082 hús samgöngubót Sandgerðisviti er steyptur ferstrendur viti sem stendur við höfnina í Sandgerði. Upphaflega var hann reistur 1921 og var þá 8 metrar, en síðan hækkaður um 10 metra með því að steypa ofan á gamla vitann árið 1946.
Hættumat: hætta, vegna byggðar


1850-571: Sandgerðisviti, horft til austurs.

GK-067 Syðri Flankastaðir

1686: 70 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 122.
1695: 40 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 122.
1703: 40 hdr., bóndaeign, með hjáleigunum Sigurdarkoti, Tiarnarkoti (GK-071), Heimahjáleigu, Endagierde (068:004) og Vesturkoti (í eyði frá 1700), skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 62-64.
1847: 20 hdr., bændaeign. Í neðanmálsgrein undir Nyrðri Flánkastöðum segir að jb. 1760 telji nyðri og syðri Flankastaða saman, 40 hdr., að dýrleika, en að þeim sé þeim skipt í sundur samkvæmt skýrslu sýslumanns. Að auki kemur fram í jb. 1803 að Tjarnarkot sé undirsett Syðri Flánkastöðum, segir í Jarðatali Johnsens, 87.
[Um 1270]: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. "Fra hiallinvm aa fitivm eigv flankastader ok sandgierdi halft hvort vid annad ok sydvr at vik vpselinga, er liggvr nordvr fra hialle flankstædinga." DI II, 77. [Um 1270]: "Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekvr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn via hlvt aa flankastader ok sandgierdi. eigv þar af vtskaler hinv siettv hvoria vætt, enn hinn londinn halft hvort vid annad." DI II, 78-79. 10.6.1370: Máldagi Hvalsneskirkju. "þangad liggia þesser iiij bæer ad tiundum oc lysitollum oc ollum skylldum. [...] flangastader." DI III, 256. 23. og 24.5.1522: Fjárskiptabréf milli Hólmfríðar Erlendsdóttur og Eyjólfs Einarssonar, sonar hennar, auk systkina hans. "[...] flangastader og uppsaler j somu sueit er ligia j hualsnes kirkiu sokn fyrer .lxc." DI IX, 87. 1553: "Jtem Syuartt aff Flanckested viij alne vattmell." DI XII, 577.
25.8. og 20.9.1558: Testamentum og skiptabréf Eyjólfs Einarssonar í Dal undir Eyjafjöllum. "Jtem mijnum syni Einare hefi jeg gefid og golldid og gef enn nu med þessu mijnu brefi. [...] jordina Flangastadi fyrer .xlc. og jordina Krök fyrir xxc er badar liggia a Rostmalanese. [...] Kyrkian a Flangastodum a .xc j heimalandi þar. þui hun er lc." DI XIII, 325-236. "Hafði heimajörðin áður verið Syðri-Flankastaðir, því fyrr meir voru Nyrðri Flankastaðir kallaðir Flankastaðakot. En nú eru þessar jarðir matnar jafnar að gæðum og dýrleika," segir í sýslu og sóknalýsingum, 78. 1919: Þrjú býli sögð heita Traðarkot, í byggð fyrir 40-50 árum.
Í örnefnaskrá segir að Arnarbæli sé ný nafngift yfir Endagerði (Ö-Arnarbæli MÞ, 1-2).
Jarðarítök: Í örnefnaskrá segir að jörðin, ásamt Nyrðri Flankastöðum, Tjarnarkoti, Landakoti sem og Sandgerði, eigi æðarvarpsítök innan Sandgerðisjarðar (Ö-Sandgerði MÞ, 1).



Túnakort Syðri-Flankastaða, vestari bærinn er á eldra bæjarstæðinu. Vesturhluti túnsins hefur orðið illa úti vegna ágangs sjávar og tugir metra horfið á kafla.

"Nokkru sunnar en Kirkjuból eru Flanastaðir, sem fyrr var á minnzt. Það er byggður bær. Sá á að hafa heitið Flangur, sem þar byggði fyrst, og eru munnmæli., að hann sé þar heygður." Í Jarðabók er jörðinni skipt upp í Norður- (67) og Suður-Flankastaði (68) og ekki er vitað hvort númerið jörðin ætti að fá þó hér hafi henni verið gefið númerið 67.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Flankastaði, tvö býli.
1919: "Túnin mestöll slétt og sléttuð." Tún (Flánkastaða V), 1.8 hekt., garðar 740 m2. Tún (Syðri-Flánkastaðir S), 1.3 hekt., garðar 530 m2. Öll torfan samtals 3.1 hekt., og garðar 1270 m2.
1703: "Tún spillast bæði af sandi og sjó. Engar öngvar. Hagar mjög litlir vetur og sumur af sandi og grjóti yfirfallnir og uppblásnir. Torfrista og stúnga engin nema í sendinni og grýttri jörðu valla nýtandi. Eldiviðartak af fjöruþángi [...]. Sölvatekja nægileg. Fjörugrasatekja nokkur. Rekavon nokkur [...]. Murukjarni lítill, þó oft til gangs fyrir húngraðan pening í heyskorti [...]. Lendíng er voveifleg. Vatnsból er mikið slæmt og brestur oft bæði sumar og vetur til stórmeina bæði mönnum og fjenaði," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 63.

1850-490: GK-067:001_1 *Syðri-Flankastaðir* bæjarhóll bústaður
Á túnakorti frá 1919 er bærinn Syðri-Flankastaðir merktur með fjórum steinhúsum, tveimur

timburhúsum, tveimur skemmum og einni for.
“Nokkru sunnar en Kirkjuból eru Flanastaðir, sem fyrr var á minnzt. Það er byggður bær. Sá á að hafa heitið Flangur, sem þar byggði fyrst, og eru munnmæli., að hann sé þar heygður,” segir MG. “Upp úr 1880 hófst gróska í timburhúsabyggingum á Suðurnesjum í kjölfar strands timburskipsins James Town sem bætti um skeið úr landlægum timburskorti. [...] Einnig voru byggð timburhús í Nýlendu, síðar á Flankastöðum (Kristjánshús), en þessi tvö hús voru einnig notuð til skólahalds [...]. Árið 1897 var tekin á leigu stofa í nýbyggðu timburhúsi á Suður-Flankastöðum (Kristjánshús var það kallað eftir eigandanum),” segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.



1850-490: Uppmæling af bæjarhólnum.


1850-490: Horft til NNA yfir bæjarhóllinn.

Bæjarhóllinn sést vel og á honum eru nokkrar byggingar frá 20. öld. Hann er um 40x30 m á stærð og snýr austur-vestur. Á hólnum vex kerfill í stórum breiðum, í mittishæð. Eitt hólf sást í norðausturhorni en vel má vera að fleiri mannvirki séu á hólnum, þau sáust ekki á yfirborði meðan skrásetjarar voru á ferðinni. Ekki hefur verið búið hér síðan bærinn brann um miðja síðustu öld. Við jarðrask hafa fyndist gripir í hólnum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Magnús Grímsson 1940, 246; Túnakort 1919; Ásgeir Ásgeirsson, 57, 241

1850-815: GK-067:001_2 heimild kálgarður
Kálgarður 001_02 var sunnan og austan við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1919. Hann er horfinn af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

1850-492: GK-067:002 heimild kirkja
“Kyrkian a Flangastodum a .xc j heimalandi þar. Þui hun er lc,” segir í Íslenzku fornbréfasafni XIII. Ekki er vitað á hvorum bænum kirkjan var staðsett, líklegra er talið að hún hafi verið hér.
Ekki er vitað hvar kirkjan var staðsett, líklega var hún þó nærri bæjarhólnum. Engar sagnir fylgja um mannabeinafundi.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: DI XIII, 325

1850-493: GK-067:003 brunnur brunnur
Á túnakorti frá 1919 er brunnur merktur um 20 m austan bæjar 001. Hann sést enn, farg er yfir brunnopinu.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919


1850-493: Horft til austurs, yfir brunninn.

1850-494: GK-067:004 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 eru traðir merktar sem liggja frá heimabæ (001) í austurrátt að brunni (003) og

enda þar. Þarna er mikill kerfill og ekkert sást til leiðarinnar sem líklega er þegar horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-489: GK-067:005 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið sem liggur frá heimabæ (001) í vesturátt að túngarði (013) og endar þar. Töluvert hefur brotið af suðvesturenda heimatúnsins og leiðin er komin í sjó að mestu. Ennfremur er grýtt fjara þar sem leiðin lá.
Engin ummerki leiðarinnar eru varðveitt.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-497: GK-067:009 heimild útihús
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1919, fast vestan við bæ 001.
Það er horfið, þarna er nú grýtt fjara. Að auki liggur nýlegur sjóvarnargarður þarna yfir að hluta.
Heimildir: Túnakort 1919

1850-814: GK-067:013 heimild túngarður
Á túnakorti frá 1919 er túngarður sem umlykur tún Syðri Flankastaða (001) ef frá er talið tvö svæði nærri sjó á norður- og suðurhlið þess. Op er á austanverðum garðinum þar sem leið (010) þræðir í gegn.
Allir vesturhluti túngarðisins er kominn í sjó og horfinn af þeim sökum. Aðrir hlutar voru ekki skoðaðir.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-499: GK-067:014 *Flankastaðanaust* heimild naust
"Flankastaðatjörn. Þar hefi ég séð þéttastar pöddur í vatni, að síldarátu ekki undanskilinni. Á malarkampinum milli tjarnar og sjávar sér enn fyrir rústum af gömlum sjómannabyrgjum [019]. Það er útjaðar Flankastaðanausta; þau eru fáum föðmum sunnar. Þar stóðu tveir timburskúrar [027] norðan við vörina [015], var annar (sá vestri) frá Klöpp, en hinn frá Flankastöðum (Austurbæ)," segir í örnefnaskrá.
Öll ummerki naustanna eru horfin af yfirborði. Þarna er nú sjóvarnargarður sem raskaði þessum minjum eitthvað auk mikils ágangs sjávar. Ekki er vitað með vissu hvar naustin voru nákvæmlega en líklega þar sem hnitið var tekið.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Flankastaðir MÞ, 1

1850-495: GK-067:015 *Flankastaðavör* mannvirki lending
"Flankastaðir hafa skipauppsátur og allgóða lending," segir í sýslu og sóknalýsingum. Vör er merkt norðan bæjar 001 á túnakorti frá 1919. "Hamarsund var fyrir allar lendingar norðan Bæjarskerseyrar, þegar sund þurfti að nota. Þegar lenda skyldi á Flankastöðum var, þegar inn úr sundinu kom, farið skáhallt yfir víkina norður á við að suðurósnum, sem liggur að Flankastaðavör [...]. Vesturbæjarmenn lentu syðst í vörinni. Þeir gátu losað farminn við klappirnar, eins og bryggja væri, ef vel stóð á sjó. Öll önnur skip úr hverfinu lentu norður í vörinni. Skipin stóðu í langri röð neðan í kampinum í góðu og stilltu, en voru sett upp fyrir timburskúrana, ef illa áhorfðist með veður eða brim, og var oftast óhætt þar[...]. Í Flankastaðavör voru stórskipin ætíð sett," segir í örnefnaskrá (MÞ). Í lýsingu örnefna (AG) segir: "Mikil áhrif brims eru í Flankastaðavör, grjótið sargast og eyðist af eilífri breytingu."
Flankastaðavör sést enn, grjót hefur verið hreinsað úr henni.


1850-495: Flankastaðavör, horft til norðurs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919: Ö-Flankastaðir MÞ,

1-3; Ö-Flankastaðir AG, 1; SSGK, 78-79

1850-498: GK-067:019 heimild sjóbúð
“Á malarkampi móti Flankastaðatjörn sér fyrir rústum af gömlum sjómannabyrgjum,” segir í örnefnaskrá.
Þessi byrgi eru horfin, á milli sjávar og tjarnar er nú sjóvarnargarður með tilheyrðandi jarðraski.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Flankastaðir MÞ, 1

1850-600: GK-067:027 heimild hjallur
“Flankastaðatjörn. Þar hefi ég séð þéttastar pöddur í vatni, að síldarátu ekki undanskilinni. Á malarkampinum milli tjarnar og sjávar sér enn fyrir rústum af gömlum sjómannabyrgjum [019]. Það er útjaðar Flankastaðanausta [014]; þau eru fáum föðmum sunnar. Þar stóðu tveir timburskúrar norðan við vörina [015], var annar (sá vestri) frá Klöpp, en hinn frá Flankastöðum (Austurbæ),” segir í örnefnaskrá. Þessir skúrar eru horfnir og nákvæm staðsetning ekki þekkt. Þeir voru þó nærri naustunum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Flankastaðir MÞ, 1


1850-816: GK-067:028 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 sést útihús innan kálgarðs 001_03, sunnan við bæinn. Á kortinu er þetta merkt sem þró, hún var þá um 18x5 m að stærð.
Öll ummerki útihússins eru horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-601: GK-067:031 heimild landamerki
Á korti eftir Samúel Eggetsson og varðveitt er á Árnastofnun sjást áletranir, LM, á tveimur stöðum á klöppum í fjöru, á landamerkjum jarðarinnar. Ekki er vitað með vissu hvar áletranirnar eru, hnit var tekið á svipuðum slóðum og sýnt er á kortinu. Ekkert fannst á vettvangi og hér er nyrðri staðurinn skráður.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar

1850-491: GK-067:034 heimild landamerki
Á korti eftir Samúel Eggetsson og varðveitt er á Árnastofnun sjást áletranir, LM, á tveimur stöðum á klöppum í fjöru, á landamerkjum jarðarinnar. Ekki er vitað með vissu hvar áletranirnar eru, hnit var tekið á svipuðum slóðum og sýnt er á kortinu. Ekkert fannst á vettvangi og hér er syðri staðurinn skráður.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Kort Samúels Eggertssonar

GK-068 Nyðri Flánkastaðir

1686: 70 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 122.
1695: 40 hdr., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 122.
1703: 40 hdr., bændaeign, með hjáleigunum Sigurdarkoti, Tiarnarkoti (GK-071), Heimahjáleigu, Endagierde og Vesturkoti (í eyði frá 1700), samkvæmt JÁM III, 62-64.
1847: 20 hdr., bændaeign. Í neðanmálsgrein segir að í jb. 1760 séu nyrðri og syðri Flankastaða taldir saman, 40 hdr., að dýrleika, en þeim sé skipt í sundur samkvæmt skýrslu sýslumanns. Einnig er þess getið í jb. 1803 séu hjáleigurnar Vesturkot og Norðurkot undirsettar Nyrðri Flankastöðum. Munu þær vera sömu jarðir og nefndar eru Flánkastaðakot (GK-069) og Klöpp (GK-070), samkvæmt Jarðartali Johnsens, 87.
[Um 1270]: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Fra hiallinvm aa fitivm eigv flankastader ok sandgierdi halft hvort vid annad ok sydvr at vik vpselinga, er liggvr nordvr fra hialle flankstædinga.” DI II, 77.
[Um 1270]: “Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt



Heimatún Nyrðri-Flankastaða og Klappar var sameiginlegt auk blæjar sem kallast Endagerði. Líkt og á syðri bænum hefur vesturhluti túnsins raskast mikið frá árinu 1919 vegna ágangs sjávar.

ok rekvr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn via hlvt aa flankastader ok sandgierdi. eigv þar af vtskaler hinv siettv hvoria vætt, enn hinn londinn halft hvort vid annad." DI II, 78-79. 10.6.1370: Máldagi Hvalsneskirkju. "þangad liggia þesser iiij bæer ad tiundum oc lysitollum oc ollum skylldum. [...] flangastader." DI III, 256.
23. og 24.5.1522: Fjárskiptabréf milli Hólmfríðar Erlendsdóttur og Eyjólfs Einarssonar, sonar hennar, auk systkina hans. "[...] flangastader og uppsaler j somu sueit er ligia j hualsnes kirkiu sokn fyrer .lxc." DI IX, 87.
1553: "Jtem Syuartt aff Flanckested viij alne vattmell." DI XII, 577.
25.8. og 20.9.1558: Testamentum og skiptabréf Eyjólfs Einarssonar í Dal undir Eyjafjöllum. "Jtem mijnum syni Einare hefi jeg gefid og golldid og gef enn nu med þessu mijnu brefi. [...] jordina Flangastadi fyrer .xlc. og jordina Krök fyrir xxc er badar liggia a Rostmalanese. [...] Kyrkian a Flangastodum a .xc j heimalandi þar. þui hun er lc." DI XIII, 325-236. "Hafði heimajörðin áður verið Syðri-Flankastaðir, því fyrr meir voru Nyrðri Flankastaðir kallaðir Flankastaðakot. En nú eru

þessar jarðir matnar jafnar að gæðum og dýrleika," segir í sýslu og sóknalýsingum, 78. Jarðarítök: Í örnefnaskrá Sandgerðis segir að jörðin, ásamt Syðri Flankastöðum, Tjarnarkoti, Landakoti sem og Sandgerði, eigi æðarvarpsítök innan Sandgerðisjarðar (Ö-Sandgerði MÞ, 1). Samkvæmt örnefnaskrá eiga Kúamóatraðir jörðin að 1/4 parti úr sameignartröðum hinna fornu Nyrðri-Flankastaða, sem nú eru jarðirnar Flankastaðakot og Klöpp að jörðinni meðtaldri. Í sömu skrá er þess getið að Fjara sé eign jarðarinnar að helmingaskiptum á móts við jörðina Flankastaðakot að þangskurði, þang- og þönglareka, sölva- og kjarnatekju (Ö-Arnarbæli MÞ, 1).
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Norður Flankastaði ásamt Endagerði.
1919: "Túnin mestöll slétt og sléttuð." Tún (Nyrðri-Flánkastaða), 1.8 hekt., garðar 400 m2. (Merktir V - á túnakorti). Tún (Endagerði), 1,5 hekt., garðar 850 m2. Öll torfan samtals 3.3 hekt., og garðar 1250 m2.


1850-496: GK-068:006 garðlag túngarður
Á túnakorti frá 1919 er túngarður umhverfis Nyrðri-Flankastaði og býli þar nærri. Op er á garðinum hjá tröðum (007) við vesturhluta túnsins.
Til vesturs er sést túngarðurinn enn á litlum hluta innan skráningarsvæðisins. Hann snýr VNV-ASA frá Flankastaðatjörn og hverfur svo í grýtta fjöru. Hann er varðveittur á 13 m löngum kafla og er grjóthlaðinn. Hleðslurnar eru útflattar og það má greina 2-3 umför í honum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919


1850-496: Túngarðurinn, horft til norðurs.


1850-621: Varnargarðurinn, horft til suðurs.

1850-621: GK-068:008 garðlag varnargarður
Garðlag er norðan við heimatúnið, mögulega er um útgræðslu þess að ræða eða sjóvarnargarð.
Garðurinn sést enn vel, er þó horfinn í sjó á köflum. Fimm umför af grjóti eru efst í garðinum en hann er algróinn neðar. Hann er allt að 2,5 m á breidd og líklega gerður eftir 1919.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-618: Tóftin, horft til vesturs.



1850-618: Tóftin er nyrst á uppmælingunni.

1850-618: GK-068:009 tóft útihús
Tóft er rétt utan við heimatúnið og er ekki sýnd á túnakorti frá 1919. Tóftin er líklega útihús eða fiskihús. Hún er 10x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er opin til austurs og veggir eru grjóthlaðnir. Það má sjá 5-8 umför af grjóti í þeim. Líklega var annað hólf norðan við tóftina, hluti hennar er því farinn í sjó, enn má sjá hluta af vesturvegg þar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-619: GK-068:010 heimild útihús
"Miðsker, en djúp rás er milli þess og Klapparfjörunnar. Liggur leiðin að og frá Seylunni um rás þessa, en engin voru þar sundmerki. Þarna var gott á land að leggja [070:011], líðandi smámalarbrekka og hæg setning bátsins. Ekki var sjávarhús við lendinguna, en smáhús við hliðið innan við garðinn, sem saltað var í, en smáfiskurinn hertur í grindarhjalli [011] heima við bæinn," segir í örnefnaskrá Arnarbælis.
Ekki er vitað hvar þetta útihús var staðsett, mögulega eitthvað af húsunum sem sjást á túnakorti.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Arnarbæli MÞ, 2


1850-622: Horft til vesturs eftir garðinum.

1850-622: GK-068:014 garðlag vörslugarður Garður er norðan við túnið, líklega er um vörslugarð að ræða sé tekið mið af legunni. Garðurinn sést enn vel en var einungis rakinn á 40 m löngum kafla. Hann liggur norðvestur-suðaustur og nær mun lengra í þá átt. Garðurinn er grjóthlaðinn og það má sjá tvö umför af í honum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-662: GK-068:018 heimild landamerki "Til austurs frá Fitjaós í fjöru upp að merktum steini í Klaufarskeri neðan til við marbakka. Þaðan liggja mörkin sömu stefnu upp á marbakkann, þá til suðurs með marbakkanum, þar til kemur að svonefndri Bollatóft [070:016], þaðan að merktri klöpp neðan til við marbakka [019]," segir í örnefnaskrá Arnarbælis.
Ekki er vitað hvar þessi merkta klöpp er staðsett.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Arnarbæli MÞ, 1



Uppmæling af fornleifum á bæjarhól Klappar, sýndar ofan á túnakorti frá 1919

GK-070 Klöpp


1847: Jarðardýrleiki óviss, hjáleiga frá Nyrðri Flánkastöðum. Í neðanmálsgrein Nyrðri Flankastaða segir að í jb. 1803 séu hjáleigurnar Vesturkot og Norðurkot undirsettar Nyrðri Flankastöðum. Munu þær vera sömu jarðir og nefndar eru Flánkastaðakot og Klöpp, samkvæmt Jarðartali Johnsens, 87.
Jarðarítök: Í örnefnaskrá Klappar er þess getið að jörðin ásamt og Endagerði (Arnarbæli) áttu 1/4 hver af heiðarlandi, til móts við Norður-Flankastaði. Í sömu skrá segir að jörðin átti 1/2 á móts við Kúamóatraðir og Endagerði, jörðina Klöpp (Ö-Klöpp, 2-3). Fjara er eign jarðarinnar að helmingaskiptum á móts við jörðina Flankastaðakot að þangskurði, þang- og þönglareka, sölva- og kjarnatekju (Ö-Arnarbæli MÞ, 1).
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Klöpp.
1919: "Túnin slétt, mikið sléttað." Tún (Klöpp), 3.1 hekt.,

garðar 850 m2.

1850-605: GK-070:001_1 *Klöpp* bæjarhóll bústaður
Á túnakorti frá 1919 er bærinn Klöpp merktur með fjögur timburhúsum, þremur steinhúsum, þar af eitt með áfastri timburskemmu, einni for og stökum brunni.
“Klöpp var þá annar af nyrztu bæjum í hverfinu og sá, er stóð nær sjó. Árið 1936 var lögð niður byggð þar, sem Klöpp hafði áður staðið, norðan við Kólgutjörn, en reist að nýju suður á gamla Tjarnarkotstúni [...]. Nærri má geta, að oft hefir verið lá við Lónið; hvergi leitar sjórinn meira inn yfir kampinn en fyrir neðan gömlu Klöpp, þess vegna var líka bærinn færður.” segir í örnefnaskrá Flankastaða.
“Árið 1880 taldi hann [sr. Sigurður B. Sívertsen] prýðileg timburhús með stofum (undir baðstofu)



1850-605: Bæjarhóllinn, horft til vesturs.



1850-605: Bæjarhóllinn og fornleifar á honum.

á Stafnesi, Gerðakoti og Sandgerði og þokkalegar innanþiljaðar baðstofur á Stafnesi, Sandgerði og Klöpp,” segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson.
1880: “Að Klöpp er kominn nýr bóndi, Magnús Stefánsson [...]. Hann hefir byggt upp allmikla baðstofu með fleiri húsum og miklum tilkostnaði,” segir í Suðurnesjaannál, Rauðskinnu VII-VIII.
Bæjarhóllinn sést enn, á honum eru tóftir síðustu húsanna. Hóllinn er 31x26 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er algróinn og sléttur. Meðfram bæjarhólnum er hlaðinn kantur, 1-2 umför af grjóti sjást þar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Flankastaðir MÞ, 4; Ásgeir Ásgeirsson, 57; Rauðskinna VII-VIII, 149-150

1850-606: GK-070:001_2 tóft bústaður
Bæjarhúsin eru á miðjum bæjarhólnum. Þetta eru bæði hlaðnar tóftir og steyptir húsgrunnar. Íbúðarhúsið er syðst. Þar er steyptur húsgrunnur sem er 8x6 m að stærð og snýr VNV-ASA. Tröppur sjást til austurs, þar hefur verið gengið inn í íbúðarhúsið. Þessi tóft er úr steypu og grjóti. Norðan grunnins er útihúsatóft, hún skiptist í 2-3 hólf. Nyrsta hólfið er opið til vesturs, að sjó. Veggir eru úr grjóti og steypu og má sjá allt að 6 umför í steypunni. Þetta hús hefur verið rifið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-606: Hluti bæjartóftarinnar, horft er til ASA.

1850-638: GK-070:001_3 hleðsla kálgarður
Á túnakorti sést kálgarður sunnan við bæ 001. Hann er horfinn og búið að leggja veg eftir austurhlið hans.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-608: Horft til norðurs yfir þústina.



1850-638: Horft til norðurs yfir kálgarðinn.


1850-608: GK-070:001_4 þúst útihús
Þúst, með hleðslum til austurs sést á austurhluta bæjarhólsins, líklega ummerki um útihús sem er sýnt á túnakorti frá 1919. Til norðausturs sést glitta 1-2 mför af grjóti en annars er þústin algróin.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-620: GK-070:002 heimild traðir
Á túnakorti frá 1919 eru traðir sem liggja frá heimabæ (001) í austurátt að kálgarði (003) og enda þar. «Þegar gengin var sjávargatan niður í Seyluna var farið gegnum hlið á mörkum Endagerðistúns og norðurhorns Klappartúns. Þar var grjótgarður, þykkur og hár [006],» segir í örnefnaskrá Arnarbælis. Traðirnar eru horfnar, þær voru líklega sléttaðar út eða fyllt upp í þær.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Arnarbæli MÞ, 2

1850-613: GK-070:003 *Bobbi* hleðsla kálgarður
Á túnakorti frá 1919 er kálgarður teiknaður liðlega 80 m austan bæjar 001. Útihús (004) stendur upp við garðinn að sunnaverðu. Vesturhlið kálgarðsins er upp við garð (068:006). «Nyrzt í Klappartúni niður við sjó er stykki, er kallast Bobbi. Þar er túnið mjóst, kemur næstum í odda. Í Bobba eru háir, gamlir hlaðnir garðar, kringum þrjá kálgarða (hólfað sundur með görðum). Kálgarðar þessir voru nýttir þar til fyrir 3-4 árum. Þannig hefur Bobbi verið frá því að Halldóra man eftir,» segir í örnefnaskrá. Kálgarðurinn sést enn, hleðslurnar farnar að falla og búið að ræða við Minjastofnun um niðurrif að sögn heimildamanna. Það má sjá 8-15 umför af smáu grjóti í veggjum en mikið er tekið að hrynja úr þeim. Kálgarðurinn er 25x21 m að stærð og skiptist í tvö hólf, nyrsti hlutinn er farinn í sjó nú þegar.



1850-613: Horft til austurs yfir kálgarðinn.



1850-613: Uppmæling af Bobba og nálægum fornleifum.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Klöpp MÞ, 3

1850-812: GK-070:004 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er steinhús merkt um 150 m austan bæjar 001. Húsið er reist upp við kálgarð (003).
Útihúsið er horfið af yfirborði, líklega vegna sléttunar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-610: GK-070:005 mannvirki lending
Á túnakorti frá 1919 er vör merkt vestan bæjar 001. Á uppdrætti ÓSÁ er hún kölluð Klapparvör en óvíst er hvaðan það nafn er fengið.
Lendingin sést enn, hún er rudd í gegnum fjörugrjótið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919



1850-610: Horft til suðvesturs yfir lendinguna.

1850-639: GK-070:006 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá heimabæ (001) í vesturátt að vör (005).
Leiðin er horfin, grýtt fjara er þarna nú.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-603: GK-070:007 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er steinhús teiknað röskum 90 m vestan bæjar 001. Húsið er reist áfast garði (068:006). Það er horfið og nýlegur sjóvarnargarður endar rétt sunnar. Áður en hann var gerður var útihúsið þó líklega horfið vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-602: GK-070:008_1 *Kólga* tóft býli
Á túnakorti frá 1919 er Kólga merkt með kálgarði og einni for um 190 m vestan bæjar 001.
"Bær hét Kólga, hann stóð innan við sjávargarðinn í Klappartúni, spöl sunnar en Klöpp. Tjörn var á milli bæjanna, kölluð Kólgutjörn. Túnið kringum Kólgu var kallað Kólgutún, þó nytjað væri frá Klöpp," segir í örnefnaskrá. Í aths. við örnefnaskrá segir: "byggð lögzt niður í Kólgu löngu fyrir mína tíð."
"Klöpp heitir hér ein jörðin. Þar voru fyrir eina tíð húsmennskubýlin Hrímshús og Kólga – kuldaleg nöfn vægast sagt. Kólga hét réttu nafni Klapparkot, mun upphaflega hafa verið kofi til að salta í fisk en síðan tekinn til íbúðar. Í Kólgu bjó Runólfur Runólfsson er fórst með voveiflegum hætti 16. október 1879," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1984.


1850-602: Horft yfir bæjarstæði Kólgu úr ANA.



1850-602: Uppmæling af kálgarðinum.

Bærinn er horfinn og ekki er vitað hvar nákvæmlega hann var staðsettur. Þarna sést kálgarður, tvískiptur. Veggirnir eru 0,3-0,8 m á hæð og það má sjá 7-8 umför af smáum steinum í þeim.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Klöpp MÞ, 2; Ö-Klöpp Aths., 2; ÁFÍ 1984, 32

1850-813: GK-070:008_2 heimild útihús
Á túnakortinu er þró sýnd fast austan við kálgarðinn. Hún er horfin og líklega var fyllt upp í hana.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

1850-607: GK-070:010 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið merkt sem liggur frá heimabæ (001) í suðurátt og sameinast leið (631:028) við suðausturmörk Klapparlands.
Engin ummerki leiðarinnar sjást lengur á yfirborði vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

180-616: GK-070:011 *Klapparlón* mannvirki lending


1850-616: Horft til NNV yfir Klapparlón.

"Fyrir og um aldamót voru stórskipin lögð niður, en upp voru tekin sexmannaför, og fleiri breytingar urðu þá, svo sem það, að þá var upptekin lending í Klapparlóninu [...]. Eins og áður er sagt, er malarkampur fyrir neðan Klöpp og neðan við kampinn er Lónið [...]. Þarna var þá orðinn lendingarstaður Klapparskipsins og raunar fleiri af þeim, sem áður lentu í Flankastaðavör [067:015] [...]. Vörin var sandvik, sem gekk frá Lóninu upp í kampinn, og voru hlaðnar upp varabrúnirnar, svo þar mátti leggja skipi að og kasta fiski á land. Ekki var útgerð úr Lóninu nema nokkur ár, því árabátaútgerðin fór að leggjast niður og deyja út og fyrr á innnesi en suðurnes," segir í örnefnaskrá Flankastaða.
"Niður undan túninu er bogadregin vík, sem heitir Endagerðisseyla og er eiginlega syðsti hlutinn af Fitjavík. Þar var aðeins lent að sumrinu. [...] Miðsker, en djúp rás er milli þess og Klapparfjörunnar. Liggur leiðin að og frá Seylunni um rás þessa, en engin voru þar sundmerki. Þarna var gott á land að leggja, líðandi smámalarbrekka og hæg setning bátsins. Ekki var sjávarhús við lendinguna, en smáhús við hliðið innan við garðinn, sem saltað var í [010], en smáfiskurinn hertur í grindarhjalli heima við bæinn," segir í örnefnaskrá Arnarbælis.
Lendingin í Klapparlóni sést enn, norðan við heimatúnið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Flankastaðir MÞ, 4-5; Ö-Arnarbæli MÞ, 2

1850-611: GK-070:012 heimild útihús
"Eins og áður er sagt, er malarkampur fyrir neðan Klöpp og neðan við kampinn er Lónið [...]. Þarna var þá orðinn lendingarstaður Klapparskipsins [011] [...]. Auk þess að Klapparskúrinn var fluttur frá Flankastaðavör norður á kampinn við Lónið, voru þar byggðir skúrar frá Flankastaðakoti og Endagerði, og sund-merki af tré var sett á kampinn [013]," segir í örnefnaskrá Flankastaða. Annar þessara skúra er skráður undir GK-070:007, þetta er hinn og ekki er vitað hvar hann var staðsettur.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Flankastaðir MÞ, 4

1850-609: GK-070:013 heimild samgöngubót
"Eins og áður er sagt, er malarkampur fyrir neðan Klöpp og neðan við kampinn er Lónið [...]. Þarna var þá orðinn lendingarstaður Klapparskipsins [011] [...]. Auk þess að Klapparskúrinn var fluttur frá Flankastaðavör norður á kampinn við Lónið, voru þar byggðir skúrar [012] frá Flankastaðakoti og Endagerði, og sund-merki af tré var sett á kampinn," segir í örnefnaskrá Flankastaða. Varðan er sýnd á túnakorti frá 1919, skammt VSV frá bæ 001.

Varðan er horfin í sjó, þarna er nú sjókambur og stórgrýttar klappir sem flæðir yfir. Mikið hefur brotið af landi hér.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Flankastaðir MÞ, 4; Túnakort 1919

1850-808: GK-070:016 *Bollatóft* heimild útihús
"Fjörumörk að norðan eru á marbakka við svonefnda Bollatóft," segir í örnefnaskrá.
Ekki er vitað hvar Bollatóft var staðsett en miðað við örnefnalýsingu var hún nærri sjó. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja tóftina.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Klöpp MÞ, 1

1850:807: GK-070:017 heimild landamerki
"Fjörumörk að norðan eru á marbakka við svonefnda Bollatóft [016]. Þaðan liggja mörkin að klöpp með marki á í," segir í örnefnaskrá.
Ekki er vitað hvar klöppin er staðsett.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Klöpp MÞ, 1

1850-604: GK-070:020 *Hrímhús* heimild býli
"[Í] sálnaregistri Hvalsnessóknar er býlið Hrímhús ritað bæði árin 1856 og '57 næst á eftir Kólgu [008], en á undan Klöpp. Það hlýtur því að hafa staðið þarna í túninu, þó enginn kannist nú við rústir þess. – Það hygg ég, að smiðja Klappar, er ég man eftir fyrir 1890 að stóð nokkrum föðmum sunnan við kálgarðshornið í Klöpp, á túnrimanum milli Kólgutjarnar og sjávargötunnar að Flankastaðanaustum [067:014], hafi verið byggð á rústum Hrímhúsa, eða þó öllu heldur, að smiðjan hafi fyrir löngu verið sett í gömlu Hrímhús sjálf, sem vel getur hafa verið aðeins einn kofi, byggður af vanefnum fyrir þrjár manneskjur, örfátækar. Það var ekki svo ólíkt þeim tíma. Og kuldaleg eru bæjanöfnin Kólga og Hrímhús, en sennilega réttnefni þá. Smiðjan var af torfi og grjóti, nema timburþil var í suðurgafli með dyrum og hurð á hjörum. Það mun hafa þótt óprýði að kofa þessum fyrir framan bæinn á því myndarheimili, enda var smiðjan flutt norður fyrir, þegar húsið var byggt 1894. Hrímhúsa er aldrei getið nema þessi tvö ár," segir í örnefnaskrá.
Nákvæm staðsetning ekki þekkt en líklega var býlið í túninu sunnan við bæinn á Klöpp.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Klöpp MÞ, 3

1850-810: GK-070:021 heimild útihús
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús fast austan við bæ 001, sunnan við brunn 022.
Egin ummerki sjást um útihúsið á yfirborði, túnið hefur verið sléttað.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Klöpp MÞ, 2; Túnakort 1919

1850-811: GK-070:022 heimild brunnur
Brunnur var fast austan við bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1919.
Brunnurinn er horfinn af yfirborði og sléttað hefur verið yfir svæðið.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-612: GK-070:026 heimild uppsátur
"Eftir "lóðabyltinguna" er sexæringar urðu ráðandi var uppsátur Klapparskipsins fært úr Flankastaðavör [GK-067:015] nær bænum sjálfum," segir í Við opið haf e. Ásgeir Ásgeirsson. Ekki er vitað hvar uppsátrið var staðsett, líklega við vör 005 eða kálgarðinn Bobba.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ásgeir Ásgeirsson, 86

1850-637: GK-070:027 heimild þró
Á túnakorti frá 1919 sést þró fast vestan við bæ 001. Hún er horfin í sjó og þarna er grýtt strönd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-614: GK-070:028 garðlag vörslugarður
Grjóthlaðinn garður liggur til suðurs frá kálgarði 003. Hann er ekki sýndur á túnakorti frá 1919 og er yngri. Líklega er hann hlaðinn undir girðingu.
Garðurinn er áberandi og um 65 m að lengd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots


1850-614: Horft til norðurs eftir garðinum.


1850-615: Réttin, horft til austurs.

1850-615: GK-070:029 tóft rétt
Stakstæð tóft er rétt utan við heimatúnið, fast norðan við kálgarð 003. Hún er 14x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er til vesturs og það má sjá 5 umför af grjóti í veggjum. Sjór brýtur af nyrsta horni tóftarinnar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots



1850-617: Réttin, horft til suðurs.

1850-617: GK-070:030 hleðsla kálgarður
L-laga hleðsla er austan við tóft 029 og sunnan við tóft 009. Líklega er þetta hluti af kálgarðsvegg en það er óljóst. Veggurinn er 7,3x5,6 m að stærð, grjóthlaðinn og það má sjá 1-3 umför í honum. Líklega vantar hluta af þessu mannvirki sem hefur veirð sléttað út eða horfið í sjó.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

GK-072 Þórustaðir/Þóroddstaðir

1686: 16 hdr., 80 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 122.
1695: 16 hdr., 80 ál., bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 122.
1703: Jarðardýrleiki óviss., konungseign, með tveimur hjáleigum sem báðar heita Þorustadakot, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 66.
1847: 16 2/3 hdr., bændaeign, um tíma í eyði, segir í Jarðartali Johnsens, 87.
[Um 1270]: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þa eigv hafar biarnnasader. ok kolbeinstader ok kirkiubol sydvr at ose þeim er fram er fra borg kirkivbols. [...] Þadan eigv vtskaler til hiallzins aa fitivm sionhending fram j kross þann er þar er klappadur j hamrinum: fram vndann. Eigv hier j þorodzstader fimtvnginn.” DI II, 77.
10.6.1370: Máldagi Hvalsneskirkju. “þangad liggia þesser iiij bæer ad tiundum oc lysitollum oc ollum skylldum. þoristader.” DI III, 256. 13.9.1418: Guðmundur Arason greiðir Þorgerði Ólafsdóttur “so miked i Jördum og lausagotse. sem hier seiger. Jtem Kyrkiubol j Rosmhvalanese. fulavik. Þorersstader. Rafnkelstader firir .j. hundrad hundrada.” DI IV, 265. Sjá einnig bréf 14.09.1428, DI VI,

41.



Heimatún Þóroddsstaða frá árinu 1919. Bærinn er syðstur í Kirkjubólshverfi. Skekkja er í túnakortinu en litlar skemmdir vegna ágangs sjávar eru þarna.

10.4.1517: Ögmundur ábóti í Viðey selur Hannesi Eggertssyni Kirkjuból í Selárdal, Suðureyri og Tungu í Tálknafirði fyrir "[...] halfa Biaskier oc Þoristadi er liggia aa Hrosshvalanesi [...]." DI VIII, 608. Sjá einnig bréf 14.9.1517, DI VIII, 637.
29.5.1516: "[...] Þvrridvr Þordardotter oc Birger sonvrhennar handlagdi Hannes Eggertssyni med fvllv handabandi fiorvtiger alnar ens xv. hundraz j jordine Þorodzstodvm er liggvr aa Rasthvalanesi [...]." DI VIII, 584. 1547-1548: Fógetareikningar. "Jtem met Tuorestedom ij legekör. [...]." DI XII, 116. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 142; 1549-1550, DI XII, 157; 1550, DI XII, 176; 1552, DI XII, 403.
Í örnefnaskrá kemur fram að býlin Hraunprýði og Þverspyrna voru innan Þórustaðarlands (Ö-Þórustaðir, 2).
Jarðarítök: Skógarítak til kolagerðar brúkar jörðin í Almenningi innan Kirkjubólslands. Að auki á jörðin skipstöðu og uppsátur í Kirkjubólslandi, segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 66.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Þórustaði.
1919: "Túnin mestöll slétt - af sandi. Hvítur foksandur frá sjó við flesta beina og undir túngörðum utan og innan - flög sjást líka og sandblettur, helst á Hafurbjarn.st." Tún (Þórustaðir), 4.5 hekt., garðar 1470 m2.
1703: "Torfrista og stúnga í lakasta máta fyrir sandi og grjóti [...]. Eldiviðartak af fjöruþangi hjálplegt. Fjörugrasatekja nokkur [...]. Rekavon nokkur [...]. Murukjarnar öngvir nema af reka á útmánuðum [...]. Tún jarðarinnar fordjarfast af sandi til stórmeina og hefur ábúandinn bæði kostnað og erfiði fyrir að láta moka sandinn og varna spjöllum, sen sýnilegt merki votta. Engjar öngvar. Útihagar í lakasta móti bæði sumar og vetur. Vatnsból er lítið mjög, og þarf um sumur að vatna peníng á annari jörð,"

segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 66-67.
Örnefni: «Rétt upp frá túni er Kúamói Þar var kúm beitt, en ekki fé,» segir í örnefnaskrá (Ö-Þórustaðir, 1).

1850-576: GK-072:001_1 *Þóroddstaðir* bæjarhóll bústaður
Á túnakorti frá 1919 eru Þórustaðir/Þóroddsstaðir merktir með tíu steinhúsum og tveimur kálgörðum. Katrín Gunnarsdóttir skráði bæjarstæði Þóroddsstaða árið 2009: "Húsið sem stendur þarna í dag er við endann á vegslóðanum sem liggur í vestur frá veginum frá Sandgerði [sic] í Garð. [...] Þarna stendur nú uppsteypt íbúðarhús og útihús. [...] Samkvæmt túnakorti frá 1919 er matjurtagarður fast sunnan við bæjarhús Þóroddsstaða. Sunnan við núverandi byggingar bæjarhús Þóroddsstað [sic] er nú bílastæði og afgirtur garðblettur heim við húsið."



1850-576: Uppmæling á bæjarhólnum og fornleifum sem þar eru.


1850-576: Bæjarhóllinn, horft til ANA.

Bæjarhóllinn er mikið raskaður, á honum miðjum eru núverandi íbúðarhús, útihús og pallur. Erfitt er að áætla uppsöfnun mannvistarlaga en hóllinn er um 45 m í þvermál og líklega uppsöfnun enn undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir 2009c, 8


1850-636: Horft til suðausturs yfir svæðið sem útihúsið er á.

1850-636: GK-072:001_2 tóft útihús
Á bæjarhólnum eru byggingar úr blönduðu efni og miklar breytingar átt sér stað á undanförnum árum sem virðast hafa dagað uppi og aldrei verið kláraðar. Norðan og norðvestan í bæjarhólnum má sjá grjóthlaðna veggi sem og einn vegg úr steypu og grjóti. Þetta er líklega hluti af eldri bæjarhúsum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

1850-577: GK-072:002 heimild brunnur
"Vatnsból er lítið mjög, og þarf um sumur að vatna peníng á annari jörð," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Á túnakorti frá 1919 er brunnur merktur um 40 m sunnan bæjar 001. Katrín Gunnarsdóttir skráði brunn á Þóroddsstöðum árið 2009: "Um 50 m í suður frá íbúðarhúsinu á Þóroddsstöðum á smá hóldragi í túninu sem er sina og/eða óslegið. [...] Ekki er hægt að greina nokkrar hleðslur vegna sinu og grasvaxtar. [...] Hugsangleg [sic] eru þarna hleðslur brunnsins í sinunni."
Ekkert sést til brunnsins á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919; JÁM III, 67; Katrín Gunnarsdóttir 2009c, 11

1850-579: GK-072:003 þúst útihús
Á túnakorti frá 1919 er steinhús merkt um 80 m suðvestan bæjar 001. Katrín Gunnarsdóttir skráði minjar á Þóroddsstöðum árið 2009: "Um 80 m í suðvestur frá bæjarstæði Þóroddsstaða í túninu. [...] Túnið hefur verið sléttað. [...] Vegna þess að þarna í túninu hefur staðið einhver bygging má vera að undir sverðinum leynist hleðslur."
Þar sem útihúsið var er þúst í túninu. Hún er 12x10 m að stærð og búið er að slétta yfir hana.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir 2009c, 10


1850-579: Horft til suðurs yfir þústina.

18750-582: GK-072:004 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er steinhús merkt liðlega 100 m vestan bæjar 001. Húsið er reist upp við túngarð (073:023).
Ekkert sést til minja nema áberandi grýtt og gróið svæði sem sker sig nokkuð úr umhverfi sínu. Svæðið rís ekki hátt og ekkert sem gefur nánara lag þessa mannvirkis til kynna.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-587: GK-072:005 þúst útihús
Á túnakorti frá 1919 er útihús teiknað um 70 m norðan bæjar 001. Húsið er byggt á mörkum Þóroddsstaða (001) og Sandhóls (073:022).
Óljóst þúst sést þar sem útihúsið var en búið er að slétta túnið á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919


1850-587: Horft til ASA yfir þústina.

1850-584: GK-072:009 heimild rétt
Á túnakorti frá 1919 er afgirt svæði liðlega 240 m suðvestan bæjar 001. Hugsanlega er um kálgarð að ræða. Suður- og vesturhluti svæðisins er upp við túngarð (073:023).
Í jaðri golfvallar og engar minjar sjást á yfirborði. Þarna er nú grýtt stönd.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-578: GK-072:010 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið teiknuð milli heimabæjar (001) og brunns (002). Leiðin liggur norðaustur-suðvestur.
Leiðin er horfin af yfirborði. Þarna er nú leiksvæði fyrir börn og gróið tún.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-583: GK-072:012 *Bakkakrókur* heimild nátthagi
"Syðst suður í túni er nátthagi með grjótgarði, sem heitir Bakkakrókur. Að sögn Þórunnar Gísladóttur var hann notaður sem nátthagi fyrir fé til ársins 1947 [...]. Fé var haft þar um nætur vegna flæðihættu við sjóinn. Annars þurfti að reka það upp af skerjunum um nætur" segir í örnefnaskrá.
Ekki hægt að staðsetja nátthagann með vissu. Mögulega er um sama stað og rétt 009 að ræða en það þarfnast frekari staðfestingar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Þórustaðir, 1-2

1850-581: GK-072:016 *Svörtuklappir* heimild lending
"Lendingin var í sandviki norðan við svonefndar Svörtuklappir. Sunnan við þær er Fitja-Hásteinn," segir í örnefnaskrá. Í örnefnalýsingu Kirkjubóls segir: "Þá var einnig lending við Þóroddsstaði, syðsta bæ í hverfinu; var þar lent í sandviki niður af bænum, norðan við svonefndar Svörtuklappir. Engin sjávarhús eru þar nú sýnileg eða önnur vergögn."
Engin ummerki um lendingu sjást á yfirborði.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Þórustaðir, 1; Ö-Kirkjuból, 6

1850-580: GK-072:020 gryfja óþekkt
Um 50 cm djúp hola er suðvestan við bæ 001, í grónu túni. Hlutverk hennar er óþekkt en hún er um 1,8 m í þvermál og um 0,4 m djúp.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

1850-594: GK-072:021 garðlag túngarður
Katrín Gunnarsdóttir skráði túngarð á Þóroddsstöðum árið 2009: "Norðan við vegslóðann sem liggur heim að Þóroddsstöðum. [...] Garðurinn er grjóthlaðinn um 32, m [sic] langur [...], garðurinn liggur austur-vestur." Túngarðurinn sést enn og er hlaðinn úr torfi og grjóti. Þetta er þvergarður innan heimatúnsins og afmarkaði land Þóroddstaða til norðurs. Hann sést enn í túninu á milli húsanna og líkist hrygg.



1850-594: Horft til ASA eftir túngarðinum.



1850-594: Uppmæling af túngarðinum.

Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Katrín Gunnarsdóttir 2009c, 11


1850-635: Horft til ASA eftir garðinum.



1850-635: Uppmæling af garðinum.

1850-585: GK-072:022 brunnur brunnur
Brunnur er í túninu suðvestan við bæ 001, skammt frá holu 020. Hann steyptur, 1 m á dýpt og nánast ferhyrndur. Opið var hulið með plötu. Hann er líklega ekki mjög forn.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

1850-635: GK-072:023 garðlag landamerki
Landamerkjagarður er hlaðinn á merkjum Fitja og Þóroddsstaða. Liggur til austurs frá sjó, þ.e. Fitjatanga. Garðurinn er grjóthlaðinn og sést ennfremur utan þess svæðis sem var skráð. Hann var rakinn á 50 m löngum kafla.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

GK-073 Kirkjuból

1686 og 1695: 66 hdr., 80 ál., konungseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 123.
1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, með hjáleigunum Sandhólakoti, Nýjabæ, Móakoti, Busthúsi, Fjósakoti, Götu, Vallarhúsi, Kvíarvöllum (GK-074) og tveimur ónefndum hjáleigjum, samkvæmt JÁM III, 68-72.
1847: 67 2/3 hdr. 1847. Bændaeign, með hjáleigunum Kvíavöllum og Fitjum (GK-075) auk þeirra voru Vallarhús, Busthús og Sandhólakot hjáleigur 1705 og 1803, samkvæmt JJ, 87.
Um 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 9
Um 1270: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þadann eigv vtskaler til skagaflesiar: Þa eigv hafar biarnnasader. ok kolbeinstader ok kirkiubol sydvr at ose þeim er fram er fra borg kirkivbols. ok j þann as er þar geingvr fram vndan aa þar j kolbeinstader fiordvng ok annann hafar biarnna stader enn halftt kirkvbol. [...] Jtem eiga vtskaler allar veidar sydvr j lambarif, enn krokvr ok midhvs þridivng. enn kirkivbol ad svnnann, enn fiskreka allann at miofa tanga.” DI II, 77.
Um 1270: “Þetta er hvalskipte rost hvelínga: at þann hval sem meire er enn xij vætter ok half vætt ok rekvr millvm æsvbergs ok keflv vikur til motz vid niardvikínga skall skiptta j nív stade. [...] Hinn fimta hlvt aa kirkivbol hafar biarnnarstader ok kolbeinstader. aa kirkivbol jafnn micid hinvm badvm: enn hinn londinn halft hvort vid annat.” DI II, 78
1367: “a xlc j heimalande fiordung j geirfuglaskere. vidreka allann a Skarda vrd.” DI III 221
1379: “a xl hvndrada j heima landi.” DI III, 342-343
1397: “a xlc j heimalandi. fiordung j geirfuglaskeri.” DI IV, 103-104
13.9.1418: Guðmundur Arason greiðir Þorgerði Ólafsdóttur “so miked i Jördum og lausagotse. sem hier seiger. Jtem Kyrkiubol j Rosmhvalanese. fulavik. Þorersstader. Rafnkelstader firir .j. hundrad hundrada.” DI IV, 265. Sjá einnig bréf 14.09.1428, DI VI, 41.
1433: “Kirkiu bols brenna sudr [...] Margriet koms ut um onshusit med skærum sinum.” Gottskálksannáll, Isl. Ann, 370
1477: “Peturs kirkia a kirkiubole a xl hvndrad j heimalandi.” DI VI, 126
1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Kyrckebolet landskyldt xij vetter fiske [...].” DI XII, 117. Sjá einnig Fógetareikninga 1548, DI XII, 123; 1548-1549, DI XII, 144; 1549-1550, DI XII, 158; 1550, DI XII, 178, 182; 1552, DI XII, 404, 407, 421, 423-424; 1553, DI XII, 564, 581, 595.
1551: Norðlingar hefna Jóns Arasonar, drepa Kristján skrifara og menn has á Kirkjubóli. “Þá Danska á Kirkjubóli dysjuðu þeir fyrir norðan garð; tveir af þeim hétu Sefrínar: Sefrin Kock og Sefrín Ama [...],” segir í Biskupa-annálum Jóns Egilssonar (StSÍ), 99. Sjá einnig Skarðsannál, Annálar I, 124.
1551: “[Kristján skrifari og menn hans] grafnir heima hjá hálfkirkjunni á Kirkjubóli”; Bsk II, 256
1553: Máldagi Kirkjubólskirkju. “Kirkian a Kirkiubole a xlcj heimalandi. Fiordvng j Geirfuglaskeri.” DI XII, 665.
7.3.1555: Konungsboð. “Sameledis er forschreffne Torofler Öyelssen begierenndis. att wij wille vnnde hanom enn gaard wed naffn Kierckebolle. thaa giffue wij teg tillckiennde att wij ere tillfredz. att hannd fanger same gaard.” DI XIII, 7. Um 1570 og síðar: “Kirkian a Kirkiuböle a xLc. i heimalandi. Fiordung i Geijrfuglaskiere” DI XIV, 639.
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 61, 64, 66}
1919: Á túnakorti eru rústir ónefnd kots, þurrabúðin Vallarkot sem og hjáleigurnar Hólabrekka, Sandhóll, Vallarhús og Þingholt merktar.
Býlið Rafnhús og þurrabúðin Efstibær eru nefnt í örnefnaskrá (Ö-Kirkjuból, 7).
“Í minnum þeirra manna, sem nú lifa, fygldu því 9 hjále<i>gur, hvar af nú eru ekki nema tvær til: Kvíavellir [GK-074] og hálfbýlið Fitjar [GK-075], “ segir í sýslu og sóknalýsingum, 77. Jarðarítök:



Túnakort Kirkjubólshverfis frá 1919. Minni skekkja er í þessum hluta en á Þóroddstöðum en sá hluti er ekki sýndur hér.

Jörðin á einn fjórða part í Almenningi innan jarðarinnar. Það er sameign Kirkjubóls, Hafurbjarnarstaða og Kolbeinsstaða, segir í örnefnaskrá (Ö-Kirkjuból, 2, 7). Hafurbjarnastaðir, Kolbeinsstaðir og Þórustaðir brúka skógarítak í Almenningi. Því til viðbótar fá Þórustaðir skipstöðu og uppsátur í Kirkjubólslandi, samkvæmt JÁM III, 66, 73, 75. “Kirkjuból hefur verið fremsti bærinn fyrir sunnan Skagann, og er hann enn byggður, en fluttur lengra upp frá sjó. Rústir forna bæjarins eru á hól við

sjóinn og sjást enn, þó ekki gjörla, því að þar er mjög sandi orpið og um turnað. Kirkja var og þar, og sér enn rústir hennar, þó eigi glögglega, því allt er komið í sand. Vilchins máldagi kallar þessa kirkju Péturskirkju, og átti hún sem hlunnindi fjórðung í Geirfuglaskeri, en hálft kirkjan í Vogi. Bænhús stóð hér fram á daga Árna lögréttumans Jónssonar. Ekki vita menn til, að hér hafi nokkru sinni blásið upp mannabein, og engin legstaður eða rúnasteinn er hér sjáanlegur. Ívar Hólm hirðstjóri á að hafa búið á Kirkjubóli."
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Kirkjuból ásamt Landhól, Vallarhúsum, Vallholti, Þingholti og Hólabrekku.
1919: "Túnin mestöll slétt - af sandi. Hvítur foksandur frá sjó við flesta beina og undir túngörðum utan og innan - flög sjást líka og sandblettur, helst á Hafurbjarn.st." Tún (Kirkjuból), 4,3 hekt., garðar 1750 m2. Tún (Vallarhús), 4,2 hekt., garðar 660 m2. Tún (Sandhóll), 2.9 hekt., garðar 700 m2. Tún (Vallholt), 0.01 hekt., garðar 800 m2. Tún (Þingholt), 0.14 hekt., garðar 860 m2. Tún (Hólabrekka), 0.2 hekt., garðar 720 m2. Öll torfan samtals 11.75 hekt.,og garðar 5490 m2.
1703: "Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenningum. Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu lítt nýtandi [...]. "Fjörugrasatekja nokkur, fer þó mjög til þurðar fyrir því að menn frá öðrum jörðum sækja þangað grös. Sölvatekja hefur verið temmilega góð, fer og til þurðar, því frá öðrum jörðum er til sókt. Eldiviðartak af fjöruþángi var bjargleg alt so lengi að ekki var til sókt frá öðrum jörðum, en nú síðan umboðsmaður forpachtaranna leyfði öðrum fjörunnar nautn á þessum fyrirskrifuðum þángtekju hlunnindum þykist ábúandinn [...] líða skort á eldiviðartaki sínu, og bágindi meir en áður á sölvatekjunni [...]. Rekavon í betra lagi [...]. Murukjarnar, bjöllur og ætiþönglar fást þar um vortíma og kemur það peningi til næringar í heyskorti. [...]. Tún jarðarinnar liggja undir stórum skaða af sandi, sem ábúandinn hefur margoft með stóru erfiði og kostnaði látið moka saman, til að varða við eyðileggingu jarðarinnar. Engar öngvar. Hagar mjög litlir vetur og sumar nema fjaran" segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 68-69.
"[H]efur sandur þessi fokið mjög upp á túnin og spillt grasrót, svo að illbyggilegt mátti heita, þar til á síðustu árum að útlendur áburður og betri viðleitni hefur gert byltingu í grasvexti á þessum slóðum," segir í örnefnalýsingu (Ö-Kirkjuból, 4).

1850-599: GK-073:002_1 þúst kirkja
KIRKJUBÓL Á ROSMHVALNESI (G) -Pétri
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 9
1367: a xlc j heimalande fiordung j geirfuglaskere. vidreka allann a Skarda vrd. xv. kyr. Þrenn messuklæde les Vilchinzbok; Hítardalsbók DI III 221
[1379]: a xl hvndrada j heima landi; [Geirfuglaskers eða viðreka getur ekki hér] Máld DI III 342-343
1397: a xlc j heimalandi. fiordung j geirfuglaskeri [+viðreka]. Þar skal vera prestur oc diakn edr kvenngilldur omagi vr kyne Svarthofda. jtem gaf Olafur bondi til kirkiunnar vc. oc hustru Salgierdur messuklædi ad ollu. Portio Ecclesiæ medann Olafur bondi bio halft xiiijc. enn sijdan hann deide vj merkur; Máld DI IV 103-104.
1433: Kirkiu bols brenna sudr ... Margriet koms ut um onshusit med skærum sinum; Gottskálksannáll, IA, 370
1477: Máld DI VI 126
1551: [Kristján skrifari og menn hans] grafnir heima hjá hálfkirkjunni á Kirkjubóli; Bsk II, 256
1553: Máld DI XII 665.
Um 1570 og síðar: Máld DI XV, 639
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 61, 64, 66}
Hálfkirkja stóð fram á daga Árna Jónssonar lögréttumanns á Kirkjubóli (d. 1819); Landnám Ingólfs III, 184
Á túnakorti frá 1919 er kirkjugarður merktur um 220 m norðan bæjar 001. Þar segir: «Grafreiturinn gamli og nýlegt tóft. (virðist hafa verið byggður kofi upp úr kirkjutóftinni). Sandorpið, og þó að mestu gróið yfir húsa og garðaleifar.»
"En einnig kynni það að vera í einhverju sambandi við kirkju eða bænahús, sem var á Kirkjubóli og markar enn fyrir á Gamla-Bóli [005]. Þar er einnig kirkjugarður, en hann er farinn að brotna af sjógangi og mannabein að koma úr hólnum, í flóði fyrir nokkrum árum komu m.a. hlutar af tveimur beinagrindum [...]. Er þar að brotna hár rofabakki, og koma fram úr honum hleðslur. Hleðslur þessar eru leifar af kirkjugarði og byggingum," segir í örnefnaskrá.
"Kirkja var og þar [á Kirkjubóli], og sér enn rústir hennar, þó eigi glögglega, því allt er komið í sand. Vilchins máldagi kallar þessa kirkju Péturskirkju, og átti hún sem hlunnindi fjórðung í Geirfuglaskeri, en hálft kirkjan í Vogi. Bænhús stóð hér fram á daga Árna lögréttumans Jónssonar. Ekki vita menn til,



1850-599: Fornleifar nærri elsta bæjarhól 801 og kirkjunni.


1850-599: Horft til vesturs yfir þústina.

að hér hafi nokkru sinni blásið upp mannabein, og engin legstaður eða rúnasteinn er hér sjáanlegur."
"En einnig kynni það að vera í einhverju sambandi við kirkju eða bænahús, sem var á Kirkjubóli og markar enn fyrir á Gamla-Bóli. Þar er einnig kirkjugarður, en hann er farinn að brotna af sjógangi og mannabein að koma úr hólnum, í flóði fyrir nokkrum árum komu m.a. hlutar af tveimur beinagrindum.
"Hinn 10. febr. [1970] fóru þjóðminjavörður og Gísli Gestsson safnvörður suður að Kirkjubóli á Miðnesi til athugunar á gamla kirkjugarðinum þar, en í stórbrimi skömmu áður hafði sjór brotið framan af bæjarhólnum og mannabein komið þar í ljós. Ekki voru tök á að gera þar rannsókn að svo komnu, en síðar um sumarið fór þjóðminjavörður ásamt dr. Kristjáni Eldjárn forseta og Jóni Steffensen prófessor á staðinn til nýrrar athugunar," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1971.
"Grafreiturinn neðan við Kirkjuból hefur nú verið varinn, en sjórinn hafði áður verið að dunda við að brjóta hann niður og hirða úr honum beinin," segir á ferlir.is.
"Kirkjan er á golffleti nr. 7 á golfvellinum. [...] Kirkjan og kirkjugarðurinn er komin undir golfvöllinn og hluti kominn útí sjó. Önnur yngri tóft er að finna við völlinn (sjá mynd). Tóftin snýr austur/vestur með dyrnar til vesturs. Stærð tóftarinnar er 6×5 m. Hún er hlaðinn með torfi og grjóti. Innveggir eru hlaðnir með grjóti. [...] Tóftin er fyrir neðan kirkjutóftirnar í austurátt og liggur N-S. Tóftin er mjög gróin og erfitt að sjá lögun hennar," segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Hér er þúst á norðurhluta svæðisins, eða hólsins, túlkuð sem kirkjan, það þarf þó ekki að vera. Einnig er talið að hún sé undir tóft 002_2. Báðar staðsetningarnar eru innan kirkjugarðsins að því talið er. Þústin er 7,8x6,6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er algróin og um 0,4 m á hæð.
Hættumat: mikil hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Kirkjuból, 4, 7; Magnús Grímsson 1940, 247; Árbók 1971, 143; DI III, 221, 342-343; DI IV, 103-104; DI VI, 126; DI XII, 9, 665; DI XV, 639; IA, 370; AM 263 fol. bl. 61, 64, 66; Landnám Ingólfs III, 184; www.ferlir.is/?id=3971

1850-796: GK-073:002_2 tóft útihús
Útflött tóft er á hólnum, innan kirkjugarðsins. Hún sést ágætlega, þ.e. innra byrði hennar. Tóftin er


1850-796: Horft til suðvesturs yfir útihúsið.


1850-795: Kirkjugarðurinn myndar sléttan pall með aflíðandi brúnum til austurs. Horft er til suðurs á myndinni.


8,4x7 m að stærð og snýr norður-suður. Op er til norðvesturs. Veggirnir eru algrónir og signir.
Hættumat: mikil hætta, vegna jarðræktar

1850-795: GK-073:002_3 hóll kirkjugarður
Hóll sem er 44x23 og snýr norður-suður ber meintum kirkjugarði vitni. Austurhlutinn er fremur flatur og má óljóst sjá móta fyrir vegg þar í jaðri hólsins. Hóllinn er mikið sléttaður enda innan golfvallar.
Hættumat: mikil hætta, vegna jarðræktar

1850-801: GK-073:005 *Gamla-Ból* bæjarhóll bústaður
Á túnakorti frá 1919 segir: «rústir forna Kirkjubóls» norðan bæ 001. "Í Kirkjubólshverfi miðju er stór hóll niður undir sjávarbakka. Heitir hann Gamla-Ból, enda stóð þar Kirkjuból áður fyrr með sína fornu sögu. Þegar Magnús Þórarinsson var smástrákur og kom á Gamla-Ból í fyrsta sinn, voru honum syndir þar vel höggnir bollar í stóra steina og sagt, að það væru hlautbollar frá heiðni. Steinar þessir munu nú vera komnir í hleðslu á Gamla-B[ó]li eða þar í grennd [...]. Niður við sjó er, eins og



1850-801: Horft til norðurs yfir Gamla-Ból.



1850-801: Uppmæling á minjum nærri bæjarhólnum.

fyrr segir, Gamla-Ból, þar sem Kirkjuból stóð fyrr. Mælt er, að bærinn hafi verið fluttur frá sjó undan sandfoki," segir í örnefnaskrá.
"Kirkjuból hefur verið fremsti bærinn fyrir sunnan Skagann, og er hann enn byggður, en fluttur lengra upp frá sjó. Rústir forna bæjarins eru á hól við sjóinn og sjást enn, þó ekki gjörla, því að þar er mjög sandi orpið og um turnað," segir MG.
"Kirkjuból var kirkjustaður til forna, sem nafnið sýnir. Bærinn stóð áður nær sjó, en var á seinni timum fluttur undan sandfoki. Er þar hóll við túnjaðar, sem bærinn var áður. Hefir sandur sléttað yfir hann, en er þó nú aftur grasi vaxinn," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1903.
"Þar sat á fyrra helmingi 15. aldar Margrét dóttir Vigfúss Hólms hirðstjóra. Samtímamaður hennar í Skálholti var Jón biskup Gerreksson, yfirgangsmaður og óbilgjarn. Hann átti launson, og var hann kæmeistari á biskupsstólnum. Hann bað Margrétar, en fékk synjun. Fór hann þá með sveinum biskups til Kirkjubóls og ætlaði að brenna hana inni. [...] Þeir kveiktu í bænum, en henni tókst með skærum að grafa sig út úr baðstofunni [...]," segir í Íslenzkum sögustöðum.
Bæjarhóllinn er umfangsmikill, 70x50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er um 2 m á hæð og hliðarnar aflíðandi. Á honum er tóft 006 en þar er að auki hola á golfvelli og þrjár sandgryfjur.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Magnús Grímsson 1940, 247; Ö-Kirkjuból, 5, 7; Árbók 1903, 36; KK I, 24

1850-588: GK-073:006 tóft útihús
Á túnakorti frá 1919 er stein- og torfhlaðin bygging merkt um 280 m norðan bæjar 001. Þetta er yngra útihús sem var byggt á eldri bæjarhólnum, mögulega á bæjartóftum en það er óljóst. Þarna er nú golfvöllur og hola er uppi á bæjarhólnum.
Tóftin er 8,5x 6,5 m að stærð, einföld og snýr NNV-SSA. Hún er opin til norðurs og veggir úr tofi og gjróti. Það eru 4-7 umför af grjóti í þeim, og veggir eru 0,6-0,9 m á hæð. Suðurgaflinn er siginn.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Túnakort 1919



1850-588: Útihúsið, horft til suðausturs.



1850-598: Horft til suðvesturs yfir þústina.

1850-598: GK-073:007 þúst útihús
Á túnakorti frá 1919 eru þrjú timburhús merkt liðlega 300 m norðan bæjar 001. «Hleðslan liggur undir teignum á golfvelli. Hún snýr til vesturs í átt að sjó. Hleðslan er úr grjóti og er orðin mjög gróin,» segir á vefsíðunni Minjar í hættu.
Pallur undir setbekk innan golfvallar er fremst við sjávarbakkann. Líklega má sjá hluta af hleðslum úr þessum húsum til vesturs, það eru einu ummerkin. Í hleðslunni má sjá 5-6 umför af stórum steinum sem eru allt að 120 cm á hæð. Húsin sjást á loftmynd frá 1957 og gerð pallsins sem og landbrot er ástæða rasksins.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; minjarihaettu.wordpress.com/fornleifar/kirkjubol/fornleifar/

1850-593: GK-073:013 heimild brunnur
Á túnakorti frá 1919 er brunnur teiknaður um 200 m vestan bæjar 001. Brunnurinn er við krossmót þar sem leiðir (020) og (021) mætast. Hann var um 40 m norðan við Sandhól og notaður frá þeim bæ að öllum líkindum. Þarna er gömul sandgryfja tilheyrandi golfvellinum og engin ummerki um brunn sjást lengur. Hann má þó líklega greina á loftmynd frá 1954.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-591: GK-073:014 heimild útihús
Á túnakorti frá 1919 er timburhús merkt röskum 240 m norðvestan bæjar 001. Húsið er reist áfast túngarði (023).
Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði, þarna er nú sjóvarnargarður að hluta.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-589: GK-073:015 hleðsla fiskreitur
Á túnakorti frá 1919 er fiskireitur teiknaður liðlega 280 m norðvestan bæjar 001. Norðurhlið reitsins er áföst túngarði (023).
Þarna er hlaðinn kantur en allt er þetta mjög óljóst og á kafi í grasi
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-596: GK-073:019 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið teiknuð sem liggur frá bæ 001 í vesturátt að fiskreit (015) og endar þar. Leiðin er horfin vegna sléttunar enda innan golfvallar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919




1850-589: Uppmæling af fiskreitnum og nálægum minjum.


1850-589: Hleðslan, horft til norðurs.

1850-595: GK-073:021 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið teiknuð frá Sandhóli (022) í norðurátt og fer framhjá brunni (013) og beygir þar til vesturs í átt að fiskreiti (015) og stoppar þar.
Leiðin er horfin af yfirborði vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-800: GK-073:022_1 *Sandhóll* bæjarhóll bústaður
Á túnakorti frá 1919 er hjáleigan Sandhóll merkt með fjórum steinhúsum, fjórum timburhúsum, þar af eitt með áfastri skemmu, þremur kálgörðum og einni þró.


1850-800: Horft til austurs yfir bæjarhólinn.



1850-800: Sandhóll og fornleifar á bæjarhólnum.

Bæjarhóllinn er 43x35 m að stærð og snýr norður-suður. Á honum er bæjartóft og það mótar fyrir kálgarði til suðurs. Hóllinn er um 1 m á hæð eða svo.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919

1850-592: GK-073:022_2 tóft bústaður
Bæjartóftin er enn varðveitt á bæjarhólnum að hluta. Hún er 16x12 m að stærð, snýr VNV-ASA og skiptist í þrjú hólf .Vegghæð er um 1,2-1,5 m og búið er slétta yfir hana.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

1850-799: GK-073:022_3 hleðsla kálgarður
Kálgarður er sunnarlega á bæjarhólnum, hann lækkar þar niður og er aflíðandi. Það mótar enn fyrir skammhliðum kálgarðsins, slétt er innan hans til austurs.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



1850-592: Bæjartóftin, horft til NNA.




1850-799: horft til norðurs yfir kálgarðinn.

1850-798: GK-073:022_4 heimild
Þró er sýnd innan kálgarðs 022_3, hún er horfin vegna jarðræktar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

1850-586: GK-073:023 garðlag túngarður
Á túnakorti frá 1919 umlykur túngarður Kirkjubólshverfi ef frá er talið norðausturhluta þess. Við vesturhluta túngarðs segir: « Hleðsla - léleg - undir sendum lágum bakka, er brotnar - þó furðu lítið.» Í norðvesturhluta á sama korti er sjávarbrot teiknað og þar segir: «[h]ér er hvorki bakki né garður til hlífðar.»



1850-586: Horft til austurs yfir túngarðinn.



1850-586: Uppmæling af kálgarðinum.

Túngarðurinn er sennilega horfinn vegna yngri sjóvarnargarðs að mestu við ströndina. Það má þó greina hann hér og þar sem gróinn eða grýttan hrygg. Á túnakorti sést að hlutar hafa ennfremur horfið í sjó. Suðurhliðin er varðveitt á rúmlega 60 m löngum kafla og snýr austur-vestur. Túngarðurinn er grjóthlaðinn og sést vel. Hann fjarar út til beggja enda vegna sléttunar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-667: GK-073:036 heimild býli
"Hjáleiga áföst við bæinn [005] ónefnd, þriðja. Jarðardýrleiki óviss," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
Þessi hjáleiga var við Gamla-Ból og er nú týnd, hún var þó líklega á eða nærri bæjarhólnum. Frekari

heimildir þarf til að staðsetja hana með meiri nákvæmni.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 70

1850-590: GK-073:043 hleðsla túngarður
Túngarður sést á túnakorti frá 1919 og skildi á milli túna Kirkjubóls 005 og Sandhóls. Þetta er þvergarður innan sjálfs heimatúnsins. Hann sést enn og var rakinn á tæplega 60 m löngum kafla innan skráningarsvæðisins. Hann er grjóthlaðinn en víða er gróið yfir hleðslur. Hann liggur norðvestur-suðaustur, innan túnsins.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

1850-657: GK-073:044 Digrabyrgi heimild skemma
"Út [Kirkjubóls]sundið liggur til landnorðurs, Keilir um Digrabyrgi á Klöppunum fyrir norðan Kirkjuból," segir Sigurður B. Sívertsen í Rauðskinnu IX-X.
Digrabyrgi er týnt og ekki vitað hvar var staðsett. Líklega var það þó nærri sjó og horfið vegna ágangs sjávar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Rauðskinna IX-X, 195

1850-663: GK-073:045 þúst útihús
Útflött og illgreinileg þúst innan golfvallar. Hún er innan svæðis sem tilheyrði Kirkjubóli samkvæmt túnakorti frá 1919 en ekkert mannvirki er sýnt á þessum slóðum á kortinu. Líklega er þó um ummerki útihúss að ræða. Þústin er 12,5x9 m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna landbrots


1850-663: Þústin, horft til norðurs.

1850-597: GK-073:047 heimild lending
"[N]okkur útgerð, að minnsta kosti öðru hvoru, í suðurdjúpið á vertíð, en oft lentu þeir þá í Flankastaðavör [067:015] eða jafnvel á Fitjum, ef ekki var fært heim vegna brims. Einnig var þar nokkur útgerð úr heimavör á tveggjamannaförum um sumartímann í þarann og á Labbana og þá lent heima," segir í örnefnaskrá. Vörin er sýnd á túnakorti frá 1918.
Lítil sandfjara en annars er ekkert sem ber lendingunni merki.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 4; Túnakort 1919

1850-797: GK-073:048 *Borga* heimild rétt
"Lent var í svonefndri Borgu, sem Magnús Þórarinsson segir, að hafi verið sandvik sunnan megin við Gamla-Ból [005], en Árni Jónsson segir, að Borga hafi verið hlaðin rétt (sbr. borg = hringhlaðin rétt). Sunnan megin við lendinguna er Borgusker," segir í örnefnaskrá.
Þessi rétt er horfin vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 5

1850-652: GK-073:049 *Víkurboðar* heimild verbúð
"Norðan við eru Vallarhúsaklappir, en Kvíavallavik og Kvíavallasker þar norður af. Ekki var gott á land að leggja þarna, því allt var eintómur hvítur sandur, varð því að bera fiskinn upp á tún. Vergögn voru lítil og engir garðar, skipum til skjóls í ofviðrum á landi. Einn kofi hafði lengi staðið á bakkanum, en breyttist síðar í timburskúr [...]. Mun það allt vera kallað einu nafni Víkurboðar," segir í örnefnaskrá.
Ekki er vitað hvar þessar verbúðir voru staðsettar og líklega eru þær horfnar vegna ágangs sjávar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 5-6

1850-658: GK-073:054 *Út-Garður* heimild uppsátur


“Kirkjubólshverfingar hafa jafnan sótt sjó með búskapnum [...] og hafa haft uppsátur mest í Út-Garði,” segir í örnefnaskrá.
Ekki vitað með vissu hvar uppsátrin voru, gæti verið utan skráningarsvæðis í Garðinum.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 4

1850-664: GK-073:058 þúst útihús
Þúst er norðan við kirkjugarð 002, suðaustarlega á bæjarhól 005. Ekki er vitað hvað var hér, líklega úthús eða jafnvel einhver af týndu hjáleigunum.
Þústin er 13x8 m, snýr NNA-SSV og er um 0,2 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

1850-665: GK-073:059 tóft útihús
Tóft, líkega útihús er skammt norðaustan við bæ 005. Tóftin er 12,2x8,5 m stór, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Op er til suðurs. Veggir eru 10-20 cm á hæð og útflattir



1850-665: Horft til NNA yfir tóftina.



1850-665: Uppmæling af tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

1850-666: GK-073:060 þúst útihús




1850-666: Horft til NNA yfir þústina.

Sigin og nánast útflött þúst sést innan golfvallar. Hún er algróin, 30x13 m að stærð og 15-20 cm á hæð.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-075 Fitjar

1703: Jarðardýrleiki óviss, konungseign, sögð hálfbýli byggt af Kirkjubóls landi, samkvæmt JÁM III, 65.
Um 1270: Skrá um rekaskipti á Rosmhvalanesi. “Þadan eigv vtskaler til hiallzins aa fitivm sionhending fram j kross þann er þar er klappadur j hamrinum: fram vndann.” DI II, 77.
1847: Talin sem hjáleiga Kirkjubóls, samkvæmt JJ, 87.
1547-1548: Fógetareikningar. “Jtem met Feteom. landskyldt iiij vet fiske [...].” DI XII, 118. Sjá einnig Fógetareikninga 1548-1549, DI XII, 144; 1549-1550, DI XII, 158; 1550, DI XII, 178; 1552, DI XII, 404.
1919: Á túnakorti er þurrabúðin Háholt (1905) og Fitjakot (1918) merktar.
Jarðarítök: Kirkjuból hefur byggingarumráð og tekur allt afgjald þar eftir [...]. “Eldiviðartak af fjöruþangi hjálplegt, hefur áður miklu meira verið að sögn manna, en mikill hluti fjörunnar, sem sagt er



Túnakort Fitja frá 1919. Það er skekkja í túnakortinu og miklar breytingar hafa orðið á túninu síðan kortið var gert.

áður hafi Fitjum tilheyrtt, er nú hafður og haldinn undir Kirkjubólshjáleigu þá, sem Busthús heitir, og hefur so staðið yfir þrjátíi ár," segir í JÁM III, 65.
Fasteignamat frá 1916 er til fyrir Fitjar ásamt Háholti.
1919: "Tún slétt meirihluti og smáþýft." Tún (Fitjar), 3.1 hekt., garðar 900 m2. Tún (Háholt), 0.18 hekt., garðar 480 m2. Tún (Fitjukot), 0.01 hekt., garðar 330 m2. Öll torfan samtals 3.29 hekt., og garðar 1710 m2.
1703: "Tún spillast af sjávarsandi. Engar öngvar. Hagar mjög slæmir vetur og sumar. Torfrista og stúnga engin nema í sendinni jörðu valla nýtandi [...]. Sölvafjara nokkur [...]. Lendíng sæmileg, en þarf að sæta sjávarföllum til að komast út og að, og er það margoft til stórra báginda. Fjörugrasatekju þarf út að kaupa. Vatnsból er stórerfitt um vetur," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III, 65-66.

1850-623: GK-075:001_1 *Fitjar* bæjarhóll bústaður
Á túnakorti frá 1919 er bærinn teiknaður með átta steinhúsum, þar af eitt með áfastri timburskemmu, tveimur kálgörðum og einni for. Samkvæmt kortinu voru Fitjar milli Klappar (GK-070) og Þóroddsstaða (GK-072).
Katrín Gunnarsdóttir skráði bæjarstæði Fitja árið 2009: "Frá veginum frá Sandgerði í norður, yfir á vegslóða sem liggur samhliða aðalveginum. Slóðinn liggur að Fitjum og að Þóroddsstöðum. Frá girðingu og hliði eru um 270 m [sic] eftir slóða að bæjarstæði Fitja út við sjávarkambinn. [...]



1850-623: Uppmæling af bæjarhólnum og minjum á honum.

Bæjarstæðið samanstendur af rústum nokkurra bygginga. Suðvestast á bæjarstæðinu stóð hús sem var hlaðið úr holsteini um 6 x 8 m stórt. Húsið er alveg hrunið, og heillagest af því er kjallarinn, sem hefur verið upphlaðinn og síðan múrað á steinana. Einhverntíma á árunum 1970-1980 [sic] var kveikt í húsinu og það látið brenna. Um 2 m frá húsinu í norður er tveggjahólfa tóft sem hefur inngang í norður. [...] Sá veggur [nyrsti] er með heillegum grjóthleðslum ásamt endavegg. Allar hleðslur tófarinnar [sic] eru grasivaxnar að ofan. Aftan við þessar tóftarhleðslur [sic] er veggjahleðsla sem liggur frá rústum steinsteypta hússins og að tóft sem


1850-622: Vesturhluti bæjarhólsins, horft til ANA.


1850-623: Bæjarhóllinn, horft til vesturs.

er norðan við tvíhólfa fyrrnefnda tóft. Þessi tóftarhleðslan er um 1 m lægri en fyrrnefnda tóftin, veggir hennar eru grjóthlaðnir [...] en nyrsti veggur tóftarinnar sem er langveggur, á úthlið hans hefur verið sett steypa [...]. Um þessa tóft er grasivaxin umgjörð sem liggur aðeins lægra en tóftin með grasivöxnum garði í kring [...].” Bæjarhóllinn sést enn ásamt síðustu bæjarhúsunum sem þar voru. Neðarlega í 2 m háu rofi við sjó sjást bein, bæði dýra- og fiskibein í bæjarhólnum. Engin aska sást í sniðinu. Frá árinu 2017 virðast um 5 m vera farnir af vesturhluta bæjarhólsins vegna landbrots.


1850-624: Bæjartóftirnar, horft til norðausturs.

Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir 2009a, 7-8

1850-624: GK-075:001_2 tóft bústaður
Tóftirnar sem Katrín skráði árið 2009 sjást enn á bæjarhólnum. Þarna eru bæði hlaðin og steypt mannvirki og sjást grunnarnir sjást enn vel.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-628: GK-075:001_3 heimild kálgarður
Á túnakorti frá 1919 sést kálgarður norðan við bæ 001. Hann er horfinn af yfirborði vegna sléttunar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots

1850-625: GK-075:002 niðurgröftur brunnur
Á túnakorti frá 1919 er brunnur teiknaður um 40 m suðaustan bæjar 001. Katrín Gunnarsdóttir skráði brunn á Fitjum árið 2009: "Brunnurinn er norðan við heimreiðina að Fitjum um 45 m frá bæjarstæðinu í austur. [...] Tveir trébúkkar liggja yfir brunnstæð [sic], en það sem sést í brunnopið er um 0.50-1.00 m og sést í mosavaxna hleðslu efst við brunnopið." Brunnurinn sést enn og er óraskaður.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir 2009a, 11


1850-625: Brunnurinn, horft til norðurs.


1850-809: GK-075:003 heimild leið
Á túnakorti frá 1919 er leið teiknuð sem liggur frá bæ 001 að brunni 002.
Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði vegna sléttunar.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1919

1850-626: GK-075:005 niðurgröftur brunnur
Á túnakorti frá 1919 er brunnur teiknaður 80 m sunnan bæjar 001.
Katrín Gunnarsdóttir skráði brunn á Fitjum árið 2009: "Brunnurinn er um 100 m í miðju túni frá fjárhúsbyggingu sem er sunna vegslóðans að Fitjar. [...] Grasivaxið er að brunninum í túninu. Brunnopið er um 1.5 x 1.5 m. Steinahleðsla er í norðurhlið [...]. Við þessar hliðar er grasivaxinn kantur um 0.25 m á hæð, aðrar hliðar grasivaxnar og renna saman við landið í kring."
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Túnakort 1919; Katrín Gunnarsdóttir 2009a, 12


1850-626: Brunnurinn, horft til norðurs.

1850-634: GK-075:008 *Þórarinskofi* tóft útihús
"Sunnan við Svörtuklappir er Fitja-Hásteinn, Keilir um svonefndan Þórarinskofa, sem lengi stóð á kampinum skammt fyrir norðan Fitjar. Kofinn mun vera kenndur við Þórarin Pálsson, er bjó á Fitjum fyrir og fram yfir 1890," segir í örnefnaská.
Katrín Gunnarsdóttir skráði Þórarinskofa árið 2009: "Frá bæjarstæði Fitja um 160 m í norður og um 45 m frá sjávarkambinum í austur. Kofatóftin er rétt vestan við ósleginn hluta túnsins, sem liggur með


1850-634: Þórarinskofi, horft til suðurs.



1850-634: Uppmæling af tóftinni.


sjávarkambinum í norður frá Fitjum. [...] Tóftin er mjög grasivaxin og veggir signir, [...] aðeins sést í staka steina við inngang tóftarinnar sem er í suður [sic] Vik er í tóftarvegginn í norður."
Tóftin sést enn í túni. Hún er 6,2x5,4 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Op er til norðurs. Hún er sigin, veggir grónir en hér og þar glittir í grjót.
Hættumat: mikil hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Fitjar, 1; Katrín Gunnarsdóttir 2009a, 10

1850-632: GK-075:009 heimild lending
"Oftast gekk bátur (tveggjamannafar) frá Fitjum yfir sumartímann. Var þá lent í sandinum við Nónklett og báturinn settur þar upp, en fiskurinn borinn upp á tún [011], því allt var einn ægisandur við sjóinn," segir í örnefnaskrá.
